Auk hins árlega iðgjalds skv. 1. mgr. skal landbúnaðarráðherra í samráði við fjármálaráðherra og að fengnum tillögum tryggingaeftirlitsins ákveða sérstakt áhættugjald þeirra fyrirtækja, sem við sjóðinn skipta, sem hlutfall af söluverðmæti þeirra. Iðgjaldið skal ákveðið út frá eðlilegu áhættumati og með tilliti til þess að ná jöfnuði í fjárhag sjóðsins. Iðgjöld þessi skulu verðtryggð með byggingarvísitölu og falla í gjalddaga að fjórum árum liðnum og er þá heimilt að taka þau lögtaki. Telji ráðherra að fjárhag sjóðsins sé borgið án iðgjaldsins í heild eða að hluta, þegar að innheimtu kemur, skal ráðherra heimilt að lækka gjaldið eða fella það niður.

e. (23.gr.)

Landbúnaðarráðherra skal, að fengnum tillögum nefndar skv. 21. gr., setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa kafla. Skal þar m.a. kveðið á um efni og eðli trygginga, hversu hátt hlutfall afurðalána er tryggt, sbr. ákvæði 19. gr., röð ábyrgða, rekstur sjóðsins og þóknun fyrir umsjón hans og nánari reglur um álagningu og innheimtu gjalds skv. 22. gr ef til þess kemur.

Um endurskoðun og bókhald Tryggingasjóðs fiskeldislána fer eftir lögum nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka. Ársreikningar sjóðsins skulu að lokinni endurskoðun lagðir fyrir landbúnaðarráðherra til staðfestingar. Reikningar Tryggingasjóðs fiskeldislána skulu birtir árlega í Stjórnartíðindum með reikningum Stofnlánadeildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu endurskoðuð fyrir lok ársins 1992.

Gjört í Reykjavík, 13. janúar 1989.

Vigdís Finnbogadóttir
(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.

STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1989

25. janúar 1989

229

Nr. 4

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 6. febrúar 1989, kl. 14.00.

Gjört í Reykjavík, 25. janúar 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 4 – 1989

Nr. 5

230

19. febrúar 1989

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 19. febrúar 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Sigurðardóttir.

Nr. 6

27. febrúar 1989

LÖG

um breytingu á lögum nr. 56 16. maí 1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og um getur í 2. mgr. greinar þessarar. Heimilt er ráðherra að skipa 1. og 2. varamann í ráðið samkvæmt ósk þeirra aðila sem tilnefna menn í ráðið skv. 1. mgr. Taka varamenn þá sæti í ráðinu í þeirri röð. Ráðið er skipað til fjögurra ára í senn.

2. gr.

1. mgr. 49. gr. laganna orðist svo:

Hver sá, sem vanrækir að láta Verðlagsstofnun í té umbeðnar og nauðsynlegar skýrslur og gögn í sambandi við framkvæmd laga þessara, skal sæta viðurlögum skv. 52. gr.

2. mgr. 49. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Við lögin bætist svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða:

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. skal verðlagning á orku frá orkuvinnslufyrirtækjum og dreifiveitum falla undir ákvæði laga þessara á tímabilinu frá 1. mars 1989 til 1. september 1989.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. febrúar 1989.

Halldór Ásgrímsson.**Guðrún Helgadóttir.****Guðmundur Jónsson.**

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 1989

Nr. 7

232

1. mars 1989

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 1. mars 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 8

2. mars 1989

LÖG

um aðgerðir í efnahagsmálum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Laun, þ.e. launataxtar og kjaratengdir liðir, þar á meðal kauptrygging sjómanna, í síðast gildandi kjarasamningum, skulu hinn 1. júní 1988 hækka um það sem á kann að vanta 10% hækkun frá 31. desember 1987 að telja.

Í stað launahækkana, sem koma skyldu til framkvæmda á tímabilinu 1. september 1988 til og með 1. mars 1989, skulu laun hækka um 1,25% hinn 15. febrúar 1989. Ákvæði kjarasamninga um aðrar launahækkanir eftir 1. mars 1989 halda gildi sínu.

Kjarasamningar, sem ákveða minni hækkun launa en felast í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, breytast í samræmi við þær.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar raska ekki þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga, sem falið hafa í sér meiri hækkun launa en kveðið er á um í 1. mgr., enda hafi sú hækkun komið til framkvæmda fyrir gildistöku bráðabirgðalaga nr. 74 26. ágúst 1988.

Frekari hækkun launa, kjaratengdra liða og hvers konar endurgjalds fyrir unnin störf en kveðið er á um í þessari grein er óheimil til 15. febrúar 1989. Ákvæði þessarar greinar breyta ekki reglum um starfsaldurshækkanir eða aðrar einstaklingsbundnar launabreytingar samkvæmt þegar gildandi kjarasamningum.

2. gr.

Fjárhæðir launaliða í verðlagsgrundvelli búvöru skulu til 1. mars 1989 ekki taka meiri hækkunum en mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 1. gr.

3. gr.

Fjárhæðir launaliða í gjaldskráum sjálfstætt starfandi sérfræðinga skulu til 28. febrúar 1989 ekki hækka meira en greinir í 1. og 2. mgr. 1. gr. Sama gildir um hvers kyns útselda vinnu og þjónustu.

4. gr.

Með þeim breytingum á kaupgjaldsákvæðum kjarasamninga, sem kveðið er á um í lögum þessum, framlengjast allir gildandi og síðast gildandi kjarasamningar til 15. febrúar 1989. Heimilt skal að segja upp kjarasamningum frá 15. febrúar 1989 með þeim uppsagnarfresti sem um þá gildir.

5. gr.

Atvinnurekendum er óheimilt að hækka laun, þóknanir og hvers konar hlunninda-greiðslur umfram það sem samið hefur verið um í kjarasamningum eða kveðið er á um í lögum þessum.

6. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun á ákvæðum laga þessara við framkvæmd kjarasamninga einstakra starfsgreina geta verkalýðsfélög eða vinnuveitendafélög vísað honum til úrskurðar sérstaks gerðardóms. Gerðardómur skal skipaður þremur mönnum. Skal hvor aðila kjarasamnings tilnefna einn mann og Hæstiréttur hinn þriðja og er hann formaður dómsins. Úrskurður gerðardóms er fullnaðarúrskurður. Kostnaður við gerðardóm greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Gjaldskrár fyrirtækja og stofnana á vegum ríkis og sveitarfélaga skulu ekki hækka til 28. febrúar 1989. Þó skal heimilt að taka tillit til hækkana á verði innfluttra aðfanga enda liggi fyrir mat Verðlagsstofnunar á þeirri þörf.

8. gr.

Verðtrygging nýrra fjárskuldbindinga til skemmri tíma en tveggja ára er óheimil frá 1. júlí 1988. Með fjárskuldbindingum í þessu sambandi er átt við sparifé og lánsfé.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Seðlabanki Íslands að fengnu samþykki viðskiptaráðherra auglýst reglur er leyfi innlánsstofnunum að taka á móti sparifé og öðrum innstæðum gegn verðtryggingu til skemmri tíma en tveggja ára.

9. gr.

Seðlabanka Íslands er heimilt að ákveða að verðbréfasjóðir skuli verja allt að 20% af aukningu ráðstöfunarfjár frá 1. júlí 1988 til kaupa á markaðshæfum skuldabréfum ríkissjóðs.

10. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 121. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. lög nr. 49/1987, skal hækkun persónuafsláttar flýtt þannig að hún komi til framkvæmda 1. júní 1988 í stað 1. júlí 1988.

11. gr.

Forsætisráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 10. apríl 1989.

Gjört í Reykjavík, 2. mars 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G**um efnahagsaðgerðir.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI**Aðgerðir í atvinnumálum.**

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 800 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

Allt að 750 milljónum króna af andvirði láns skv. 1. mgr. skal varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpudisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum. Þó skal tekið sérstakt tillit til afkomu viðkomandi vinnslugreina og er í því skyni heimilt að breyta ákvörðunum um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, með síðari breytingum, skal á tímabilinu 1. júní 1988 til 31. maí 1989 einkum hafa hliðsjón af verðlagi árána 1986 og 1987 við ákvörðun viðmiðunarverðs fyrir skelfletta rækju í deild fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Stjórn deildar fyrir frystar afurðir skal heimilt að endurskoða ákvörðun um viðmiðunarverð og verðjöfnun frá 1. júní 1988.

3. gr.

Stofna skal sjóð er nefnist Atvinnuþryggingarsjóður útflutningsgreina. Hlutverk sjóðsins er að veita lán til endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar hjá útflutningsfyrirtækjum. Jafnframt skal sjóðurinn hafa forgöngu um að breyta lausaskuldum fyrirtækja í útflutningsgreinum í föst lán til langs tíma. Þegar sérstaklega stendur á er sjóðnum heimilt að kaupa hlutdeildarskírteini hjá hlutafjárjóði Bygðastofnunar og leysa til sín húseignir og búnað fyrirtækja sem lið í fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar átta menn í stjórn Atvinnuþryggingarsjóðs, þar af þrjá að höfðu samráði við formenn þingflokka. Fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra, sjávarútvegsráðherra og viðskiptaráðherra tilnefna hver um sig einn stjórnarmann. Forsætisráðherra skipar formann án tilnefningar. Stjórn sjóðsins ákveður lánveitingar að fengnum tillögum samstarfsnefndar lánastofnana atvinnuveganna og Bygðastofnunar. Ríkisendurskoðun fylgist með starfsemi sjóðsins og gefur Alþingi reglulega skýrslu um starfsemi hans.

5. gr.

Stofnfé Atvinnuþryggingarsjóðs skal vera 1.000 millj. kr. Skal ríkissjóður leggja sjóðnum til 600 millj. kr. sem koma til lækkunar á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs, skv. 15. gr. laga nr. 64 2. júní 1981, vegna tímabilsins 1. júlí 1988 til 30. júní 1990. Jafnframt skal ríkissjóður leggja Atvinnuþryggingarsjóði til 400 millj. kr. á árunum 1989 og 1990.

Ríkissjóður ábyrgist að eftir 1. júlí 1990 renni til Atvinnuleysistryggingasjóðs auk reglulegra framlaga 10. hluti af endurgreiðslum lána sem Atvinnuþryggingarsjóður hefur veitt þar til 600 millj. kr. er náð.

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 1000 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu láns þessa.

6. gr.

Atvinnuþryggingarsjóði er heimilt að hafa milligöngu um skuldbreytingu á allt að 5000 milljónum króna af lausaskuldum útflutningsfyrirtækja. Í því skyni er sjóðnum heimilt að taka við skuldabréfum frá fyrirtækjum í útflutningsgreinum og gefa út skuldabréf til lánardrottna þeirra. Ríkissjóður ábyrgist skuldbindingar Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina og greiðir þær ef eignir og tekjur hans hrökkva ekki til.

7. gr.

Bygðastofnun annast reikningshald og rekstur sjóðsins eftir nánara samkomulagi við stjórn Atvinnuþryggingarsjóðs.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun reikninga Atvinnuþryggingarsjóðs.

8. gr.

Atvinnuþryggingarsjóður útflutningsgreina og hlutafjárjóður Bygðastofnunar skulu undanþeginir öllum opinberum gjöldum og sköttum hverju nafni sem nefnast, þar með töldum lántökuskatti. Öll skjöl viðvíkjandi lánnum, sem Atvinnuþryggingarsjóður veitir eða tekur, skulu undanþegin stimpilgjaldi. Öll skjöl vegna útgáfu hlutdeildarskírteina og skuldaskjala vegna lána sem hlutabréfasjóður Bygðastofnunar kann að veita eða taka skulu undanþegin lántöku- og stimpilgjöldum.

9. gr.

Við Byggðastofnun skal starfa hlutafjár sjóður. Hann skal afla fjár með sölu hlutdeildarskírteina og skal ríkissjóður tryggja verðbætt nafnvirði þeirra án vaxta fyrir allt að 600 millj. kr. Til sjóðsins skal einnig renna sérstaklega framlag ríkissjóðs, ef Alþingi ákveður svo, annars vegar til reksturs sjóðsins og hins vegar til kaupa á hlutabréfum.

Hlutafjár sjóður Byggðastofnunar skal hafa sjálfstæðan fjárhag og lúta stjórn þriggja manna sem skipaðir eru af forsætisráðherra.

10. gr.

Hlutafjár sjóði Byggðastofnunar er heimilt að kaupa hlutabréf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Ríkissjóður getur einnig selt hlutafjár sjóðnum hlutafjareign sína í fyrirtækjum ef ástæða þykir til. Hlutabréf, sem sjóðurinn kann að eignast, skulu boðin til sölu eigi síðar en fjórum árum eftir að þau eru keypt og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem í hlut á, njóta forkaupsréttar. Hlutdeildarskírteini í hlutafjár sjóðnum skulu ætíð skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjár sjóðnum skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum.

11. gr.

Stofna skal hinn 1. jan. 1991 Atvinnuþryggingardeild við Byggðastofnun sem hafi það markmið að treysta fjárhagsstöðu fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu, meiri háttar skipulagsbreytingar, samruna fyrirtækja og annað það sem til hagræðingar horfir. Deildin skal bera sjálfstæðan fjárhag og tekur hún á stofndegi við eignum og skuldbindingum Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina.

12. gr.

Forsætisráðherra setur með reglugerð nánari reglur um Atvinnuþryggingarsjóð, Atvinnuþryggingardeild og hlutafjár sjóð Byggðastofnunar, sbr. 3.–11. gr. laga þessara.

13. gr.

Greiða skal sérstakt gjald af loðnu og öðrum bræðslufiski sem fluttur er óunninn til vinnslu erlendis. Gjaldið rennur til reiknings fyrir loðnuafurðir í deild fyrir mjöl og lýsi í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins.

Gjaldið skal ákveðið sem tiltekin fjárhæð á hvert tonn bræðslufisks. Sjávarútvegsráðherra skal að fenginni umsögn stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins ákveða með reglugerð fjárhæð gjaldsins til þriggja mánaða í senn. Við þessa ákvörðun skal taka mið af áætluðum greiðslum til Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins vegna útflutnings á loðnuafurðum miðað við hvert hráefnistonn samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar.

Gjaldið fellur í gjalddaga við skil á gjaldeyri vegna sölunnar, þó eigi síðar en þrjátíu dögum eftir löndun erlendis.

Um innheimtu gjalds þessa, þar á meðal um dráttarvexti, lögtaksrétt og ábyrgð, gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 13 16. mars 1988, um aðgerðir í sjávarútvegi, eftir því sem við getur átt.

Sjávarútvegsráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

14. gr.

4. mgr. 4. gr. veðlaga, nr. 18 4. nóvember 1887, sbr. 1. gr. laga nr. 87 28. desember 1960 og 1. gr. laga nr. 43 23. apríl 1986, orðast svo:

Svo er og útgerðarmanni, framleiðanda sjávarafurða, landbúnaðarafurða og eldisfisks og öðrum, sem vörur þessar hefur til sölu, heimilt að setja ríkissjóði, svo og banka eða öðrum

lánastofnunum, að sjálfsvörsluveði afla, eldisfisk og tilgreindar tegundir afurða og rekstrarvörur sjávarútvegs og landbúnaðar, sem veðsali á eða eignast kann eða hefur til sölu á tilteknu tímabili, til tryggingar lánum þeim er hann tekur út á hin veðsettu verðmæti. Veðsetning þessi nær til afla, eldisfisks og afurða, án tillits til verkunar- eða framleiðslustigs, og nær veðrétturinn einnig til hvers konar verðbóta og gjaldeyrisfríðinda sem fylgja afla, eldisfiski eða afurðum á hverjum tíma. Veðsölum, öðrum en framleiðendum eldisfisks, er þó óheimilt að veðsetja framangreind verðmæti til lengri tíma en eins árs í senn. Veðsetning á eldisfiski er óheimil til lengri tíma en fjögurra ára í senn.

II. KAFLI

Verðlags- og kjaramál.

15. gr.

Óheimilt er að hækka endurgjald fyrir afnot af fasteignum frá gildistöku laga þessara til 28. febrúar 1989.

16. gr.

3. tölul. 29. gr. laga nr. 46 27. júní 1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, fellur brott.

17. gr.

Almennt fiskverð samkvæmt tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 6 3. júní 1988 skal gilda óbreytt til 15. febrúar 1989, en hækkar þann dag um 1,25% og gildir það verð til 31. maí 1989. Verð á óslægðum þorski skal þó vera 88,5% í stað 85,5% af verði slægðs þorsks á tímabilinu 1. janúar 1989 til 15. apríl 1989.

Fiskverð skv. 1. mgr. er uppsegjanlegt með viku fyrirvara miðað við 15. febrúar 1989.

III. KAFLI

Vaxtaákvæðanir.

18. gr.

Við 9. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Dráttarvextir skulu ætíð reiknast sem dagvextir. Þó skulu haldast óbreytt til 1. júlí 1989 ákvæði um útreikning dráttarvaxta í lögum um innheimtu opinberra gjalda til ríkissjóðs og sveitarsjóða.

19. gr.

2. mgr. 10. gr. vaxtalaga, nr. 25 27. mars 1987, orðast svo:

Seðlabanki Íslands skal eigi sjaldnar en mánaðarlega reikna vegið meðaltal ársávöxtunar á nýjum almennum útlánnum hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum og birta meðaltal þetta í Lögbirtingablaði ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. og skulu þeir dráttarvextir gilda uns næsta tilkynning er birt í Lögbirtingablaði.

20. gr.

Við 2. mgr. 9. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands, bætist nýr málsliður, svohljóðandi:

Á sama hátt getur Seðlabankinn ákveðið hámark þess álags er innlánsstofnanir mega bæta við vexti gengisbundins fjár er þær endurlána í formi afurðalána.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt þrátt fyrir ákvæði fjárlaga fyrir árið 1988 að hækka ríkisútgjöld um 600 milljónir króna.

22. gr.

Þrátt fyrir ákvæði XIII. kafla laga nr. 75 14. september 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, er fjármálaráðherra heimilt að kveða á um í reglugerð að þeir einstaklingar, sem ekki höfðu aðrar tekjur en þær sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. A-liðar 7. gr., 2.–4. tölul. A-liðar 7. gr. og C-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 á því tekjuári sem skatturinn varðar, geri upp vangoldinn tekjuskatt og eignarskatt álagðan á árinu 1987 eða fyrir með eftirfarandi hætti:

- A. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir árslok 1988 gegn því að felld verði niður allt að 50% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
- B. Með því að greiða hina vangoldnu skattkröfu upp á nánar tilteknum gjalddögum fyrir 1. júlí 1989 gegn því að felld verði niður allt að 25% af dráttarvöxtum sem reiknaðir hafa verið af skuldinni.
- C. Með því að gefa út skuldabréf til allt að fimm ára til greiðslu á höfuðstól hinnar vangoldnu skattkröfu ásamt dráttarvöxtum.

Fjármálaráðherra setur í reglugerðinni nánari ákvæði um framkvæmd þessarar heimildar, þar á meðal um lánskjör og tryggingar, svo og skilyrði sem einstaklingar þurfa að uppfylla til þess að fá að gera upp hina vangoldnu skattkröfu með framangreindum hætti.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 18. gr. öðlast þó ekki gildi fyrr en 1. nóvember 1988 og falla úr gildi 1. júlí 1989. Gjald skv. 13. gr. skal innheimt vegna landana erlendis sem eiga sér stað eftir 30. september 1988.

Gjört í Reykjavík, 2. mars 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1989

21. mars 1989

239

Nr. 10

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 21. mars 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

30. mars 1989

Nr. 11

LÖG

um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36 5. maí 1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna breytist svo:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Á sama hátt skal Seðlabanki Íslands láta sömu reglur, eða jafngildar, gilda um verðbréfasjóði með kaupskyldu á öruggum verðbréfum, einkum ríkisskuldabréfum, eftir því sem við getur átt.
- b. 4. mgr. orðist svo:

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við íslenskan gjaldmiðil í sjóði, óbundin nettóinnlán í íslenskum gjaldmiðli í bönkum, heildareignir að frádregnum heildarskuldum, sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla, ríkisvísla eða aðrar sambærilegar eignir.

c. Við bætist ný málsgrein er verði 5. mgr. og orðist svo:

Seðlabankanum er heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um gengisbundnar eignir og skuldir þeirra (gjalddeyrissjöfnuð), svo og endurlánajöfnuð sem miði að því að hlutaðeigandi innlánsstofnanir skuli sjá til þess að slíkar eignir séu í jafnvægi þannig að gengisáhætta sé sem minnst. Seðlabankinn getur beitt innlánsstofnanir viðurlögum samkvæmt ákvæðum 41. gr. sé ákvörðunum bankans í þessum efnum ekki hlítt.

2. gr.

2. mgr. 9. gr. laganna orðist svo:

Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaákvörðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja að raunvextir útlána innlánsstofnana verði hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr. og orðist svo:

Hafi Seðlabanki Íslands hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum á grundvelli þessarar greinar getur bankinn, meðan sú íhlutun varir, að fengnu samþykki ráðherra, bundið ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum sem miðast við hliðstæða áhættuflokka. Setur Seðlabankinn um það nánari reglur.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Sérstök endurskoðunardeild skal starfa við bankann undir umsjón bankaráðs. Auk þess skal endurskoðun hjá Seðlabanka Íslands framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn, og skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

4. gr.

Við 41. gr. laganna bætist nýr málslíður: Innheimt viðurlög samkvæmt þessari grein skulu renna að $\frac{1}{4}$ hlutum til ríkissjóðs og skulu þau greidd 1. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

5. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist nýr líður, líður VI, svohljóðandi:

Innheimt viðurlög skv. 41. gr., sem lögð voru á á árinu 1988, skulu að $\frac{1}{4}$ hlutum greiðast í ríkissjóð og skulu greiðast ríkissjóði 1. júní 1989.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1989.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 5.135.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 5.300.000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1989 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 1.060.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Próunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er, að höfðu samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Akureyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 155.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 16.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Hitaveita Eyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 15.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
4. Hitaveita Siglufjarðar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 36.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Fjarhitun Vestmannaeyja, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 25.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
6. Hitaveita Suðureyrar, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
7. Aðrar skuldbreytingar vegna greiðsluvandkvæða, lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 35.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til kaupa á notaðri ferju til siglinga á Eyjafirði.

7. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 900.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 350.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 1.200.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

10. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 150.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

11. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 350.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

12. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

13. gr.

Framleiðnisjóði landbúnaðarins er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt sem varið verði til sérstakrar endurskipulagningar á fjárhag og rekstri loðdýrabúa.

14. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 110.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

15. gr.

Herjólfri hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna nýrrar ferju.

16. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–15. gr., með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

II. KAFLI

17. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 38.830 þús. kr. á árinu 1989 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bænda.

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1989.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 25.000 þús. kr. á árinu 1989.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1989.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1989.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrrnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 28.000 þús. kr. á árinu 1989.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 71.000 þús. kr. á árinu 1989.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 50/1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, skal framlag ríkissjóðs til sjóðsins eigi fara fram úr 11.000 þús. kr. á árinu 1989.

25. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingabjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1989. Þess í stað skal sá hluti framleiðendagjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallabjónustuna eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

26. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 64/1981, sbr. lög nr. 10/1985 og lög nr. 55/1986, um atvinnuleysistryggingar, skal heildarframlag ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs skv. 4. gr. fjárlaga eigi fara fram úr 277.000 þús. kr. á árinu 1989.

27. gr.

Prátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1989 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

28. gr.

Prátt fyrir ákvæði 10. gr. laga nr. 56/1987, jarðræktarlaga, skal framlag ríkissjóðs til jarðabóta eigi fara fram úr 100.000 þús. kr. á árinu 1989. Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktarframkvæmda á árinu 1988.

29. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 31/1973, um framlög til búfjárræktar, skal framlag ríkissjóðs vegna búfjárræktarstyrkja falla niður á árinu 1989. Þó er fjármálaráðherra heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinganefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til búfjárræktar á árinu 1988.

30. gr.

Prátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera herra en 8.000 þús. kr. á árinu 1989.

31. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 19/1986, um fjáröflun til vegagerðar, skulu 680.000 þús. kr. af hækkun bensíngjalds og þungaskatts renna í ríkissjóð.

32. gr.

Prátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögnum leiðir.

33. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Listskreytingasjóðs ríkisins eigi vera herra en 6.000 þús. kr.

34. gr.

Prátt fyrir ákvæði 6. gr. laga nr. 58/1970, um skemmtanaskatt, skal framlag ríkissjóðs til Félagsheimilasjóðs eigi vera herra en 21.000 þús. kr. á árinu 1989.

35. gr.

Prátt fyrir ákvæði 9. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, skulu greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 1989 eigi nema hærri fjárhæð en 1.275.000 þús. kr.

III. KAFLI

36. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánsamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvísla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvísla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.

37. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánnum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs, enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

38. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka erlend lán í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga erlend lán þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til svokallaðra skulda- og/eða vaxtaskipta vegna erlendra lána sinna sem hún hefur tekið með viðeigandi heimildum og samþykki eignaraðila.

39. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Framkvæmdasjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánnum sem Framkvæmdasjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Framkvæmdasjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Framkvæmdasjóður lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánsamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

40. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Byggðastofnun er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Byggðastofnunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánnum sem Byggðastofnun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Byggðastofnun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Byggðastofnun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og eða veltilána er henni heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánsamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánsamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

41. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka allt að 900.000 þús. kr. lán innan lands á árinu 1988 umfram það sem kveðið er á um í 1. gr. lánsfjárlaga 1988.

42. gr.

Framkvæmdasjóði Íslands er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 429.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána fiskeldisfyrirtækjum allt að 300.000 þús. kr. og hluthöfum Arnarflugs hf. allt að 129.000 þús. kr.

43. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1988 að fjárhæð allt að 280.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt og endurlána atvinnufyrirtækjum til fjárhagslegrar endurskipulagningar allt að 200.000 þús. kr. og refafóðurstöðvum allt að 80.000 þús. kr.

44. gr.

Fjármálaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að höfðu samráði við fjárveitinga-nefnd Alþingis að semja við Þormóð ramma hf. um ráðstafanir til að bæta fjárhag fyrirtækisins.

45. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1989. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1990 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

46. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. mars 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 13, 10. apríl 1979, um stjórn
efnahagsmála o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

39. gr. laganna orðist þannig:

Það eru skilyrði verðtryggingar samkvæmt lögum þessum:

1. að verðtryggðir sparifjárreikningar, kröfur og skuldbindingar séu ætíð skráð á nafn,
2. að við endurlán verðtryggðra peningalána standist verðtryggingarákvæði aðalatriðum á í báðum samningum,
3. að verðtrygging sparifjár og lánsfjár sé eigi til skemmri tíma en tveggja ára hvað varðar aðrar skuldbindingar en sparifjárinnstæður sem því aðeins mega njóta verðtryggingar að bundnar séu í sex mánuði eða lengur.
4. að grundvöllur verðtryggingar sé sem hér segir:
 - a. miðað sé við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær eru reiknaðar á hverjum tíma.
 - b. miðað sé við gengi erlends gjaldeyris þar sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum eða reglugerð.

Seðlabanki Íslands skal birta vísitölur, sem heimilt er að miða verðtryggingu sparifjár og lánsfjár við, ásamt vaxtakjörum.

Seðlabanka Íslands að fengnu smþykki viðskiptaráðherra heimilt að ákveða lengri lágmarkstíma verðtryggðra spariskírteina og útlána, sbr. 3. tölul., og að ákveða að vextir verðtryggðra útlána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum. Seðlabankinn getur einnig með samþykki ráðherra veitt undanþágu til skemmri lágmarkstíma þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi.

Ákvæði þessarar greinar gilda eftir því sem við á um endurlán erlends lánsfjár skv. 38. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. mars 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannson.

L Ö G

um norrænan þróunarsjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal norrænan þróunarsjóð samkvæmt samningi milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns þróunarsjóðs sem undirritaður var í Stokkhólmi 3. nóvember 1988.

2. gr.

Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldeyri eða gjaldeyrisviðskipti, að svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvelda starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari, tekjuskatti og eignarskatti, svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

4. gr.

Lánssamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum hins opinbera.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um norrænan þróunarsjóð.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Baldvin Hannibalsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

1. gr.

Í 28. gr. laganna kemur ný málsgrein er verður 3. mgr.:

Viðskiptabanka er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar að starfrækja verðbréfafyrirtæki er starfar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

3. mgr. laganna verður 4. mgr. og orðast svo:

Að öðru leyti en um getur í þessari grein má viðskiptabanki ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga.

II. KAFLI

Breyting á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

2. gr.

Í 32. gr. laganna kemur ný málsgrein er verður 3. mgr.:

Sparisjóði er heimilt þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar að starfrækja verðbréfafyrirtæki er starfar samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

3. mgr. laganna verður 4. mgr. og orðast svo:

Að öðru leyti en um getur í þessari grein má sparisjóður ekki á neinn hátt bera ábyrgð sem þátttakandi eða meðeigandi í rekstri annarra félaga, sbr. þó 33. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. mars 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur Jónsson.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 1989

Nr. 16

250

6. mars 1989

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1979.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Ríkisreikningur fyrir árið 1979 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum, í þús. gkr.:

Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	1 505 668	1 979 460
01 Forsætisráðuneyti	2 746 429	2 855 316
02 Menntamálaráðuneyti	32 368 107	38 436 331
03 Utanríkisráðuneyti	2 188 285	2 838 183
04 Landbúnaðarráðuneyti	10 636 697	12 191 360
05 Sjávarútvegsráðuneyti	4 596 894	5 144 389
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	11 135 492	14 883 582
07 Félagsmálaráðuneyti	7 740 889	8 559 593
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	67 097 230	87 998 244
09 Fjármálaráðuneyti	8 164 514	9 286 023
10 Samgönguráðuneyti	19 191 120	21 326 269
11 Iðnaðarráðuneyti	7 394 531	10 621 149
12 Viðskiptaráðuneyti	20 067 120	24 888 126
13 Hagstofa Íslands	182 473	188 384
14 Ríkisendurskoðun	220 301	247 537
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	7 050 669	7 702 078
Mismunur	6 664 370	
	<hr/>	
Samtals	208 950 789	249 146 024
Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar	205 591 745	242 796 436
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	557 444	334 999
13 Ýmsar tekjur	2 801 600	4 904 404
Mismunur		1 110 185
	<hr/>	
Samtals	208 950 789	249 146 024

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningum fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984,
1985 og 1986.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1981 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	32.361	51.167
01 Forsætisráðuneyti	44.024	50.222
02 Menntamálaráðuneyti	792.673	945.168
03 Utanríkisráðuneyti	56.850	69.967
04 Landbúnaðarráðuneyti	235.954	278.755
05 Sjávarútvegsráðuneyti	85.020	94.845
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	228.433	346.174
07 Félagsmálaráðuneyti	173.363	178.039
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.820.090	2.386.107
09 Fjármálaráðuneyti	584.737	240.706
10 Samgönguráðuneyti	549.013	621.668
11 Iðnaðarráðuneyti	242.981	275.668
12 Viðskiptaráðuneyti	407.305	426.188
13 Hagstofa Íslands	3.930	4.615
14 Ríkisendurskoðun	4.950	5.735
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	195.791	154.271
Samtals	5.457.475	6.129.295
Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar	5.406.015	6.186.237
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign. fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	8.120	16.993
13 Ýmsar tekjur	100.645	100.926
Mismunur	÷57.305	÷174.861
Samtals	5.457.475	6.129.295

2. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1982 samþykkt með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	51.067	85.295
01 Forsætisráðuneyti	64.209	72.416
02 Menntamálaráðuneyti	1.179.097	1.538.876
03 Utanríkisráðuneyti	78.557	123.422
04 Landbúnaðarráðuneyti	348.003	394.032
05 Sjávarútvegsráðuneyti	122.452	139.953
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	328.911	573.155
07 Félagsmálaráðuneyti	252.696	246.508
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	2.895.276	3.503.377
09 Fjármálaráðuneyti	710.037	423.873
10 Samgönguráðuneyti	828.697	957.985
11 Iðnaðarráðuneyti	260.177	341.626
12 Viðskiptaráðuneyti	506.729	849.076
13 Hagstofa Íslands	5.795	6.920
14 Ríkisendurskoðun	7.049	9.014
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	270.518	213.332
Samtals	7.909.270	9.478.860
Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar	7.842.417	10.029.838
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign. fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	12.004	39.796
13 Ýmsar tekjur	112.845	258.726
Mismunur	=57.996	=849.500
Samtals	7.909.270	9.478.860

3. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1983 samþykkt með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	73.261	140.260
01 Forsætisráðuneyti	86.925	99.088
02 Menntamálaráðuneyti	1.866.541	2.659.074
03 Utanríkisráðuneyti	130.928	242.965
04 Landbúnaðarráðuneyti	573.500	666.910
05 Sjávarútvegsráðuneyti	169.039	222.617
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	517.597	972.718
07 Félagsmálaráðuneyti	492.747	623.123
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	4.946.564	6.310.069
09 Fjármálaráðuneyti	1.162.585	640.138
10 Samgönguráðuneyti	1.212.141	1.627.671
11 Iðnaðarráðuneyti	460.838	1.527.193
12 Viðskiptaráðuneyti	884.645	1.159.698
13 Hagstofa Íslands	9.102	11.278
14 Ríkisendurskoðun	10.755	14.467
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	375.790	799.522
Samtals	12.972.958	17.716.791

Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar	12.778.580	15.481.950
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign. fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	24.040	82.097
13 Ýmsar tekjur	204.695	718.253
Mismunur	+34.357	+1.434.491
Samtals	12.972.958	17.716.791

4. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1984 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	127.672	176.456
01 Forsætisráðuneyti	117.887	117.293
02 Menntamálaráðuneyti	2.885.735	3.181.396
03 Utanríkisráðuneyti	228.774	298.871
04 Landbúnaðarráðuneyti	697.220	917.394
05 Sjávarútvegsráðuneyti	222.668	349.620
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	800.885	1.079.566
07 Félagsmálaráðuneyti	703.329	718.016
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	6.760.050	7.804.573
09 Fjármálaráðuneyti	762.415	796.668
10 Samgönguráðuneyti	1.983.655	2.164.948
11 Iðnaðarráðuneyti	1.068.843	1.129.128
12 Viðskiptaráðuneyti	1.034.756	883.017
13 Hagstofa Íslands	14.005	15.176
14 Ríkisendurskoðun	17.272	16.699
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	858.300	824.768
Samtals	18.283.466	20.473.589
Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11 Skattar	17.440.682	20.975.891
12 Arðgreiðslur frá fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign. fluttar úr B-hluta ríkisreiknings	75.400	122.134
13 Ýmsar tekjur	378.695	989.921
Mismunur	+388.689	+1.614.357
Samtals	18.283.466	20.473.589

5. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1985 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00 Æðsta stjórn ríkisins	176.992	258.660
01 Forsætisráðuneyti	124.450	134.542
02 Menntamálaráðuneyti	3.965.178	4.981.895
03 Utanríkisráðuneyti	295.914	352.861
04 Landbúnaðarráðuneyti	958.516	1.472.473
05 Sjávarútvegsráðuneyti	713.622	922.840
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.300.485	1.674.543
07 Félagsmálaráðuneyti	1.336.002	1.817.217
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	10.096.962	11.289.484
09 Fjármálaráðuneyti	1.242.862	1.196.813
10 Samgönguráðuneyti	2.381.195	2.545.607
11 Iðnaðarráðuneyti	1.161.542	1.234.975
12 Viðskiptaráðuneyti	785.908	1.063.370
13 Hagstofa Íslands	18.188	24.471
14 Ríkisendurskoðun	24.622	26.061
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	1.496.365	1.621.365
Samtals	26.078.803	30.617.177

	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	24.550.942	27.343.683
12	Fjármunatekjur	747.900	1.299.903
13	Aðrar tekjur	37.100	102.825
	Mismunur	+742.861	+1.870.766
	Samtals	26.078.803	30.617.177

6. gr.

Ríkisreikningurinn fyrir 1986 samþykkt með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

	Gjöld:	Áætlun:	Reikningur:
00	Æðsta stjórn ríkisins	269.878	312.080
01	Forsætisráðuneyti	144.659	182.772
02	Menntamálaráðuneyti	5.656.585	6.576.975
03	Utarríkisráðuneyti	411.227	496.466
04	Landbúnaðarráðuneyti	1.359.795	1.763.490
05	Sjávarútvegsráðuneyti	987.673	1.053.230
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	1.719.865	2.069.413
07	Félagsmálaráðuneyti	2.287.279	2.380.568
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	14.102.671	15.131.203
09	Fjármálaráðuneyti	1.485.508	1.581.137
10	Samgönguráðuneyti	3.045.903	3.021.827
11	Iðnaðarráðuneyti	1.387.407	6.360.932
12	Viðskiptaráðuneyti	922.158	1.412.796
13	Hagstofa Íslands	37.501	39.800
14	Ríkisendurskoðun	33.445	34.626
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	3.839.809	3.957.117
	Samtals	37.691.363	46.374.432
	Tekjur:	Áætlun:	Reikningur:
11	Skattar	34.670.297	36.713.300
12	Fjármunatekjur	3.141.100	3.207.525
13	Aðrar tekjur	42.600	256.038
	Mismunur	+162.634	+6.197.569
	Samtals	37.691.363	46.374.432

Gjört í Reykjavík, 6. mars 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 29. mars 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

4. apríl 1989

Nr. 19

L Ö G

um eignarleigustarfsemi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

„Eignarleiga“ merkir í lögum þessum leigustarfsemi á lausafé eða fasteignum þar sem leigusali selur leigutaka hið leigða gegn umsömdu leigugjaldi í tiltekinn lágmarksleigutíma samkvæmt sérstökum skilmálum um eignar- eða afnotarétt að lágmarksleigutíma liðnum. Til eignarleigu telst því:

„Fjármögnunarleiga“ er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala. Eignarréttur helst þó hjá leigusala.

„Kaupleiga“ er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að leigusali hefur afsalað að verulegu leyti áhættu og rétti til arðs sem tengist eignarrétti leigusala og jafnframt veitt leigutaka sjálfkrafa rétt til að eignast hið leigða í lok leigutíma.

„Rekstrarleiga“ er merkir í lögum þessum þá samningsaðstöðu samkvæmt eignarleigusamningi að fyrir hendi sé eignarleiga sem ekki telst vera fjármögnunarleiga né kaupleiga samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

„Eignarleigustarfsemi“ samkvæmt lögum þessum telst vera sú starfsemi að veita, hafa milligöngu um eða bjóða fram lánveitingar og ábyrgð á skuldum vegna fjármögnunar annarra aðila.

Ákvæði laga þessara taka þó ekki til lánveitinga þeirra sem stunda framleiðslu og verslun til venjulegra viðskiptavina.

Rísi ágreiningur um það hvort starfsemi teljist til eignarleigustarfsemi samkvæmt lögum þessum sker ráðherra úr.

3. gr.

„Eignarleigufyrirtæki“ merkir í lögum þessum fyrirtæki sem hefur að meginstarfsemi eignarleigu samkvæmt lögum þessum.

„Víkjandi lán“ merkir í lögum þessum lán sem eignarleigufyrirtæki tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldarviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot félagsins eða slit þess fáiast það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur félaginu en endurgreiðslu hlutafjár.

II. KAFLI

Eignarleigufyrirtæki.

4. gr.

Eignarleigustarfsemi er einungis heimil eignarleigufyrirtæki sem hefur starfsleyfi viðskiptaráðherra.

Skilyrði fyrir veitingu slíks starfsleyfis eru:

1. Fyrirtækið sé hlutafélag og nemi innborgað hlutafé þess a.m.k. 10 milljónum króna.
2. Meiri hluti stjórnar félagsins skal vera búsettur hér á landi.
3. Framkvæmdastjóri félagsins skal vera búsettur hér á landi og vera ríkisborgari Norðurlandarikis. Skal hann vera fjárráða og með óflekkað mannorð.
4. Löggiltur endurskoðandi eða endurskoðunarstofa annist endurskoðun hjá eignarleigufyrirtæki.

5. gr.

Eignarleigufyrirtæki er óheimilt að hafa með höndum aðra starfsemi en eignarleigu eða skylda starfsemi á sviði fjármálaþjónustu. Eignarleigufyrirtækið má þó eigi jafnframt stunda verðbréfamíðlun eða rekstur verðbréfasjóðs.

Tilgangur fyrirtækisins skal skýrt afmarkaður í samþykktum félagsins.

6. gr.

Eigið fé eignarleigufyrirtækis, að viðbættum víkjandi lánum, skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar 10% af heildarskuldbindingum þess.

7. gr.

Eignarleigufyrirtæki ber að haga starfsemi sinni á þann veg að viðskiptamenn þess njóti jafnræðis um upplýsingar um verð og önnur viðskiptakjör. Skal, að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanna, kappkostað að veita þeim greinargóðar upplýsingar um þá kosti og kjör sem þeim standa til boða.

8. gr.

Eignarleigusamningar skulu vera skriflegir. Í þeim skal, auk leigugjalds, geta eftirtalinna atriða:

1. Tegundar þeirrar eignarleigu sem samningurinn kveður á um, sbr. 1. gr. laga þessara.
2. Lágmarksleigutíma.
3. Vaxtaákvæða og annars kostnaðar leigutaka af viðskiptunum, þar á meðal lántökugjalds ef um það er að ræða.
4. Ákvæða um rétt leigusala og leigutaka til riftunar eignarleigusamningsins og um skilmála riftunar.
5. Ákvæða um váttryggingar og bótaábyrgð gagnvart þriðja aðila.
6. Hvort, með hvaða hætti og hvaða kjörum leigutaki fái áframhaldandi afnot hins leigða að leigutíma loknum.

9. gr.

Starfsmönnum eignarleigufyrirtækis ber að gæta þagmælsku um öll viðskipti sem það annast og um persónulega hagi viðskiptamanna þess sem þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða edli máls, nema starfsmönnum sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrlausn eða sé að lögum skylt að veita þær. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

III. KAFLI

Eftirlit.

10. gr.

Bankaefirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með að ekki sé starfrækt eignarleigufyrirtæki nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, sbr. 4. gr. laga þessara. Bankaefirlitið skal gæta þess að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara, reglugerða og samþykktu sem um starfsemina gilda. Bankaefirlitinu skal heimill aðgangur að öllum gögnum og upplýsingum hjá eignarleigufyrirtækjum sem að mati bankaefirlitsins varða starfsemina og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins. Gögn og upplýsingar skulu látin í té í því formi og svo oft sem bankaefirlitið óskar eftir vegna eftirlits og hagskýrslugerðar. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og gilda um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, og reglugerðir settar samkvæmt þeim, eftir því sem við getur átt. Ákvæði þessarar greinar taka einnig til endurskoðanda eignarleigufyrirtækja.

11. gr.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum eignarleigufyrirtækja í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.

12. gr.

Hafi stjórn eignarleigufyrirtækis eða endurskoðandi þess ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir því lágmarki sem ákveðið er í 6. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaefirliti Seðlabanka Íslands.

Er bankaefirlitinu berst tilkynning að hætti 1. mgr. eða það telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé eignarleigufyrirtækis sé undir lágmarki 6. gr. skal það krefja endurskoðanda eignarleigufyrirtækis þegar í stað um reikningsuppgjör sem hann skal afhenda innan tveggja vikna frá því honum berst krafan.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé eignarleigufyrirtækis fullnægi ekki ákvæðum 6. gr. skal stjórn hlutafélagsins án tafar boða til hluthafafundar til ákvörðunar og afhenda síðan bankaefirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana félagið hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaefirlitið þegar afhenda ráðherra reikningsuppgjör endurskoðanda og greinargerð stjórnar ásamt umsögn sinni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi eignarleigufyrirtæki frest í allt að fjóra mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 6. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að fjóra mánuði til viðbótar. Heimilt er að stytta eða fella niður áður ákveðinn frest ef ástæða þykir til.

13. gr.

Ráðherra er heimilt að afturkalla starfsleyfi eignarleigufyrirtækis ef veittur frestur skv. 12. gr. ber eigi árangur eða sýnt þykir að slíta beri fyrirtækinu. Skal ráðherra senda skiptaráðanda á varnarþingi eignarleigufyrirtækisins kröfu um að bú þess verði tekið til skipta.

Brjótí stjórn eignarleigufyrirtækis ítrekað fyrir mæli laga og reglna settra samkvæmt þeim getur ráðherra með sama hætti og um getur í 1. mgr. þessarar greinar afturkallað starfsleyfi eignarleigufyrirtækis, enda hafi bankeftirlit Seðlabanka Íslands áður gert skriflegar athugasemdir varðandi reksturinn.

Ráðherra er heimilt að svipta eignarleigufyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir ef hafin er opinber rannsókn vegna meintra brota á lögum þessum í starfsemi eignarleigufyrirtækis.

IV. KAFLI

Viðurlög.

14. gr.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum að starfrækja eignarleigufyrirtæki, sbr. 4. gr. laga þessara, án starfsleyfis viðskiptaráðherra. Sömu refsingu varða brot á II. kafla laga þessara. Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennta hegningarlaga.

Með brot skv. 1. mgr. þessarar greinar skal farið að hætti opinberra mála.

V. KAFLI

Gildistaka o.fl.

15. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Peir, sem við gildistöku laga þessara stunda starfsemi sem lög þessi taka til, skulu uppfylla ákvæði laganna eigi síðar en sex mánuðum frá gildistöku þeirra. Mæli sérstakar ástæður með því er viðskiptaráðherra heimilt að veita lengri frest, þó aldrei lengri en eitt ár frá því sem ákvæðið hefur verið í fyrri málslið þessa bráðabirgðaákvæðis.

Gjört í Reykjavík, 4. apríl 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með „verðbréfi“ er í lögum þessum átt við hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar svo og framseljanleg skilríki fyrir eignaréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.

Með „verðbréfamiðlun“ er átt við milligöngu, sem veitt er gegn endurgjaldi, um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um slík viðskipti.

Með „verðbréfamiðlara“ er átt við einstakling sem fengið hefur sérstakt leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar, sbr. 3. gr., og þá sem starfa undir stjórn og á ábyrgð hans að verðbréfamiðlun.

Með „verðbréfafyrirtæki“ er átt við fyrirtæki sem sérstaklega er stofnað skv. III. kafla laga þessara til þess að annast verðbréfamiðlun, fjárvörslu og skylda starfsemi fyrir einstaklinga og lögaðila. Verðbréfafyrirtæki annast einnig rekstur verðbréfasjóða og sölutryggingu markaðsverðbréfa.

Með „markaðsverðbréfi“ er átt við verðbréf í flokki framseljanlegra verðbréfa, þar með talinna hlutabréfa, sem boðin eru einstaklingum og/eða lögaðilum til kaups með almennu útbodi þar sem öll helstu einkenni bréfa í hverjum flokki eru hin sömu, þar á meðal nafn útgefanda (skuldara), fyrsti vaxtadagur og endurgreiðslu-, vaxta- og uppsagnarákvæði eftir því sem við getur átt. Markaðsverðbréf skulu ætíð skráð á nafn.

Með „verðbréfasjóði“ er átt við sjóð, er saman stendur af skuldabréfum, hlutabréfum eða öðrum auðseljanlegum verðbréfum samkvæmt fyrir fram ákveðinni og kunngerðri fjárfestingarstefnu að því er varðar áhættudreifingu, þar sem almenningi eða þrengri hópi manna er gefinn kostur á að eignast hlutdeild í sjóðnum samkvæmt útgefnum skírteinum er að kröfu eiganda þeirra fást innleyst hjá sjóðnum í reiðufé samkvæmt nánari ákvæðum í reglum sjóðsins.

Með „viðskiptavaka“ er átt við verðbréfafyrirtæki eða annan aðila sem skuldbundið hefur sig til þess að kaupa og selja fyrir eigin reikning ákveðin markaðsverðbréf í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum og til þess að auðvelda þeim, sem áhuga hafa á kaupum bréfanna, að fá þau keypt og þeim sem selja vilja slík bréf að fá kaupanda að þeim.

2. gr.

Þeir, sem lög þessi taka til og hafa atvinnu af viðskiptum með verðbréf, skulu afla glöggra upplýsinga um hverjir viðskiptamenn þeirra eru, þ.e. skrá nöfn þeirra, kennitölur og heimili á reikninga eða uppgjör vegna viðskiptanna. Einnig ber öllum, sem atvinnu hafa af viðskiptum með verðbréf, að geyma afrit eða ljósrít af öllum skjölum, sérgerðum vegna viðskiptanna. Um geymsluskyldu skal fara eftir almennum bókhaldsreglum.

Sérhverjum þeim aðila, sem býr yfir trúnaðarupplýsingum um útgefanda markaðsverðbréfa eða um önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber, en líklegar eru til þess að hafa veruleg áhrif á markaðsverðbréfanna ef opinberar væru, er óheimilt að kaupa eða selja viðkomandi verðbréf fyrir eigin reikning eða reikning vandamanna sinna í þeim tilgangi að hagnast eða forðast fjárhagslegt tjón. Hann má heldur ekki veita öðrum aðila vitneskju byggða á trúnaðarupplýsingum sem ætla verður látna í té í því skyni að sá aðili hagnist eða forðist fjárhagslegt tjón með kaupum eða sölu verðbréfanna. Ákvæði þetta tekur jafnt til einstaklinga sem lögaðila.

II. KAFLI

Um verðbréfamiðlara.

3. gr.

Til að annast milligöngu um kaup og sölu verðbréfa og ráðgjöf um slík viðskipti gegn þóknun þarf löggildingu viðskiptaráðherra. Löggilt leyfi til verðbréfamiðlunar eru aðeins veitt einstaklingum sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

- a. Eru búsettir hér á landi og hafa íslenskan ríkisborgararétt eða ríkisborgararétt í öðru Norðurlandaráki.
- b. Hafa náð 20 ára aldri.
- c. Hafa óflekkað mannorð og hafa aldrei verið sviptir forræði á búi sínu.
- d. Hafa sótt námskeið í verðbréfamiðlun sem ráðuneytið gengst fyrir í samvinnu við stjórn Verðbréfaþings Íslands og hafa lokið þar prófi samkvæmt þeim prófkröfum sem settar eru í reglugerð sem ráðherra setur.
- e. Hafa lagt fram skírteini því til sönnunar að þeir hafi tekið ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi eða aflagð sér bankatryggingar er bæti viðskiptavinum tjón er hann kynni að baka þeim með störfum sínum við verðbréfamiðlun. Nánari skilyrði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála hennar skulu ákveðin með reglugerð.

Héraðsdóms- og hæstaréttarlögmönnum og löggiltum endurskoðendum er þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilt í einstökum tilvikum að veita viðskiptamönnum sínum þjónustu sem samkvæmt lögum þessum telst til verðbréfamiðlunar, enda sé hún veitt sem eðlilegur þáttur í viðtækara viðfangsefni svo sem búskiptum eða félagsslitum.

Heimilt er samkvæmt skriflegri beiðni leyfishafa að afturkalla áður útgefið leyfi samkvæmt 1. mgr., ef eigi er uppfyllt skilyrði e-liðar 1. mgr., án þess þó að leyfishafi glati réttindum samkvæmt d-lið þeirrar málsgreinar.

Löggiltur endurskoðandi skal annast endurskoðun hjá verðbréfamiðlara og skulu ákvæði V. kafla laga þessara gilda um störf hans eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Verðbréfamiðlara ber ávallt að haga störfum sínum á þann hátt að viðskiptamenn hans njóti, við kaup og sölu verðbréfa, jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör. Skal hann að teknu tilliti til hags og þekkingar viðskiptamanns veita honum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem honum standa til boða.

5. gr.

Verðbréfamiðlara er skylt að halda fjármunum viðskiptamanns á sérstökum nafnskráðum reikningi og haga varðveislu verðbréfa hans með tryggilegum hætti.

Skylt er verðbréfamiðlara að annast um að markaðsverðbréf, sem hann hefur í vörslum sínum, sé skráð á nafn eiganda enda leiðir slík nafnskráning ekki til ábyrgðar framseljanda á efdum skuldbindingarinnar.

Verðbréfamiðlara er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi hann fengið til þess skriflegt umboð, en skylt er honum að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins sé þess krafist. Í slíkri framsalsáritun verðbréfamiðlara ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði. Verðbréfamiðlara er skylt að varðveita slík umboð svo lengi sem réttindi verða byggð á verðbréfi sem hann hefur framselt með þessum hætti.

Sá sem veitt hefur verðbréfamiðlara umboð skv. 3. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa verðbréfs með stoð í heimildarskorti verðbréfamiðlarans nema umboð hans til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Framsalsáritun verðbréfamiðlara á verðbréf skv. 3. mgr. telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til hans fylgi ekki verðbréfinu.

6. gr.

Verðbréfamiðlara er óheimilt að kaupa verðbréf sem honum er falið til sölu eða að selja eigið verðbréf í rekstri sínum nema um sé að ræða skráð verðbréf á Verðbréfaþingi Íslands.

7. gr.

Verðbréfamiðlurum og starfsmönnum þeirra er skylt að gæta þagmælsku um öll viðskipti sem þeir hafa milligöngu um og um persónulega hagi viðskiptamanna sem þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema þeim sé gert að veita upplýsingar um þessi efni með dómsúrskurði eða þeim sé að lögum skylt að veita þær. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

8. gr.

Skylt er verðbréfamiðlara að kunngera viðskiptamanni sínum fyrir fram hverja þóknun hann muni áskilja sér fyrir þjónustu sína og skylt er að senda viðskiptavini skilagrein eftir ósk hans um þau viðskipti sem gerð hafa verið í hans þágu.

9. gr.

Verðbréfamiðlara ber eftir almennum reglum að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem hann bakar honum með störfum sínum sé ekki mælt fyrir á annan veg í lögum þessum.

Glatist heimildarskjal eða fjármunir sem verðbréfamiðlari hefur í vörslum sínum í þágu viðskiptamanns ber verðbréfamiðlara að bæta allt það tjón er af því hlýst. Verðbréfamiðlara ber að varðveita verðbréf og aðra fjármuni viðskiptavina sinna í eldtraustu öryggishólfi. Í reglugerð skal setja nánari fyrirmæli um öryggisgæslu með verðbréf.

Nú skortir verðbréf einhverja þá kosti sem ætla má að áskildir hafi verið og ber þá verðbréfamiðlara að bæta viðskiptamanni sínum það tjón sem af því hlýst, enda verði talið verðbréfamiðlara til gáleysis að hafa ekki vakið athygli viðskiptamanns síns á anmarkanum.

10. gr.

Verðbréfamiðlara er starfar samkvæmt þessum kafla er óheimilt að reka verðbréfasjóði eða taka við fjármunum frá almenningi til ávöxtunar gegn útgáfu skuldarviðurkenningar eða hlutdeildarskírteina. Honum er einnig óheimilt að veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum.

III. KAFLI

Verðbréfafyrirtæki.

11. gr.

Verðbréfafyrirtæki, sem sérstaklega er stofnað í samræmi við ákvæði laga þessara, getur fengið rekstrarleyfi viðskiptaráðherra og skal fyrirtækið geta leyfisins í firmanafni sínu eða með sérstöku einkenni sem ráðuneytið samþykkir.

Verðbréfafyrirtæki má ásamt verðbréfamiðlurum annast verðbréfamiðlun gegn þóknun og því skal einnig heimilt að veita sölutryggingu á markaðsverðbréfum, annast fjárvörslu fyrir einstaklinga og lögaðila, reka verðbréfasjóði og skylda starfsemi. Öðrum aðilum en verðbréfafyrirtækjum með fullgildu rekstrarleyfi er óheimilt að annast þá starfsemi er að framan greinir eða einkenna sig sem verðbréfafyrirtæki. Þetta raskar þó eigi rétti innlánsstofnana til að reka slíka starfsemi, sbr. lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka og lög nr. 87/1985, um sparisjóði, enda sé um að ræða viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi eða þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við hana. Að öðru leyti fer um verðbréfavíðskipti innlánsstofnana samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Verðbréfafyrirtækjum er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 2. mgr.

Skilyrði fyrir leyfi til rekstrar verðbréfafyrirtækis eru sem hér segir:

- a. Fyrirtækið sé hlutafélag með innborguðu hlutafé að fjárhæð a.m.k. 20 milljónir króna og eigið fé nemi aldrei lægri fjárhæð en 20 milljónum króna. Fjárhæðir þessar skulu bundnar lánskjaravísitölu miðað við grunntölu hennar á útgáfudegi laga þessara.
- b. Stjórnarmenn skulu vera a.m.k. fimm talsins og skulu þeir fullnægja skilyrðum a–c liða 3. gr. laga þessara. Ráðherra getur þó veitt undanþágu frá skilyrði um búsetu og ríkisfang í einstökum tilvikum.
- c. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum til að stunda verðbréfamiðlun skv. a–d liðum 3. gr.
- d. Endurskoðun á reikningum fyrirtækisins skal framkvæmd af löggiltum endurskoðendum.
- e. Fyrirtækið setji tryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka viðskiptavinum sínum. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett með reglugerð.

Umsókn um rekstrarleyfi skulu fylgja afrit af samþykktum félagsins og gögn er m.a. staðfesti fjárhæð innborgaðs hlutafjár. Jafnframt skulu fylgja umsókn upplýsingar um hvenær fyrirhugað er að fyrirtækið hefji starfsemi sína. Áður en leyfi er veitt skal afla umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Heimilt er verðbréfafyrirtæki að starfrækja útibú enda uppfylli daglegur stjórnandi þess skilyrði til að stunda verðbréfamiðlun skv. a–d liðum 3. gr. Tilkynna skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands um stofnun útibús.

12. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 11. gr. er verðbréfafyrirtæki óheimilt að reka verðbréfasjóð eða verðbréfasjóði nema eigið fé þess nemi a.m.k. 2% af höfuðstól verðbréfasjóðsins eða samanlögðum höfuðstól þeirra verðbréfasjóða sem verðbréfafyrirtækið rekur.

Verðbréfafyrirtæki má eigi taka að sér sölutryggingu verðbréfa fyrir hærri fjárhæð en sem nemur tuttuguföldu eigin fé fyrirtækisins.

13. gr.

Framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækis, sem fengið hefur leyfi samkvæmt 3. gr., er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands getur þó veitt undanþágu frá þessu ákvæði mæli sérstakar ástæður með því.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. laga þessara er verðbréfafyrirtæki þó heimilt að kaupa fyrir eigin reikning eða selja úr eigu sinni verðbréf, enda hafi fyrirtækið formlega tekið að sér að vera viðskiptavaki eða sölutryggjandi varðandi verðbréfin og hafi kunngert það fyrir fram viðskiptavinum sínum og bankaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Ákvæði 4.–9. gr. laga þessara eiga einnig við um verðbréfafyrirtæki eftir því sem við getur átt.

14. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal veita viðskiptavinum sínum greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem það býður varðandi ávöxtun fjár og skal þess gætt að í auglýsingum og annars konar kynningarstarfsemi komi fram réttar og nákvæmar upplýsingar. Verðlagsstofnun setur nánari reglur um slíka upplýsingagjöf að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

15. gr.

Almennt útboð markaðsverðbréfa annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkis-ábyrgð og ríkisvíxla skal fara fram með milligöngu verðbréfafyrirtækja. Þó er hlutafélögum, er hafa til þess heimild Verðbréfaþings Íslands, heimilt að annast sjálf útboð markaðsverðbréfa sinna. Markaðsútgáfu verðbréfa skal tilkynna til Seðlabanka Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útgáfunnar svo sem fjárhæð, fyrirhugað sölutímabil, sölustaði og sameiginleg einkenni bréfanna. Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um gerð útboðsgagna og hann getur sett reglur um fyrsta söludag einstakra verðbréfaflokka í því skyni að koma í veg fyrir sveiflur í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðnum.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, séu þau fyrr, skal verðbréfafyrirtæki tilkynna Seðlabankanum um heildarsölu bréfa í flokknum á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fáanlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar í flokknum. Sama gildir um almennt útboð markaðsverðbréfa á vegum annarra aðila eftir því sem við á. Seðlabanki Íslands skal birta reglulega upplýsingar um markaðsverðbréf samkvæmt þessari grein.

16. gr.

Verðbréfafyrirtæki er skylt að senda þeim viðskiptavinum, sem það tekur við fjármunum frá til ávöxtunar í verðbréfum á annan hátt en í almennum verðbréfasjóði, skilagreinar með reglubundnum hætti eða eftir beiðni þeirra þar sem fram kemur hver verðbréf eða aðra fjármuni viðskiptavinur hefur átt í vörslum þess við lok hvers tímabils, hvaða verðbréf hafi verið keypt eða seld í þágu hans á tímabilinu og á hvaða verði þau viðskipti hafi átt sér stað. Ársyfirlit fyrir næstliðið ár skal senda viðskiptavinum eigi síðar en fyrir lok janúarmánaðar.

17. gr.

Skylt er verðbréfafyrirtæki að kunngera viðskiptamönnum sínum fyrir fram hverja þóknun það muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptamönnum með nægum fyrirvara þannig að unnt sé að endurmeta þau viðskipti sem verið hafa milli aðila.

Óheimilt er verðbréfafyrirtækjum að sammælast um gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og gilda um það ákvæði laga nr. 56/1978, um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

IV. KAFLI

Verðbréfasjóðir.

18. gr.

Verðbréfafyrirtæki getur rekið einn eða fleiri verðbréfasjóði, sbr. 6. mgr. 1. gr. Verðbréfasjóð má stofna sem sjálfstætt hlutafélag eða með öðru félagsformi og skal hver verðbréfasjóður hafa samþykktir og sérstaka stjórn. Verðbréfafyrirtæki kemur fram í eigin nafni fyrir hönd verðbréfasjóðs og tekur ákvarðanir varðandi sjóðinn í samræmi við rekstrarsamning skv. 3. mgr. Í löggerningum, sem varða sjóði í vörslu fyrirtækisins, er skylt að geta þess sjóðs sem verðbréfafyrirtækið kemur fram fyrir hverju sinni. Verðbréfasjóður getur eigi verið aðili að dómsmáli nema málið fjalli um samskipti sjóðsins og verðbréfafyrirtækis sem sér um rekstur hans.

Í samþykktum verðbréfasjóðs skulu m.a. koma fram eftirfarandi atriði:

- a. Nafn sjóðs og nafn þess verðbréfafyrirtækis, sem rekur sjóðinn.
- b. Hvort sjóðurinn starfar óskiptur eða í aðgreindum deildum.
- c. Fjárfestingarstefna sjóðsins, þ.e. í hvaða tegundum verðbréfafjármunir sjóðsins verði ávaxtaðir og í hvaða hlutföllum áformað sé að fjárfesta í hverjum flokki miðað við heildarverðbréfaeign sjóðsins á hverjum tíma og hvaða lausafjárkvöð sjóðnum er sett.
- d. Útgreiðsla arðs (vaxta), þ.e. hvort arður eða annar hagnaður af verðbréfum sjóðsins verði greiddur út eða honum bætt við höfuðstól hans.
- e. Hvernig reikna skuli út raunvirði hvers hlutar í sjóðnum og hvernig háttáð skuli innlausn hlutdeildarskírteina.
- f. Hvert sé reikningsár sjóðsins.
- g. Hvernig háttáð sé vali stjórnarmanna og endurskoðanda sjóðsins og hvert sé hlutverk stjórnar.
- h. Hvort hægt sé að breyta samþykktum sjóðsins og hvernig skuli að breytingunum staðið.

Tilkynna skal stofnun verðbréfasjóðs til bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem heldur sérstaka skrá yfir verðbréfasjóði. Óheimilt er að hefja starfsemi verðbréfasjóðs nema bankaeftirlitið hafi staðfest samþykktir hans.

Verðbréfasjóður skal hafa samning við verðbréfafyrirtæki um rekstur sjóðsins. Skal rekstrarsamningur jafnan vera aðgengilegur viðskiptavinum sjóðsins. Í rekstrarsamningi skal kveða á um þóknun verðbréfafyrirtækis fyrir hvers konar umsýslu með sjóðinn, kaup og varðveislu verðbréfa, innlausn hluta, kostnað við endurskoðun, auglýsingar o.s.frv. Einnig um það hvernig reikna skuli út þær greiðslur sem koma í hlut verðbréfafyrirtækisins fyrir sölu og innlausn á sjóðshlutum og hver sé hámarkssöluþóknun og hámarksfrádráttur frá ákvörðuðu sölu- eða innlausnarverði hvers hlutar í sjóðnum.

Stjórn verðbréfasjóðs getur ákveðið breytingu á samþykktum sjóðsins ef ekki er öðruvísi kveðið á í stofnsamþykktum hans. Breytingar á samþykktum verðbréfasjóðs taka eigi gildi nema bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafi staðfest þær. Samþykktir verðbréfasjóðs og breytingar á þeim skulu staðfestar ef þær eru í samræmi við lög, enda séu þær í meginatriðum í samræmi við hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina og engar aðrar fullgildar ástæður mæli móti staðfestingunni. Skjóta má synjun bankaeftirlitsins til endanlegrar ákvörðunar ráðherra, en einnig má bera hana undir dómstóla með málshöfðun innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun bankaeftirlitsins var kunngerð stjórn sjóðsins.

Tilkynna skal eigendum hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði um hverja breytingu á samþykktum verðbréfasjóðs og jafnframt skal auglýsa hana opinberlega. Breyting á samþykktum verðbréfasjóðs tekur gildi þremur mánuðum eftir að breytingin hefur verið staðfest og tilkynnt til verðbréfasjóðaskrár nema bankaeftirlitið gefi önnur fyrirmæli þar að lútandi.

19. gr.

Í verðbréfasjóðaskrá, sem Seðlabanki Íslands heldur, skal skrá þá verðbréfasjóði sem fengið hafa staðfestingu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands á samþykktum sínum. Þar skal einnig skrá hvaða verðbréfafyrirtæki rekur verðbréfasjóð, svo og nöfn stjórnarmanna og endurskoðenda sjóðsins. Þess skal gætt við skráningu að nöfn verðbréfasjóða séu eigi svo lík að valdið geti misskilningi viðskiptavina.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um staðfestingu á samþykktum verðbréfasjóðs eða breytingu á þeim og um nöfn stjórnarmanna og endurskoðenda sjóðsins. Einnig skal þar taka fram nafn þess verðbréfafyrirtækis er rekur sjóðinn. Óheimilt er að taka við fjármunum til ávöxtunar í verðbréfasjóði fyrr en tilkynningin hefur verið birt.

20. gr.

Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskrteina til þeirra sem fá verðbréfafyrirtæki fjármuni til ávöxtunar í verðbréfasjóði. Skírteini þessi skulu skráð á nafn. Allir, sem eiga hlutdeild að verðbréfasjóði eða sérgreindri deild hans, eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins eða viðkomandi deildar í hlutfall við eign sína og skírteinin eru staðfesting á tilkalli til skuldabréfaeignar sjóðsins. Eigandi hlutdeildarskrteinis hefur réttarstöðu lánardrottins gagnvart verðbréfasjóði.

Sala hlutdeildarskrteina fer fram hjá viðkomandi verðbréfafyrirtæki, en það getur einnig falið öðrum aðilum að annast þá sölu svo sem sjálfstætt starfandi verðbréfamiðlurum, bönkum og sparissjóðum.

21. gr.

Í hlutdeildarskrteini skal eftirtalinna atriða m.a. getið:

- a. Nafns og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis, nafns verðbréfasjóðs og nafns verðbréfafyrirtækis.
- b. Númers hlutdeildarskrteinis.
- c. Hvernig sjóðshlutur verði innlestur og/eða hvaða reglur gildi um arðgreiðslur.
- d. Hvar finna megi samþykktir verðbréfasjóðs, ársfjórðungsskýrslur og aðrar skýrslur um starfsemina.
- e. Nafns og kennitölu framsalshafa, hafi hlutdeildarskrteini gengið kaupum og sölum án innlausnar hjá því verðbréfafyrirtæki er annast rekstur verðbréfasjóðsins.

Hlutdeildarskrteini skal vera dagsett og undirritað af stjórn verðbréfasjóðs eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða framsett á annan sambærilegan hátt.

22. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal færa skrá yfir öll hlutdeildarskrteini í verðbréfasjóði. Í skránni skal m.a. koma fram:

- a. Nafn eiganda og kennitala.
- b. Númer skírteinis og söludagur þess.
- c. Nafnverð skírteina.
- d. Heildarfjöldi útistandandi skírteina.

Eigendaskipti að hlutdeildarskrteinum, sem eigandi tilkynnir um til verðbréfafyrirtækis og aðrar þær upplýsingar sem því berast varðandi eignarhald að skírteinum, skulu færð inn á skrána ásamt því að heimild tilkynningar er skráð.

Kjósi eigendur hlutdeildarskrteina fulltrúa í stjórn verðbréfasjóðs samkvæmt samþykktum sjóðsins skal gera nafnaskrá ásamt upplýsingum um atkvæðafjölda þar sem fram komi nöfn allra eigenda sem lýsa áhuga á að taka þátt í kosningunni. Öllum eigendum, sem áhuga hafa, er heimilt að fá afrit af þessari skrá gegn greiðslu ljósritunarkostnaðar eigi síðar en þremur vikum fyrir kjölfund.

23. gr.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í verðbréfasjóði er markaðsvirði samanlagðra eigna að frádregnum skuldum hans við innlausn, svo sem skuldum sjóðsins við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari reglur um útreikning innlausnarvirðis hlutdeildarskírteina.

24. gr.

Eignum verðbréfasjóðs skal halda aðgreindum frá eignum verðbréfafyrirtækis sem rekur sjóðinn. Eignir hans verða ekki kyrrsettar eða teknar fjárnámi vegna skulda verðbréfafyrirtækis, sbr. þó kröfur vegna lánveitinga til innlausnar á bréfum og öðrum eignum sjóðsins skv. 27. gr. Eigendur hlutdeildarskírteina verða eigi gerðir persónulega ábyrgir vegna skuldbindinga verðbréfasjóðsins umfram verðmæti eignar þeirra í sjóðnum.

25. gr.

Verðbréf verðbréfasjóða er skylt að varðveita í eldtraustu öryggishólfi. Í reglugerð skal setja nánari fyrirmæli um öryggisgæslu með verðbréf.

26. gr.

Verðbréfafyrirtæki má eigi hafa viðskipti við verðbréfasjóð í umsjón þess með því móti að starfsmenn fyrirtækisins, eigendur eða stjórnarmenn selji sjóðnum verðbréf eða kaupi af honum önnur verðbréf en hlutdeildarskírteini sjóðsins sjálfs. Sama gildir um nána venslamenn þeirra ef ætla má að viljaafstaða þess, sem gætir hagsmuna verðbréfasjóðsins, mótist af venslunum. Undantekningu má þó gera með verðbréf sem skráð eru í Verðbréfaþingi Íslands, enda sé þar ekki á neinn hátt um óvenjuleg viðskipti að ræða og þau séu samþykkt af stjórn sjóðsins og bókuð í gerðabók hennar.

27. gr.

Verðbréfafyrirtæki er óheimilt að taka önnur lán í nafni verðbréfasjóðs en skammtímalán til að innleysa bréf eða eignir sjóðsins. Slík lán mega þó eigi fara upp fyrir 20% af eignum sjóðsins. Óheimilt er að veita peningalán úr verðbréfasjóði eða láta hann ganga í ábyrgðir fyrir aðra.

28. gr.

Óheimilt er að fjárfesta meira en 5% af eignum verðbréfasjóðs í bréfum útgefnum af einum skuldara (skuldabréf eða aðrar viðskiptakröfur) eða í hlutabréfum eins fyrirtækis. Þetta gildir þó eigi ef um er að ræða verðbréf með ríkisábyrgð, ábyrgð innlánsstofnana eða önnur verðbréf sem teljast sambærilega örugg og verslað er með á Verðbréfaþingi Íslands, svo og meðan heildareign sjóðsins hefur eigi náð 5 milljónum króna. Meðan heildareign verðbréfasjóðs er innan við 5 milljónir króna skulu þó skuldabréf útgefin af einum skuldara, önnur en verðbréf með ríkisábyrgð, ekki nema meira en 33% heildarverðbréfaeignar verðbréfasjóðsins.

Óheimilt er að fjárfesta meira en 5% af eignum verðbréfasjóðs eða einstakra deilda hans í verðbréfasjóðum sem reknir eru af öðrum verðbréfafyrirtækjum.

Verðbréfasjóður má ekki eiga meira en 10% hlutabréfa í einu félagi.

Eigi má fjárfesta eigur verðbréfasjóðs í fasteignum. Verðbréfafyrirtæki fyrir hönd verðbréfasjóðs er þó heimilt að yfirtaka fasteignir til að tryggja fullnustu kröfu er sjóður kann að eiga. Fasteignirnar skulu þó seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati sjóðsstjórnar og eigi síðar en innan 18 mánaða frá yfirtöku fasteignarinnar. Heimilt er þó í undantekningartilvikum að draga sölu fasteigna lengur en í 18 mánuði enda sé það augljóslega í þágu hagsmuna sjóðsins. Slíkan drátt á sölu fasteigna skal tilkynna bankaeftriti Seðlabanka Íslands sem getur þá krafist sölu á fasteignum innan viðeigandi tímafrests.

29. gr.

Verðbréfafyrirtæki skal kappkosta að verðbréfasjóðir í umsjá þess hafi ætíð yfir að ráða lausu fé til að geta innt af hendi greiðsluskuldbindingar sínar. Þó skal laust fé aldrei nema lægra en 2% af innlausnarverðmæti verðbréfa í sjóðnum á hverjum tíma en ráðherra er þó heimilt, að fengnum tillögum Seðlabanka Íslands, að hækka þetta mark ef nauðsyn krefur, þó aldrei meira en í 5%. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í bönkum, ríkisvixla eða önnur verðbréf sem öruggur kaupandi er að innan 30 daga. Einnig skal telja að $\frac{1}{2}$ hlutum væntanlegar afborganir og arð af verðbréfum sem sjóðurinn fær á sama tíma.

Heimilt er bankaeftriliti Seðlabanka Íslands að veita tímabundna undanþágu frá ákvæðum 1. mgr. ef sérstakar ástæður mæla með því.

V. KAFLI

Ársreikningar og endurskoðun.

30. gr.

Reikningsár verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis skal ákveðið í samþykktum þeirra. Ársreikning skal semja fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma ársskýrslu, rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum og góðri reikningsskilavenju bæði að því er varðar mat á hinum ýmsu liðum og framsetningu. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings í reglugerð.

31. gr.

Endurskoðun skal framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Endurskoðandi verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis má ekki sitja í stjórn þeirra, vera starfsmaður eða að öðru leyti starfa í þeirra þágu að öðru en endurskoðun.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eigum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum verðbréfasjóðs og jafnframt skulu starfsmenn verðbréfafyrirtækis veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

32. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykktta. Hann skal láta í ljós álit á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Endurskoðanda er skylt að veita bankaeftirlitinu allar þær upplýsingar um málefni verðbréfafyrirtækis og verðbréfasjóðs og framkvæmd endurskoðunar sem það kann að óska eftir og hann getur látið í té.

Ef endurskoðun leiðir í ljós verulega ágalla á rekstri verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs varðandi framkvæmd rekstursins, greiðslutryggingar eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins skal endurskoðandi sjóðsins gera stjórn hans og bankaeftirlitinu viðvart.

33. gr.

Senda skal bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfasjóðs í síðasta lagi 30 dögum eftir undirritun þeirra og eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Reikningunum skal fylgja skýrsla löggilts endurskoðanda þar sem m.a. komi fram hvernig útreikningi á verðbréfaeign sjóðsins er háttað. Meginniðurstöður ársreikninga skal birta opinberlega og í samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður. Slíkar meginniðurstöður skulu einnig liggja frammi í starfsstöðvum viðkomandi verðbréfafyrirtækis og vera aðgengilegar fyrir viðskiptamenn.

Ársfjórðungslegt efnahagsyfirlit í því formi, sem bankaeftirlitið ákveður, skal einnig senda því og það skal liggja frammi á starfsstöðvum verðbréfafyrirtækis.

Auk reikninga verðbréfasjóða samkvæmt framangreindu skal einnig senda bankaeftirliti Seðlabankans endurskoðaða ársreikninga verðbréfafyrirtækis í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs og verðbréfafyrirtækjum er skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði 2. mgr. 24. gr. laga nr. 36/1986.

VI. KAFLI

Eftirlit.

34. gr.

Starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfasjóða og verðbréfafyrirtækja er háð eftirliti bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að mati bankaeftirlitsins, eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Að öðru leyti skulu gilda um eftirlitið sömu reglur og um eftirlit með innlánsstofnunum, sbr. IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, eftir því sem við getur átt.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi verðbréfamiðlara, verðbréfafyrirtækis eða verðbréfasjóðs brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg eða ótraust getur það veitt viðkomandi hæfilegan frest til úrbóta, nema brot séu alvarleg. Verði ekki orðið við kröfum bankaeftirlitsins innan tilskilins frests getur það lagt til við ráðherra að hann afturkalli rekstrar- og/eða starfsleyfi verðbréfamiðlara eða verðbréfafyrirtækis.

Afturkalli ráðherra leyfi verðbréfafyrirtækis skv. 2. mgr. skal hann skipa þriggja manna skilanefnd sem sér um ráðstöfun þeirra verðbréfasjóða sem fyrirtækið hefur rekið, um flutning þeirra til annars verðbréfafyrirtækis eða um slit fyrirtækisins, sölu verðbréfaeignar og skil á innkomnu söluverði til eigenda hlutdeildarskírteina og annarra kröfuhafa.

35. gr.

Gjaldeyriseftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með gjaldeyrisviðskiptum verðbréfamíðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða vegna viðskipta þeirra með erlend verðbréf í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsemi þess.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

36. gr.

Sá sem öðlast vill leyfi til verðbréfamíðlunar skv. 3. gr. skal standast próf eftir því sem greinir í lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Prófnefnd, sem viðskiptaráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti fimm menn, þar af einn tilnefndur af stjórn Verðbréfabings Íslands, skal standa fyrir prófi þessu ákveði viðskiptaráðherra eigi aðra tilhögun. Varamenn skal skipa með sama hætti.

Viðskiptaráðherra setur með reglugerð ákvæði um prófgreinar, framkvæmd prófa, störf og skipan prófnefndarmanna. Prófnefnd ákveður prófsefni fyrir upphaf námskeiðs.

Ráðherra er heimilt að setja nánari ákvæði um tilhögun námskeiðs, námsgreinar, kennslu og kennslugjöld að tillögu prófnefndar.

37. gr.

Brot á lögum þessum varðar sektum eða fangelsi allt að átta mánuðum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Með brot á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

38. gr.

Viðskiptaráðherra er heimilt að svipta verðbréfamíðlara eða verðbréfafyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots leyfishafa á ákvæðum laga þessara. Í slíku tilviki skal ráðherra skipa umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir til þess að tryggja hag viðskiptamanna viðkomandi aðila.

39. gr.

Viðskiptaráðherra getur í reglugerð hækkað lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 11. gr. í samræmi við verðlagsbreytingar frá gildistöku laga þessara.

40. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru þá úr gildi felld lög nr. 27 frá 2. maí 1986, um verðbréfamíðlun.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Við gildistöku laga þessara ber þeim, sem telur til eignar eða annars réttar yfir markaðsverðbréfi sem fullnægir ekki ákvæðum 5. mgr. 1. gr. laga þessara, að árita það um eignarhald sitt eða réttindi til þess. Sama skylda hvílir á þeim sem varðveitir slík verðbréf í umboði eiganda við gildistöku laga þessara.
2. Verðbréfamiðlurum, sem hlotið hafa réttindi samkvæmt lögum nr. 27/1986, ber að tilkynna útgáfu markaðsverðbréfa skv. 5. mgr. 1. gr., sbr. 14. gr. laga þessara, sem átt hefur sér stað með milligöngu þeirra fyrir 1. janúar 1989, á þann hátt sem fyrir er lagt í 14. gr.
3. Peir sem við gildistöku laga þessara starfrækja verðbréfamiðlun samkvæmt lögum nr. 27/1986, verðbréfafyrirtæki og verðbréfasjóði skulu uppfylla ákvæði laga þessara eigi síðar en 1. mars 1989. Bankaeftirliti Seðlabankans er þó heimilt að veita lengri frest mæli sérstakar ástæður með því. Slíkur frestur verður þó aldrei veittur lengur en til 1. júní 1989.
Peir sem fengið hafa leyfi til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum nr. 27/1986 við gildistöku laga þessara skal eigi skylt að sækja námskeið samkvæmt d-lið 3. gr.
4. Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum, sem út hafa verið gefin fyrir gildistöku laga þessara, halda gildi sínu þótt þau fullnægi ekki ákvæðum 21. gr. laganna.
5. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. þessara laga er viðskiptaráðherra heimilt, að fenginni umsögn prófnefndar, að veita þeim, er uppfylla skilyrði 4. gr. laga nr. 27/1986, tímabundið leyfi til verðbréfamiðlunar í átján mánuði, enda fullnægi viðkomandi öllum skilyrðum 3. gr. laga þessara. Heimilt er að framlengja þann frest um allt að sex mánuði ef sérstaklega stendur á.

Gjört í Reykjavík, 4. apríl 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 1989

12. apríl 1989

271

Nr. 21

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 12. apríl 1989 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

1. málsgrein 111. gr. orðist svo:

Nám í félagsvísindadeild er metið í einingum (e). Til B.A. prófs er krafist minnst 90 e og skal stúdent ljúka 60 e í aðalgrein og 30 e í aukagrein eða viðbótarnámskeiðum aðalgreinar. Heimilt er deildinni að gefa kost á allt að 45 e viðbótarnámi að loknu fullgildu háskólaprófi. Einnig er deildinni heimilt að gefa kost á 60 e framhaldsnámi til M.A. prófs.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 12. apríl 1989.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

18. apríl 1989

LÖG

Nr. 22

um breytingu á lögum nr. 76/1982, um lyfjadreifingu, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við síðustu málsgrein 36. gr. laganna bætist eftirfarandi málslíður: Lyfjaverslun ríkisins er þó heimilt að selja bólu efni til ónæmisadgerða samkvæmt lögum nr. 38/1978, um ónæmisadgerðir, með síðari breytingum, svo og flúortöflur og flúorupplausnir til tannverndar, til lækna (tannlækna), heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

A 19

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

L Ö G

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum eða efnaleysi torveldar þeim nám, sbr. 5. gr.

2. gr.

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir nemendur sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi og verða að vista sig utan lögheimilis og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins, enda sé ekki unnt að stunda sambærilegt nám frá lögheimili eða öðrum dvalarstað sem námsstyrkjanefnd metur jafngildan. Eigi skulu þeir njóta styrks er eiga rétt til láns úr Lánasjóði íslenskra námsmanna eða njóta hliðstæðrar fyrirgreiðslu.

3. gr.

Styrkir sem nemendur njóta samkvæmt lögum þessum eru:

- a. ferðastyrkir, en þeir eru veittir nemendum sem verulegan ferðakostnað bera vegna búsetu sinnar,
- b. fæðisstyrkir er samsvari áætluðum hlut launakostnaðar í heildarfæðiskostnaði nemanda í skólamötuneyti,
- c. húsnæðisstyrkir, en þeir eru veittir nemendum sem ekki eiga kost á heimavist og miðast þeir við helming áætlaðs húsnæðiskostnaðar,
- d. sérstakir styrkir sem námsstyrkjanefnd er heimilt að veita efnalitlum nemendum.

4. gr.

Menntamálaráðherra skipar fimm manna nefnd sem skal leggja fyrir ráðuneytið tillögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laganna. Þá skal nefndin úthluta námsstyrkjum til styrkhæfra nemenda.

Tillögur nefndarinnar skulu grundvallaðar á ítarlegum upplýsingum um ferðakostnað, fæðiskostnað og húsnæðiskostnað nemenda sem og á öðrum þeim upplýsingum sem nauðsynlegar kunna að vera hverju sinni.

Námsstyrkjanefnd er skipuð sem hér segir:

Tveir nefndarmenn skulu skipaðir án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytis og einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn. Auk þess skipar menntamálaráðherra einn mann í nefndina til eins árs í senn eftir tilnefningu samtaka framhaldsskólanemenda, eða eftir reglum sem ráðherra setur.

Þóknun til nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við framkvæmd þessara laga.

5. gr.

Heimilt er námsstyrkjanefnd að verja hluta af árlegri fjárveitingu með eftirfarandi hætti:

- a. Að veita einstökum nemendum viðbótarstyrki ef efnaleysi torveldar þeim nám.
- b. Að veita einstökum nemendum styrki þótt þeir fullnægi ekki skilyrðum 2. gr. þessara laga ef þröngur efnahagur eða aðrar gildar ástæður torvelda þeim nám.

Einnig er námsstyrkjanefnd heimilt að skerða eða fella niður styrki til einstakra nemenda ef þeir njóta umtalsverðra tekna samhliða námi sínu eða ef aðrar gildar ástæðir mæla með fráviki frá meginreglum.

6. gr.

Menntamálaráðuneyti setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda að fullu frá byrjun skólaárs 1989–1990 að telja.

Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma lög nr. 69/1972, um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

**um breyting á lögum um vöruhappdrætti fyrir Samband íslenskra
berklasjúklinga, nr. 18 22. apríl 1959.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 3. gr. orðast svo:
Heimild þessi gildir til ársloka 1999.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

L Ö G

**um breyting á áfengislögum nr. 82 2. júlí 1969,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Sterkir drykkir teljast samkvæmt lögum þessum áfengi sem meira er í en 21% af vínanda að rúmmáli. Létt vín telst áfengi, annað en öl, sem í er minna af vínanda.

2. gr.

Í stað „flugvéla“ í 3. mgr. 4. gr., sbr. lög nr. 7/1985, komi: loftfara.

3. gr.

Í stað „skal hreppstjóri“ í 1. másl. 1. mgr. 5. gr. komi: skal lögreglumaður eða hreppstjóri.

4. gr.

10. gr. orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn útsölustaði áfengis, en þó aðeins í sveitarfélögum þar sem meiri hluti íbúanna býr í þéttbýli og íbúafjöldi hefur náð a.m.k. 1000 í þrjú ár samfellt.

Áður en útsala er sett á stofn skal fara fram atkvæðagreiðsla kosningarbærra manna í því sveitarfélagi sem í hlut á og þarf meiri hluta greiddra atkvæða til þess að útsala sé leyfð.

Áfengisútsala skal lögð niður ef það er samþykkt með meiri hluta greiddra atkvæða í sveitarfélaginu.

Atkvæðagreiðsla, sem um getur í 2. og 3. mgr., skal fara fram er þriðjungur kjósenda eða meiri hluti hlutaðeigandi sveitarstjórnar krefst þess. Nú hefur verið fellt með atkvæðagreiðslu að stofna útsölu eða loka útsölu eða samþykkt að leggja niður útsölu og getur atkvæðagreiðsla þá ekki farið fram á ný fyrr en að tveimur árum liðnum.

5. gr.

1. mgr. 1. tölul. 11. gr. orðist svo:

Lyfsalar og læknar sem rétt hafa til lyfjasölu, þó eingöngu það áfengi sem talið er í lyfjaskrá og aðeins til lyfja.

6. gr.

12. gr. orðist svo:

Heimilt er lögreglustjóra að veita veitingastað, sem telst fyrsta flokks að því er snertir húsakynni, veitingar og þjónustu, almennt leyfi til áfengisveitinga. Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar hlutaðeigandi sveitarstjórnar og er óheimilt að veita leyfi ef sveitarstjórn er leyfisveitingu mótfallin. Áður en sveitarstjórn lætur uppi umsögn skal hún leita álits áfengisvarnanefndar, sbr. 1. mgr. 30. gr.

Priggja manna nefnd, sem dómsmálaráðherra skipar, skal dæma um það hvort veitingastaður telst fyrsta flokks. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar en áfengisvarnaráð og Samband veitinga- og gistihúsa tilnefna hvort einn mann. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Leyfi til áfengisveitinga skal ekki veitt til lengri tíma en fjögurra ára í senn. Nú er sótt um endurnýjun leyfis og skal þá framlengja fyrra leyfi til bráðabirgða meðan sú umsókn er til meðferðar. Leyfi skal bundið við nafn veitingamanns og veitir leyfishafa aðeins rétt til veitinga í því húsnæði er hann hefur þegar leyfi er veitt. Taki nýr veitingamaður við rekstri skal hann sækja um nýtt leyfi. Meðan sú umsókn er til meðferðar skal gefa út leyfi til bráðabirgða með sömu skilmálum og fyrra leyfi. Öll leyfi skulu gefin út með fyrirvara um að stytta megi leyfistímann án skaðabótaskyldu fyrir ríkissjóð ef sérstakar ástæður mæla með því að mati dómsmálaráðherra.

Leyfi til áfengisveitinga skal bundið því skilyrði að veitingastaður hafi á boðstólum mat og fjölbreytta óáfenga drykki við hóflegu verði. Leyfi má binda frekari skilyrðum sem lögreglustjóri eða sveitarstjórn telja nauðsynleg. Dómsmálaráðherra getur sett almennar reglur um skilyrði fyrir leyfisveitingu. Ef veitingamaður brýtur gegn settum skilyrðum eða uppfyllir þau ekki lengur skal lögreglustjóri þegar fella leyfi úr gildi.

Skýlt er lögreglumönnum að gefa sérstakar gætur að starfsemi þeirra veitingastaða sem hafa leyfi til áfengisveitinga. Ráðherra getur ákveðið nánar hvernig eftirliti með veitingastöðum þessum skuli háttað. Skulu leyfishafar endurgreiða ríkissjóði kostnað af eftirliti eftir reglum sem ráðherra setur.

Nánari fyriræli um áfengisveitingar, þar á meðal um veitingatíma, álagningu og eftirlit með veitingastöðum, skulu sett í reglugerð. Áður en slík reglugerð er sett skal leita umsagnar áfengisvarnaráðs og Sambands veitinga- og gistihúsa.

7. gr.

3. másl. 2. mgr. 19. gr. falli niður.

8. gr.

a. Í stað „vínveitingaleyfi“ í 4. másl. 2. mgr. 20. gr. komi: leyfi.

b. Í stað „vínveitingar“ í 4. mgr. sömu greinar komi: veitingar áfengis.

9. gr.

Í stað „víntegundir“ í 1. mgr. 38. gr. laganna, sbr. lög nr. 52/1978, komi: áfengistegundir.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 2. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

L Ö G

um brottfall ýmissa laga á sviði menntamála.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 23 26. apríl 1963, um Kennaraskóla Íslands, falli úr gildi.

2. gr.

Lög nr. 14 23. júní 1932, um opinbera greinargerð starfsmanna ríkisins, falli úr gildi.

3. gr.

Lög nr. 32 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík, falli úr gildi.

4. gr.

Lög nr. 23. 2. nóvember 1914, um friðun héra, falli úr gildi.

5. gr.

Lög nr. 39 27. júní 1925, um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög til að skylda unglinga til sundnáms, falli úr gildi.

6. gr.

Lög nr. 28 1. febrúar 1936, um heimild fyrir sýslu- og bæjarfélög að starfrækja lýðskóla með skylduvinnu nemenda gegn skólaréttindum, falli úr gildi.

7. gr.

Lög nr. 76 4. júlí 1942, um styrk til Íslendinga vestan hafs til náms í íslenskum fræðum í Háskóla Íslands, falli úr gildi.

8. gr.

Lög nr. 19 14. apríl 1967, um afnám heimildar til einkasölu á viðtækjum, falli úr gildi.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 3. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

**um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa Köfunarstöðinni hf.,
Dýpkunarfélaginu hf., Slysavarnafélagi Íslands og Íslenska úthafs-
útgerðarfélaginu hf. innflutning á skipum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Köfunarstöðinni hf. innflutning á flotpramma þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

2. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Dýpkunarfélaginu hf. innflutning á dýpkun-
arpramma þó eldri sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

3. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Slysavarnafélagi Íslands innflutning á björgunar-
skipi þó eldra sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um eftirlit með skipum.

4. gr.

Samgönguráðherra skal heimilt að leyfa Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf. innflutning á
fiskiskipi/verksmiðjumódurskipi þó eldra sé en 12 ára, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 51/1987, um
eftirlit með skipum.

Samgönguráðherra skal jafnframt heimilt að veita Íslenska úthafsútgerðarfélaginu hf.
undanþágu frá ákvæðum 1. gr. laga nr. 115/1985, um skráningu skipa, vegna íslenskrar
skáningar á tveimur fiskiskipum/verksmiðjumódurskipum sem félagið tekur á leigu.

Skipum, sem skráð verða samkvæmt heimild í 1. og 2. mgr., er óheimilt að stunda
fiskveiðar eða vinnslu sjávarafra í íslenskri fiskveiðilögsögu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982
og lög nr. 95 28. maí 1984, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Hlutafélaginu er enn fremur ætlað á eigin vegum, með þátttöku í öðrum félögum eða með stofnun dótturfyrirtækja, að tryggja vöxt fyrirtækisins með arðvænlegum fjárfestingum í öðrum greinum atvinnurekstrar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 47 16. apríl 1971,
um náttúruvernd.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr., svohljóðandi:

Í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, sem eru í umsjá Náttúruverndarráðs, starfa landverðir er annast þar eftirlit og fræðslu. Ráðherra setur reglugerð um hæfi, menntun og starfsheimildir landvarða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 77/1979, um Háskóla Íslands,
sbr. lög nr. 8/1985.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Forseti Íslands skipar prófessora, en menntamálaráðherra dósentar og lektora. Eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum ræður háskólaráð aðjúnktar og erlenda lektora að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskóladeild stundakennara og styrkþega.

Umsækjendur um prófessorsembætti, dósentastörf og lektorsstörf skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfi umsækjenda til að gegna embættinu eða starfinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem hann á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður. Í nefnd þessa má skipa þá eina, er lokið hafa háskólaprófi á hlutaðeigandi fræðasviði, eða eru að öðru leyti viðurkenndir sérfræðingar á því sviði. Dómnefndarmenn skulu, eftir því sem við á, uppfylla hin sérstöku dómarskilyrði, sbr. 36. gr. 1. nr. 85/1936. Háskólaráð skipar ritara dómnefnd til ráðuneytis, leiðbeiningar og annarrar aðstoðar. Háskólaráð setur reglur um starfshætti dómnefndar og hlutverk ritara og skulu þær lagðar fyrir menntamálaráðherra til staðfestingar.

Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það hvort af vísindagildi rita umsækjenda og rannsókna svo og námsferli þeirra og störfum megi ráða að þeir séu hæfir til að gegna embættinu eða starfinu. Leita skal álits hlutaðeigandi skorar áður en háskóladeild fjallar um umsækjendur sem dómnefnd telur hæfa. Eiga fulltrúar stúdenta á skorar- og deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt. Engum má veita prófessorsembætti, dósentastarf eða lektorsstarf við Háskólann nema meiri hluti dómnefndar telji hann hæfan og meiri hluti viðstaddra á deildarfundar greiði honum atkvæði í embættið eða starfið. Ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri við atkvæðagreiðsluna á deildarfundi og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Nú fellst menntamálaráðherra ekki á tillögu deildarfundar og skal þá auglýsa embættið eða starfið að nýju.

Heimilt er að kveða svo á í reglugerð að framangreind ákvæði skuli gilda um sérfræðinga við rannsóknastofnanir eða aðrar háskólastofnanir.

Heimilt er að flytja lektor í dósentstöðu og dósent í prófessorsembætti samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Háskólaráð getur lagt til að forstöðumaður háskólastofnunar sé fluttur í prófessorsembætti eftir sömu reglum og gilda um flutning dósentar í prófessorsembætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson

L Ö G

**um endurbætur og framtíðaruppbyggingu forsetasetursins
á Bessastöðum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrir árslok 1990 skal lokið viðgerðum og endurbyggingu á Bessastaðastofu. Viðgerð og endurbyggingu annarra húsa, tengdra Bessastaðastofu, skal lokið fyrir árslok 1991.

Þegar við gildistöku laga þessara skal gerð áætlun um framkvæmdir skv. 1. mgr. þessarar greinar. Þeirri áætlun skal lokið fyrir 1. júlí 1989.

Á árinu 1989 er heimilt að verja allt að 45 milljónum króna úr ríkissjóði til verkefna skv. þessari grein.

2. gr.

Gerð skal heildaráætlun um nýtingu lands og uppbyggingu mannvirkja á Bessastöðum fyrir árslok 1990.

Til þessa verkefnis er heimilt að verja allt að 5 milljónum króna úr ríkissjóði á árinu 1989.

3. gr.

Uppbyggingu og viðgerðum annarra mannvirkja en þeirra, sem 1. gr. tekur til, skal lokið innan sex ára frá gildistöku þessara laga.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar nefnd þriggja manna er annast undir yfirstjórn ráðuneytisins áætlanagerð skv. lögum þessum. Nefndin skal með sama hætti sjá um framkvæmdir skv. lögum þessum og gera fjárhagsáætlanir við undirbúning fjárlagagerðar.

5. gr.

Framkvæmdaáætlun ásamt fjárhagsáætlun fyrir verkið í heild og greinargerð um framvindu verksins og áfallinn kostnað skal árlega lögð fyrir Alþingi við gerð fjárlaga uns framkvæmdum er lokið.

6. gr.

Allur stofn- og viðhaldskostnaður skv. lögum þessum skal færast sem sérstakur liður í A-hluta fjárlaga og ríkisreiknings.

7. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán allt að 50 milljónum króna innan lands á árinu 1989 til þess að mæta kostnaði skv. lögum þessum.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 13. gr. laganna bætist: Hlutafjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og sem fyrst og fremst telst ávöxtun sparifjár. Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands sker úr um í einstökum tilvikum hvort hlutafjáreign brjóti í bága við grein þessa. Getur það, þegar sérstaklega stendur á, veitt viðkomandi aðila frest í allt að þrjá mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar.

2. gr.

4. mgr. 21. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráð ákvarðar vexti bankans og gjaldskrá þjónustugjalda fyrir einstaka þætti starfseminnar að fengnum tillögum bankastjórnar. Bankaráð fjallar einnig um vexti af skuldabréfum sem bankinn gefur út og þá vexti sem bankinn áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða kaupgengi viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa skal bankaráð gæta þess að ávöxtunarkrafa bankans sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána bankans í hliðstæðum áhættuflokkum.

5. mgr. 21. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráð setur og að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir bankans, þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánnum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirlitinu sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.

Núverandi 5. mgr. færast aftur og verði 6. mgr.

3. gr.

2. mgr. 33. gr. laganna hljóði svo:

Bankaráðsmenn skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku bankaráðsmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Núverandi 2. mgr. 33. gr. færast aftur og verði 3. mgr.

4. gr.

1. mgr. 40. gr. laganna orðist svo:

Endurskoðun hjá ríkisviðskiptabanka skal framkvæmd af Ríkisendurskoðun og skoðunarmanni sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og skal hann vera löggiltur endurskoðandi.

5. gr.

Við 1. mgr. 54. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem viðskiptabanki notar til starfsemi sinnar, herra en sem nemur 65% af eigin fé bankans

skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð, nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

um afnám ýmissa laga um iðnaðar- og orkumál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtalin lög eru felld úr gildi:

1. Lög nr. 23 12. september 1917, um heimild handa bæjar- og sveitarstjórnnum til að taka eignarnámi eða á leigu brauðgerðarhús o.fl.
2. Lög nr. 22 13. janúar 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.
3. Lög nr. 21 5. apríl 1971, um olíuhreinsunarstöð á Íslandi.
4. Lög nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins.
5. Lög nr. 46 14. maí 1974, um stofnun undirbúningsfélags fiskkassaverksmiðju.
6. Lög nr. 107 31. desember 1971, um undirbúning þörungavinnslu að Reykhólum.
7. Lög nr. 107 27. desember 1973, um þörungavinnslu við Breiðafjörð, með breytingu gerðri með lögum nr. 14 23. maí 1975.
8. Lög nr. 59 4. júní 1981, um stálbræðslu.
9. Lög nr 45 30. júní 1942, um sérleyfi til þess að veita raforku frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Eyrarbakka og Stokkseyrar.
10. Lög nr. 28 16. apríl 1971, um virkjun Svartár í Skagafirði.
11. Lög nr. 105 31. desember 1974, um virkjun Bessastaðaár í Fljótssdal.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 87/1985, um sparisjóði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Orðið „sýslufélög“ í 2. mgr. 5. gr. laganna falli brott.

2. gr.

2., 3. og 4. málslíður 1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo: Þar sem þrír menn sitja í stjórn kjósa sparisjóðsaðilar tvo stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna einn mann samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sparisjóðsins. Sitji fimm í stjórn sparisjóðs kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tvo stjórnarmenn. Séu sveitarstjórnir einu sparisjóðsaðilarnir kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir, eða fulltrúar þeirra, alla stjórnina í samræmi við samþykktir sparisjóðsins.

B-liður 3. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

b. að 2/5 hlutum af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum eða héraðsnefndum enda hafi sveitarstjórnir eða sýslunefndir áður kosið til stjórnar sparisjóða.

3. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist: Hlutfjáreign í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri nema um sé að ræða óverulegan hlut, sem ekki ræður úrslitum um stjórnun þess og sem fyrst og fremst telst ávöxtun sparifjár. Bankaefirlit Seðlabanka Íslands sker úr um í einstökum tilvikum, hvort hlutfjáreign brjóti í bága við grein þessa. Getur það veitt viðkomandi aðila frest í allt að 3 mánuði til þess að uppfylla skilyrði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á.

4. gr.

4. mgr. 24. gr. hljóði svo:

Sparisjóðsstjórn setur og að fenginni umsögn sparisjóðsstjóra almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir sparisjóðsins þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánnum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaefirlitinu, sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni.

Núverandi 4. mgr. færist aftur og verði 5. mgr.

5. gr.

Orðin: „sbr. þó 70. gr.“ í 2. másl. 2. mgr. 20. gr. laganna falli brott.

6. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar, ákvarðar vexti sparisjóðs og gjaldskrá fyrir einstaka þætti starfseminnar að fengnum tillögum sparisjóðsstjóra. Sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, fjallar einnig um vexti af skuldabréfum sem sparisjóður gefur út og þá vexti sem sparisjóður áskilur sér við kaup á viðskiptavíxlum og viðskiptaskuldabréfum. Við umfjöllun um vexti eða

kaupgengi viðskiptavísla og viðskiptaskuldabréfa skal sparisjóðsstjórn, eða stjórn Sambands íslenskra sparisjóða, sbr. fyrri málsgrein þessarar greinar, gæta þess að ávöxtunarkrafa sparisjóðsins sé sambærileg við ávöxtun almennra útlána sparisjóðsins í hliðstæðum áhættu-flokkum.

7. gr.

3. mgr. 38. gr. laganna hljóði svo:

Stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir um þátttöku stjórnarmanna í meðferð máls er varðar aðila sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Núverandi 3. mgr. 38. gr. færist aftur og verði 4. mgr.

8. gr.

Ákvæði 2. másl. 2. mgr. 70. gr. laganna falla brott.

9. gr.

Við 1. mgr. 71. gr. bætist svohljóðandi málsliður: Sé bókfært virði fasteigna og búnaðar, sem sparisjóður notar til starfsemi sinnar, hærra en sem nemur 65% af eigin fé sparisjóðsins skal hlutfallið fara stöðugt lækkandi á þessu tímabili þar til 65% markinu er náð nema ráðherra veiti að fengnum tillögum bankaeftirlitsins undanþágu til hækkunar á hlutfallinu á tímabilinu.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

um veitingu ríkisborgararéttar.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Adams, Carl John, sjómaður og smiður í Reykjavík, f. 23. janúar 1962 í Simbabve.
2. Almazan, Irene Sigríður, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. 5. júní 1968 í Keflavík.
3. Aviles, Patricio Hernan Cepeda, verkstjóri í Reykjavík, f. 30. ágúst 1955 í Chile.

4. Bieltvedt, Óli Anton, framkvæmdastjóri í Reykjavík, f. 31. maí 1962 á Íslandi.
5. Bjarni Geir Ársælsson, nemandi í Reykjavík, f. 28. desember 1968 í Reykjavík.
6. Chan, Kin Chung, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 4. mars 1956 í Hong Kong.
7. Choi, Kui Rim, húsmóðir í Reykjavík, f. 27. febrúar 1958 í Kóreu.
8. Copeland, Katarzyna Maria Krystyna Kasprzyk, skrifstofumaður í Reykjavík, f. 23. nóvember 1951 í Póllandi.
9. Dowrch, Jassin, barn í Reykjavík, f. 21. október 1977 í Danmörku.
10. Driscoll, Matthew James, kennari í Reykjavík, f. 15. maí 1954 í Bandaríkjunum.
11. Du, Cuc Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 13. október 1952 í Víetnam.
12. Du, Duc Phuoc, verkamaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1966 í Víetnam.
13. Du, Fhuong Kim, verslunarmaður í Reykjavík, f. 7. október 1969 í Víetnam.
14. Du, Hai Phuoc, nemandi í Reykjavík, f. 30. janúar 1973 í Víetnam.
15. Du, Hong Kim, nemandi í Reykjavík, f. 17. október 1974 í Víetnam.
16. Du, Loan Kim, verkakona í Reykjavík, f. 29. september 1967 í Víetnam.
17. Du, Nha Nhon, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 14. ágúst 1923 í Kína.
18. Du, Seng Chun, matreiðslumaður í Reykjavík, f. 24. júní 1954 í Víetnam.
19. Du, Tai Phuoc, þjónn í Reykjavík, f. 3. júlí 1965 í Víetnam.
20. Du, Thu Kim, iðnverkakona í Reykjavík, f. 26. ágúst 1963 í Víetnam.
21. Hammadi El Amrani, Mohamed, verkamaður á Kjalarnesi, f. 12. janúar 1946 í Marokkó. Fær réttinn 6. september 1989.
22. Hughes, Mary Elizabeth Anne, verkakona á Akureyri, f. 16. desember 1954 í Englandi.
23. Huynh, Hoa Tu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 16. maí 1957 í Víetnam.
24. Huynh, Muoi A., starfsstúlka í Reykjavík, f. 24. desember 1949 í Víetnam.
25. Huynh, Thanh Le, nemandi í Reykjavík, f. 13. september 1968 í Víetnam.
26. Huynh, Tinh Sieu, iðnverkakona í Reykjavík, f. 20. september 1949 í Víetnam.
27. Kentish, Oliver John Royston, kennari í Reykjavík, f. 25. júní 1954 í Englandi.
28. Korn, Richard Gary, hljómlistamaður í Reykjavík, f. 5. maí 1956 í Bandaríkjunum.
29. Lam, Ngoc, húsmóðir og matreiðslumaður í Reykjavík, f. 19. maí 1932 í Víetnam.
30. Libungan, Lísá Anne, barn í Reykjavík, f. 15. janúar 1977 í Bandaríkjunum.
31. Lovísa Guðmundsdóttir, meinatæknir í Reykjavík, f. 10. desember 1953 í Danmörku.
32. Mahaney, Stella Marie, nemandi í Reykjavík, f. 22. febrúar 1962 í Bandaríkjunum.
33. Martino, Yvan Dominic, barn í Reykjavík, f. 29. apríl 1980 í Bandaríkjunum.
34. Mebrouk, Abderrazak, nemandi í Reykjavík, f. 7. apríl 1963 í Marokkó. Fær réttinn 3. október 1989.
35. Mechiat, Sayd, húsgagnasmiður í Reykjavík, f. 7. desember 1950 í Alsír.
36. Morales, Marcela Roxanna Escobar, húsmóðir í Reykjavík, f. 19. apríl 1963 í Chile.
37. Orongan, Julisa Neis, húsmóðir í Kópavogi, f. 29. september 1960 á Filippseyjum. Fær réttinn 3. ágúst 1989.
38. Pedersen, Birthe Annelise, húsmóðir í Reykjavík, f. 23. júlí 1936 í Danmörku.
39. Pepito, Basílía, húsmóðir í Grindavík, f. 2. mars 1947 á Filippseyjum.
40. Radmanesh, Mohammad Bagher, efnafræðingur í Reykjavík, f. 4. október 1961 í Íran. Fær réttinn 4. október 1989.
41. Rogers, Steven John, iðnaðarmaður í Reykjavík, f. 6. júlí 1953 á Englandi.
42. Rostucher, Raymond Fred, trésmiður í Keflavík, f. 28. desember 1955 í Bandaríkjunum. Fær réttinn 11. ágúst 1989.
43. Ruso, Jeronimo Luchoro, sjúkrahússtarfsmaður í Reykjavík, f. 1. október 1948 á Spáni.
44. Rübner, Míriam, starfsstúlka í Reykjavík, f. 4. júlí 1949 í Ísrael.
45. Sker, Valter, verkamaður í Reykjavík, f. 12. nóvember 1953 í Júgóslavíu. Fær réttinn 27. október 1989.

46. Spencer, Farzaneh Jafari, húsmóðir í Keflavík, f. 25. desember 1944 í Íran.
47. Stross, Karin, afgreiðslustúlka í Reykjavík, f. 28. maí 1965 á Íslandi.
48. Stross, Þórdís, fiðluleikari í Reykjavík, f. 13. desember 1963 í Reykjavík.
49. Strupler, Margrit, bóndakona í Rangárvallasýslu, f. 24. júní 1947 í Sviss.
50. Thayer, Elín María, kennari í Reykjavík, f. 8. september 1964 í Reykjavík.
51. Tosti, Luciano, framreiðslumaður í Reykjavík, f. 7. febrúar 1955 á Ítalíu.
52. Tran, Anh-Dao, kennari í Reykjavík, f. 8. febrúar 1959 í Víetnam.
53. Tumarao, Nelía, húsmóðir í Reykjavík, f. 10. apríl 1954 á Filippseyjum. Fær réttinn 20. september 1989.
54. White, George Thomas, deildarfulltrúi í Reykjavík, f. 15. febrúar 1949 í Englandi.
55. Zapanta, Mayeth Sta. Ana, starfsstúlka í Reykjavík, f. 14. febrúar 1965 á Filippseyjum.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafrn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafrni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda. Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 17. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 9 – 1989

19. maí 1989

287

Nr. 37

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1979.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1979 er veitt:

	Pús. gkr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	473 800
01 Forsætisráðuneyti	108 887
02 Menntamálaráðuneyti	6 068 224
03 Utanríkisráðuneyti	649 898
04 Landbúnaðarráðuneyti	1 554 663
05 Sjávarútvegsráðuneyti	547 495
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	3 748 090
07 Félagsmálaráðuneyti	818 704
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	20 901 014
09 Fjármálaráðuneyti	1 121 509
10 Samgönguráðuneyti	2 135 149
11 Iðnaðarráðuneyti	3 226 618
12 Viðskiptaráðuneyti	4 821 006
13 Hagstofa Íslands	5 911
14 Ríkisendurskoðun	27 236
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	651 409
Samtals	46 859 613

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Ólafur Ragnar Grímsson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árin 1981, 1982, 1983, 1984, 1985 og 1986.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1981 er veitt:

	Pús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	18.806
01 Forsætisráðuneyti	6.198
02 Menntamálaráðuneyti	152.495
03 Utanríkisráðuneyti	13.117
04 Landbúnaðarráðuneyti	42.801
05 Sjávarútvegsráðuneyti	9.825
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	117.741
07 Félagsmálaráðuneyti	4.676
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	566.017
10 Samgönguráðuneyti	72.655
11 Iðnaðarráðuneyti	32.687
12 Viðskiptaráðuneyti	18.883
13 Hagstofa Íslands	685
14 Ríkisendurskoðun	785
Samtals	1.057.371

2. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1982 er veitt:

	Pús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	34.228
01 Forsætisráðuneyti	8.207
02 Menntamálaráðuneyti	359.779
03 Utanríkisráðuneyti	44.865
04 Landbúnaðarráðuneyti	46.029
05 Sjávarútvegsráðuneyti	17.501
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	244.244
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	608.101
10 Samgönguráðuneyti	129.288
11 Iðnaðarráðuneyti	81.449
12 Viðskiptaráðuneyti	342.347
13 Hagstofa Íslands	1.125
14 Ríkisendurskoðun	1.965
Samtals	1.919.128

3. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1983 er veitt:

Pús. kr.

00	Æðsta stjórn ríkisins	66.999
01	Forsætisráðuneyti	12.163
02	Menntamálaráðuneyti	792.533
03	Utanríkisráðuneyti	112.037
04	Landbúnaðarráðuneyti	93.410
05	Sjávarútvegsráðuneyti	53.578
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	455.121
07	Félagsmálaráðuneyti	130.376
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.363.505
10	Samgönguráðuneyti	415.530
11	Iðnaðarráðuneyti	1.066.355
12	Viðskiptaráðuneyti	275.053
13	Hagstofa Íslands	2.176
14	Ríkisendurskoðun	3.712
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	423.732
	Samtals	5.266.280

4. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1984 er veitt:

Pús. kr.

00	Æðsta stjórn ríkisins	48.784
02	Menntamálaráðuneyti	295.661
03	Utanríkisráðuneyti	70.097
04	Landbúnaðarráðuneyti	220.174
05	Sjávarútvegsráðuneyti	126.952
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	278.681
07	Félagsmálaráðuneyti	14.687
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.044.523
09	Fjármálaráðuneyti	34.253
10	Samgönguráðuneyti	181.293
11	Iðnaðarráðuneyti	60.285
13	Hagstofa Íslands	1.171
	Samtals	2.376.561

5. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1985 er veitt:

Pús. kr.

00	Æðsta stjórn ríkisins	81.668
01	Forsætisráðuneyti	10.092
02	Menntamálaráðuneyti	1.016.717
03	Utanríkisráðuneyti	56.947
04	Landbúnaðarráðuneyti	513.957
05	Sjávarútvegsráðuneyti	209.218
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	374.058
07	Félagsmálaráðuneyti	481.215
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.192.522
10	Samgönguráðuneyti	164.412
11	Iðnaðarráðuneyti	73.433
12	Viðskiptaráðuneyti	277.462
13	Hagstofa Íslands	6.283
14	Ríkisendurskoðun	1.439
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	125.000
	Samtals	4.584.423

6. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1986 er veitt:

Pús. kr.

00	Æðsta stjórn ríkisins	42.202
01	Forsætisráðuneyti	38.113
02	Menntamálaráðuneyti	920.390
03	Utanríkisráðuneyti	85.239
04	Landbúnaðarráðuneyti	403.695
05	Sjávarútvegsráðuneyti	65.557
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	349.548
07	Félagsmálaráðuneyti	93.289
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.028.532
09	Fjármálaráðuneyti	95.629
11	Iðnaðarráðuneyti	4.973.525
12	Viðskiptaráðuneyti	490.638
13	Hagstofa Íslands	2.299
14	Ríkisendurskoðun	1.181
15	Fjárlaga- og hagsýslustofnun	117.308
	Samtals	8.707.145

*Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.***Steingrímur Hermannsson.****Guðrún Helgadóttir.**
(L. S.)**Guðrún Erlendsdóttir.***Ólafur Ragnar Grímsson.*

Nr. 39

19. maí 1989

L Ö G

**um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,
með síðari breytingum**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 12. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er Tryggingastofnuninni, þegar ekki verður séð hver örorka verður til frambúðar eftir sjúkdóma eða slys, að greiða endurhæfingarlífeyri í allt að tólf mánuði eftir að greiðslu sjúkra- eða slysadagpeninga lýkur eða þar til unnt er að meta varanlega örorku, þó aldrei lengur en í 18 mánuði. Skilyrði er að sjúklingur gangist undir greiningu eða meðferð á sjúkrastofnun eða utan slíkrar stofnunar eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra

staðfestir. Endurhæfingarlífeyrir skal nema sömu fjárhæð og elli- og örorkulífeyrir. Um tekjutryggingu og aðrar tengdar bætur fer eftir sömu reglum sem um elli- og örorkulífeyri. Sjúkrahúsvist í greiningar- og endurhæfingarskyni skerðir ekki bótageiðslur.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Guðmundur Bjarnason.

L Ö G

um breyting á tollalögum, nr. 55/1987.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 1. mgr. 28. gr. laganna bætist nýr tölulíður svohljóðandi:

15. Egilsstaðir.

2. gr.

1. mgr. 79. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkflugvelli, Keflavíkflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutninga milli landa. Birðir þeirra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 80/1984, um Íslenska málnefnd.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Í Íslenskri málnefnd eiga sæti fimmtán menn, skipaðir af menntamálaráðherra. Auk þess er málnefndinni heimilt að bjóða einstaklingi, einum eða tveimur, setu í nefndinni ef hún telur það nefndarstarfinu til gagns.

Háskólaráð, heimspekideild Háskóla Íslands og Orðabók Háskólans tilnefna einn mann hvert í nefndina og skipar ráðherra úr þeirra hópi formann og varaformann nefndarinnar.

Níu nefndarmenn skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu Örnefnanefndar, Kennaraháskóla Íslands, Ríkisútvarpsins, Þjóðleikhússins, Staðlaráðs Íslands, Samtaka móðurmálskennara, Rithöfundasambands Íslands, Blaðamannafélags Íslands og Hagþenkis. Loks skal ráðherra skipa þrjá menn frá öðrum stofnunum, félögum eða samtökum sem fást við málrækt eða hafa mikil áhrif á málfar almennings og skal að minnsta kosti einn þeirra vera úr röðum iðorðafólks.

Innan málnefndar starfar fimm manna stjórn. Í stjórninni eiga sæti þeir þrír menn sem skipaðir eru skv. 2. mgr. og tveir menn sem málnefndin kýs úr hópi nefndarmanna. Formaður og varaformaður málnefndar eru jafnframt formaður og varaformaður stjórnar.

Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

2. gr.

7. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. mgr. orðast svo:

Íslensk málnefnd kemur saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári og ella þegar formaður boðar til fundar eða meiri hluti málnefndarmanna óskar þess.

b. Við bætist ný málsgrein er verði 2. mgr. og orðist svo:

Stjórn málnefndarinnar hefur forustu fyrir starfsemi nefndarinnar. Stjórnin beitir sér fyrir einstökum málræktarverkefnum og annast í umbodi nefndarinnar og í samvinnu við málstöðina afgreiðslu þeirra mála er nefndinni berast. Stjórnin heldur fundi eftir þörfum. Skyld er formanni að boða til stjórnarfundar ef stjórnarmaður eða forstöðumaður málstöðvar óskar þess.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Frá þeim degi lýkur skipunartíma þeirrar nefndar er nú situr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 80/1984 og gefa þau út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.**Guðrún Helgadóttir.****Guðrún Erlendsdóttir.**

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1987.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

Ríkisreikningurinn fyrir 1987 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðum í þús. kr.:

REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1987

Tekjur	Reikningur	Fjárlög
Beinir skattar	6 380 653	6 626 000
Óbeinir skattar	42 017 217	33 748 720
Aðrar tekjur	209 126	60 000
Tekjur án fjármunatekna	48 606 996	40 434 720
Fjármunatekjur	3 716 570	2 594 500
Tekjur alls	52 323 566	43 029 220
Gjöld	Reikningur	Fjárlög
Launagjöld	15 391 182	14 973 953
Ýmis rekstrargjöld	9 377 529	8 759 661
Eignakaup	1 403 346	588 580
Tilfærslur og ósundurliðað rekstrarfé	27 701 950	19 824 206
– Sértekjur stofnana	–4 664 567	–1 893 993
Gjöld án fjármagnskostnaðar	49 209 440	42 252 407
Fjármagnskostnaður	4 372 259	3 620 000
Gjöld alls	53 581 699	45 872 407
Tekjur umfram gjöld	–1 258 133	–2 843 187
Sundurliðun útgjalda á ráðuneyti:	Reikningur	Fjárlög
00 Æðsta stjórn ríkisins	526 322	353 148
01 Forsætisráðuneyti	197 126	162 772
02 Menntamálaráðuneyti	8 578 678	7 117 159
03 Utanríkisráðuneyti	692 781	473 296
04 Landbúnaðarráðuneyti	2 034 393	1 644 039
05 Sjávarútvegsráðuneyti	1 225 330	1 148 818
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	2 848 568	2 234 656
07 Félagsmálaráðuneyti	2 250 658	2 133 278
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	21 003 108	18 548 025
09 Fjármálaráðuneyti	2 592 993	2 638 543
10 Samgönguráðuneyti	3 672 617	3 444 492
11 Iðnaðarráðuneyti	1 904 839	1 107 217
12 Viðskiptaráðuneyti	1 739 683	1 162 484
13 Hagstofa Íslands	56 886	48 100
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	4 257 717	3 656 380
Gjöld alls	53 581 699	45 872 407

EFNAHAGSREIKNINGUR

EIGNIR	Reikningur
VELTUFJÁRMUNIR	
Sjóður	
Ríkisféhirðir	1 626
Aðrir ríkisaðilar, innlend mynt	124 808
Samtals	126 434
Bankainnstæður	
Seðlabanki Íslands, aðrir hlaupareikningar	279 324
Innlendar innlánsstofnanir	407 305
Erlendar innlánsstofnanir	33 056
Samtals	719 685
Skammtímafröfur	
Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé	
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður	11 557 101
Markaðar ríkistekjur	10 404 378
Innheimtufé fyrir aðra	1 089 167
	63 556
Skammtímafröfur, aðrar	
Fyrirfram greidd gjöld	4 064 548
Víðskiptareikningar, bráðabirgðalán	158 163
Veitt stutt lán	3 457 753
	448 632
Samtals	15 621 649
Veltufjármunir samtals	16 467 768
LANGTÍMAKRÖFUR OG ÁHÆTTUFJÁRMUNIR	
Langtímafröfur	
Veitt löng lán, innlend ógengisbundin	
Stofnanir í A-hluta	13 145 408
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	23 301
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	6 114 038
Lánastofnanir	3 663 841
Sveitarfélög	61 866
Aðrir	1 256 636
	2 025 726
Veitt löng lán, innlend gengisbundin	
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	10 587 880
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	4 512 252
Sveitarfélög	2 923 160
Lánastofnanir	2 189 967
Aðrir	649 867
	312 634
Langtímafröfur samtals	23 733 288
Áhættufjármunir	
Hlutabréf og stofnfjárframlög	
Innlend	1 905 123
Erlend	1 637 228
	267 895
Áhættufjármunir samtals	1 905 123
Langtímafröfur og áhættufjármunir samtals	25 638 411
EIGNIR ALLS	42 106 179

31. DESEMBER 1987

SKULDIR/HÖFUÐSTÓLL

Reikningur

SKAMMTÍMASKULDIR

Bankareikningar, hlaupareikningsskuld	1 312 777
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur	1 019 238
Seðlabanki Íslands, aðrir hlaupareikningar	214 069
Innlánsstofnanir	79 470
Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimt fé o. fl.	910 171
Markaðar ríkistekjur á teknaliði	751 420
Innheimtufé fyrir aðra	50 541
Mótframlagsskylda óinnheimtra tekna	108 210
Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé	70 783
Markaðar ríkistekjur	29 038
Innheimtufé fyrir aðra	41 745
Skammtímaskuldir, aðrar	3 922 345
Ógreidd gjöld	621 344
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir	2 121 061
Tekin stutt lán, innlend	1 179 940
Skammtímaskuldir samtals	6 216 076

LANGTÍMASKULDIR

Tekin löng lán, innlend ógengisbundin	20 125 865
Stofnanir í A-hluta	18 998
Seðlabanki Íslands	3 053 735
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta	49 333
Innlánsstofnanir	2 273 796
Lánastofnanir, innlendar	2 432 540
Sveitarfélög	84 185
Aðrir	12 213 278
Tekin löng lán, innlend gengisbundin	765 237
Seðlabanki Íslands	5 519
Innlánsstofnanir	1 654
Lánastofnanir	758 064
Aðrir	-
Tekin löng lán, erlend	29 954 581
Erlendir aðilar	29 954 581
Langtímaskuldir samtals	50 845 683

SKULDIR SAMTALS

Höfuðstóll

Höfuðstóll í ársbyrjun	-12 994 297
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda	275 466
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda	-978 616
Tekjur umfram gjöld 1987	-1 258 133

Höfuðstóll í árslok samtals

-14 955 580

SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS

42 106 179

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 584. júní 1981, um lagmetisiðnað og
Próunarsjóð lagmetisiðnaðarins, með áorðnum breytingum.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 10. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er stjórn sjóðsins að leggja fram úr Próunarsjóði lagmetisiðnaðarins hlutafé vegna stofnunar nýrra framleiðslu- eða markaðsfyrirtækja á sviði lagmetis eða taka þátt í hlutafjáraukningu í starfandi fyrirtækjum í lagmetisiðnaði í því skyni að auka vöruþróun, framleiðni eða markaðsstarfsemi þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

L Ö G

**um breyting á lögum nr. 625. september 1986,
um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, húsgagna-
og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Fyrirsögn laganna breytist þannig: Á milli orðanna „húsameistara“ og „húsgagna- og innanhússhönnuði“ komi orðið: landslagshönnuði.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi tvær nýjar greinar sem verði 12. og 13. gr. og greinatala laganna breytist því til samræmis. Greinarnar orðist svo:

a. (12. gr.)

Rétt til að kalla sig landslagshönnuði (landskabs-arkitekt) hafa þeir einir hér á landi sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

b. (13. gr.)

Engum má veita leyfi það sem um getur í 12. gr. nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í landslagshönnun frá háskóla, sem ráðherra viðurkennir sem fullgildan í þeirri grein, að fenginni umsögn stéttarfélags landslagshönnuða hér á landi.

Þeir einir, sem fullnægja skilyrðum þeim sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig landslagshönnuði.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

23. maí 1989

Nr. 45

L Ö G

um stofnun hlutafélags um ríkisprentsmiðjuna Gutenberg

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags er heiti: Prentsmiðjan Gutenberg hf. Í því skyni er ríkisstjórninni heimilt:

- a. að leggja ríkisprentsmiðjuna Gutenberg, þ.e prentsmiðjuna sjálfa ásamt öllu fylgifer hennar, til hins nýja hlutafélags,
- b. að láta fara fram mat á eignum ríkisprentsmiðjunnar til viðmiðunar við ákvörðun um upphæð hlutafjár hins nýja hlutafélags. Við stofnun eru öll hlutabréf í hlutafélaginu eign ríkissjóðs.

2. gr.

Hlutverk félagsins skal vera að vinna prentverk fyrir Alþingi, Stjórnarráð og ríkisstofnanir. Félagið annast einnig almennt prentverk, svo og skylda starfsemi samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum félagsins.

3. gr.

Fastráðnir starfsmenn ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg skulu hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja hlutafélagi og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir gegndu áður. Ákvæði 14. gr. laga nr. 28/1954, um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna, á því ekki við um þá starfsmenn.

4. gr.

Verði hlutabréf ríkissjóðs í Gutenberg hf. seld öll eða að hluta skal leita samþykkis Alþingis fyrir þeirri sölu.

5. gr.

Iðnaðarráðherra fer með eignarhluta ríkisins í félaginu.

6. gr.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga um hlutafélög, nr. 32/1978, gildir ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 17. gr. sömu laga gildir ekki um tölu hluthafa.

Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga um hið nýja félag og greiðir það opinber gjöld með sama hætti og almennt gildir um hlutafélög hér á landi.

Stofnfund hins nýja hlutafélags skal halda eigi síðar en þremur mánuðum eftir gildistöku laganna og skal leggja fram drög að stofnsamningi og samþykktum fyrir félagið á stofnfundinum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hlutafélag skv. 1. gr. yfirtekur ríkisprentsmiðjuna Gutenberg 1. janúar 1990.

Gjört í Reykjavík, 23. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðmundur Jónsson.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

BRÉF HANDHAFNA VALDS FORSETA ÍSLANDS um þinglausnir.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Að vér veitum hér með forsætisráðherra, Steingrími Hermannssyni, umboð til þess í voru nafni að slíta Alþingi 111. löggjafarþingi.

Gjört í Reykjavík, 20. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.

Guðrún Erlendsdóttir.

Steingrímur Hermannsson.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1987.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1987 er veitt, sbr. sundurliðun í meðfylgjandi yfirliti:

	<i>Þús. kr.</i>
00 Æðsta stjórn ríkisins	145.841
01 Forsætisráðuneyti	29.342
02 Menntamálaráðuneyti	958.325
03 Utanríkisráðuneyti	171.076
04 Landbúnaðarráðuneyti	348.899
05 Sjávarútvegsráðuneyti	48.116
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	379.646
07 Félagsmálaráðuneyti	85.900
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.954.314
09 Fjármálaráðuneyti	869.559
10 Samgönguráðuneyti	159.036
11 Iðnaðarráðuneyti	737.560
12 Viðskiptaráðuneyti	485.072
13 Hagstofa Íslands	5.164
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	673.367
Samtals ráðuneyti	7.051.217

2. gr.

Yfirlit um aukafjárveitingar, fjárlagaheimildir og greiðslur úr ríkissjóði árið 1987.**A-hluti
Fjárreiður ríkissjóðs og ríkisstofnana.****Greiðsluyfirlit ríkissjóðs.**

(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
Rekstrarreikningur			
Tekjur	5.927.736	43.029.220	48.956.956
Gjöld	7.051.217	45.872.407	52.923.624
Gjöldumfram tekjur	1.123.481	2.843.187	3.966.668
Lánahreyfingar			
Afborganir			
Afborgun af teknum lánum	1.125.547	3.410.000	4.535.547
– innheimtar afborganir	<929.707>	<1.980.000>	<2.909.707>
Veitt lán	303.786	1.420.000	1.723.786
Hluta- og stofnfjárframlög	713.004	80.000	793.004
Viðskiptareikningar	496.117	300.000	796.117
Lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs	2.832.228	6.073.187	8.905.415
Lántökur:			
Innlendar	1.258.468	4.450.000	5.708.468
Erlendar	455.500	1.700.000	2.155.500
Greiðslujöfnuður (halli)	<1.118.260>	76.813	<1.041.447>

Gjöld:

(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
00 Æðsta stjórn ríkisins	145.841	366.267	512.108
01 Forsætisráðuneyti	29.342	166.636	195.978
02 Menntamálaráðuneyti	958.325	7.509.029	8.467.354
03 Utanríkisráðuneyti	171.076	495.298	666.374
04 Landbúnaðarráðuneyti	348.899	1.665.156	2.014.055
05 Sjávarútvegsráðuneyti	48.116	1.167.862	1.215.978
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	379.646	2.337.080	2.716.726
07 Félagsmálaráðuneyti	85.900	2.158.243	2.244.143
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.954.314	18.905.100	20.859.414
09 Fjármálaráðuneyti	869.559	1.621.340	2.490.899
10 Samgönguráðuneyti	159.036	3.486.382	3.645.418
11 Iðnaðarráðuneyti	737.560	1.120.749	1.858.309
12 Viðskiptaráðuneyti	485.072	1.165.342	1.650.414
13 Hagstofa Íslands	5.164	50.698	55.862
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	673.367	3.657.236	4.330.603
Samtals ráðuneyti	7.051.217	45.872.418	52.923.635

Tekjur:

(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Breyting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
BEINIR SKATTAR	-522.856	6.626.000	6.103.144
Eignarskattar	115.861	1.271.000	1.386.861
Eignarskattur, einstaklingar	1.532	580.000	581.532
Eignarskattsauki, einstaklingar	-4.362	61.000	56.638
Eignarskattur, félög	48.687	320.000	368.687
Eignarskattsauki, félög	10.325	85.000	95.325
Skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði	-1.111	165.000	163.889
Erfðafjárskattur	60.790	60.000	120.790
Tekjuskattar, nettó	-638.717	5.355.000	4.716.283
Tekjuskattur, einstaklingar	-497.935	3.650.000	3.152.065
Tekjuskattur, félög	-143.844	1.200.000	1.056.156
Sjúkratryggingagjald	-8.372	365.000	356.628
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra	11.434	140.000	151.434

	Breyting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
ÓBEINIR SKATTAR	6.171.481	33.748.720	39.920.201
Gjöld af innflutningi, aðflutningsgjöld, almenn	451.520	2.890.500	3.342.020
Aðflutningsgjöld alls	451.520	2.890.500	3.342.020
Ýmis gjöld af innflutningi	937.294	2.373.500	3.310.794
Gjald af bifreiðum og bifhjólum	606.125	245.000	851.125
Innflutningsgjald af bensíni	153.205	1.450.000	1.603.205
Gümmígjald	479	–	479
Jöfnunargjald	88.881	315.000	403.881
Jöfnunarálag á hús og húshluti	3.438	13.500	16.938
Tollafgreiðslugjald	44.764	155.000	199.764
Gjald af gas- og brennsluólíum	–16	–	–16
Fóðurgjald, grunngjald, lög nr. 46/1985	–53.520	170.000	116.480
Fóðurgjald, sérstakt grunngjald	67.118	–	67.118
Kartöflugjald	38.697	–	38.697
Hagnaður af sölu varnarliðseigna	–11.877	25.000	13.123
Tekjur af sölu erlends gjaldeyris	229.758	303.000	532.758
Gjald af umbodspóknun og gengismun innlánsstofnana	36.336	205.000	241.336
Leyfisgjald	44.951	98.000	142.951
Lántökugjald af erlendum lánnum	148.471	–	148.471
Skattar af framleiðslu og innflutningi	452.547	2.308.000	2.760.547
Vörugjald	451.636	2.263.000	2.714.636
Framleiðslugjald af áli	911	45.000	45.911
Söluskattur	2.541.624	17.430.000	19.971.624
Söluskattur alls	2.541.624	18.250.000	20.791.624
Par af til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	–	–820.000	–820.000
Skattar af orku	7.188	37.000	44.188
Rafmagnseftirlitsgjald	7.188	37.000	44.188
Skattar af einkasöluvörum	552.633	2.651.500	3.204.133
Hluti af rekstrarhagnaði ÁTVR	550.000	2.650.000	3.200.000
Gjald af einkasöluvörum	2.633	1.500	4.133
Sérstakir skattar af þjónustu	32.547	166.500	199.047
Skemmtanaskattur	3.433	43.000	46.433
Miðagjald	145	6.500	6.645
Flugvallaskattur	28.969	117.000	145.969
Aðrir skattar af veittri þjónustu	105.050	343.420	448.470
Aukatekjur, almennar	18.924	170.000	188.924
Prófgjöld	–793	4.400	3.607
Skoðunargjald ökutækja	23.327	69.000	92.327
Skráningargjald ökutækja	63.022	94.000	157.022
Sérleyfisgjald	–2.935	3.000	65
Samúðarskeyti Landssímans	3.524	3.000	6.524
Gjald af eyðublöðum heillaskeyta	–19	20	1

	Breyting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
Skattar af launagreiðslum	252.923	3.290.000	3.542.923
Launaskattur	283.508	1.700.000	1.983.508
Lífeyristryggingagjald atvinnurekenda	-53.403	1.250.000	1.196.597
Slysatryggingagjald	36.472	185.000	221.472
Iðgjald til Atvinnuleysisstryggingasjóðs	-13.654	155.000	141.346
Aðrir óbeinir skattar	608.397	1.955.300	2.563.697
Pinglýsingar	-427	21.000	20.573
Stimpilgjald	287.543	970.000	1.257.543
Pungaskattur af dísilbifreiðum skv. ökumælum	-1.338	540.000	538.662
Pungaskattur af dísilbifreiðum, fast árgjald	-13.457	160.000	146.543
Bifreiðagjald	201.499	-	201.499
Lestagjald	-30	100	70
Vitagjald	4.317	17.500	21.817
Skipaskoðunargjald	-2.369	9.200	6.831
Skipulagsgjald	10.273	30.000	40.273
Hluti útflutningsgjalds af sjávarafurðum	12	-	12
Áhættugjald ríkisábyrgða	3.158	45.000	48.158
Einkaleyfisgjald Hæddrættis H.Í.	7.862	22.500	30.362
ICAO-tekjur	83.476	140.000	223.476
Innheimtugjald vegna uppboða	3.873	-	3.873
Ábyrgðargjald, lög nr. 68/1987	24.005	-	24.005
FJÁRMUNATEKJUR	156.707	2.594.500	2.751.207
Vaxtatekjur og aðrar lántekjur	212.804	2.225.000	2.437.804
Dráttarvextir og vextir af skammtímalánum	255.755	800.000	1.055.755
Vaxtatekjur af langtímalánum	-42.951	1.425.000	1.382.049
Arðgreiðslur	-56.097	369.500	313.403
Frá fyrirtækjum og sjóðum í B-hluta			
Afgjöld ríkisjarða	1.172	4.500	5.672
Fríhöfn Keflavíkurflugvelli	20.000	145.000	165.000
Flugmálastjórn, Keflavíkurflugvelli	-33.000	38.000	5.000
Lyfjaverslun ríkisins	-	12.000	12.000
Sameignir ríkisins	21.242	15.000	36.242
Arður af hlutabréfum	-3.488	5.000	1.512
Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands	-62.023	150.000	87.977
AÐRAR TEKJUR	122.404	60.000	182.404
Sala eigna	67.639	-	67.639
Ýmsar tekjur	54.765	60.000	114.765
Sektir og upptækar vörur til ríkissjóðs	51.473	50.000	101.473
Óvissar tekjur	3.292	10.000	13.292
Ríkissjóðstekjur samtals	5.927.736	43.029.220	48.956.956

Sundurliðun útgjalda eftir ráðuneytum og stofnunum.

(Fjárhæðir í þús. kr.)

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
00 ÆÐSTA STJÓRN RÍKISINS			
101 Embætti forseta Íslands	32.773	23.383	56.156
201 Alþingi	91.340	251.556	342.896
202 Ríkisendurskoðun	10.313	46.874	57.187
301 Ríkisstjórn	7.662	29.209	36.871
401 Hæstiréttur	3.753	15.245	18.998
Samtals ráðuneyti	145.841	366.267	512.108

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
01 FORSÆTISRÁÐUNEYTI			
101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	16.634	51.630	68.264
102 Þjóðhagsstofnun	4.457	20.969	25.426
103 Stjórnarráðsbyggingar, ýmsar	4.335	–	4.335
171 Bygðastofnun, framlag	890	80.000	80.890
Samtals málefnaflokkur	26.316	152.599	178.915
901 Húsameistari ríkisins	1.109	787	1.896
902 Þjóðgarður á Þingvöllum og Þingvallanevnd	1.917	13.250	15.167
Samtals málefnaflokkur	3.025	14.038	17.063
Samtals ráðuneyti	29.342	166.636	195.978

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
02 MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	26.126	85.452	111.578
Samtals málefnaflokkur	26.126	85.452	111.578
201 Háskóli Íslands	56.948	655.352	712.300
202 Tilraunastöð Háskólans á Keldum	8.053	25.020	33.073
203 Raunvísindastofnun Háskólans	9.743	64.900	74.643
205 Stofnun Árna Magnússonar	306	22.070	22.376
206 Orðabók Háskólans	747	7.895	8.642
207 Íslensk málstöð	459	4.602	5.061
208 Örnefnastofnun	294	2.276	2.570
210 Háskóli á Akureyri	5.574	5.291	10.865
231 Náttúrufræðistofnun Íslands	3.194	15.323	18.517
232 Rannsóknaráð ríkisins	459	13.713	14.172
233 Rannsóknasjóður	–1.800	60.000	58.200
276 Byggingarsjóður rannsókná í þágu atvinnuveganna	7.860	22.500	30.360
Samtals málefnaflokkur	91.837	898.942	990.779

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
301 Menntaskólinn í Reykjavík	8.956	63.201	72.157
302 Menntaskólinn á Akureyri	6.297	62.854	69.151
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	1.356	22.629	23.985
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	20.147	84.944	105.091
305 Menntaskólinn við Sund	6.063	64.563	70.626
306 Menntaskólinn á Ísafirði	4.911	27.386	32.297
307 Menntaskólinn á Egilsstöðum	6.797	36.482	43.279
308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	1.469	35.816	37.285
318 Framhaldsskólar, stofnkostnaður	-160	-	-160
319 Framhaldsskólar, almennt	4.593	26.806	31.399
321 Kennaraháskóli Íslands	10.342	116.638	126.980
322 Æfinga- og tilraunaskóli K. Í.	5.355	28.033	33.388
323 Rannsóknastofnun uppeldismála	72	2.846	2.918
331 Þróttakennaraskóli Íslands	3.700	20.618	24.318
336 Hústjórnnarkennaraskóli Íslands	153	550	703
351 Fjölbrautaskólar í Reykjavík	32.724	155.458	188.182
352 Flensborgarskóli, fjölbrautaskóli	5.460	38.119	43.579
353 Fjölbrautaskóli Suðurnesja	5.971	48.173	54.144
354 Fjölbrautaskólinn á Akranesi	5.780	50.937	56.717
355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum	3.723	24.952	28.675
356 Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki	2.546	37.611	40.157
357 Fjölbrautaskólinn á Selfossi	7.579	57.481	65.060
358 Verkmennaskóli Austurlands	-1.641	19.391	17.750
359 Verkmennaskóli á Akureyri	8.738	82.956	91.694
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	6.325	32.493	38.818
361 Fjölbrautarskóli A-Skaftafellssýslu	-750	2.000	1.250
362 Fjölbrautaskólinn á Húsavík	-350	1.500	1.150
Samtals málefnaflokkur	156.156	1.144.437	1.300.593
422 Námsgagnastofnun	4.711	100.643	105.354
423 Námsstjórn og þróunarverkefni	659	19.103	19.762
431 Iðnfræðsluráð	1.058	10.651	11.709
Samtals málefnaflokkur	6.428	130.397	136.825
501 Tækniskóli Íslands	19.698	71.208	90.906
506 Vélskóli Íslands	3.743	31.835	35.578
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	3.165	17.019	20.184
514 Iðnskólinn í Reykjavík	31.283	115.320	146.603
515 Iðnskólar utan Reykjavíkur	8.268	33.432	41.700
516 Iðnnám, almennt	-5.900	7.900	2.000
517 Hótel- og veitingaskóli Íslands	4.274	12.603	16.877
518 Fiskvinnsluskólinn	6.245	36.861	43.106
521 Hústjórnnarskóli Íslands	1.979	1.618	3.597
522 Nýi hjúkrunarskólinn	707	6.642	7.349
523 Fósturskóli Íslands	2.535	18.121	20.656
524 Hústjórnnarskólar	2.624	14.887	17.511
561 Myndlista- og handíðaskóli Íslands	14.030	19.661	33.691
562 Leiklistarskóli Íslands	5.013	13.107	18.120
563 Tónlistarfræðsla	12.558	138.225	150.783
571 Sjómannaskólahúsið	823	13.515	14.338
580 Samvinnuskólinn	1.126	17.472	18.598
581 Verslunarskóli Íslands	5.596	79.082	84.678
Samtals málefnaflokkur	117.767	648.508	766.275

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
601 Héraðsskólinn Reykholti	1.328	20.900	22.228
602 Héraðsskólinn Núpi	771	12.322	13.093
603 Héraðsskólinn Reykjanesi	499	9.257	9.756
604 Héraðsskólinn Reykjum	619	10.654	11.273
605 Alþýðuskólinn Eiðum	2.148	17.889	20.037
606 Héraðsskólinn Skógum	1.330	11.965	13.295
607 Héraðsskólinn Laugarvatni	2.552	6.720	9.272
609 Héraðsskólinn Laugum	1.263	16.649	17.912
610 Héraðsskólar, almennt	–	–	–
621 Skálholtsskóli	373	5.300	5.673
Samtals málefnaflokkur	10.883	111.656	122.539
700 Grunnskólar, Reykjavík	109.938	626.145	736.083
701 Grunnskólar, Reykjanesi	82.568	479.499	562.067
703 Grunnskólar, Vesturlandi	31.065	200.040	231.105
704 Grunnskólar, Vestfjörðum	14.039	130.893	144.932
705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	26.812	151.938	178.750
706 Grunnskólar, Norðurlandi eystra	45.251	304.424	349.675
707 Grunnskólar, Austurlandi	25.281	163.918	189.199
708 Grunnskólar, Suðurlandi	36.472	251.355	287.827
720 Grunnskólar, almennt	4.549	72.849	77.398
730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólastjóra	16.760	209.205	225.965
751 Skólar fyrir þroskaheft börn	573	–356	217
752 Öskjuhlíðarskóli	5.771	53.155	58.926
753 Þjálfunarskóli ríkisins Bjarkarási	1.144	7.177	8.321
754 Safamýrarskóli, þjálfunarskóli	3.655	24.824	28.479
755 Þjálfunarskóli ríkisins Geðdeild við Dalbraut	997	7.723	8.720
756 Þjálfunarskóli ríkisins Kópavogshæli	1.767	17.160	18.927
757 Þjálfunarskóli ríkisins Tjaldanesi	452	1.472	1.924
758 Þjálfunarskóli ríkisins Akureyri	1.316	11.234	12.550
759 Þjálfunarskóli ríkisins Sólheimum Grímsnesi	383	1.856	2.239
760 Dagvist þroskaheftra forskólabarna	836	19.981	20.817
761 Sameiginleg þjónusta þroskaheftra	–1.767	20.917	19.150
799 Heyrnleysingjaskólinn	3.709	32.679	36.388
Samtals málefnaflokkur	411.571	2.788.088	3.199.659
802 Vernd barna og unglinga	4.711	3.012	7.723
803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður	–4.450	43.195	38.745
804 Kvikmyndaeftirlit ríkisins	196	–	196
806 Barnaverndarráð	1.161	5.957	7.118
871 Unglingaheimili ríkisins	–	7.070	7.070
872 Lánasjóður íslenskra námsmanna	–841	928.000	927.159
881 Náms- og fræðimenn, framlög	284	14.852	15.136
883 Lektorar í íslensku við erlenda háskóla	–392	1.447	1.055
884 Jöfnun á námskostnaði	–253	25.000	24.747
885 Fullorðinsfræðsla	–325	1.434	1.109
Samtals málefnaflokkur	91	1.029.967	1.030.058
901 Landsbókasafn Íslands	2.481	21.155	23.636
902 Þjóðminjasafn Íslands	5.360	24.822	30.182
903 Þjóðskjalasafn Íslands	7.230	18.408	25.638
904 Safnahúsið við Hverfisgötu	282	3.627	3.909
905 Listasafn Ásgríms Jónssonar	199	1.566	1.765
906 Listasafn Einars Jónssonar	–398	2.914	2.516
907 Listasafn Íslands	20.200	60.677	80.877
908 Kvikmyndasafn Íslands	–892	2.713	1.821
909 Blindrabókasafn Íslands	1.127	9.993	11.120

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
931 Náttúruverndarráð	7.212	16.944	24.156
973 Þjóðleikhús	9.843	117.068	126.911
974 Sinfóníuhljómsveit Íslands	4.201	39.369	43.570
975 Vísindasjóður	700	2.000	2.700
976 Menningarsjóður, framlag	1.446	7.900	9.346
977 Þjóðarbókhlaða	29.019	45.000	74.019
980 Listskreytingasjóður	96	4.000	4.096
981 Kvikmyndasjóður	7.260	55.000	62.260
982 Listir, framlög	21.645	87.538	109.183
983 Vísindaleg starfsemi, styrkir	–	1.105	1.105
984 Norræn samvinna	93	9.759	9.852
985 Félagsheimiliasjóður	7.674	12.000	19.674
986 Íþróttasjóður	3.146	39.811	42.957
987 Nesstofa	–20	550	530
988 Æskulýðsmál	450	14.298	14.748
989 Ýmis íþróttamál	2.114	37.798	39.912
991 Húsfriðun	342	11.904	12.246
999 Ýmislegt	6.656	23.663	30.319
Samtals málefnaflokkur	137.466	671.582	809.048
Samtals ráðuneyti	958.325	7.509.029	8.467.354

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
03 UTANRÍKISRÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	86.932	83.445	170.377
102 Varnarmálaskrifstofa	2.897	18.340	21.237
Samtals málefnaflokkur	89.829	101.785	191.614
201 Lögreglustjórnin á Keflavíkurflugvelli	61.618	101.799	163.417
Samtals málefnaflokkur	61.618	101.799	163.417
301 Sendiráð Íslands í Bonn og fastanefnd hjá Evrópuráðinu	1.484	12.843	14.327
302 Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	3.591	15.772	19.363
303 Sendiráð Íslands í London	2.572	14.681	17.253
304 Sendiráð Íslands í Moskvu	1.430	14.479	15.909
305 Sendiráð Íslands í Ósló	2.215	11.403	13.618
306 Sendiráð Íslands í París, fastanefnd hjá OECD og UNESCO	2.403	16.631	19.034
308 Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1.569	11.208	12.777
308 Sendiráð Íslands í Washington	–201	18.709	18.508
309 Fastanefnd Íslands hjá SP og aðalræðismaður Íslands í New York	1.282	23.412	24.694
310 Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	954	8.741	9.695
311 Fastanefnd Íslands hjá N-Atlantshafsbandalaginu	1.093	16.381	17.474
312 Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	2.963	17.596	20.559
313 Sendiráð, almennt	–	–	–
390 Próunarsamvinnustofnun Íslands	–	30.000	30.000
399 Ýmis utanríkismál	2.038	9.451	11.489
Samtals málefnaflokkur	23.393	221.307	244.700
401 Alþjóðastofnanir	–3.764	70.407	66.643
Samtals málefnaflokkur	–3.764	70.407	66.643
Samtals ráðuneyti	171.076	495.298	666.374

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
04 LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	11.340	22.078	33.418
171 Jarðeignir ríkisins, framlög	2.586	10.786	13.372
172 Jarðasjóður	-448	4.000	3.552
Samtals málefnaflokkur	13.478	36.864	50.342
201 Búnaðarfélag Íslands	3.237	50.437	53.674
205 Veiðistjóri	4.290	6.993	11.283
206 Rannsóknastofnun landbúnaðarins	5.606	82.093	87.699
221 Áburðarverksmiðja ríkisins	-	120.000	120.000
231 Skógrækt ríkisins	11.213	49.420	60.633
235 Landgræðsla ríkisins	2.315	68.277	70.592
242 Mat á landbúnaðarafurðum	-169	3.447	3.278
243 Sauðfjárveikivarnir	20.876	32.398	53.274
244 Verðlagsnefnd landbúnaðarafurða	857	4.522	5.379
246 Veiðimálastofnunin	5.269	24.071	29.340
247 Yfirdýralæknir	2.055	33.564	35.619
270 Landgræðslu- og landverndaráætlun	-	16.833	16.833
271 Landgræðslusjóður	-	2.000	2.000
272 Einangrunarstöð holdanauta í Hrísey	3.707	905	4.612
278 Stofnlánadeild landbúnaðarins	-	22.200	22.200
288 Jarðræktarlög, framlög	36.014	154.043	190.057
289 Jöfnunargjald	15.143	18.200	33.343
290 Uppbætur á útflutningi landbúnaðarafurða	177.944	800.000	977.944
291 Búfjárrækt, framlög samkvæmt lögum nr. 31/1973	40.289	24.956	65.245
299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi	2	6.367	6.369
Samtals málefnaflokkur	328.648	1.520.726	1.849.374
501 Bændaskólinn á Hvanneyri	3.565	49.672	53.237
502 Bændaskólinn á Hólum	1.871	33.277	35.148
503 Garðyrkjuskóli ríkisins	1.337	24.617	25.954
Samtals málefnaflokkur	6.773	107.566	114.339
Samtals ráðuneyti	348.899	1.665.156	2.014.055
	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
05 SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	3.035	32.179	35.214
Samtals málefnaflokkur	3.035	32.179	35.214
201 Fiskifélag Íslands	1.997	31.127	33.124
202 Hafrannsóknastofnun	18.880	205.648	224.528
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	1.868	38.368	40.236
216 Ríkismat sjávarafurða	9.721	52.086	61.807
221 Verðlagsráð sjávarútvegsins	-1	3.631	3.630
272 Bygging rannsóknastofnana sjávarútvegsins	762	5.437	6.199
280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla	0	700.000	700.000
290 Veiðieftirlit	1.980	24.545	26.525
298 Fiskleit, markaðsöflun og tilraunir	-1	6.128	6.127
299 Sjávarútvegsból, ýmis starfsemi	8.288	31.133	39.421
Samtals málefnaflokkur	43.494	1.098.103	1.141.597
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna	1.586	37.581	39.167
Samtals málefnaflokkur	1.586	37.581	39.167
Samtals ráðuneyti	48.115	1.167.863	1.215.978

	Aukafjárveiting 198	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
06 DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	15.100	33.964	49.064
102 Stjórnartíðindi	-322	7.817	7.495
103 Kosningar	12.063	-	12.063
Samtals málefnaflokkur	26.841	41.781	68.622
201 Hæstiréttur	3.239	12.004	15.243
202 Ríkissaksóknari	1.775	20.818	22.593
203 Borgardómarinn í Reykjavík	3.509	30.016	33.525
204 Borgarfégetinn í Reykjavík	3.400	41.623	45.023
205 Sakadómur Reykjavíkur	3.770	30.316	34.086
206 Lögreglustjórnin í Reykjavík	56.646	387.103	443.749
208 Rannsóknarlögregla ríkisins	7.286	85.044	92.330
211 Sýslumenn og bæjarfégetar	-1.478	22.710	21.232
212 Bæjarfégeti Akranesi	7.538	26.359	33.897
213 Sýslumaður Borgarnesi	7.636	22.218	29.854
214 Sýslumaður Stykkishólmi	6.172	29.928	36.100
215 Sýslumaður Búðardal	692	9.240	9.932
216 Sýslumaður Patreksfirði	3.128	18.449	21.577
217 Bæjarfégeti Bolungarvík	3.037	7.716	10.753
218 Sýslumaður og bæjarfégeti Ísafirði	6.295	35.119	41.414
219 Sýslumaður Hólmavík	1.588	5.836	7.424
221 Sýslumaður Blönduósi	6.875	21.108	27.983
222 Sýslumaður og bæjarfégeti Sauðárkróki	6.563	26.019	32.582
223 Bæjarfégeti Siglufirði	3.307	19.302	22.609
224 Bæjarfégeti Ólafsfirði	2.118	7.611	9.729
225 Sýslumaður og bæjarfégeti Akureyri	12.722	82.300	95.022
226 Sýslumaður og bæjarfégeti Húsavík	12.457	48.317	60.774
227 Sýslumaður og bæjarfégeti Seyðisfirði	5.610	17.835	23.445
228 Bæjarfégeti Neskaupstað	2.091	9.022	11.113
229 Sýslumaður og bæjarfégeti Eskifirði	-995	32.243	31.248
230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði	2.145	12.506	14.651
231 Sýslumaður Vík í Mýrdal	590	9.767	10.357
232 Sýslumaður Hvalsveili	2.810	15.815	18.625
233 Bæjarfégeti Vestmannaeyjum	11.713	38.661	50.374
234 Sýslumaður og bæjarfégeti Selfossi	19.493	66.623	86.116
235 Sýslumaður og bæjarfégeti Keflavík	13.889	92.058	105.947
236 Sýslumaður og bæjarfégeti Hafnarfirði	52.815	104.701	157.516
237 Bæjarfégeti Kópavogi	18.035	63.906	81.941
238 Dómstóll og rannsóknardeild í ávana- og fíkniefnamálum	426	5.345	5.771
241 Hegningarhúsið í Reykjavík	1.152	21.886	23.038
242 Vinnuhælið Litla-Hrauni	10.601	66.881	77.482
243 Vinnuhælið Kvíabryggju	968	11.902	12.870
244 Fangelsið, Síðumúla 28	2.608	17.027	19.635
247 Skilorðseftirlit ríkisins	488	3.127	3.615
251 Landhelgisgæsla Íslands	23.229	305.185	328.414
252 Bifreiðaeftirlit ríkisins	-17.599	103.907	86.308
253 Almannavarnir ríkisins	225	12.128	12.353
255 Umferðarráð	558	9.085	9.643
262 Löggildingarstofan	455	2.207	2.662
281 Dómsmál, ýmis starfsemi	24.368	27.114	51.482
282 Ýmis löggæslukostnaður	1.720	29.598	31.318
283 Fangamál, ýmis kostnaður	2.637	7.064	9.701
284 Áfengis- og fíkniefnamál	485	1.256	1.741
Samtals málefnaflokkur	338.792	2.076.005	2.414.797

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
301 Biskup Íslands	2.141	11.884	14.025
302 Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar	2.080	6.848	8.928
303 Prestaköll og prófastsdæmi	8.138	165.167	173.305
304 Ýmis kirkjuleg málefni	-1.422	22.406	20.984
371 Kirkjubýggingarsjóður	-	3.246	3.246
373 Kristnisjóður	3.077	9.742	12.819
Samtals málefnaflokkur	14.014	219.293	233.307
Samtals ráðuneyti	379.647	2.337.079	2.716.726

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
07 FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	8.174	30.434	38.608
Samtals málefnaflokkur	8.174	30.434	38.608
271 Byggingarsjóður ríkisins	17	1.000.000	1.000.017
272 Byggingarsjóður verkamanna	200	300.000	300.200
Samtals málefnaflokkur	217	1.300.000	1.300.217
301 Skipulagsstjóri ríkisins	8.423	25.526	33.949
302 Ríkissáttasemjari	1.205	9.336	10.541
399 Vatnsveitur	-	18.000	18.000
Samtals málefnaflokkur	9.628	52.862	62.490
700 Málefni fatlaðra	-2.322	54.515	52.193
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	11.250	103.755	115.005
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4.840	39.880	44.720
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1.053	14.919	15.972
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	2.078	19.311	21.389
705 Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra	1.937	11.405	13.342
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	11.864	99.452	111.316
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	4.221	25.808	30.029
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	6.540	20.090	26.630
710 Heimili fyrir einhverf börn Trönuhólum 1	1.068	14.611	15.679
719 Vistheimilið Tjaldanesi	-	22.640	22.640
720 Vistheimilið Skálatúni	5.820	55.626	61.446
722 Sólheimar, Grímsnesi	6.164	36.518	42.682
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	2.077	20.071	22.148
795 Framkvæmdasjóður fatlaðra	-7.565	130.000	122.435
Samtals málefnaflokkur	49.025	668.601	717.626
951 Brunamálastofnun ríkisins	-233	250	17
953 Jafnréttisráð	336	3.792	4.128
954 Vinnueftirlit ríkisins	282	1.625	1.907
971 Erfðafjárjóður	-	0-	0-
972 Bjargráðasjóður Íslands	-	4.700	4.700
981 Vinnumál	311	23.051	23.362
982 Ríkisábyrð á launum vegna gjaldþrota	17.480	10.000	27.480
999 Félagsmál, ýmis starfsemi	680	62.928	63.608
Samtals málefnaflokkur	18.856	106.346	125.202
Samtals ráðuneyti	85.900	2.158.243	2.244.143

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
08 HEILBRIGÐIS- OG TYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	11.355	34.798	46.153
Samtals málefnaflokkur	11.355	34.798	46.153
271 Tryggingastofnun ríkisins	960.970	10.935.480	11.896.450
273 Atvinnuleysistryggingasjóður	-1.316	465.000	463.684
274 Eftirlaunasjóður aldraðra	-2.247	59.977	57.730
276 Tannverndarsjóður	-	-	-
Samtals málefnaflokkur	957.407	11.460.457	12.417.864
301 Landlæknir	3.395	12.622	16.017
323 Tryggingaeftirlitið	-873	220	-653
324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands	2.250	32.770	35.020
325 Hollustuvernd ríkisins	7.282	28.205	35.487
326 Sjónstöð Íslands	1.099	8.392	9.491
327 Geislavarnir ríkisins	744	4.573	5.317
340 Málefni fatlaðra	-1.136	20.640	19.504
350 Sjúkrahúsið Akranesi	17.772	203.486	221.258
352 Sjúkrahúsið Patreksfirði	5.496	38.750	44.246
353 Fjórðungsjúkrahúsið Ísafirði	13.407	68.430	81.837
355 Héraðshæli A-Húnvetninga, Blönduósi	5.492	61.952	67.444
356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki	11.239	127.351	138.590
357 Sjúkrahúsið Siglufirði	5.319	62.159	67.478
358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri	57.950	527.955	585.905
359 Sjúkrahúsið Húsavík	9.986	109.806	119.792
360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði	2.708	35.105	37.813
361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupsstað	6.198	81.054	87.252
363 Sjúkrahúsið Egilsstöðum	3.978	47.457	51.435
365 Sjúkrahús Suðurlands, Selfossi	9.531	105.265	114.796
366 Sjúkrahúsið Vestmannaeyjum	7.741	90.409	98.150
367 Sjúkrahúsið Keflavík	18.659	78.892	97.551
368 Sólvangur, Hafnarfirði	10.117	112.010	122.127
369 St. Jósefsspítali, Hafnarfirði	110.500	-	110.500
371 Ríkisspítalar	347.583	3.029.456	3.377.039
372 Borgarspítalinn	148.091	1.216.283	1.364.374
373 St. Jósefsspítali, Landakoti	114.779	610.463	725.242
378 Læknishéraðasjóður	109	1.000	1.109
381 Sjúkrahús og læknisbústaðir	-2.406	195.276	192.870
385 Framkvæmdasjóður aldraðra	236	140.000	140.236
391 Heilsugæslustöðvar	70.756	257.756	328.512
393 Lyfjamál	-1.291	1.577	286
394 Lyfjaverðlagsnefnd	191	873	1.064
395 Lyfjaeftirlit ríkisins	477	858	1.335
396 Lyfjanefnd	1.063	404	1.467
397 Eiturefnanefnd	306	1.267	1.573
398 Daggjaldanefnd	709	1.480	2.189
399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi	-6.367	64.851	58.484
Samtals málefnaflokkur	983.090	7.379.047	8.362.137
471 Gæsluvistarsjóður	535	5.850	6.385
481 Bindindisstarfsemi	108	4.796	4.904
Samtals málefnaflokkur	643	10.646	11.289
501 Ljósmeðraskóli Íslands	1.178	-877	301
502 Proskapjálffaskóli Íslands	254	8.846	9.100
503 Sjúkraliðaskóli Íslands	210	7.000	7.210
505 Lyfjatekniskóli Íslands	179	5.181	5.360
Samtals málefnaflokkur	1.821	20.150	21.971
Samtals ráðuneyti	1.954.316	18.905.098	20.859.414

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
09 FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	10.405	49.872	60.277
103 Ríkisbókhald	6.742	38.739	45.481
104 Ríkisfjárhirsla	2.722	12.800	15.522
105 Ríkislögmaður	1.837	7.346	9.183
Samtals málefnaflokkur	21.706	108.757	130.463
201 Ríkisskattstjóri	13.987	60.161	74.148
202 Skattstofan í Reykjavík	8.276	68.608	76.884
203 Skattstofa Vesturlands	1.901	10.620	12.521
204 Skattstofa Vestfjarða	592	7.534	8.126
205 Skattstofa Norðurlands vestra	1.508	8.799	10.307
206 Skattstofa Norðurlands eystra	2.755	18.647	21.402
207 Skattstofa Austurlands	616	11.023	11.639
208 Skattstofa Suðurlands	1.408	10.417	11.825
209 Skattstofa Vestmannaeyja	528	4.570	5.098
211 Skattstofa Reykjaness	2.348	26.813	29.161
212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld	30.153	39.748	69.901
214 Ríkisskattanefnd og skattsektanefnd	1.172	10.232	11.404
251 Gjaldheimtan í Reykjavík	6.535	34.840	41.375
261 Tollstjórnin í Reykjavík	23.359	60.853	84.212
263 Tollgæsla	19.034	88.249	107.283
282 Tollamál	8.393	12.342	20.735
Samtals málefnaflokkur	122.565	473.456	596.021
381 Uppbætur á lífeyri	207.765	568.619	776.384
Samtals málefnaflokkur	207.765	568.619	776.384
402 Fasteignamat ríkisins	98	24.901	24.999
481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildalögum	79	6.900	6.979
Samtals málefnaflokkur	177	31.801	31.978
901 Framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins	-1.744	551	-1.193
971 Ríkisábyrgðasjóður	-1.842	100.000	98.158
981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs	416.050	147.600	563.650
989 Launa- og verðlagsmál	-	-	-
998 Kjaradómur og kjaranefnd	5	900	905
999 Ýmislegt	104.877	189.656	294.533
Samtals málefnaflokkur	517.346	438.707	956.053
Samtals ráðuneyti	869.559	1.621.340	2.490.899
	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
10 SAMGÖNGURÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	6.802	24.549	31.351
102 Póst- og símamálastofnunin	-20.000	110.000	90.000
Samtals málefnaflokkur	-13.198	134.549	121.351
211 Vegagerð ríkisins	17.751	2.150.463	2.168.214
Samtals málefnaflokkur	17.751	2.150.463	2.168.214
321 Strandferðir, framlög	10.057	146.362	156.419
322 Flóabátar og vöruflutningar	-1.235	74.010	72.775
331 Vita- og hafnamálastofnan	-3.419	24.575	21.156
332 Vitastofnun Íslands	4.957	66.875	71.832
333 Hafnamál	15.688	275.830	291.518
341 Siglingamálastofnun ríkisins	9.848	38.084	47.932
342 Rannsóknanefnd sjóslýsa	4.528	1.033	5.561
Samtals málefnaflokkur	40.424	626.769	667.193

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
471 Flugmálastjórn	82.919	385.723	468.642
485 Ýmis framlög	4.869	20.075	24.944
Samtals málefnaflokkur	87.788	405.798	493.586
651 Ferðamálaráð	3.099	20.196	23.295
652 Veðurstofa Íslands	11.726	125.968	137.694
656 Landmælingar Íslands	11.445	19.640	31.085
672 Sérleyfissjóður	–	3.000	3.000
Samtals málefnaflokkur	26.270	168.804	195.074
Samtals ráðuneyti	159.035	3.486.383	3.645.418

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
11 IÐNAÐARRÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	3.602	23.669	27.271
Samtals málefnaflokkur	3.602	23.669	27.271
201 Iðntæknistofnun Íslands	2.394	55.876	58.270
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins	1.957	30.227	32.184
209 Sjöefnavinnslan hf.	263.757	–	263.757
221 Lánasjóðir iðnaðarins	–	25.000	25.000
240 Iðnaðarrannsóknir	3.168	14.000	17.168
289 Jöfnunargjald	39.777	210.000	249.777
298 Kostnaður vegna samninga við Álverið	2.296	–	2.296
299 Iðja og iðnaður, framlög	–1.329	15.081	13.752
Samtals málefnaflokkur	312.020	350.184	662.204
301 Orkustofnun	8.461	166.142	174.603
302 Rafmagnseftirlit ríkisins	1.054	42.365	43.419
309 Hitaveitur	320.000	–	320.000
321 Rafmagnsveitur ríkisins	189.459	–	189.459
371 Orkusjóður	–98.690	299.390	200.700
382 Olíunotkun til húshitunar, styrkir	615	–	615
399 Ýmis orkumál	1.038	239.000	240.038
Samtals málefnaflokkur	421.937	746.897	1.168.834
Samtals ráðuneyti	737.559	1.120.750	1.858.309

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
12 VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI			
101 Aðalskrifstofa	2.499	29.566	32.065
Samtals málefnaflokkur	2.499	29.566	32.065
201 Niðurgreiðslur á vöruverði	476.645	1.090.000	1.566.645
Samtals málefnaflokkur	476.645	1.090.000	1.566.645
902 Verðlagsstofnun	3.142	34.445	37.587
903 Skráning hlutafélaga	2.785	1.332	4.117
910 Útflutningsráð Íslands	–	10.000	10.000
Samtals málefnaflokkur	5.927	45.777	51.704
Samtals ráðuneyti	485.071	1.165.343	1.650.414

	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
13 HAGSTOFA ÍSLANDS			
101 Aðalskrifstofa	3.072	37.713	40.785
102 Þjóðskráin	2.092	12.985	15.077
Samtals ráðuneyti	5.164	50.698	55.862
	Aukafjárveiting 1987	Fjárlög 1987	Greiðslur 1987
15 FJÁRLAGA- OG HAGSÝSLUSTOFNUN			
101 Aðalskrifstofa	2.970	29.600	32.570
181 Ríkisbifreiðar	-450	1.800	1.350
182 Tölvumál	1.853	5.836	7.689
Samtals málefnaflokkur	4.373	37.236	41.609
991 Ýmis lán ríkissjóðs	668.994	3.620.000	4.288.994
Samtals málefnaflokkur	668.994	3.620.000	4.288.994
Samtals ráðuneyti	673.367	3.657.236	4.330.603

Gjört í Reykjavík, 19. maí 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðrún Helgadóttir.
(L. S.)

Guðrún Erlendsdóttir.

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um breytingar á erfðalögum, nr. 8 14. mars 1962, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 3. gr. laganna hljóðar svo:

Ef arfleifandi á enga niðja á lífi tekur maki allan arf.

2. gr.

7. gr. laganna hljóðar svo:

Eftir lát annars hjóna á hitt rétt á að sitja í óskiptu búi með niðjum beggja nema hið látna hafi mælt svo fyrir í erfðaskrá að skipti skuli fara fram.

3. gr.

8. gr. laganna hljóðar svo:

Heimilt er því hjóna, sem lengur lifir, að sitja í óskiptu búi með ófjárráða niðjum látins maka síns, sem ekki eru niðjar þess, ef sá eða þeir sem fara með forsjá eða lögrád hinna ófjárráða niðja veita samþykki sitt til þess, enda hafi hið látna ekki mælt svo fyrir í erfðaskrá að skipti skuli fara fram. Ef það hjóna, sem lengur lifir, fer með forsjá eða lögrád ófjárráða stjúpnidja sinna á það þó rétt á setu í óskiptu búi eins og mælt er fyrir um í 7. gr.

Því hjóna, sem lengur lifir, er heimilt að sitja í óskiptu búi með fjárráða stjúpnidjum sínum ef þeir veita samþykki sitt til þess.

Það hjóna, sem lengur lifir, á rétt á setu í óskiptu búi með stjúpnidjum sínum hvort sem þeir eru fjárráða eða ófjárráða, án þess að aflað sé samþykkis skv. 1. eða 2. mgr., ef hið látna hefur mælt fyrir um þann rétt í erfðaskrá.

4. gr.

9. gr. laganna hljóðar svo:

Því hjóna, sem lengur lifir, verður ekki veitt leyfi til að sitja í óskiptu búi ef bú þess er til gjaldþrotaskipta eða í ljós kemur að eignir þess hrökkva ekki fyrir skuldum. Sama er ef því verður ekki treyst til að hafa forræði bús vegna vanhirdu um fjármál sín.

Ef það hjóna, sem lengur lifir, er svipt lögræði verður því ekki veitt leyfi til að sitja í óskiptu búi nema með samþykki yfirlögráðanda.

5. gr.

10. gr. laganna hljóðar svo:

Sá sem óskar setu í óskiptu búi skal sem fyrst eftir lát maka síns sækja um leyfi til þess hjá sýslumanni í því umdæmi þar sem búskipti eftir hinn látna fara fram.

Í umsókn um leyfi til að sitja í óskiptu búi skal greina nöfn erfingja, kennitölur þeirra og dvalarstaði. Einnig skal yfirlit yfir eignir og skuldir beggja hjóna koma fram í umsókn eða sem fylgigagn með henni. Ef heimild til setu í óskiptu búi er háð samþykki annarra, sbr. 1. eða 2. mgr. 8. gr., skulu yfirlýsingar um samþykki vera ritaðar á umsókn eða fylgja henni. Ef réttur til setu í óskiptu búi byggist á erfðaskrá hins látna, sbr. 3. mgr. 8. gr., skal eintak hennar fylgja umsókn.

Ef sýslumaður telur ástæðu til að ætla að ákvæði 9. gr. geti átt við um hagi þess sem sækir um leyfi til að sitja í óskiptu búi er honum heimilt að skipa ófjárráða erfingjum, sem umsækjandinn er forsjármaður eða lögráðamaður fyrir, sérstakan lögráðamann til að gæta hagsmuna þeirra.

Telji sýslumaður umsækjanda fullnægja skilyrðum til að hljóta leyfi til að sitja í óskiptu búi skal hann veita leyfið og láta umsækjandanum í té skilríki fyrir því.

6. gr.

11. gr. laganna hljóðar svo:

Til óskipts bús teljast hjúskapareignir beggja hjóna og séreign sem samkvæmt ákvæðum laga eða kaupmála á að hlíta reglum um hjúskapareign að öðru hjóna látnu. Sjálfsaflafé og annað verðmæti, sem sá eignast sem situr í óskiptu búi, rennur til búsins nema það eigi að lögum að falla til séreignar hans.

Arfur eða gjöf, sem langlífara maka hlotnast, rennur þó ekki inn í óskiptu bú ef hann lýsir því fyrir sýslumanni innan tveggja mánaða frá því hann fékk vitneskju um arf eða gjöf að verðmæti þessi skuli ekki renna inn í óskipta búið. Verða þau þá séreign langlífara maka. Ber að halda þeim og annarri séreign aðgreindum frá eignum óskipta búsins.

7. gr.

12. gr. laganna hljóðar svo:

Maki, sem situr í óskiptu búí, hefur í lifanda lífi eignarráð á fjármunum búsins. Ber hann ábyrgð á skuldum hins látna sem um hans eigin skuldir væri að ræða.

8. gr.

14. gr. laganna hljóðar svo:

Ef maki hefur fengið leyfi til setu í óskiptu búí með ófjárráða stjúpnidjum sínum á grundvelli 1. mgr. 8. gr., er honum skylt að skipta með sér og stjúpnidja, ef hann krefst skipta sér til handa innan þriggja mánaða frá því að hann öðlast fjárræði. Komi ekki krafa fram innan þess tíma getur fjárráða stjúpnidji, sem svo stendur á fyrir, krafist skipta sér til handa með sama hætti og segir í 2. mgr.

Ef fjárráða stjúpnidji hefur samþykkt setu í óskiptu búí, sbr. 2. mgr. 8. gr., getur hann krafist skipta sér til handa með eins árs fyrirvara.

9. gr.

Orðin „fyrir skiptaráðanda,“ í 1. mgr. 15. gr. laganna falla niður.

10. gr.

16. gr. laganna hljóðar svo:

Nú andast maður sem á erfðahlut inni í óskiptu búí og geta þá erfingjar hans aðeins krafist skipta sér til handa að því leyti sem hinum látna hefði verið það heimilt.

Skuldheimtumenn erfingja geta ekki krafist búskipta.

11. gr.

2. tölul. 2. mgr. 26. gr. laganna hljóðar svo:

2. Ef það krefst skipta eftir 27. laga um stofnun og slit hjúskapar, nr. 60/1972.

12. gr.

31. gr. laganna hljóðar svo:

Verðmæti, sem 29. og 30. gr. taka til, skal virða erfingja til frádráttar eftir gangverði þess þegar hann veitti því viðtöku, framreiknuðu til verðlags á þeim tíma sem frádráttur á sér stað við arfskipti. Hafi gangverð verðmæta lækkað til muna, frá því að fyrirframgreiðsla átti sér stað, vegna atvika sem erfingjanum verður ekki um kennt skal þó ekki draga meira frá en sanngjarnt er svo að jöfnuður fáist með erfingjum.

13. gr.

Í stað orðsins „skiptaráðanda“ í 1. másl. 47. gr. laganna kemur „sýslumann“.

14. gr.

1. mgr. 51. gr. laganna hljóðar svo:

Um varðveislu kvaðaarfs fer sem um fé ólögráða manna, sbr. 39. gr. lögræðisлага, nr. 68/1984.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1989.

16. gr.

Við lögin bætist ný grein, 63. gr., svohljóðandi:

Ákvæði 1. mgr. 3. gr., 7.–10. gr., 16. gr. og 31. gr., eins og þeim er breytt frá 1. júní 1989, gilda ekki um lögerfðarétt, um setu í óskiptu búi eða um uppgjör fyrirframgreidds arfs eftir menn sem látnir eru fyrir þann tíma.

Meðan lög um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972, eru enn í gildi skulu þeir menn, sem eru skiptaráðendur samkvæmt fyrirmælum þeirra laga, gegna því hlutverki sem sýslumönnum er falið með lögum þessum.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verði 7. mgr., svohljóðandi:

Landbúnaðarráðherra getur, að fengnu samþykki yfirdýralæknis, heimilað að flyta fósturvísa (frjóvguð egg eða fóstur á frumstigi) úr kúm í Sóttvarnarstöð ríkisins í Hrísey í kýr í landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.

L Ö G

um breyting á lögum um hreppstjóra, nr. 32 26. apríl 1965.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hreppstjóri skal vera í hverju sveitarfélagi utan aðseturs sýslumanns, nema sýslumaður telji þess ekki þörf.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Þá er starf hreppstjóra losnar skal sýslumaður auglýsa það laust til umsóknar. Sýslumaður veitir stöðu hreppstjóra að fenginni umsögn sveitarstjórnar.

Hafi sýslumaður skrifstofu í sveitarfélagi utan aðseturs síns er honum heimilt án auglýsingar að skipa forstöðumann þeirrar skrifstofu jafnframt hreppstjóra í því sveitarfélagi. Er hreppstjórastarfið þá hluti af starfi forstöðumanns.

3. gr.

Í stað „sýslunefnd“ í 4. gr. komi: sveitarstjórn.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 10 – 1989

1. júní 1989

319

Nr. 51

L Ö G

um ráðstafanir vegna kjarasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stjórn deildar fyrir frystar afurðir í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er heimilt, til viðbótar við lántöku skv. 1. gr. l. nr. 9 2. mars 1989, að taka lán hjá Seðlabanka Íslands eða fyrir milligöngu hans að fjárhæð allt að 400 milljónum króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Fjármálaráðherra er heimilt, fyrir hönd ríkissjóðs, að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð vegna endurgreiðslu láns þessa.

Af andvirði láns skv. 1. mgr. skal allt að 350 milljónum króna varið til greiðslu verðbóta á freðfisk en allt að 50 milljónum króna af andvirði þess skal varið til greiðslu verðbóta á hörpuðisk. Við ákvörðun verðbóta skal fylgt ákvæðum laga nr. 72 28. maí 1969, með síðari breytingum, en sérstakt tillit skal þó tekið til afkomu viðkomandi vinnslugreina.

Lán skv. 1. mgr. þessarar greinar skal undanþegið stimpilgjaldi. Skal það endurgreitt af tekjum Verðjöfnunarsjóðs af viðkomandi afurðum á næstu þremur árum eftir að það er tekið. Það sem þá kann að vera ógreitt fellur á ríkissjóð.

2. gr.

Í stað orðanna „31. desember 1989“ í 4. mgr. 22. gr. laga nr. 10/1988, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og lánsfjármálum á árinu 1988, sbr. 2. gr. laga nr. 101/1988, komi: 1. júní 1989.

3. gr.

Í stað „2,2%“ í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 100/1988, um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnaði, komi: 1,5%.

4. gr.

Frá 1. september 1989 falli eftirtalin tollskrárnúmer brott úr A-lið 3. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, sbr. 1. gr. l. nr. 95/1988:

3214.1009	3925.2000	4009.5000	4407.9201	4410.1001
3214.9000	3925.3000		4407.9209	4410.1009
	3925.9000	4407.1001	4407.9901	4410.9001
3917.2100		4407.1009	4407.9909	4410.9009
3917.2200	3926.3001	4407.2101		
3917.2300		4407.2109	4408.1000	4411.1101
3917.2900	4009.1000	4407.2201	4408.2000	4411.1109
3917.3100	4009.2001	4407.2209	4408.9000	4411.1901
3917.3200	4009.2009	4407.2301		4411.1909
3917.3300	4009.3001	4407.2309	4409.1000	4411.2101
3917.3900	4009.3009	4407.9101	4409.2000	4411.2109
3917.4000	4009.4000	4407.9109		

A 22

4411.2909	7211.3000	7304.3100	7408.1100	7606.9209
4411.3101	7211.4100	7304.3900	7408.1900	
4411.3109	7211.4900	7304.4100	7408.2100	7608.1000
4411.3901	7211.9000	7304.4900	7408.2200	7608.2000
4411.3909		7304.5100	7408.2900	
4411.9101	7212.1000	7304.5900		7609.0000
4411.9109	7212.2109	7304.9000	7409.1100	
4411.9901	7212.2909		7409.1900	7610.1000
4411.9909	7212.3009	7305.3100	7409.2100	7610.9002
	7212.4009	7305.3900	7409.2900	7610.9009
4412.1101	7212.5009	7305.9000	7409.3100	
4412.1109	7212.6009		7409.3900	7803.0001
4412.1201		7306.3000	7409.4000	7803.0002
4412.1209	7213.1009	7306.4000	7409.9000	7803.0009
4412.1901	7213.2009	7306.5000		
4412.1909	7213.3109	7306.6000	7411.1000	7804.1101
4412.2101	7213.3909	7306.9000	7411.2100	7804.1109
4412.2109	7213.4109		7411.2200	7804.1901
4412.2901	7213.4909	7307.1100	7411.2900	7804.1909
4412.2909	7213.5009	7307.1900		
4412.9101		7307.2100	7412.1000	7805.0000
4412.9109	7214.1000	7307.2200	7412.2000	
4412.9901	7214.2009	7307.2300		7904.0001
4412.9909	7214.3009	7307.2900	7505.1101	7904.0009
	7214.4009	7307.9100	7505.1109	
4413.0001	7214.5009	7307.9200	7505.1201	7905.0000
4413.0009	7214.6009	7307.9300	7505.1209	
		7307.9900	7505.2100	7906.0000
4418.1000	7215.1000		7505.2200	
4418.2000	7215.2000	7308.3001		8003.0001
4418.9001	7215.3000	7308.3009	7506.1000	8003.0002
4418.9009	7215.4000	7308.9001	7506.2000	8003.0009
	7215.9000	7308.9009		
7210.1100			7507.1100	8004.0000
7210.1200		7322.1100	7507.1200	
7210.2009	7216.1000	7322.1901	7507.2000	8006.0000
7210.3109	7216.2100	7322.1902		
7210.3909	7216.2200	7322.1909	7604.1001	8303.0000
7210.4900	7216.3100	7322.9000	7604.1009	
7210.5009	7216.3200		7604.2100	8403.1000
7210.5009	7216.3300		7604.2900	8403.9000
7210.6009	7216.3000	7407.1001		
7210.7009	7216.4000	7407.1009		
7210.9000	7216.5000	7407.2101	7605.1100	8414.5109
	7216.6000	7407.2109	7605.1900	8414.5909
7211.1100	7216.9001	7407.2201	7605.2100	8414.6009
7211.1200	7216.9009	7407.2209	7605.2900	8414.8009
7211.1900	7301.1000	7407.2911		8414.9000
7211.2100	7301.2000	7407.2919	7606.1109	
7211.2200		7407.2921	7606.1209	8415.1000
7211.2900	7303.0000	7407.2929	7606.9109	8415.8100

1. júní 1989

321

Nr. 51

8415.8200	9401.6900	9403.1009	9403.6001	9403.9000
8415.8300	9401.7100	9403.2001	9403.6002	
8415.9000	9401.7900	9403.2002	9403.6009	9404.1000
	9401.8000	9403.2003	9403.7001	9404.2100
9401.1000	9401.9000	9403.2009	9403.7002	9404.2900
9401.2000		9403.3001	9403.7009	9404.9000
9401.3000	9402.1000	9403.3009	9403.8001	
9401.4000	9402.9000	9403.4000	9403.8002	
9401.5000		9403.5001	9403.8003	
9401.6100	9403.1001	9403.5009	9403.8009	

5. gr.

Í stað „3%“ í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald, komi: 5%.

6. gr.

Við 22. gr. laga um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og hljóði svo:

Til að bregðast við langvarandi og verulegu almennu eða staðbundnu atvinnuleysi er stjórn sjóðsins heimilt að lengja bótatímabil skv. 2. mgr. í 260 daga áður en viðkomandi bótaþegi fellur af bótum næstu 16 vikur. Heimild þessari skal stjórnin beita almennt eða staðbundið miðað við aðstæður á hverjum stað fyrir sig.

7. gr.

Ný 40. gr. komi í lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 64/1981, og númer síðari greina breytist til samræmis. Greinin hljóði svo:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal tryggja launafólki fyrirtækja, sem verða gjaldþrota, rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta þann tíma sem það er án atvinnu á uppsagnarfresti meðan það bíður eftir endanlegu uppgjöri á launakröfum sínum samkvæmt lögum nr. 23/1985, um ríkisábyrgð á launum.

8. gr.

10. gr. laga nr. 23 28. maí 1985, um ríkisábyrgð á launum, orðist svo:

Hafi krafa samkvæmt lögum þessum á hendur ríkissjóði verið framseld glatast réttur til greiðslu hennar úr ríkissjóði. Þetta á þó ekki við ef krafan hefur verið framseld stéttarfélagi launþegans eftir að skiptameðferð á búi vinnuveitandans hófst né heldur ef krafan hefur verið að fullu eða að hluta til framseld Atvinnuleysistryggingasjóði.

9. gr.

Við 81. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, bætist ný málsgrein er orðast svo:

Á sama hátt skal við álagningu eignarskatts skipta eignarskattsstofni eftirlifandi maka sem situr í óskiptu búi og reikna eignarskatt hans eins og hjá hjónum væri næstu fimm ár eftir lát maka.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 3. gr. og 9. gr. skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1989.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara er fjármálaráðherra heimilt að fella niður vörugjald og jöfnunargjald á aðföngum til fiskeldis- og loðdýraræktar.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G**um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á innfluttar drykkjarvörur í einnota umbúðum úr málm, gleri eða plastefni skal leggja skilagjald sem innheimt skal við tollafgreiðslu. Má gjaldið nema allt að 10 krónum á hverja umbúðaeiningu og er ráðherra heimilt að hækka hámarksfjárhæðina í samræmi við breytingar á verði drykkjarvaranna frá gildistöku laga þessara. Sama gjald skal lagt á drykkjarvörur sem framleiddar eru eða átappaðar hér á landi og seldar eru í sams konar umbúðum og að framan greinir. Skal greiða gjaldið samhliða vörugjaldi af innlendum drykkjarvörum. Til viðbótar skilagjaldi skal með sama hætti leggja á umsýsluþóknun sem í fyrstu nemur 1% af skilagjaldi, en ráðherra er heimilt að hækka hana í allt að 5% af skilagjaldi.

Að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um í lögum þessum skulu ákvæði laga nr. 97/1987, um vörugjöld, með síðari breytingum, eiga við um álagningu, innheimtu, viðurlög, kærur, eftirlit og aðra framkvæmd gjaldtöku samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Iðnaðarráðherra skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags sem taki að sér umsýslan skilagjaldsins svo og söfnun og endurvinnslu einnota umbúða er falla undir lög þessi. Til samvinnu um stofnun og starfsemi hlutafélagsins skal iðnaðarráðherra heimilt að kveðja til aðila sem áhuga hafa á málinu. Heimilt er að semja við félagið um að það fái umsýsluþóknun skilagjaldsins til að standa undir rekstri sínum og auk þess skilagjald af þeim umbúðum sem eigi er skilað. Ríkissjóði er heimilt að eiga aðild að félaginu og leggja fram allt að 12 milljónum króna.

Félagið skal hafa einkarétt til framangreindrar starfsemi hér á landi.

3. gr.

Skilagjald skal endurgreiða neytendum við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum. Sömuleiðis skal greiða samsvarandi til einstaklinga, fyrirtækja eða félagasamtaka sem taka að sér að safna slíkum umbúðum til eyðingar eða endurvinnslu.

Félagið skal sjá til þess að koma upp skilvirku fyrirkomulagi á söfnun skilgjalddsskyldra umbúða um land allt. Félagið skal einnig endurvinna umbúðir eða koma þeim til endurvinnslu eða eyðingar.

Félagið skal kappkosta að ná sem bestum skilum á skilgjalddsskyldum umbúðum og hafa samstarf við sveitarfélög, einstaklinga, fyrirtæki og félagasamtök um sérstakar hreinsunarherferðir þar sem áhersla verður lögð á söfnun skilgjalddsskyldra umbúða. Enn fremur verði leitað samstarfs við þá aðila sem aðstöðu hafa til úrvinnslu umbúðanna.

Félagið skal greiða 5% af árlegum tekjuafgangi til Náttúruverndarráðs.

4. gr.

Í reglugerð, sem iðnaðarráðherra setur, skal kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara, m.a. varðandi fjárhæð, innheimtu og endurgreiðslu skilgjalddssins, gerð og efnisval skilgjalddsskyldra umbúða fyrir drykkjarvörur og upphæð umsýsluþóknunar. Við ákvörðun umsýsluþóknunar skal við það miðað að félagið geti staðið undir kostnaði við starfsemina og skilað hluthöfum hóflegum arði af hlutafé.

Iðnaðarráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð bann við notkun einnota drykkjarvöruumbúða sem torvelt er að eyða eða koma til endurvinnslu samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál vegna slíkra brota skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 1989

Nr. 53

324

24. maí 1989

LÖG

um sammingsbundna gerðardóma.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Lög þessi taka til sammingsbundinna gerðardóma.

Aðilar geta með samningi ákveðið að leggja réttarágreining sína á milli í gerð ef þeir hafa forræði á sakarefninu. Slíkan samning má gera hvort heldur er um ágreining sem upp er kominn eða síðar kann að koma upp í tilteknum lögskiptum aðila.

2. gr.

Hafi mál verið höfðað fyrir almennum dómstólum um ágreiningsefni sem á undir gerðardóm samkvæmt gildum gerðarsamningi skal ekki vísa því frá dómi nema krafa komi fram um það.

3. gr.

Gerðarsamningur skal vera skriflegur. Þar skal koma skýrt fram að um gerðarsamning sé að ræða, hverjir séu aðilar sammingsins og úr hvaða réttarágreiningu skuli leyst.

Gerðarsamningur skuldbindur ekki aðila ef í verulegum atriðum er vikið frá ákvæðum 1. mgr., ef úrlausnarefni má ekki leggja í gerð eða ef ákvæði um skipun gerðarmanna, málsmeðferð eða önnur atriði þykja ekki veita fullnægjandi réttarvernd.

Gerðardómurinn kys sér formann nema annað sé ákveðið í gerðarsamningi. Sé frestur til að útnefna gerðarmenn ekki tiltekinn í gerðarsamningi skulu aðilar tilnefna þá innan hæfilegs tíma.

4. gr.

Rísi ágreiningur um skipun í gerðardóminn getur aðili leitað til þess héraðsdómara sem hefði dómsvald um sakarefnið ef gerðarsamningur lægi ekki fyrir og leysir hann úr ágreiningnum með úrskurði.

Aðili getur með sama hætti snúið sér til héraðsdómara ef gagnaðili fullnægir ekki skyldum sínum samkvæmt gerðarsamningi um skipun gerðarmanns eða ef aðilar ná ekki samkomulagi um skipun gerðarmanns. Getur dómari þá skipað þann eða þá gerðarmenn. Sama gildir ef gerðardómur verður óstarfhæfur sakir þess að gerðarmaður tekur ekki þátt í störfum gerðardóms vegna veikinda eða annarra atvika.

Sé ákvæði um skipun og fjölda gerðarmanna ekki til að dreifa í gerðarsamningi og ekki næst samkomulag um aðra tilhögun skal dómari, eftir kröfu aðila, tilnefna þrjá menn í gerðardóm, þar af einn sem skal vera formaður.

5. gr.

Beiðni skv. 4. gr. skal vera skrifleg og koma fram strax og tilefni er til. Í henni skal m.a. tilgreina aðila málsins, ágreining þann sem gerðarmál snýst um, tildrög þess að leitað er til héraðsdómara og hverra aðgerða er óskað. Gerðarsamningur eða afrit hans skal fylgja beiðni.

Dómari gerir aðilum viðvart hvenær mál verði tekið fyrir. Sé þess óskað getur gagnaðili fengið stuttan frest til að semja greinargerð, en að því loknu tekur dómari ágreiningsefnið til úrskurðar eftir að aðilar hafa tjáð sig um það munnlega. Dómari er óbundinn af álitum því er liggur til grundvallar úrskurði ef á það reynir í dómsmáli síðar. Úrskurði verður ekki skotið til Hæstaréttar. Þó má kæra til Hæstaréttar úrskurði þar sem synjað er tilnefningu gerðarmanns.

6. gr.

Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð.

Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls.

Formaður gerðardóms sker úr ágreiningi um hæfisskilyrði gerðarmanna. Þá úrlausn getur aðili borið undir héraðsdómara með þeim hætti og með þeim áhrifum sem um getur í 5. gr. Héraðsdómari kveður upp úrskurð um ágreiningsefnið og verður honum ekki skotið til Hæstaréttar.

7. gr.

Kröfur aðila fyrir gerðardómi skulu vera skýrar. Gerðarmenn skulu ávallt gefa aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefnið. Gæta skal jafnræðisreglu.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð fyrir gerðardómi eftir gerðarsamningi. Þar sem slíkar reglur er ekki að finna ákveður gerðardómur sjálfur málsmeðferð og skal hraða gerðarmáli svo sem kostur er.

Gerðarmenn skulu allir taka þátt í störfum dómsins. Formaður gerðardóms getur þó einn tekið við skjöllum og sinnt öðrum minni háttar framkvæmdaratriðum. Í gerðarsamningi má einnig fela formanni gerðardóms einum að taka ákvarðanir um atriði sem varða rekstur gerðarmáls.

Afl atkvæða í gerðardómi ræður úrslitum.

8. gr.

Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr, rökstuddur í meginatriðum og undirritaður af þeim gerðarmönnum sem að dómi standa. Sátt fyrir gerðardómi skal vera skrifleg og undirrituð af aðilum og gerðarmönnum.

9. gr.

Verði verulegur dráttur á meðferð gerðarmáls sem aðili telur að rekja megi til vanrækslu gerðarmanna á starfsskyldum sínum getur hann snúið sér til héraðsdómara með þeim hætti sem segir í 4. og 5. gr. með kröfu á hendur gagnaðila og gerðarmönnum um að gerðarmenn, einn eða fleiri, verði leystir frá störfum og aðrir skipaðir í þeirra stað.

Héraðsdómari tekur ákvörðun um þetta með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar.

10. gr.

Gerðarmenn eiga rétt á endurgjaldi fyrir verk sitt, svo og ferðakostnaði eftir reikningi. Verði ágreiningur getur aðili borið hann undir héraðsdómara með þeim hætti sem 5. gr. áskilur. Héraðsdómari leysir úr ágreiningsefninu með úrskurði sem kæra má til Hæstaréttar.

11. gr.

Gerðardómur kveður á um greiðslu málskostnaðar milli aðila eftir kröfu þeirra, þar á meðal kostnaðar sem leiðir af starfsemi gerðardómsins. Frá þessu má víkja með ákvæði í gerðarsamningi.

12. gr.

Gerðardómur má ógilda að nokkru leyti eða öllu með málsókn í héraði:

1. ef gerðarsamningur var ógildur,
2. ef gerðarmenn voru vanhæfir,
3. ef málsmeðferð var áfátt í verulegum atriðum,
4. ef gerðarmenn hafa farið út fyrir valdsvið sitt,
5. ef gerðardómur er ekki í lögmætu formi,
6. ef gerðardómur er bersýnilega reistur á ólögmætum sjónarmiðum eða fer í bága við allsherjarreglu.

Hafi mál verið höfðað skv. 1. mgr., en mótmæli ekki áður komið fram um þau atriði sem málsókn er reist á, verður gerðardómur ekki ógiltur nema mótmælin skipti ekki máli eða afsakanlegt var að slík mótmæli kæmu ekki fram. Sátt fyrir gerðardómi má ógilda með sama hætti og réttarsátt með málsókn í héraði.

13. gr.

Sé annað ekki ákveðið í gerðarsamningi skal gerðardómur eða sátt, sem gerð er fyrir honum, vera aðfararhæf. Um skilyrði aðfarar, aðfararfrest og framkvæmd aðfarar fer eftir reglum aðfararlaga.

Ef aðili byggir rétt fyrir dómi á gerðardómi eða sátt sem gerð er fyrir gerðardómi getur gagnaðili vefengt gildi hans vegna þeirra atriða sem greind eru í 12. gr. og sker dómurinn þá úr.

14. gr.

Gerðardómar, sem kveðnir eru upp í samræmi við þjóðréttarsamninga sem Ísland er aðili að, skulu öðlast viðurkenningu og aðfararhæfi hér á landi eftir því sem efni þeirra stendur til.

Aðrir alþjóðlegir gerðardómar skulu öðlast viðurkenningu og aðfararhæfi ef þeir fullnægja fyrirmælum íslenskra laga um gerðardóma.

15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

16. gr.

um breytingu á lögum nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. og 2. mgr. 12. gr. laganna orðist svo:

Ekki mega opinberir aðilar né einkaaðilar semja um að taka lán erlendis nema með samþykki ríkisstjórnar. Til lána telst í þessu sambandi hvers konar greiðslufrestur á þjónustu, svo og leigusamningar. Greiðslufrestur á vörum, sem innflytjandi tekur án ábyrgðar banka eða annarra fjármálastofnana, fellur ekki undir þetta ákvæði.

Viðskiptaráðuneytið setur, að höfðu samráði við Seðlabankann, reglur um erlendar lántökur og um mörkin milli þeirra og greiðslufrests á vörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

Nr. 69

29. maí 1989

L Ö G

um breyting á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðist svo:

Í hlutafélagi skal vera hlutafé sem skipt er í tvo eða fleiri hluti. Hlutaféð skal minnst vera 400.000 kr. Þessari lágmarksfjárhæð skal ráðherra breyta í hátt við breytingar á lánskjaravísitölu. Breyting á fjárhæðinni skal taka gildi við upphaf árs enda hafi verið tilkynnt um hana eigi síðar en 15. desember árið áður. Fjárhæðinni skal þó ekki breytt nema efni sé orðið til breytingar sem nemur að minnsta kosti tuttugu af hundraði frá því að breyting var síðast gerð. Þá skal lágmarksfjárhæðin jafnan standa á heilu hundraði þúsunda króna. Nú uppfyllir hlutafélag kröfu um lágmarkshlutafé þegar það er stofnað og er því þá ekki skylt að hækka hlutafé sitt þótt endurskoðun lágmarksfjárhæðar samkvæmt þessari málsgrein leiði til þess að hlutafé félagsins nái ekki lengur þeirri lágmarksfjárhæð hlutafjár sem þarf til þess að hlutafélag verði stofnað.

- b. 1. másl. 4. mgr. orðist svo: Hlutfélagum einum er rétt og skylt að hafa orðið hlutfélag í heiti sínu eða skammstöfunina hf. (h/f, h.f.).

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. másl. 2. mgr. komi: tveir.
b. 3. mgr. orðist svo:

Stofnendur geta verið einstaklingar, íslenska ríkið og stofnanir þess, sveitarfélög og stofnanir þeirra, skráð hlutfélög, skráð samvinnufélög, önnur skráð félög með takmarkaðri ábyrgð, skráð sameignarfélög, skráð samlagsfélög og sjálfseignarstofnanir sem eru undir opinberu eftirliti.

- c. 5. mgr. orðist svo:

Sá sem undirritar stofnsamning og önnur stofnskjöl fyrir hönd lögaðila skal fullnægja þeim skilyrðum er segir um einstaklinga. Hann ber auk umbjóðanda síns ábyrgð svo sem sjálfur væri hann stofnandi nema á greiðslu þeirra hluta sem umbjóðandi hans hefur skrifað sig fyrir.

3. gr.

2. másl. 3. mgr. 5. gr. laganna orðist svo: Enn fremur skal fylgja stofnsamningi upphafsefnahagsreikningur félagsins með nauðsynlegum gögnum um að hagur fyrirtækis þess, sem félagið yfirtekur, hafi ekki rýrnað frá þeim tíma sem yfirtakan skal miðuð við og að stofnun hlutfélagsins. Skýrsla löggilts endurskoðanda um gögn þau, sem um ræðir í þessari málsgrein, skal lögð fram á stofnfundi.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 6. gr. laganna:

- a. 2. tl. 2. mgr. orðist svo: Heimilisfang félagsins.
b. 10. tl. 2. mgr. falli niður og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis.
c. Í stað orðsins „ágóða“ í 3. mgr. komi: hagnaði.

5. gr.

2. másl. 1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo: Það sem þegar hefur verið greitt af hlutfé skal þá þegar endurgreiða eftir að frá hefur verið dreginn kostnaður við stofnun enda hafi verið gerður um það fyrirvari í stofnsamningi.

6. gr.

2. mgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Eigi má skrá félag nema heildarhlutfé það, sem áskrift hefur fengist fyrir, sé í samræmi við það er greinir um hlutfé í samþykktum og þar af skal minnst helmingur vera greiddur. Sama gildir um það sem greiða á umfram nafnverð. Aldrei skal lægri fjárhæð en sú sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð skv. 3. mgr. 1. gr. vera greidd við skráningu.

7. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðist svo:

Greiði hluthafi ekki tilskilið hlutfé á gjalddaga skal hann greiða vexti af skuldinni frá þeim degi er séu jafnháir og vextir af innstæðum á almennum sparisjóðsbókum eins og þeir eru hæstir þar sem félagið á heimili enda sé ekki annað ákveðið í samþykktum félagsins.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 17. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. mgr. komi: tveir.
- b. 2. másl. 2. mgr. orðist svo: Í samþykktum má þó ákvæða að hlutum skuli skipt í sérstaka flokka.

9. gr.

2. másl. 18. gr. laganna orðist svo: Í samþykktir má þó aðeins setja ákvæði um viðskiptahömlur að því er hlutabréf varðar sem séu í samræmi við ákvæði 19. og 20. gr. eða sérstakra laga.

10. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 19. gr. laganna:

- a. Aftan við c-lið í 1. mgr. bætist nýr máslíður er orðist svo: Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs um greiðsluskilmála gilda.
- b. Í stað orðanna „margra hluta“ í 1. másl. 2. mgr. komi: margra hluta eins eða fleiri hluthafa.
- c. Síðasti másl. 4. mgr. falli niður.

11. gr.

Við 20. gr. laganna bætist ný málsgrein er verði 3. mgr. og orðist svo:

Synji stjórn félags um sölu eða annað framsal á hlutum getur hluthafinn krafist þess að félagið leysi til sín hlutina sem um ræðir. Náist ekki samkomulag um verð skal það ákveðið innan þriggja mánaða af matsmönnum sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins. Félagið ber kostnað af matinu. Nú vill annar hvor aðilja ekki hlíta ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna og getur hann þá borið ákvörðunina undir dómstóla en mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að hinir dómkvöddu matsmenn luku mati sínu.

12. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 21. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðist svo:
Hlutabréf skulu gefin út til nafngreinds aðila.
- b. Í stað orðsins „Nafnbref“ í 2. másl. 2. mgr. komi: Hlutabréf.
- c. 3. tl. 3. mgr. falli niður og 4. tl. greinarinnar verði 3. tl.
- d. Við bætist ný málsgrein er verði 6. mgr. og orðist svo:
Hlutabréf getur tekið til tveggja eða fleiri hluta í sama flokki. Á slíku hlutabréfi skal tilgreina númer þess og nafnverð þeirra. Ákvæði þessarar greinar gilda að öðru leyti um slík hlutabréf. Hluthafi á þó jafnan rétt til að fá slíku hlutabréfi skipt fyrir hlutabréf sem taka til einstakra hluta.

13. gr.

2. másl. 23. gr laganna falli niður.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 24. gr. laganna:

- a. 2. mgr. orðist svo:
Í hlutaskrá skulu hlutir eða hlutabréf skráð í númeraröð og skal fyrir sérhvern hlut eða hlutabréf tekið fram um nafn eiganda, heimilisfang og nafnnúmer, kennitölu eða skráningarnúmer.

b. Við bætist tvær nýjar málsgreinar er verði 3. og 4. mgr. og orðist svo:

Taki hlutabréf til tveggja eða fleiri hluta skal hlutaskráin jafnframt geyma upplýsingar um númer slíks hlutabréfs og nafnverð þeirra.

Í hlutaskrá skal enn fremur vera að finna skrá um hluthafa í stafrófsröð og sé tekin fram hlutafjáreign hvers hluthafa.

c. Úr 1. másl. 3. mgr., sem verður 5. mgr., falli niður orðin „sem skráður er á nafn“.

15. gr.

a. Úr 25. gr. laganna falli niður orðin „sem hljóðar á nafn“.

b. Við 25. gr. laganna bætist: Nú er arður sendur hluthöfum eða greiddur út án framvísunar arðmiða eða hlutabréfa og telst félagið þá þrátt fyrir næsta málslið hér að framan hafa lokið arðgreiðslu ef það greiðir þeim sem á útborgunardegi er skráður eigandi hlutabréfa í hlutaskrá eða hefur á þeim degi tilkynnt og fært sönnur á eign sína á hlutnum.

16. gr.

Í stað orðanna „35. gr.“ í 1. másl. 1. mgr. 27. gr. laganna komi: 35. og 37. gr.

17. gr.

Í stað 2. másl. 1. mgr. 28. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Í hlutafélögum, sem ekki leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, geta hluthafar framselt öðrum íslenskum aðilum áskriftarrétt sinn að einhverju leyti eða í heild en þó einungis að heilum hlutum. Nú notar eða framselur, sbr. 2. másl., einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir eldri hluthafar aukinn rétt til áskriftar sem þeir geta ekki framselt öðrum.

18. gr.

Tveir síðustu másl. 2. mgr. 29. gr. laganna falli niður.

19. gr.

7. tl. 1. mgr. 30. gr. laganna falli niður.

20. gr.

Í 32. gr. laganna komi ný málsgrein sem verði 2. mgr. og orðist svo:

Þeim hluthöfum eða öðrum, sem hafa forgangsrétt til áskriftar, skal strax eftir ákvörðun um hlutafjárhækkun send tilkynning um hana eftir sömu reglum og gilda um boðun til hluthafafundar, ásamt upplýsingum um nafnverð og útboðsgengi hluta þeirra er hluthafi á rétt til að kaupa, um frest til áskriftar og um greiðslukjör.

21. gr.

1. másl. 2. mgr. 34. gr. laganna orðist svo: Hafi áskrift fengist fyrir hinu ákveðna lágmarki hlutafjárauka á réttum tíma og minnst fjórðungur hans verið greiddur, að viðbættum minnst fjórðungi þess sem greiða á umfram nafnverð, skal tilkynna hlutafélagaskrá hlutafjárupphæð þá sem áskrift hefur fengist fyrir, stjórnin hefur samþykkt og ekki ógilt samkvæmt ákvæðum 16. gr. og þá fjárhæð sem þegar hefur verið greidd fyrir hlutina.

22. gr.

1. másl. 2. mgr. 35. gr. laganna orðist svo: Í samþykktum skal þá taka fram um hámark þeirrar fjárhæðar sem stjórn er heimilt að hækka hlutaféð, um frest til notkunar þessarar heimildar, sem þó má eigi fara fram úr fimm árum, og um þau atriði sem um getur í 2. og 3. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr.

23. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 37. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „verðhækkunar eigna“ í 1. másl. 1. mgr. komi: færslna í endurmatsreikningi.
- b. Í stað 2. másl. 2. mgr. komi tveir másl. sem orðist svo: Þó getur hluthafafundur veitt stjórn félags heimild til þess að ákveða útgáfu jöfnunarhlutabréfa á yfirstandandi reikningsári um fjárhæð sem nemur allt að tilteknu hámarki. Ákvæði 2. tl. 1. mgr., 2. mgr. og 3. mgr. 30. gr. gilda um ákvörðunina.
- c. Inn komi ný mgr. sem verði 3. mgr. og orðist svo:
Um breytingar á samþykktum vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa gilda ákvæði 1. mgr. 36. gr.

24. gr.

Í stað orðsins „greiðslu“ í 4. tl. 2. mgr. 42. gr. laganna komi: að leggja.

25. gr.

Í stað orðanna „birta þrisvar“ í 1. mgr. 44. gr. laganna komi: birta tvisvar, og í stað orðanna „þriggja mánaða“ í sömu málsgrein komi: tveggja mánaða.

26. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðist svo:

Hlutfélag má aldrei sjálfst eiga meira en 10% af eigin hlutfé lengur en þrjá mánuði. Eignist félagið meira af hlutfénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

27. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 47. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðist svo:
Í stjórn hlutfélags skulu eiga sæti fæst þrjú menn nema hluthafar séu fjórir eða færri, þá nægir að stjórnina skipi einn eða tveir menn. Ef stjórn félags er skipuð einum eða tveim mönnum skal valinn að minnsta kosti einn varamaður.
- b. Í stað orðanna „minnst ¼ hlutfjárins“ í 4. mgr. komi: minnst ⅓ hlutfjárins.

28. gr.

49. gr. laganna falli brott.

29. gr.

1. mgr. 54. gr. laganna orðist svo:

Félagsstjórn skal kjósa sér formann nema ákveðið sé í samþykktum að hluthafafundur kjósi formann sérstaklega. Ef atkvæði eru jöfn ræður lutkesti. Ekki má kjósa framkvæmdastjóra félags sem formann í félögum sem um ræðir í 1. másl. 1. mgr. 49. gr.

30. gr.

Í stað orðanna „efnahagsreiknings og rekstrarreiknings“ í a-lið 2. mgr. 67. gr. laganna komi: ársreiknings.

31. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 71. gr. laganna:

- a. 3. másl. 2. mgr. falli niður.
- b. Í stað orðsins „ársreikningur“ í 4. mgr. komi: ársreikningur, ársskýrsla stjórnar.

32. gr.

1. másl. 72. gr. laganna orðist svo: Mál, sem ekki hafa verið greind í dagskrá, er ekki unnt að taka til úrlausnar á hluthafafundi nema með samþykki fundarmanna sem samtals fara með minnst $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða í félaginu.

33. gr.

1. másl. fyrri mgr. 76. gr. laganna orðist svo: Ákvörðun um breytingu félagssamþykktá í öðrum tilvikum en þeim sem nefnd eru í 16., 36., 37. og 45. gr. skal tekin á hluthafafundi.

34. gr.

Í stað tveggja fyrstu másl. 1. mgr. 80. gr. laganna komi nýr másl. sem orðist svo: Á aðalfundi skal kjósa einn eða fleiri endurskoðendur í samræmi við samþykktir félagsins.

35. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 82. gr. laganna.

a. 1. másl. 1. mgr. orðist svo: Í hlutafélögum, þar sem hlutafé er að minnsta kosti fimmtánfalt hærra en lágmark þeirrar fjárhæðar sem þarf til að stofna hlutafélag, sbr. 1. gr., eða hafa fleiri en 100 starfsmenn (ármenn) eða þar sem skuldir og bundið eigið fé nemur að minnsta kosti tvö hundruð sinnum hærri fjárhæð en þeirri sem þarf til að stofna hlutafélag, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

b. 2. mgr. orðist svo:

Í félögum, þar sem engar hömlur eru lagðar á viðskipti með hlutabréf milli íslenskra aðila, skal að minnsta kosti einn endurskoðenda, sem kosinn er á aðalfundi, vera löggiltur.

36. gr.

Inn í 3. mgr. 88. gr. laganna komi nýr máslíður, sem verði 2. máslíður, svohljóðandi: Ef ársskýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar, sem ber að veita, eða er ekki í samræmi við ársreikning skulu endurskoðendur vekja á því athygli í skýrslu sinni.

37. gr.

Yfirskrift XII. kafla orðist svo:

Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar.

38. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 93. gr. laganna:

a. 2. másl. 1. mgr. orðist svo: Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

b. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 2. másl. 2. mgr. komi: ársskýrslu stjórnar, sbr. 103. gr.

c. Í stað orðanna „einum og hálfum mánuði“ í 3. mgr. komi: einum mánuði.

39. gr.

2. mgr. 95. gr. laganna orðist svo:

Í ársreikningi skulu vera skýringar á einstökum liðum í samræmi við ákvæði þessa kafla, sbr. 102. gr.

40. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 97. gr. laganna:

- a. Í stað 2. másl. 4. mgr. komi þrír nýir málsliðir sem orðist svo: Þá fjárhæð, sem hækkuninni nemur, skal setja í endurmatsreikning. Í endurmatsreikning skal og gerð mótbókun við gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.

Endurmatsreikningi má aðeins ráðstafa til:

 1. nauðsynlegrar niðurfærslu á öðrum fastafjármunum,
 2. að mæta tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir,
 3. hækkunar á hlutfé,
 4. að verðbæta varasjóð, sbr. 108. gr., í samræmi við verðlagsbreytingar en þó aðeins að því marki sem svarar útgefnum jöfnunarhlutabréfum,
 5. að verðbæta frjálst eigið fé í samræmi við verðlagsbreytingar,
 6. að verðbæta þau tillög í skattalega sjóði og aðrar hliðstæðar ráðstafanir, sbr. 6. tl. 4. mgr. 101. gr., sem skylt er að verðbæta.
- b. Í stað orðanna „liðum 1 eða 3“ í 5. mgr. komi: lið 1.
- c. Inn komi ný lokamálsgrein sem verði 7. mgr. og hljóði svo:

Ráðstöfun endurmatsreiknings í því skyni, sem um ræðir í 2., 4., 5. og 6. lið 4. másl.
4. mgr. þessarar greinar, er heimil frá upphafi árs 1979.

41. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 101. gr. laganna:

- a. 1. tl. 3. mgr. orðist svo: Tekjur af aðalstarfsemi.
- b. Í 3. mgr. komi inn nýr tl., sem verði 5. tl., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi liður orðist svo: Tekjufærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
- c. 6. tl. 3. mgr., sem verður 7. tl., orðist svo: Óreglulegar tekjur.
- d. 4. mgr. orðist svo:

Meðal gjalda skal sérstaklega greina:

 1. Gjöld af aðalstarfsemi.
 2. Vaxtagjöld.
 3. Afskriftir og niðurfærslur á fastafjármunum.
 4. Gjaldfærslu vegna reiknaðra áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir.
 5. Tap sem verður við sölu, tjónsuppgjör, eignarnám eða aðra afhendingu fastafjármuna.
 6. Óregluleg gjöld.
 7. Tekjuskatt og eignarskatt reikningsársins.
- e. 5. mgr. orðist svo:

Óreglulegar tekjur og gjöld samkvæmt 7. lið 3. mgr. og 6. lið 4. mgr. skal sundurliða eftir tegundum.
- f. Við greinina bætist ný mgr. svohljóðandi:

Víkja má frá uppsetningu þessari að því leyti sem það samræmist góðri reikningskilavenju.

42. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 102. gr. laganna:

- a. 1. másl. orðist svo: Í skýringum í ársreikningi skal gefa upplýsingar um eftirfarandi atriði með vísun til viðeigandi liða í efnahagsreikningi og rekstrarreikningi komi þau ekki þar greinilega fram:

- b. Inn komi nýr tl., er verði 2. tl., og breytist tölusetning eftirkomandi liða til samræmis. Hinn nýi tl. orðist svo: Hafi við gerð ársreiknings verið tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir skal gera grein fyrir þeirri aðferð sem beitt hefur verið.

43. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 103. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ársskýrslu“ í 1. másl. 1. mgr. komi: ársskýrslu stjórnar sem lögð skal fram á aðalfundi.
- b. Í lok 2. mgr. komi nýr másl. sem orðist svo: Í ársskýrslu skal upplýst um fjölda hluthafa í lok reikningsárs. Þá skal í ársskýrslu upplýst um hundraðshluta hlutafjár þeirra hluthafa sem eiga að minnsta kosti tíu hundruðustu hlutafjár félagsins í lok reikningsárs. Ef atkvæðagildi hluta er hlutfallslega mismikið miðað við fjárhæð hluta skal enn fremur gerð grein fyrir atkvæðahlutdeild þeirra hluthafa sem ráða yfir að minnsta kosti tíu hundruðustu allra atkvæða. Við útreikning í þessu skyni telst samstæða hlutafélaga vera einn aðili.

44. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 105. gr. laganna:

- a. 1. másl. orðist svo: Eigi síðar en mánuði eftir samþykkt ársreiknings hlutafélags, sem leggur engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, þó eigi síðar en tíu mánuðum eftir lok reikningsárs, skal staðfest endurrit hans ásamt ársskýrslu stjórnar og endurskoðunarskýrslu hafa borist til hlutafélagaskrár.
- b. Inn komi nýr másl., er verði 2. másl., svohljóðandi: Hlutafélagaskrá er heimilt að kalla eftir ársreikningum annarra hlutafélaga.

45. gr.

Fyrri másl. 1. mgr. 107. gr. laganna orðist svo: Einungis er heimilt að úthluta sem arði hagnaði samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirferðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum eftir að dregið hefur verið frá tap, sem ekki hefur verið jafnað, og það fé sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða til annarra þarfa.

46. gr.

Í stað orðsins „árságóða“ í 1. másl. 1. mgr. 108. gr. laganna komi: hagnaðar.

47. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 109. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „um skiptingu eða aðra ráðstöfun ágóðans“ í 1. mgr. komi: um það efni.
- b. 2. mgr. orðist svo:

Hluthafar, sem eiga samtals minnst $\frac{1}{10}$ hluta hlutafjárins, eiga á aðalfundi kröfu til þess, sé krafan tilkynnt félagsstjórn samkvæmt ákvæðum 69. gr., að aðalfundur taki ákvörðun um að úthluta sem arði fjárhæð sem nemur allt að fjórðungi þess sem eftir stendur af árshagnaði þegar tap fyrri ára hefur verið jafnað og það dregið frá sem samkvæmt lögum eða félagssamþykktum skal lagt í varasjóð eða sem af öðrum ástæðum er ekki unnt að úthluta sem arði. Þó er ekki unnt að krefjast þess að meiru sé úthlutað en sem nemur tveim hundraðshlutum af eigin fé félagsins.

48. gr.

Í stað orðanna „jafnháir vöxtum á almennum sparisjóðsbókum“ í 1. mgr. 110. gr. laganna komi orðin „jafnháir hæstu vöxtum á almennum sparisjóðsbókum, sbr. 1. mgr. 14. gr.“

49. gr.

113. gr. laganna orðist svo:

Félagsstjórn er skylt að afhenda bú félags til gjaldþrotaskipta samkvæmt ákvæðum 14. gr. gjaldþrotalaga.

Standi eignir eftir við gjaldþrotaskipti að greiddum kröfum lánardrottna skal skiptaráðandi skipta þeim milli hluthafa í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra nema samþykktir félags kveði á um aðra skipan. Lögmætur hluthafafundur getur þó ákveðið að halda starfsemi félagsins áfram að fullnægðum lögmæltum skilyrðum til þess.

50. gr.

114. gr. laganna orðist svo:

Hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{1}{3}$ hluta hlutafjár, geta krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins.

Sé þess krafist fyrir dómi af hálfu félagsins má í dómi ákveða að í stað félagsslita geti félagið innan frests og fyrir verð, sem ákveðið er í dómnum, leyst til sín hlutabréf þeirra hluthafa sem félagsslita hafa krafist samkvæmt 1. mgr.

51. gr.

115. gr. laganna orðist svo:

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu ráðherra:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í lögum en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Ef hluthafar verða færri en tveir enda sé eigi úr bætt innan þriggja mánaða.
3. Ef félagið tilkynnir ekki hlutafélagaskrá um stjórn eða stjórnarmenn, sem fullnægja lögákveðnum skilyrðum, innan árs frá lokum lögmæltis frests til þess eða hefur ekki framkvæmdastjóra sé þess krafist í lögum.
4. Þegar endurskoðaðir og samþykktir ársreikningar þeirra hlutafélaga, sem skila skulu ársreikningum, hafa ekki verið sendir hlutafélagaskrá fyrir þrjú síðustu reikningsár.
5. Ef ráðherra neitar um eða fellir úr gildi löggildingu skilaneftndar samkvæmt 4.–6. mgr.

118. gr.

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu hluthafa:

1. Þegar félagi skal slitið samkvæmt ákvæðum í samþykktum þess en hluthafafundur ákveður ekki félagsslit.
2. Hafi krafa samkvæmt 1. mgr. 114. gr. verið tekin til greina með dómi.

Skiptaráðandi skal taka bú hlutafélags til skipta samkvæmt kröfu félagsstjórnar hafi hluthafar, er ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ hlutum heildarhlutafjár félagsins, samþykkt að slíta félaginu á þennan hátt eða skilyrðum 2. mgr. 117. gr. fyrir skipun skilaneftndar er ekki fullnægt.

52. gr.

116. gr. laganna orðist svo:

Er skiptaráðandi hefur borist krafa um skipti samkvæmt 1. eða 2. mgr. 115. gr. skulu um meðferð hennar gilda reglur 2.–5. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga.

Skiptaráðandi skal kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við kröfu um að bú hlutafélags verði tekið til skipta. Sé krafan tekin til greina skal skiptaráðandi auglýsa skiptin að hætti 3. tl. 19. gr. gjaldþrotalaga þar sem greint er á hvern hátt búið sé komið til skipta og skal kröfulýsingarfrestur vera sá sami og þar greinir, svo og réttaráhrif innköllunarinnar.

Um búsmeðferð að öðru leyti skulu gilda ákvæði 20. og 21. gr., IV.–VII. og IX.–XIX. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á, og 2. mgr. 113. gr. laga þessara.

Komi fram að loknum kröfulýsingarfresti að eignir félagsins muni ekki hrökkva fyrir skuldum þess getur skiptaráðandi með úrskurði kveðið svo á samkvæmt kröfu lánardrottins félagsins að með búið skuli farið sem þrotabú og gilda þá almennar reglur gjaldþrotalaga um búsmæðferð upp frá því.

53. gr.

117. gr. laganna orðist svo:

Hafi hluthafar, er ráða yfir minnst $\frac{2}{3}$ hlutum heildarhlutafjár félags, tekið um það ákvörðun á hluthafafundi að félaginu skuli slitið, og æskja þess ekki að skipti fari að hætti 3. mgr. 115. gr., skal félagsstjórn þegar láta gera efnahags- og rekstrarreikning fyrir félagið. Reikningi þessum skal fylgja álitserð löggilts endurskoðanda um hvort eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Innan mánaðar frá því að hluthafafundur hefur tekið ákvörðun um félagsslit samkvæmt 1. mgr. skal haldinn nýr hluthafafundur þar sem reikningar samkvæmt 1. mgr. skulu lagðir fram. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum skal á fundinum kosin skilanefnd. Komi fram að eignir félagsins hrökkvi ekki svo víst sé fyrir skuldum þess skal félagsstjórn óska eftir skiptum á búi félagsins samkvæmt 3. mgr. 115. gr.

54. gr.

118. gr. laganna orðist svo:

Í skilanefnd skulu kosnir hlutfallskosningu hið minnsta tveir, en hið mesta fimm menn. Hluthafahópi, er ræður yfir minnst $\frac{1}{3}$ hluta heildarhlutafjár, er rétt að ráða vali eins skilanefndarmanns.

Hið minnsta einn skilanefndarmaður skal vera héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmaður eða löggiltur endurskoðandi.

Þegar er kosin hefur verið skilanefnd skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um ákvörðun um slit félagsins og kosningu sína og óska eftir löggildingu ráðherra á starfa sínum. Er löggilding hefur fengist tekur skilanefnd við réttindum og skyldum félagsstjórnar og framkvæmdastjóra.

Ráðherra er rétt að synja um löggildingu skilanefndar ef fyrirbyggjandi gögn bera ekki með sér að réttilega hafi verið staðið að ákvörðun um félagsslit eða kjöri skilanefndar eða vafasamt þykir að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess.

Óski maður, sem hlotið hefur löggildingu til starfa í skilanefnd, lausnar frá starfi sínu eða andist skilanefndarmaður áður en hún hefur lokið störfum skal skilanefnd tafarlaust tilkynna það ráðherra og boða innan eins mánaðar til hluthafafundar til að kjósa nýjan mann í hans stað. Sé ekki leitað löggildingar nýs skilanefndarmanns án ástæðulausrar tafar er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Telji ráðherra að ástæðulaus dráttur hafi orðið á starfi skilanefndar eða að hún hafi á annan hátt brotið skyldur sínar skal hann veita henni áminningu og frest til úrbóta. Sé málum ekki komið í rétt horf innan slíks frests er ráðherra heimilt að fella löggildingu skilanefndar úr gildi.

Skilanefndarmenn ábyrgjast einn fyrir alla og allir fyrir einn hluthöfum og lánardrottnum félagsins allt tjón er þeir kunna að baka þeim með störfum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

55. gr.

119. gr. laganna orðist svo:

Þegar er skilanefnd hefur verið löggilt skal hún láta birta tvívegis í Lögbirtingablaði auglýsingu um félagsslitin ásamt áskorun til lánardrottna um að þeir lýsi kröfum sínum á hendur félaginu til skilanefndar innan tveggja mánaða frá því að auglýsingin birtist fyrra sinni. Réttaráhrif slíkrar innköllunar skulu vera hin sömu og við gjaldþrotaskipti á búi hlutafélags.

Í auglýsingu samkvæmt 1. mgr. skal skilanefnd boða til fundar með lánardrottnum félags

og hluthöfum til þess að fjalla um kröfur á hendur félaginu og skal sá fundur haldinn innan mánaðar frá lokum kröfulýsingarfrests.

Löggilding skilaneftar og innköllun krafna breyta ekki rétti lánardrottna til að leita fullnustu krafna sinna samkvæmt almennum reglum.

Um kröfur á hendur félaginu og gagnkvæma samninga þess skulu gilda ákvæði VI. og VII. kafla gjaldþrotalaga, eftir því sem við á.

56. gr.

120. gr. laganna orðist svo:

Þegar kröfulýsingarfrestur er á enda skal skilaneftnd gera skrá um þær kröfur sem henni hafa borist. Skal hún láta í ljós álit sitt á því hvort eða að hversu miklu leyti hún telji að viðurkenna skuli hverja kröfu. Telji skilaneftnd ekki unnt að viðurkenna kröfu að öllu leyti eins og henni hefur verið lýst skal hún tilkynna hlutaðeigandi kröfuhafa um það á sannanlegan hátt og boða hann sérstaklega til þess fundar þar sem fjallað verður um lýstar kröfur.

Komi ekki andmæli fram gegn afstöðu skilaneftndar til viðurkenningar á lýstum kröfum á fundi sem haldinn er til umfjöllunar um lýstar kröfur skal afstaða hennar teljast endanlega samþykkt af öllum hlutaðeigandi.

Andmæli lánardrottinn afstöðu skilaneftndar til viðurkenningar kröfu sinnar eða sæti krafa andmælum af hendi annars lánardrottins eða hluthafa og ekki er á fundinum leystur ágreiningur þeirra skal skilaneftnd þegar í stað vísa honum til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um hann.

Berist skilaneftnd krafa eftir lok kröfulýsingarfrests skulu um meðferð hennar gilda ákvæði 111. gr. gjaldþrotalaga eftir því sem við á.

Telji skilaneftnd orka tvímælis að eignir félagsins hrökkvi fyrir skuldum þess að loknum kröfulýsingarfresti skal hún án tafar afhenda bú þess til gjaldþrotaskipta. Skiptaráðandi skal auglýsa tvívegis í Lögbirtingablaði að búið hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta en innköllun skilaneftndar og kröfulýsingarfrestur samkvæmt 1. mgr. 119. gr. skal vera endanlegur við gjaldþrotaskiptin. Að öðru leyti gilda almennar reglur gjaldþrotalaga um skiptin.

Sé bú hlutafélags tekið til gjaldþrotaskipta með þeim hætti er segir í 5. mgr. skal við búsméðferð telja frestdag þann dag, sem hluthafafundur hefur ákveðið félagsslit samkvæmt 1. mgr. 117. gr., en úrskurðardag eða upphafsdag skipta þann dag sem skilaneftnd hefur hlotið löggildingu ráðherra.

57. gr.

121. gr. laganna orðist svo:

Þegar að loknum fundi samkvæmt 120. gr., og þegar nægilegum eignum félagsins hefur verið komið í verð, skal skilaneftnd greiða viðurkenndar kröfur á hendur félaginu. Skal hún taka frá fé til greiðslu umdeilda krafna.

Skilaneftnd skal eftir þörfum boða hluthafa til fundar um tilhögun á slitum félagsins.

Þegar lokið er greiðslu krafna og fé hefur verið sérgreint til greiðslu umdeilda krafna samkvæmt 1. mgr., og þegar fram er komin afstaða hluthafa til þess að hverju leyti eignum félagsins skuli komið í verð, skal skilaneftndin gera frumvarp til úthlutunargerðar til hluthafa og lokareikninga félagsins. Greiðslur til hluthafa skulu vera í réttu hlutfalli við hlutafjareign þeirra nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum félagsins.

Skilaneftnd skal boða til hluthafafundar til umfjöllunar um lokareikninga og frumvarp til úthlutunargerðar. Sé frumvarpi ekki andmælt eða athugasemdir gerðar við reikninga skal skilaneftnd greiða hluthöfum eða afsala þeim eignum í samræmi við frumvarpið.

58. gr.

122. gr. laganna orðist svo:

Hafi skilanefnd ekki lokið störfum innan eins árs frá löggildingu skal hún gera ráðherra skriflega grein fyrir ástæðum þess og síðan tvívegis á ári hverju þar til hún lýkur störfum.

Rísi ágreiningur við meðferð skilanefndar sem við gjaldþrotameðferð ætti undir lögsögu skiptaráðanda skal skilanefnd tafarlaust vísa ágreiningsefninu til úrlausnar skiptaráðanda á varnarþingi félagsins sem kveður upp úrskurð um ágreininginn. Um málskot slíkra úrskurða gilda almennar reglur.

59. gr.

123. gr. laganna orðist svo:

Ef lánardrottinn eða hluthafi vitjar ekki fjár, sem í hlut hans á að koma við félagsslitin, eða ef ágreiningur um réttmæti kröfu samkvæmt 3. mgr. 120. gr. er óleystur við úthlutun skilanefndar skal skilanefnd leggja viðkomandi fjárhæð á geymslureikning við viðskipta-banka. Sé fjárens ekki vitjað innan tíu ára, eftir atvikum frá lyktum ágreinings um kröfu lánardrottins að telja, skal það renna til ríkissjóðs.

Pegar skilanefnd hefur lokið úthlutun til hluthafa eða lagt fé á geymslureikninga samkvæmt 1. mgr. skal hún tilkynna hlutafélagaskrá um lok starfa sinna og afhenda henni lokareikninga félagsins, úthlutunargerð sína, kvittanir þeirra, er við greiðslum hafa tekið, og skilríki fyrir geymslureikningum, svo og öll skjöl og bækur félagsins.

Skilanefnd skal auglýsa í Lögbirtingablaði um lok starfa sinna og hver málalok hafi orðið.

60. gr.

124. gr. laganna orðist svo::

Pegar lokið hefur verið greiðslu krafna á hendur félaginu eða fé til greiðslu umdeilda krafna hefur verið lagt á geymslureikning getur hluthafafundur ákveðið að starfi skilanefndar skuli lokið og að félagið taki upp starfsemi á ný ef hluthafar, sem ráða yfir minnst $\frac{1}{3}$ hlutum heildarhlutafjár, eru því samþykkir. Skal tilkynna hlutafélagaskrá um samþykktina en ekki er heimilt að hefja á ný starfsemi fyrr en samþykktin hefur verið skráð og félagið fullnægir lögmæltum skilyrðum að öðru leyti.

61. gr.

125. gr. laganna orðist svo:

Komi fram eignir félags eftir að skilanefnd hefur lokið störfum, eða verði þau málalok á ágreiningi um réttmæti kröfu lánardrottins að fé, sem lagt hefur verið á geymslureikning vegna kröfunnar, notist ekki að öllu leyti til greiðslu hennar, skal skilanefnd taka upp starf sitt á ný án innköllunar og úthluta eignum í samræmi við upphaflega úthlutunargerð sína. Um lok framhaldsskipta gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 123. gr.

Sé þess ekki kostur að skilanefnd annist um framhaldsskipti samkvæmt 1. mgr. skal ráðherra beina því til skiptaráðanda á varnarþingi því sem félagið hafði að hann annist um framhaldsskiptin í stað skilanefndar.

62. gr.

Síðari másl. 2. mgr. 145. gr. laganna falli niður. Í staðinn komi tveir nýir másl. sem orðist svo: Ráðherra er heimilt að veita almennan aðgang að skránni. Þó er einungis heimilt að veita aðgang að ársreikningum þeirra hlutafélaga sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum, sbr. 19. og 20. gr.

63. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 146. gr. laganna:

a. 3. tölul. 3. mgr. orðist svo:

Sönnur fyrir því að stofnendur uppfylli þau skilyrði er um ræðir í 3. gr., stjórnarmenn og framkvæmdastjóri uppfylli þau skilyrði sem um getur í 50. gr. og endurskoðendur skilyrði þau er getur í 81. gr., ásamt skriflegri staðfestingu á að þeir hafi tekið endurskoðunina að sér.

b. Við 4. gr. bætist nýr málsl. er orðist svo: M.a. getur hann krafist þess að fá yfirlýsingu lögmanns eða löggilts endurskoðanda um að upplýsingar í tilkynningu um stofnun hlutafélags varðandi greiðslu hlutafjár séu réttar.

64. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 147. gr. laganna:

a. 3. og 4. málsl. falli niður. Í staðinn komi tveir nýir málsl. sem orðist svo: Tilkynningar um breytingar skulu undirritaðar af meiri hluta stjórnar eða prókúruhafa. Ákvæði 4. mgr. 146. gr. gilda eftir því sem við á.

b. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðist svo:

Auk tilkynninga samkvæmt 1. mgr. um breytingar á stjórn o.fl. skal í júnímánuði ár hvert tilkynna heimilisföng hlutafélaga og nöfn, kennitölur og heimilisföng stjórnarmanna, framkvæmdastjóra, endurskoðanda, þeirra sem hafa heimild til að rita firma félagsins og prókúruhafa, miðað við 1. júní, nema ráðherra ákveði að tilkynningarnar skuli miðast við annan dag.

65. gr.

Í stað orðsins „greiðslur“ í 2. tl. 151. gr. laganna komi: tillög.

Gildistaka laganna o.fl.

66. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. mars 1990.

Ákvæði laga þessara taka til þeirra hlutafélaga sem stofnuð hafa verið og skráð fyrir gildistöku þeirra, með þeim undantekningum sem greinir í 68. gr. og 69. gr.

67. gr.

Ákvæði 1. gr. um hlutafé og ákvæði 12. gr. um að hlutir og hlutabréf skuli hljóða á nafn gilda ekki um félög og útgefin hlutabréf félaga sem stofnuð eru og skráð fyrir gildistöku laga þessara í samræmi við ákvæði laga nr. 32/1978 eða eldri laga.

Hafi hlutafélag ekki verið skráð er lögin taka gildi en stofnun þess ráðin til lykta á stofnfundi skv. II. kafla laga nr. 32/1978 og að öðru leyti í samræmi við ákvæði þeirra laga er skráning þess heimil enda sé félagið tilkynnt til skráningar innan sex mánaða frá dagsetningu stofnsamnings.

Nú eru eða verða hluthafar í hlutafélögum skv. 1. eða 2. mgr. fjórir eða færri og er það þá skilyrði þess að fækka megi stjórnarmönnum í einn eða tvo, sbr. 27. gr. laga þessara, að hlutafé nemi a. m. k. þeirri fjárhæð sem ákveðin er sem lágmarksfjárhæð hlutafjár skv. 1. gr.

68. gr.

Hafi skilanefnd verið löggilt í félagi fyrir gildistöku þessara laga skulu um störf hennar gilda ákvæði 5. og 6. mgr. 53. gr., sbr. 5. tl. 1. mgr. 50. gr., svo og 54.–60. gr., eftir því sem við á.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði XIV. kafla laga þessara skal heimilt samkvæmt skriflegri beiðni félagsstjórnar að afmá félag úr hlutafélagaskrá að fullnægðum eftirfarandi skilyrðum:

1. Að engin starfsemi hafi átt sér stað hjá félaginu á næstu fjórum reikningsárum áður en beiðni berst.
2. Að eigi sé kunnugt um að nokkrar kröfur hvíli á félaginu.
3. Að hluthafar, er ráði yfir minnst $\frac{1}{3}$ hlutum heildarhlutafjár félagsins, lýsi því yfir að þeir ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn greiðslu á öllum kröfum sem kunna að koma fram á hendur félaginu eða í tengslum við slit þess.

Beiðni samkvæmt 1. mgr. skulu fylgja staðfest endurrit ársreikninga og staðfest endurrit skattframtala fyrir sama tímabil og í 1. tl. 1. mgr. greinir. Þá skal og fylgja ítarleg greinargerð um hvernig eignum félagsins verði ráðstafað til hluthafa ef beiðni verður tekin til greina. Öll útgefin hlutabréf með óslitinni framsalsröð til núverandi hluthafa skulu þeir, sem ábyrgðar-yfirlýsingar gefa, einnig afhenda með beiðni eða færa fram aðra óyggjandi sönnun fyrir hlutafjäreign sinni.

Telji ráðherra fullnægt skilyrðum til þess skal félagið afmáð úr hlutafélagaskrá með sömu réttaráhrifum og ef því hefði verið slitið samkvæmt almennum reglum. Skal auglýst í Lögbirtingablaði að félagið hafi verið afmáð úr hlutafélagaskrá og hverjir þeir hluthafar séu sem gengið hafi í ábyrgð fyrir kröfum samkvæmt framansögðu.

Ákvæði þetta skal falla niður að liðnum fjórum árum frá gildistöku laga þessara.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

29. maí 1989

Nr. 70

L Ö G

um breytingu á lögum nr. 72 13. maí 1982, um námslán og námsstyrki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 3. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Komi fram óskir eða tillögur um breytingar á útreiknuðum framfærslugrunni samkvæmt þessari grein er ráðherra skylt að láta þriggja manna nefnd fjalla um þær áður en slíkar breytingar eru gerðar. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndum sameiginlega af samtökum námsmanna, auk hagstofustjóra eða fulltrúa hans og skal hann vera formaður nefndarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 64 21. maí 1965,
um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 28. gr. laganna komi ný málsgrein svohljóðandi:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er heimilt, að fengnu samþykki stjórnar stofnunarinnar og sjávarútvegsráðherra, að eiga aðild að rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum er séu hlutafélög eða önnur félög með takmarkaðri ábyrgð er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsóknar- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

L Ö G

**um breyting á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988,
sbr. lög nr. 107/1988.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. másl. fyrri mgr. 1. gr. laganna orðast svo: Enn fremur framhaldsdeildir við grunnskóla sem menntamálaráðuneytið hefur heimilað og mun heimila.

2. gr.

3. gr. laganna breytist þannig:

- a. Á eftir 3. másl. 4. mgr. kemur nýr málslíður svohljóðandi: Kostnað við byggingu heimavistar greiðir ríkissjóður að fullu.
- b. 5. mgr. orðast svo:

Heimilt er með samþykki Alþingis að víkja frá meginreglum um kostnaðarhlutdeild sveitarfélaga þegar skóli er í fámennu sveitarfélagi og ekki hefur tekist að fá nærliggjandi sveitarfélög til þess að sameinast um byggingu framhaldsskóla.

3. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

- a. Síðari málsliður greinarinnar fellur brott.
- b. Við bætast þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Nefndin skipuleggur samstarf framhaldsskóla og fjallar hún m.a. um verkaskiptingu, samvinnu um fagstjórn svo og önnur mál sem snerta samstarf skóla. Menntamálaráðherra getur skipt nefndinni í hópa til að fjalla um samstarf, verkaskiptingu og skipulag skóla í einstökum landshlutum eða um einstaka málaflokka.

Heimilt er menntamálaráðherra að skipta landinu í framhaldsskólasvæði að höfðu samráði við viðkomandi skólanefndir og skólastjórnir. Reglugerð samkvæmt þessari grein skal sett að höfðu samráði við sömu aðila.

Nánar skal kveðið á um verksvið og starfshætti samstarfsnefndar í reglugerð.

4. gr.

1. og 2. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja sjö menn: tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á starfsmannafundi, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn.

Tveir skólar eða fleiri í sama kjördæmi eða landshluta geta sameinast um eina skólanefnd.

5. gr.

9. gr. laganna breytist þannig:

- a. 2. mgr. orðast svo:

Skólastjórn skal vera skólameistara til aðstoðar við stjórn skóla og rekstur. Skólameistari er oddviti skólastjórnar sem auk hans skal skipuð fulltrúum kennara, nemenda svo og aðstoðarskólameistara og áfangastjóra starfi þeir við skólann.

- b. Í stað orðsins „skólaráðs“ í 3. mgr. kemur: skólastjórnar.

6. gr.

- a. 11. gr. laganna verði 10. gr. og orðast svo:

Almennur kennarafundur í framhaldsskóla fjallar um stefnumörkun, um námsskipan, kennsluhætti og aðra starfsemi. Nánar skal ákvarðað um verksvið þeirra í reglugerð.

- b. 10. gr. verður 11. gr.

7. gr.

Í stað 2. mgr. 12. gr. laganna koma fjórar nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Menntamálaráðherra setur eða skipar skólameistara (rektor) að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar. Menntamálaráðherra skipar kennara, námsráðgjafa og skóla-safnverði að fengnum tillögum skólanefndar og skólameistara hlutaðeigandi skóla.

Skólameistari ræður að fengnum tillögum skólanefndar kennara, námsráðgjafa og skóla-safnverði. Hafi umsækjandi um stöðu kennara ekki réttindi til kennslu við framhaldsskóla skal undanþágufund framhaldsskóla send beidni um undanþágu frá ákvæðum laga nr. 48 1986, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, um að lausráða hann til bráðabirgða enda sé ekki völ á kennara með full kennsluréttindi.

Skólameistari ræður stundakennara og aðra starfsmenn.

Skólameistari ræður aðstoðarskólameistara til fimm ára í senn og áfangastjóra til allt að

fjögurra ára og deildarstjóra til tveggja ára að höfðu samráði við skólanefnd. Leggja skal þá ákvörðun fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

8. gr.

13. gr. laganna breytist þannig:

- a. Í stað síðari málsliðar fyrri mgr. kemur: Setja skal í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið námsráðgjafa og skólasafnvarða. Setja má í reglugerð ákvæði um menntun og starfssvið annarra starfsmanna.
- b. Síðari málsgrein orðast svo:
Menntamálaráðuneytið setur skólameisturum, kennurum, námsráðgjöfum og skólasafnvörðum erindisbréf.

9. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Hafi kennari starfað, ráðinn, settur eða skipaður, a.m.k. í fimm ár og óski að fá sérstakt orlof til að efla þekkingu sína og kennarahæfni skal hann senda skólanefnd og menntamálaráðuneyti beiðni um orlof ásamt greinargerð um hvernig hann hyggst verja orlofstímanum. Ráðuneytið getur veitt honum orlof allt að einu ári á föstum embættislaunum.

10. gr.

Síðari málsliður fyrri mgr. og 2. másl. síðari mgr. 16. gr. laganna falli brott.

11. gr.

32. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað við kennslu sem fram fer og skipulögð er í samræmi við áætlun sem samþykkt er af menntamálaráðuneytinu.

Við ákvörðun fjárveitinga til kennslu í framhaldsskólum skal miða við grunntöluna 1,7 til 2,0 kennslustundir á viku á hvern nemanda í fullu bóknámi eftir stærð og gerð skóla. Þessu til viðbótar skal koma sá stundafjöldi sem nauðsynlegur er til að halda megi uppi kennslu í viðurkenndu verknámi og sérnámi er krefst skiptingar nemenda í smáa námshópa. Þurfi að taka tillit til sérstakra aðstæðna skal veitt sérgreint framlag til að mæta þeirri þörf.

Auk kostnaðar við kennslu greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun, námsráðgjöf, störf í skólasafni, á skrifstofu, félagsstörf, eftirlit og umsjón með heimavistum og eignum skóla og annarra þeirra starfa er nauðsynleg teljast vera.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun prófdómara á lokaprófi og þann launakostnað er stafar af lækkun kennsluskyldu samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytisins og annan þann kostnað er leiðir af kjarasamningum.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað af starfsemi skólans, viðhaldi húsa og tækja að frátalinni kostnaðarþátttöku nemenda, sbr. 33. gr.

Við gildistöku laganna skal gerður samningur milli menntamálaráðuneytisins og hvers skóla um tilhögun á greiðslum til skólanna af fjárlagalið þeirra í þeim tilgangi að skólarnir taki á sig aukna rekstrarábyrgð. Rekstrarframlag, annað en kennslulaun, laun fastra starfsmanna og meiri háttar viðhalds- og stofnkostnaður, skal greitt hverjum skóla fyrir fram. Heimilt er menntamálaráðherra að semja við hvern skóla um aðra tilhögun ef aðilum þykir ástæða til.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um ákvæði þessarar greinar þar sem m.a. skal tilgreint hvaða kennslugreinar skuli teljast verknám og sérnám. Þá skulu settar viðmiðunarreglur um vinnumagn fyrir önnur störf en kennslu er lagðar verði til grundvallar árlegum fjárveitingum.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann þá undir stjórn skólameistara.

12. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðuneytið getur heimilað stofnun og starfrækslu framhaldsdeildar við grunnskóla. Námstílhögun og námsframboð í framhaldsdeildum skal vera undir faglegri stjórn þeirra framhaldsskóla er menntamálaráðuneytið ákveður.

Ríkissjóður greiðir rekstrarkostnað framhaldsdeilda. Skal við það miðað að framlag á nemanda verði sem næst jafnhátt framlagi til þess skóla er hefur faglega stjórn námsins á hendi.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um lágmarksfjölda nemenda og önnur grundvallarskilyrði um stofnun framhaldsdeilda.

13. gr.

Í 41. gr. laganna bætist nýr tölulíður svohljóðandi:

5. gr. laga nr. 13/1962, um heyrnleysingjaskóla.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 58/1984, um sjúkraliða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Sjúkraliði starfar á hjúkrunarviði og vinnur undir stjórn þess hjúkrunarfræðings sem fer með stjórn viðkomandi stofnunar, deildar eða hjúkrunareiningar og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart honum.

Þar sem hjúkrunarfræðingur hefur ekki fengist til starfa að undangenginni auglýsingu getur sjúkraliði borið ábyrgð á störfum sínum gagnvart þeim sérfræðingi sem hlotið hefur viðurkenningu heilbrigðisráðuneytisins. Þó skal slík skipan háð samþykki heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins og ekki standa lengur en eitt ár í senn og er þá skylt að auglýsa á ný eftir hjúkrunarfræðingi.

Komi upp ágreiningur um ráðningu sjúkraliða samkvæmt 2. mgr. skal ráðuneytið skera úr um þann ágreining.

Ráðherra ákveður í reglugerð um nám sjúkraliða og starfsemi Sjúkraliðaskóla Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 8. gr. hjúkrunarлага, nr. 8/1974.
Lög um sjúkraliða, nr. 58/1984, með síðari breytingum, skal endurskoða fyrir 1. janúar 1992.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

L Ö G

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir f-lið 29. gr. laganna komi nýr staflíður svohljóðandi:

Sjúklingar sem eru til meðferðar á sjúkrastofnunum, sem starfa samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, og heilsutjónið eða örorkan er vegna læknisaðgerða eða mistaka starfsfólks sem starfar á þessum stofnunum.

2. gr.

5. mgr. 34. gr. laganna orðist svo:

Örorkubætur greiðast ekki ef örorkutapið er metið minna en 10%.

3. gr.

Síðasti másl. 1. mgr. 36. gr. laganna orðist svo: Þá skal árlega ákveða í fjárlögum framlag til að standast kostnað af bótum vegna þeirra sem um getur í f- og g-lið 29. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar,
ásamt síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

7. gr. laganna hljóði svo:

Rísi ágreiningur um grundvöll, skilyrði eða upphæð bóta leggur tryggingaráð úrskurð á málið.

Komi ágreiningur fyrir tryggingaráð til úrskurðar og úrlausn hans er að einhverju leyti eða öllu háð læknisfræðilegu, lögfræðilegu eða félagsfræðilegu mati er tryggingaráði hverju sinni heimilt að kveðja sér til ráðuneytis einn til þrjá menn sem hafa sérþekkingu á hlutaðeigandi sviði.

3. gr.

Ný grein er verði 81. gr. hljóði svo:

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara.

4. gr.

81. gr. laganna verði 82. gr.

5. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist ný málsgrein er hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði b-liðar 43. gr. er Tryggingastofnun ríkisins heimilt á árinu 1989, að fengnu samþykki ráðherra, að greiða sérfræðingum fyrir nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir án þess að til þurfi tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

L Ö G

um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins,
nr. 86/1988, sbr. lög nr. 109/1988.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. másl. 1. mgr. 12. gr. laganna komi tveir nýir málsliðir svohljóðandi: Lífeyrissjóðunum er heimilt að fullnægja sammingsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins að hluta með húsbrefum, sbr. IV. kafla laganna um húsbrefaviðskipti. Í reglugerð skal í samráði við lífeyrissjóðina setja nánari ákvæði um skiptingu skuldabréfa-kaupanna til tveggja ára í senn.

2. gr.

Á eftir III. kafla laganna komi nýr kafli, IV. kafli, með 19 nýjum greinum, 50.–68. gr. Fyrirsögn kaflans verði: **Húsbrefaviðskipti**. Núverandi IV.–IX. kafli verði V.–X. kafli með samsvarandi breytingum greinanúmera. Hinn nýi IV. kafli orðast svo:

a. (50. gr.)

Tilgangur laga þessara er að tryggja framfarir við ræktun búfjár í landinu til hagsbóta fyrir bændur og neytendur búfjárafurða. Ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við ræktunarstarfið svo sem lögin tilgreina.

2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

Búfjárræktarfélag er félag bænda á ákveðnu svæði sem stofnað er um ræktun ákveðinnar búfjártegundar.

Búfjárræktarsamband er samtök búfjárræktarfélaga á ákveðnu svæði, t.d. sýslu eða kjördæmi.

Búgreinafélag er félag bænda á ákveðnu svæði sem allir stunda sömu búgrein.

Búgreinasamband er samtök búgreinafélaga á ákveðnu svæði, t.d. sýslu eða kjördæmi.

Búgreinasamtök eru landssamtök búgreinafélaga eða búgreinasambanda í ákveðinni búgrein.

Búnaðarfélag er félag bænda á ákveðnu svæði, oftast einum hreppi, óháð hvers konar búrekstur þeir stunda.

Búnaðarsamband er samband búnaðarfélaga á ákveðnu svæði og eftir atvikum einnig búfjárræktarfélaga eða búgreinafélaga.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til.

II. KAFLI

Um skipan búfjárræktar.

4. gr.

Búnaðarfélag Íslands fer með framkvæmd búfjárræktarmála svo sem segir í lögum þessum. Það hefur yfirumsjón með leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt sem styrkt er af opinberu fé, samræmir hana og mótar heildarstefnu í ræktun hvernar búfjártegundar samkvæmt ákvæðum laganna.

Ráðherra getur, með samþykki Búnaðarfélags Íslands, viðurkennt einstök búgreinasamtök til að fara, að einhverju eða öllu leyti, með þau verkefni sem ákveðin eru í lögum þessum og snerta viðkomandi búgrein.

5. gr.

Búfjárræktarnefndir skipuleggja ræktunarstarf vegna einstakra búfjártegunda fyrir hönd Búnaðarfélags Íslands. Í búfjárræktarnefnd sitja fimm menn og jafnmargir til vara, kosnir til tveggja ára í senn. Búnaðarþing kýs tvo nefndarmenn úr hópi héraðsráðunauta og aðra tvo úr hópi starfandi bænda í búgreininni. Starfi búgreinasamtök, sem ná til landsins alls, hafa innan

vébanda sinna að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ starfandi bænda í búgreininni og hafa sett sér búfjárræktar-samþykkt, kjósa þau í stað búnaðarþings tvo bændur í búfjárræktarnefnd búgreinarinnar. Fimmti fulltrúinn er landsráðunautur Búnaðarfélags Íslands í búgreininni (héraðsráðunautur ef landsráðunautur er ekki starfandi), tilnefndur af stjórn þess og er hann formaður nefndarinnar.

Heimilt er að ákveða að í búfjárræktarnefnd sé tveimur fulltrúum færra en áskilið er í 1. mgr. eða tveimur fulltrúum fleira ef sérstakar ástæður mæla með. Þó skulu hlutföll haldast óbreytt milli héraðsráðunauta og bænda.

Sé starfandi fagråd í búgrein sem bæði viðkomandi búgreinasamtök og Búnaðarfélag Íslands eru aðilar að getur Búnaðarfélag Íslands með samþykki ráðherra falið því verkefni búfjárræktarnefndar í þeirri grein.

6. gr.

Hlutverk búfjárræktarnefnda eru m.a. eftirfarandi:

- a. að móta ræktunarstarfið, þar með talið rekstur ræktunarstöðva, skýrsluhald, búfjár- og afurðadómar, val kynbótagripa og önnur viðfangsefni er stuðlað geta að framförum í viðkomandi grein,
- b. að gera tillögur um innflutning erlendra búfjárkynja,
- c. að vera þeim, sem annast leiðbeiningar, rannsóknir, kennslu og búfjárvernd, til ráðuneytis um það sem lýtur að viðkomandi búfjártegund,
- d. að undirbúa verk- og kostnaðaráætlanir um búfjárræktarstarfið í viðkomandi grein.

7. gr.

Búnaðarsambönd skulu setja sér samþykkt, búfjárræktarsamþykkt, um tilhögun búfjárræktar á sambandssvæðinu. Þar skal, eftir því sem vænlegast þykir til árangurs, taka fram:

- a. að búfjárrækt á sambandssvæðinu lúti stjórn búnaðarsambandsins,
 - b. að verkefni búnaðarsambands á sviði ræktunar einstakra búfjártegunda séu falin búfjárræktarsamböndum eða búfjárræktarfélögum,
 - c. að framkvæmd búfjárræktarmála sé falin búgreinafélögum eða búgreinasamböndum enda hafi þau ræktun búfjár á stefnuskrá sinni.
- Nánar skal kveðið á um búfjárræktarsamþykktir í reglugerð.

8. gr.

Búnaðarfélag Íslands og búnaðarsambönd annast leiðbeiningarþjónustu í búfjárrækt.

Leiðbeiningarþjónusta í búfjárrækt, sem styrks nýtur af opinberu fé, skal vera svo sem hér segir:

- a. Landsráðunautar í búfjárrækt skulu vera í öllum búgreinum sem stundaðar eru af bændum í landinu. Enn fremur skal Búnaðarfélag Íslands veita leiðbeiningar í æðarrækt. Heimilt er að störf landsráðunauta séu hlutastörf ef umfang viðkomandi búgreinar krefst ekki heillar stöðu. Landbúnaðarráðherra ákvarðar fjölda landsráðunauta að fengum tillögum Búnaðarfélags Íslands.
- b. Ráðunautar búnaðarsambanda (héraðsráðunautar). Stjórn Búnaðarfélags Íslands gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um skiptingu þeirra á milli búnaðarsambanda eða samtaka þeirra á grundvelli tillagna hinna einstöku búfjárræktarnefnda.

Hlutverk ráðunauta er að veita faglegar leiðbeiningar um ræktun og hirðingu búfjár og hvetja til framfara í framleiðslu búfjárafurða, m.a. með kynningu á niðurstöðum rannsókna og annarra nýjunga sem að gagni geta orðið í ræktunarstarfinu.

Ráðunautar skulu hafa kandidatspróf í búfræði eða sambærilega menntun.

Óheimilt er að fela landsráðunaut framkvæmdastjórn búfjárræktarsambands eða búgreinasamtaka eða önnur störf sem ekki teljast til faglegra leiðbeininga eða ráðgjafar fyrir viðkomandi bændur.

Ríkissjóður greiðir kostnað við störf landsráðunauta en 65% af launum og ferðakostnaði héraðsráðunauta.

Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um menntun og starfssvið ráðunauta, svo og um launakjör og ferðakostnað héraðsráðunauta, sem þátttaka ríkissjóðs skal miðuð við, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

9. gr.

Ríkissjóður tekur þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva fyrir búfé svo sem hér segir:

- a. Með greiðslu allt að helmingi stofnkostnaðar einnar ræktunarstöðvar fyrir hverja búfjártægund enda þjóni hún öllum bændum í viðkomandi grein.

Með ræktunarstöð er átt við: sæðingarstöð, uppeldisstöð fyrir kynbótagripi eða stofnræktarþú til ræktunar verðmætra búfjártstofna vegna sameiginlegs ræktunarstarfs búgreinar.

Heimilt er að hafa ræktunarstöðvar fleiri en eina fyrir hverja grein, enda liggi fyrir sérstakar ástæður sem landbúnaðarráðherra metur gildar, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Nýta skal aðstöðu á búum ríkisins í þessum tilgangi eftir því sem hún leyfir.

- b. Með greiðslu 65% af launum forstöðumanna ræktunarstöðva, jafnháum launum héraðsráðunauta, og 65% af launum fastráðins aðstoðarfólks, jafnháum launum frjótækna.
- c. Með greiðslu 65% af launum frjótækna. Landbúnaðarráðherra ákveður fjölda þeirra og viðmiðun um launakjör með sama hætti og segir í 8. gr., að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands. Sama gildir varðandi greiðslur til afleysingarmanna frjótækna vegna orlofa og veikinda.

Til stofnunar ræktunarstöðvar þarf samþykki landbúnaðarráðherra og meðmæli Búnaðarfélags Íslands. Ráðherra setur reglugerð um hverja slíka stöð, að fengnum tillögum viðkomandi búfjárræktarnefndar.

10. gr.

Ríkissjóður greiðir kostnað við stofnun og rekstur sóttvarnarstöðva vegna innflutnings búfjár og erfðaefnis.

Landbúnaðarráðherra ákveður fjölda slíkra stöðva, umfang í starfsemi þeirra og gerir áætlun um rekstur stöðvanna í samráði við búfjárræktarnefnd viðkomandi búgreinar.

11. gr.

Vegna sæðinga mjólkurkúa er búnaðarsamböndum eða öðrum, er reka sæðingarstöðvar, heimilt að innheimta hjá mjólkurframleiðendum gjald af allri innveginni mjólk í mjólkurbú. Gjaldið má að hámarki nema 1% af grundvallarverði mjólkur eins og það er á hverjum tíma og ákvarðar aðalfundur búnaðarsambands upphæð gjaldsins hverju sinni. Mjólkurbúum er skylt að halda gjaldi þessu eftir af mjólkurverðinu og standa samböndum skil á því mánaðarlega, enda hafi stjórnir þeirra tilkynnt búunum fyrir 1. desember að hve miklu leyti þær óski að nota þessa heimild á næsta ári.

Greiða skal úr ríkissjóði styrk vegna sæðinga mjólkurkúa er nemur 95,00 kr. á sædda kú á verðlagi ársins 1988. Skal styrk þessum varið til að jafna flutningskostnað sæðis og ferðakostnað frjótækna á milli sambandsvæða. Landbúnaðarráðherra ákveður nánar með reglugerð, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, hvernig styrk þessum skuli ráðstafað, svo og hvernig árleg verðlagsuppbót á hann skuli ákveðin.

12. gr.

Ríkissjóður greiðir laun aðstoðarfólks við uppgjör og úrvinnslu ræktunarskýrsla búfjár að hámarki fimm ársverk. Búnaðarfélag Íslands ákveður skiptingu þessara ársverka milli búgreina ef þörf krefur.

Ríkissjóður greiði árlega framlag er að lágmarki jafngildir 22,5 milljónum króna á verðlagi 1988 til búfjárræktarstarfa á grundvelli búfjárræktarsamþykktta, sbr. 7. gr. Búnaðarfélag Íslands skilar verk- og kostnaðaráætlun komandi árs til landbúnaðarráðherra fyrir gerð fjárlaga hverju sinni ásamt greinargerð um starfsemi liðins árs. Landbúnaðarráðuneyti skal, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, tilkynna skiptingu framlaga milli búnaðarsambanda og búgreina í síðasta lagi sex vikum eftir samþykkt fjárlaga.

Á framlög þau, er ákveðin eru í þessari grein, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1988. Hagstofa Íslands ákveður grundvöll vísitölu þessarar í samráði við Búnaðarfélag Íslands og reiknar hana síðan árlega miðað við meðalkostnað hvers árs.

13. gr.

Búnaðarfélagi Íslands er skylt að gefa búfjáreigendum kost á dómum á búfé og/eda sérstöku mati á búfjárafurðum eða úrvalsgrípum með reglulegu millibili, þó eigi sjaldnar en fjórða hvert ár. Hlutaðeigandi búfjárræktarnefndir setja reglur um fyrirkomulag dóma og mats.

Ráðunautar skulu gegna dóms- og matsstörfum. Kostnaður að frátöldum launa- og ferðakostnaði ráðunauta skal greiddur af þeim samböndum eða félögum sem í hlut eiga, sbr. 6. gr. Heimilt er þeim aðilum, sem standa fyrir sýningum, að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá samþykkttri af ráðherra af eigendum þeirra gripa sem dæmdir eru.

Sláturleyfishöfum er skylt að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á föllum gripa, enda sé þeim gert viðvart um þær við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi.

III. KAFLI

Um verndun erfðaeiginleika í íslensku búfé og um útflutning búfjár.

14. gr.

Óheimilt er að flytja úr landi tímgunarhæft búfé, sæði eða fósturvísa án leyfis landbúnaðarráðuneytis. Áður en heimilaður er útflutningur samkvæmt þessari grein skal ráðuneytið leita álits Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis á fyrirhuguðum útflutningi.

Sambönd og félög skv. 7. gr. skulu eiga forkaupsrétt á því verði, sem tilgreint er í umsókn um útflutningsleyfi, að þeim kynbótadýrum sem Búnaðarfélag Íslands telur óæskilegt að flutt verði úr landi.

15. gr.

Mynda skal sérstakan sjóð, stofnverndarsjóð, er veiti styrki og lán til þess að kaupa kynbótagripi sem ella kynnu að verða seldir úr landi. Kaupendur tímgunarhæfs búfjár, sæðis eða fósturvísa til útflutnings skulu greiða í sjóðinn allt að 20% af kaupverði þessa samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

Sjóðnum skal skipt í deildir eftir búfjártegundum og fer búfjárræktarnefnd með stjórn hlutaðeigandi deilda.

Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um upphæð stofnverndargjalda, innheimtu, vörslu og ráðstöfun fjár stofnverndarsjóðs að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands.

16. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar erfðanefnd búfjár að fengnum tilnefningum frá Búnaðarfélagi Íslands, búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Náttúrufræðistofnun og Veiðimálastofnun. Nefndin skal skipuð til þriggja ára í senn.

Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera;

- a. að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum, villtum landdýrum og ferskvatnsfiskum,
- b. að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar.
Kostnaður vegna verndunaraðgerða greiðist úr ríkissjóði.
Nánar skal kveðið á um starfsemi erfðanefndar búfjár í reglugerð, að fengnum tillögum þeirra stofnana sem aðild eiga að henni.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

17. gr.

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, reglugerð er kveður nánar á um framkvæmd þessara laga.

18. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt öðrum lögum.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi 1.–12. gr., 14.–18. gr., 20.–30. gr., 34.–37. gr., 39.–47. gr. og 60.–62. gr. búfjárræktarlaga, nr. 31 24. apríl 1973, með síðari breytingum, og lög nr. 50 14. júní 1929, um innflutning og ræktun sauðnauta.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.

1. júní 1989

Nr. 85

L Ö G

um breyting á þinglýsingalögum, nr. 39 10. maí 1978.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „þinglýsingardómarar“ í fyrirsögn I. kafla komi: þinglýsingarstjórar.

2. gr.

1. gr. laganna hljóði svo:

Sýslumenn eru þinglýsingarstjórar, hver í sínu umdæmi.

3. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. másl. 1. mgr. 2. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „dómaranum“ í 3. másl. sömu mgr. komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „fulltrúi dómara“ í 2. mgr. 2. gr. komi: fulltrúi sýslumanns, og í stað „dómara“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóra.

4. gr.

3. gr. laganna hljóði svo:

Úrlausn þinglýsingarstjóra við meðferð þinglýsingar samkvæmt lögum þessum sætir stjórnsýslukæru til dómsmálaráðuneytis innan þriggja vikna frá því að þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum, en einnig er hægt að höfða mál fyrir héraðsdómi til ógildingar úrlausninni innan sama tíma eða innan þriggja vikna frá því að kæranda er tilkynnt um úrskurð ráðuneytis í málinu.

Nú kærir aðili úrlausn og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.

5. gr.

Í stað „dómara“ á tveimur stöðum í 1. mgr. 5. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „dómari“ í 2. mgr. 5. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

6. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. og 5. mgr. 7. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

7. gr.

Í stað „þinglýsingardómarar“ í 1. mgr. 8. gr. komi: þinglýsingarstjórar.

Í stað „dómara“ í 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

8. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. mgr. 9. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 3. mgr. 9. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

9. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. mgr. 10. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „dómara“ í 2. mgr. 10. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

10. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 11. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

11. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 1. mgr. 12. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

12. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 13. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

13. gr.

Í stað „dómara“ í 1. mgr. 14. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

14. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 1. másl. 17. gr. komi: þinglýsingarstjóri, í stað „dómara“ í 3. másl. greinarinnar komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómari“ í 4. og 5. másl. greinarinnar komi: þinglýsingarstjóri.

15. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. mgr. 20. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

16. gr.

Í stað „dómari“ í 1. mgr. 27. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „dómarinn“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjórinn.

Í stað „dómara“ í 2. mgr. 27. gr. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómari“ tvisvar í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóri.

17. gr.

Í stað „dómari“ tvisvar í 1. mgr. 38. gr. og í 2. mgr. sömu greinar komi: þinglýsingarstjóri.

18. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 4. mgr. 39. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

19. gr.

Í stað „dómari“ í 1. mgr. 42. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. másl. 2. mgr. 42. gr. komi: þinglýsingarstjóri, í stað „dómara“ í sama másl. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómaranum“ í 3. másl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóranum.

20. gr.

Í stað „dómaranum“ í 44. gr. komi: þinglýsingarstjóranum.

21. gr.

Í stað „þinglýsingardómari“ í 2. másl. 1. mgr. 45. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „dómaranum“ í 3. másl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóranum.

Í stað „dómari“ í 3. mgr. 45. gr. komi: þinglýsingarstjóri.

22. gr.

Í stað „dómara“ í 1. mgr. 48. gr. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómari“ í sömu málsgrein komi: þinglýsingarstjóri.

Í stað „dómara“ í 4. mgr. 48. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

23. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 49. gr. komi: þinglýsingarstjóra, og í stað „dómara“ tvisvar í a-lið greinarinnar komi: þinglýsingarstjóra.

24. gr.

Í stað „þinglýsingardómara“ í 1. mgr. 50. gr. komi: þinglýsingarstjóra.

Í stað „dómari“ í 1. másl. 2. mgr. 50. gr. komi: þinglýsingarstjóri, og í stað „þinglýsingardómari“ í 3. másl. sömu málsgreinar komi: þinglýsingarstjóri.

25. gr.

Lög þessi taka gildi 1. júlí 1992.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

L Ö G

um lögbókandagerðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lögbókandagerðir (notarialgerðir) eru valdsmannsathafnir sem sýslumenn framkvæma hver í sínu umdæmi. Nefnist sýslumaður lögbókandi (notarius publicus) við þær gerðir.

Starfsmenn utanríkisþjónustu Íslands, sem veita sendiráðum erlendis forstöðu, og sendiráðismenn eru hver í sínu umdæmi lögbókendur varðandi athafnir og löggerninga sem íslenskir ríkisborgarar standa að einhverju eða öllu leyti að. Utanríkisráðherra getur veitt kjöræðismönnum Íslands erlendis sömu heimild.

Um hæfi lögbókanda til að annast lögbókandagerð fer eftir almennum reglum um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við á.

Ekki er þörf votta við lögbókandagerðir, nema þar sem slíkt er sérstaklega áskilið í lögum.

2. gr.

Lögbókandagerð telst opinber staðfesting á því sem efni hennar kveður á um. Jafngildir hún vottun tveggja manna um þá athöfn eða staðreynd sem hún tekur til.

Að því leyti, sem reglur annarra laga kveða á um sérstakar gerðir lögbókanda eða framkvæmd þeirra, halda þær gildi sínu, en beita skal ákvæðum þessara laga að öðru leyti um þær gerðir, eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Lögbókandagerð fer fram á starfsstöð lögbókanda, nema nauðsyn beri til annars vegna aðstæðna eða eðlis málefnsins.

Peim, sem fara með lögbókandagerðir, skulu lagðar til á kostnað ríkissjóðs tölusettar, gegnumdregnar og innsiglaðar gerðabækur. Slíkar bækur skulu löggiltar af því ráðuneyti sem hlutaðeigandi embættismaður heyrir undir.

4. gr.

Óski maður eftir að lögbókandi staðfesti undirskrift hans á skjali skal hann sanna á sér deili og undirrita skjalið eða kannast við undirskrift sína að lögbókanda viðstöddum.

Nú er ástæða til að ætla að endurtekið verði óskað staðfestingar lögbókanda á undirskrift sama manns. Getur sá, sem svo er ástatt um, á eigin ábyrgð látið lögbókanda í té í eitt skipti fyrir öll sýnishorn undirskriftar sinnar. Áður skal hann sanna á sér deili og rita undir yfirlýsingu í gerðabók lögbókanda um að framvegis megi í skjóli hennar staðfesta samkvæmt bréflægri beiðni undirskrift hans undir skjöl sem lögbókanda berast í því skyni.

5. gr.

Nú lýsir maður því yfir í viðurvist lögbókanda að efni skjals sé í samræmi við ætlun sína, en hann sé ófær vegna líkamlegs heilsubreysts um að undirrita það. Getur þá lögbókandi ritað vottorð um þetta á skjalið. Telst það vottorð hafa sömu þýðingu og ef sá, sem skjalið stafar frá, hefði sjálfur undirritað skjalið að lögbókanda viðstöddum.

6. gr.

Ef maður óskar eftir staðfestingu lögbókanda á hæfi sínu eða heimild til að standa að efni skjals skulu lögbókanda látni í té þau sönnunargögn um málefnið sem hann telur þörf. Lögbókandi verður að öðru leyti ekki krafinn um að meta hæfi eða heimild útgefanda skjals eða að afla gagna um þau efni, nema lög mæli á annan veg.

7. gr.

Lögbókandi ritar vottorð á skjöl sem hann staðfestir skv. 4., 5. eða 6. gr. Í vottorði hans skal tekið nákvæmlega fram til hvers eða hverra atriða staðfestingin tekur. Eftir því sem lögbókandi þykir ástæða til má hann geta í vottorði sínu með hverjum hætti þau atriði hafa verið sönnuð sem vottorðið fjallar um. Þá skal hann einnig geta annarra atriða ef hann telur þau geta haft þýðingu við mat á hæfi þess, sem stendur að löggerningnum, eða við mat á gildi löggerningsins að öðru leyti. Við undirskrift sína undir vottorð skal lögbókandi tiltaka nákvæmlega hvar og hvenær staðfesting á sér stað.

8. gr.

Nú er þess beiðst að lögbókandi staðfesti undirskrift undir skjal á erlendu tungumáli eða efni þess. Má lögbókandi þá krefja þann, sem um gerðina biður, um þýðingu löggilts skjalabýðanda á skjalinu, nema lögbókandi telji sjálfum sér fært að þýða það. Ef óskað er eftir að vottorð lögbókanda á skjali verði á erlendu tungumáli skal sá, sem um það biður, leggja til þýðingu löggilts skjalabýðanda á þeim texta vottorðs sem lögbókandi mælir fyrir um.

9. gr.

Nú er skjal, sem óskað er staðfestingar lögbókanda á, ætlað til afnota erlendis, og reglur eða venjur í viðkomandi ríki leiða til að efni þess hafi ekki tilætlaða þýðingu nema það sé staðfest með eiði eða drengskaparheiti. Lögbókanda er þá heimilt að færa upplýsingar um meginefni skjalsins til bókar í gerðabók. Má sá, sem um staðfestingu lögbókanda biður, vinna eið eða drengskaparheit að sannleiksgildi efnis skjalsins, og skal það sérstaklega bókað.

Um framkvæmd og skilyrði heitfestingar skv. 1. mgr. skal farið eftir réttarfarsreglum um eiðvinning vitnis í einkamáli, eftir því sem við á.

10. gr.

Ef óskað er eftir að lögbókandi staðfesti að atburður hafi átt sér stað eða að athöfn hafi farið fram með tilteknum hætti skal hann kvaddur með hæfilegum fyrirvara til að vera viðstaddur.

Lögbókandi færir í gerðabók frásögn sína af þeim atburðum eða athöfnum sem hann staðfestir. Um efni bókunar skal eftir atvikum gæta ákvæða 7. gr. Bókun sína undirritar lögbókandi ásamt þeim sem hlut eiga að máli.

Ef sérstakar aðstæður krefjast þess getur lögbókandi fært efni löggernings jafnharðan í gerðabók eftir fyrirsögn þess sem hann stafar frá. Um staðfestingu lögbókanda á undirritun og efnisatriðum slíkra löggerninga gilda fyrirmæli 4. til 9. gr., eftir því sem við á.

11. gr.

Lögbókanda skulu afhent skjöl, sem honum er ætlað að staðfesta, í nægilegum fjölda samhljóða eintaka til að hann fái haldið einu eftir. Á því eintaki skulu vera undirritanir þeirra, sem hlut eiga að máli, auk vottorðs lögbókanda.

Með samritum skjala skv. 1. mgr. skulu geymd eintök þeirra sönnunargagna, sem lögbókanda hafa verið afhent skv. 6. gr., auk þýðinga skjala á erlendum tungumálum ef þær hafa verið fengnar. Dómsmálaráðherra er heimilt að kveða á í reglugerð um varðveislu og umbúnað þessara skjala og sönnunargagna.

12. gr.

Staðfest endurrit eða myndrit af öðrum skjölum en viðskiptabréfum, sem lögbókandi varðveitir skv. 11. gr., teljast jafngild frumriti þeirra að lögum.

Að því leyti, sem bókun lögbókanda í gerðabók felur í sér löggerning manns, telst staðfest endurrit úr gerðabókinni samsvara skjalfestu eintaki löggerningsins.

13. gr.

Lögbókanda er óheimilt að láta af hendi endurrit eða myndrit skjala, sem hann varðveitir, eða endurrit úr gerðabók nema með samþykki þess sem um gerð hans hefur beðið. Nú er sá maður látinn og má lögbókandi þá láta af hendi endurrit eða myndrit til þeirra sem telja sig geta byggt rétt á efni skjalsins.

Nú hefur staðfestingar lögbókanda verið leitað til að sanna atburð eða athöfn sem varðar réttindi annars manns en þess, er um gerðina hefur beðið, eða ótiltekins fjölda manna. Er þá lögbókanda heimilt, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að afhenda þeim, er telur málefnið sig varða, endurrit úr gerðabók varðandi viðkomandi atburð eða athöfn.

Lögbókanda ber að gæta þagmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Honum er óheimilt nema með samþykki þess, sem um gerð hans hefur beðið, að veita upplýsingar um hvort hún hafi farið fram eða um efni hennar, nema svo standi á að þeim, sem um upplýsingar biður, megi afhenda samrit eða endurrit löggernings eða gerðar samkvæmt reglum 1. eða 2. mgr.

14. gr.

Nú er óskað lögbókandagerðar, en lögbókandi telur að gerðin muni engum tilgangi þjóna eða að skilyrðum þessara eða annarra laga fyrir gerð með því efni, sem um er beðið, sé ófullnægt, og má hann þá hafna beiðni um gerðina. Lögbókanda er skylt að afhenda þeim, sem hann synjar um gerð, skriflegan rökstuðning fyrir afstöðu sinni ef krafist er.

Þótt svo standi á sem í 1. mgr. segir má lögbókandi framkvæma gerð ef hann telur eftir atvikum ekki ástæðu til að synja um hana, en í bókun sinni eða rituðu vottorði á skjali skal hann geta þeirra atriða sem hann telur áfátt.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Meðan lög nr. 74 27. apríl 1972, um skipan dómsvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., eru enn í gildi skulu þeir embættismenn, sem þar er mælt fyrir, eftir sem áður fara með lögbókandagerðir (notarialgerðir) auk þeirra sem taldir eru í 1. og 2. mgr. 1. gr. laga þessara.

16. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Opið bréf um testamenti og notarialgerðir 8. janúar 1823.
2. Í 1. másl. 2. mgr. 33. gr. laga um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, orðin „auk notarialgerða“.
3. 3. mgr. 41. gr. og 2. mgr. 43. gr. erfðalaga, nr. 8 14. mars 1962.
4. 15. gr. laga um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39 16. apríl 1971.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

L Ö G

um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra.

1. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Ríkið greiðir að fullu stofnkostnað stofnana skv. 2.–13. tölul. 7. gr.

Um stofnkostnað við rými fyrir fötluð börn á almennum deildum dagvistarstofnana og skólalagheimilum fer í samræmi við ákvæði laga nr. 112/1976, með síðari breytingum.

Tryggja skal fötluðum ókeypis vist á þeim stofnunum sem um getur í 7. gr., sbr. þó 28. gr. Kostnaður skv. 9. og 10. gr. greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við rekstur stofnana skv. 1. og 14. tölul. 7. gr. greiðist í samræmi við lög nr. 112/1976. Jafnframt greiðir ríkissjóður þann kostnað sem er umfram almennar greiðslur í viðkomandi stofnun, enda skerðist réttur barnsins til annarra bótagreiðslna ekki.

Ríkissjóður greiðir þann rekstrarkostnað stofnana skv. 2.- 13. tölul. 7. gr. sem ekki er greiddur af sértekjum eða eigin fé.

Sérstaka flutningsþjónusta fyrir fatlaða, sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki til og frá stofnunum skv. 9. og 10. gr., skal greiða úr ríkissjóði.

II. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 93/1947, um aðstoð til vatnsveitna.

3. gr.

1.–7. og 9. gr. laganna falla brott.

III. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu.

4. gr.

1. tölul. 18. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður við byggingu og búnað heilsugæslustöðva, svo og við aðstöðu til móttöku sjúklinga utan stöðva, greiðist 85% úr ríkissjóði en 15% af hlutaðeigandi sveitarfélögum. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda.

5. gr.

1. tölul. 20. gr. laganna orðast svo:

Rekstrarkostnaður heilsugæslustöðva greiðist úr ríkissjóði. Viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

6. gr.

1. tölul. 21. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skipar stjórnir heilsugæslustöðva, einn eftir tilnefningu starfslíðs stöðvarinnar, þrjá er skulu kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum og einn án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður og búsettur á starfssvæði stöðvarinnar. Kjörtímabil stjórna heilsugæslustöðva er hið sama og sveitarstjórna.

7. gr.

3. og 4. tölul. 34. gr. laganna orðast svo:

Framlög ríkissjóðs til sjúkrahúsbygginga, sem til er stofnað skv. 2. tölul. 34. gr., skal vera 85% af kostnaði við byggingu og búnað en framlag hlutaðeigandi sveitarfélaga 15%. Sveitarfélög láta þó í té lóðir undir slíkar byggingar ríkissjóði að kostnaðarlausu og án greiðslu gatnagerðargjalda.

Ríkissjóður og sveitarfélög eru eignaraðilar í hlutfalli við framlag til sjúkrahúsbygginga. Viðhaldskostnaður fasteigna og tækja greiðist sem rekstrarkostnaður.

IV. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar,
með síðari breytingum.**

8. gr.

1. mgr. 2. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins annast lífeyristryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið hefur yfirumsjón með allri starfsemi Tryggingastofnunar ríkisins.

9. gr.

2. og 3. mgr. 32. gr. laganna orðast svo:

Að svo miklu leyti sem sérstakir samningar slysatrygginga ná ekki yfir sjúkrahjálpar samkvæmt framansögðu getur tryggingaráð ákveðið endurgreiðslu að nokkru eða öllu leyti.

Nú veldur slys ekki óvinnuhæfni í 10 daga, en hefur þó í för með sér kostnað sem um ræðir í grein þessari og má þá greiða hann að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur hjá sjúkratryggingum.

10. gr.

37. og 38. gr. laganna falla brott.

11. gr.

39. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk sjúkratryggingadeildar Tryggingastofnunar ríkisins er að annast sjúkratryggingar samkvæmt lögum þessum. Enn fremur er það hlutverk sjúkratryggingadeildar:

- a. Að veita styrk til að afla hjálpartækja og bifreiða sem nauðsynlegar eru vegna þess að líkamsstarfsemi er hömluð eða vantar líkamshluta.
- b. Að veita styrk til æfingameðferðar eða þjálfunar vegna afleiðinga alvarlegra, langvinnra sjúkdóma eða slysa.
- c. Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til, vegna meðfæddra galla, svo sem klofins góms eða meiri háttar tannvöntunar.
- d. Að greiða kostnað við yfirstjórn Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
- e. Að greiða ferðastyrk til sjúklinga sem af nauðsyn leita læknishjálpar erlendis, svo og til fylgdarmanna þeirra þegar sérstaklega stendur á. Tryggingaráð setur reglur um úthlutun styrkja samkvæmt þessum staflíð.

f. Að greiða kostnað samkvæmt nánari ákvörðun tryggingaráðs vegna psoriasisjúklinga sem að mati sérfræðinga þurfa að leita læknishjálpar á meðferðarstofnunum psoriasisjúklinga sem komi í stað sjúkrahúsvistar.

Tryggingaráð setur nánari reglur um greiðslufyrirkomulag og skipulag slíkra ferða auk hámarksfjölda psoriasisjúklinga sem árlega geta notið slíkrar fyrirgreiðslu.

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja samkvæmt a-, b- og c-liðum 1. mgr. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnuninni fyrir fram. Tryggingayfirlæknir getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis eða þjálfunar.

Ráðherra getur ákveðið að sjúkratryggingadeild greiði:

- a. Gjald fyrir rannsóknir og læknishjálp sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar heilbrigðisstofnanir.
- b. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum af sjúkrahjálpi við erlenda ríkisborgara sem dveljast hér um stundarsakir.

12. gr.

40. gr. laganna orðast svo:

Allir landsmenn eru sjúkratryggðir eigi þeir lögheimili hér á landi. Börn og unglingar, 16 ára og yngri, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum. Sama á við um stjúpborn og fósturbörn. Sjúkratryggingadeild eða hlutaðeigandi umboðsskrifstofa gefur út réttindaskírteini til hvers þess sem sjúkratryggður er.

Ráðherra getur að fengnum tillögum tryggingaráðs sett nánari ákvæði í reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd sjúkratrygginga og um starfsemi sjúkratryggingadeildar.

13. gr.

41. gr. laganna orðast svo:

Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr., skal tryggð ókeypist vist að ráði lækni í sjúkrahúsum, þar með talið á fæðingastofnunum. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálpi og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir.

14. gr.

42. gr. laganna orðast svo:

Nú er sjúkratryggingum brýn nauðsyn á að vistast í erlendu sjúkrahúsi vegna þess að ekki er unnt að veita honum nauðsynlega hjálpi í íslensku sjúkrahúsi og greiðir þá sjúkratryggingadeild kostnað við sjúkrahúsvistina. Sama gildir um kostnað við dvöl, lyf og læknishjálpi sem nauðsynleg er erlendis að lokinni sjúkrahúsvistinni þar. Ráðherra skipar nefnd sem úrskurðar um hvort fyrrgreind skilyrði eru fyrir hendi, svo og hvar sjúkratryggður skuli vistaður erlendis. Nú er sjúkratryggður vistaður á öðrum og dýrari stað erlendis en nefndin hefur ákveðið og greiðir þá sjúkratryggingadeild aðeins þann kostnað sem greiða hefði átt á þeim stað sem hún ákvað. Í nefndina skal skipa tvo yfirlækna við Landspítalann, yfirlækni á Borgarspítalanum og yfirlækni við St. Jósefsspítalann Landakoti. Tryggingayfirlæknir á sæti í nefnd þessari og skal hann vera formaður hennar. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd málsins.

15. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Til viðbótar þeim réttindum, sem þegar eru upptalin, skulu sjúkratryggingar veita þá hjálpi sem hér segir:

- a. Almenna læknishjálpi utan sjúkrahúsa hjá lækni sjúklings sem Tryggingastofnunin hefur gert samning við. Fyrir hvert viðtal á læknastofu og hverja vitjun til sjúklings greiði hinn sjúkratryggði lækni það gjald er ákveðið skal með reglugerð. Sjúkratryggingar hafa

- heimild til að ákveða að sjúklingur greiði læknisreikninga að fullu og endurgreiða sjúkratryggingar þá sjúklingi sinn hluta. Utanhéradssjúklingar skulu jafnan greiða lækni að fullu.
- b. Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir eftir tilvísun heilsugæslulæknis eða heimilislæknis hjá sérfræðingum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert samning við. Fyrir hverja komu til sérfræðings greiðir sjúklingur sérfræðingi gjald sem ákveða skal með reglugerð.
 - c. Lyf sem sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota að staðaldri. Af öðrum nauðsynlegum lyfjakostnaði greiðir sjúkratryggður fyrstu 440 kr. en sjúkratryggingar það sem á vantar fullt verð. Sé heildarverð lyfs jafnt eða lægra en þessi mörk greiðir sjúkratryggður það.
 - d. Röntgengreining og geislameðferð samkvæmt gjaldskrá sem daggjaldanefnd setur, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 550 kr. fyrir hverja röntgengreiningu.
 - e. Sjúkradagpeningar skv. 45. gr.
 - f. Kostnað vegna aðstoðar ljósmóður við fæðingu í heimahúsum, ákveðinn með þeim hætti sem um ræðir í 46. gr., og að auki dagpeninga, jafnháa sjúkradagpeningum, í 10 daga frá því fæðing hefst.
 - g. Tannlækningar skv. 44. gr.
 - h. Óhjákvæmilegan ferðakostnað læknis til þeirra sjúkratryggðu sem ekki eru ferðafærir sökum sjúkdóms síns, þó þannig að sjúkratryggður greiðir 70 kr. fyrir hverja ferð.
 - i. Óhjákvæmilegan flutningskostnað sjúkratryggðs í sjúkrahúsi innan lands að $\frac{7}{8}$ hlutum, enda sé flutningsþörf svo bráð og heilsu hins sjúkratryggða svo varið að hann verður ekki fluttur eftir venjulegum farþega- og flutningsleiðum. Þó greiðir sjúkratryggður aldrei meira en 1.650 kr. Sjúkraflutningur innan bæjar greiðist þó ekki og frá kostnaði við sjúkrabifreið dregst kostnaður vegna fyrstu 10 km. Sömu reglur skulu gilda um flutning sjúks manns frá sjúkrahúsi til heimilis eða dvalarstaðar, enda verði hann ekki fluttur eftir venjulegum farþegaflutningsleiðum. Sé fylgd nauðsynleg greiðist $\frac{7}{8}$ af fargjaldi fylgdarmanns jafnvel þó að um áætlunarferð sé að ræða. Flutningskostnaður milli sjúkrahúsa greiðist að fullu af því sjúkrahúsi sem sendir sjúkling, nema um sé að ræða flutning milli sjúkrahúsa í sama sveitarfélagi og heilsu sjúklings sé þannig varið hann geti notað venjulegar farþegaflutningsleiðir.
 - j. Óhjákvæmilegan ferðakostnað með takmörkunum og eftir reglum sem tryggingaráð setur og ráðherra staðfestir fyrir sjúkratryggða sem þarfnast ítrekaðrar meðferðar hjá lækni eða í sjúkrahúsi með eða án innlagningar.
 - k. Hjúkrun í heimahúsum vegna alvarlegra og langvinnra sjúkdóma og slysa samkvæmt samningum sem Tryggingastofnun ríkisins gerir og reglum sem tryggingaráð setur. Ráðherra er með reglugerð heimilt að breyta greiðslum sjúkratryggðra samkvæmt þessari grein, svo og að ákveða með reglugerð hámark eininga í lyfjaávisunum. Með reglugerð er einnig heimilt að ákveða víðtækari hjálp vegna veikinda en mælt er fyrir um í þessari grein, þar á meðal að láta réttindi til greiðslu kostnaðar við tannlækningar ná til fleiri hópa en segir í 44. gr. og ákveða með hliðsjón af ákvæðum þeirrar greinar hvernig þátttöku skuli haga í tannlækniskostnaði viðbótarhópa.

16. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert eða samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur, séu samningar ekki fyrir hendi, sem hér segir, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglinga 6–15 ára 100% kostnaðar við tannlækningar aðrar en gullfyllingar,

- krónu- og brúargerð og tannréttingar, en 50% af þessum aðgerðum. Þjónustan skal veitt hjá skólatannlækni eða heilsugæslustöð ef þess er kostur.
3. Fyrir 16 ára unglunga 50% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
 4. Fyrir unglunga, þótt eldri séu en 16 ára, skal greiða 50% kostnaðar við tannréttingarmeðferð sem hafin hefur verið áður en þeir urðu 16 ára þar til meðferð er lokið. Heimilt er að greiða 50% kostnaðar við aðgerð á 17–18 ára unglungi ef þörfin hefur komið upp fyrr, enda hafi tryggingayfirlækni þá verið gerð grein fyrir því eða að minnsta kosti áður en unglungurinn verður 17 ára að rétt sé að festa aðgerðinni og tryggingayfirlækni samþykkir það.
 5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega sem njóta tekjutryggingar 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%.

17. gr.

1., 2. og 3. mgr. 45. gr. laganna orðast svo:

Sjúkratryggingar greiða sjúkradagpeninga ef sjúkratryggður, sem orðinn er 17 ára og nýtur ekki elli- og örorkulífeyris, verður algerlega óvinnufær, enda leggi hann niður vinnu og launatekjur falli niður sé um þær að ræða.

Sjúkradagpeningar eru ekki greiddir lengur en í 52 vikur samtals á hverjum 24 mánuðum. Þó er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að ákveða að dagpeningar skuli greiddir lengur ef ljóst er að sjúklingurinn verður innan skamms annaðhvort vinnufær eða að unnt verður að ákveða örorku hans, tímabundið eða til bráðabirgða. Dagpeningar, sem nema minna en fullum sjúkradagpeningum, sbr. 4. og 5. mgr., skulu að jafnaði ekki greiddir lengur en í þrjá mánuði.

Sjúkratryggðir njóta sjúkradagpeninga frá og með 15. veikindadegi séu þeir óvinnufærir a.m.k. í 21 dag. Upphaf biðtímans miðast við þann dag er óvinnufærni er staðfest af lækni.

18. gr.

1. mgr. 46. gr. laganna orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins gerir samninga um greiðslur samkvæmt þessum kafla. Takist samningar ekki ákveður heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra greiðsluna með tilliti til gjaldskrárinnar eða gildandi samninga annarra heilbrigðisstétta.

19. gr.

Upphaf 3. mgr. 46. gr. orðast svo:

Daggjöld sjúkrahúsa, sem ekki eru á föstum fjárlögum, svo og gjaldskrár fyrir utansjúkra- hússjúklinga, skulu ákveðin af fimm manna nefnd, daggjaldanefnd.

20. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Nú er sjúkratryggðum nauðsyn að leita sér lækninga þar sem hann er staddur erlendis og skulu þá sjúkratryggingar greiða kostnað af því eins og um læknishjálp innan lands væri að ræða. Þetta nær þó ekki til þeirra sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar að því er varðar þá sjúkrahjálpar sem samningarnir fjalla um.

Nú verður sjúkratryggður maður fyrir verulegum kostnaði vegna veikinda eða slyss erlendis og fær hann ekki endurgreiddan nema að litlu leyti frá sjúkratryggingum og er þá tryggingaráði heimilt að ákveða að sjúkratryggingadeild taki meiri þátt í slíkum kostnaði.

21. gr.

48. gr. laganna fellur niður.

22. gr.

50. gr. laganna orðast svo:

Kostnaður sjúkratrygginga greiðist að fullu úr ríkissjóði.

Framlag ríkissjóðs til sjúkratrygginganna greiðist Tryggingastofnun ríkisins með jöfnum mánaðarlegum greiðslum fyrir 10. hvers mánaðar.

23. gr.

Hvarvetna þar sem í öðrum greinum laganna stendur „sjúkrasamlag“ kemur: sjúkratryggingar eða orðið falli brott eftir því sem við á.

24. gr.

Hvarvetna þar sem í öðrum greinum laganna stendur „sjúkrasamlagsstjórn“ kemur: Tryggingastofnun ríkisins eða orðið falli brott eftir því sem við á.

25. gr.

Hvarvetna þar sem stendur „samlagsmaður“ í öðrum greinum laganna kemur: sjúkratryggður.

26. gr.

Uppgjör sjúkrasamlaga fyrir árið 1989 skal liggja fyrir eigi síðar en 1. júlí 1990. Eignir sjúkrasamlaga skulu renna til Tryggingastofnunar ríkisins.

V. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 64/1981, um atvinnuleysistryggingar,
með síðari breytingu.**

27. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Atvinnuleysistryggingasjóður skal inna af hendi þær bætur sem um ræðir í 1. gr. Árlegar tekjur sjóðsins eru þessar:

- a. Iðgjöld atvinnurekenda skv. 10. gr.
- b. Framlag ríkissjóðs skv. 14. gr.
- c. Vextir af innstæðufé sjóðsins og verðbréfum.

28. gr.

14. gr. laganna fellur brott.

29. gr.

1. mgr. 15. gr. laganna orðast svo:

Ríkissjóður greiðir framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs er skal nema þrefalt hærri fjárhæð en heildariðgjöld skv. 10. gr.

VI. KAFLI

Um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 63/1974, með síðari breytingum.

30. gr.

1. og 2. mgr. 11. gr. laganna orðast svo:

Fræðsluráð skal skipað fimm eða sjö mönnum sem kjörnir eru af sveitarstjórnnum eða samtökum sveitarfélaga í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi. Jafnmargir skulu kjörnir til vara.

Um kosningu og starfshætti fer eftir meginreglum sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.

31. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Fræðsluráð fjallar um og fer með sameiginleg málefni sveitarfélaga á sviði fræðslumála í hlutaðeigandi fræðsluumdæmi.

Fræðsluráð skal vera fræðslustjóra til ráðuneytis um dagleg störf hans. Fræðsluráð getur falið fræðslustjóra að annast framkvæmdastjórn fyrir ráðið.

Fræðsluráð hefur samvinnu við skólanefndir og samræmir störf þeirra í umdæminu. Það fer að öðru leyti með þau málefni sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir fela þeim eða ákveðin kunna að verða í reglugerðum settum samkvæmt lögum þessum.

32. gr.

1. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Fræðslustjóri er fulltrúi menntamálaráðuneytis um fræðslumál í umdæminu og skal búsettur þar sem fræðsluskrifstofa umdæmisins er eða í næsta nágrenni. Hann er framkvæmdastjóri fræðslusráðs, sé svo um samið, og forstöðumaður fræðsluskrifstofu, sbr. 12. og 15. gr.

3. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Hann hefur í umbóði menntamálaráðuneytisins umsjón með eignum og rekstri þeirra skóla sem lög þessi taka til, sbr. þó 29. gr.

33. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Samtök sveitarfélaga ákveða fræðsluskrifstofu stað, en háð er sú ákvörðun samþykki menntamálaráðuneytis.

Fræðslustjóri er forstöðumaður fræðsluskrifstofu. Starfsmenn fræðsluskrifstofu eru ríkisstarfsmenn. Um ráðningu og starfskjör þeirra fer eftir lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Heimilt er fræðslustjóra að semja svo við samtök sveitarfélaga, einstök skólahverfi og sveitarfélög að fræðsluskrifstofa taki að sér tiltekin verkefni fyrir þessa aðila, enda komi full greiðsla fyrir. Á hliðstæðan hátt er fræðslustjóra heimilt að semja svo við samtök sveitarfélaga að skrifstofa þeirra eða einstakar starfsdeildir innan þeirra annist störf fyrir fræðsluskrifstofu, enda komi samþykki menntamálaráðuneytis til.

34. gr.

23. gr. laganna orðast svo:

Gerð skólmannvirkja er undirbúin heima í héraði af sveitarstjórn í samráði við skólanefnd.

Stofnkostnaður grunnskóla greiðist af sveitarfélögum.

Í hverju skólahverfi skal vera skólahúsnæði sem fullnægir þörfum grunnskóla við þær aðstæður sem þar eru. Við gerð eða breytingar skólmannvirkja skal m.a. tekið tillit til hvort nemendur ganga til skóla, er ekið þangað daglega, búa þar í heimavist eða fyrirkomulag er blandað.

35. gr.

3.–6. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

36. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

Um listskreytingu skólamannvirkja fer eftir lögum nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins.

37. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

Eðlilegt viðhald skólahúsa og búnaðar, þar á meðal endurnýjun kennslutækja, er sveitarfélögum skylt að annast á fullnægjandi hátt.

Viðhaldskostnaður greiðist af sveitarfélögum.

38. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Dagleg umsjón og umráð skólamannvirkja, þar á meðal skólustjóra- og kennarabústaða sem eru sameign ríkis og sveitarfélaga eða sveitarfélaga einna, skal vera í höndum skólustjóra og skólanefndar sem fara að því leyti með umboð sveitarstjórnar og menntamálaráðuneytisins.

Heimilt er sveitarstjórn að ráðstafa skólahúsnæði eða hluta þess til æskulýðsstarfsemi, íþróttastarfsemi og almennrar félagsstarfsemi í þágu íbúa byggðarlagsins. Slíkt er þó aðeins heimilt að hvergi brjóti í bága við skólahald né aðra notkun skólahúsnæðis samkvæmt lögum.

Sveitarstjórn getur ákveðið að fenginni umsögn hlutaðeigandi skólanefndar að skólahúsnæði sé utan venjulegs skólatíma notað til gistingar og veitingareksturs.

Tekjur af eignum skóla renna til sveitarsjóða.

39. gr.

34. gr. laganna orðast svo:

Skólustjóri ræður með samþykki skólanefndar stunda- og forfallakennara við grunn-skóla, sbr. þó lög nr. 48/1986.

Sveitarstjórn eða skólanefnd í umboði hennar ræður þá starfsmenn skóla er teljast starfsmenn sveitarfélaga.

40. gr.

3.–5. mgr. 37. gr. laganna orðast svo:

Skólustjóri við heimavistar skóla er jafnframt heimavistarstjóri. Í heimavistum skal daglegt eftirlit og umsjón með nemendum jafnframt vera í höndum kennara, fóstara eða annarra starfsmanna sem menntamálaráðneytið viðurkennir.

Kostnaður við gæslu á heimavist greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um störf og starfslið í heimavistum og aðbúnað nemenda þar.

41. gr.

Úr 1. mgr. 43. gr. laganna falla brott orðin „sbr. 77. gr.“

3. mgr. sömu greinar orðast svo:

Kostnaður við félagsstörf greiðist af hlutaðeigandi sveitarfélagi.

42. gr.

66. gr. laganna orðast svo:

Í hverju fræðsluumdæmi skal starfa ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir grunnskóla.

Menntamálaráðuneytið gerir í samráði við fræðslustjóra heildaráætlun um framkvæmd ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu samkvæmt lögum þessum. Skal áætlunin miðuð við það fjármagn sem til þessa starfsþáttar er veitt á fjárlögum. Til þessarar starfsemi skal að fengnum tillögum fræðslustjóra ráða sálfræðinga, félagsráðgjafa og sérkennara. Einnig er heimilt að nýta þjónustu ráðgefandi lækni í þessum efnum.

Kostnaður við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu greiðist úr ríkissjóði.

43. gr.

77. gr. laganna orðast svo:

Auk kostnaðar við kennslu skv. 76. gr. greiðir ríkissjóður launakostnað við stjórnun grunnskóla, störf í skólasafni samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð, svo og þann launakostnað er stafar af lækun kennsluskyldu kennara samkvæmt lagafyrirmælum eða ákvörðun menntamálaráðuneytis.

Ríkissjóður greiðir enn fremur laun stjórnskipaðra prófdómara, sbr. þó 61. gr., og kostnað er leiðir af kjarasamningum ríkisins við kennara.

44. gr.

Í stað 78.–80. gr. laganna kemur ein ný grein er verði 78. gr. en töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Sveitarfélög greiða allan annan rekstrarkostnað grunnskóla en laun vegna kennslu og stjórnunar, eða kostnað vegna annarra þeirra rekstrarþátta sem greindir eru í lögum þessum sem verkefni ríkissjóðs.

45. gr.

83. gr. laganna fellur brott.

46. gr.

84. gr. laganna, er verður 81. gr., orðast svo:

Menntamálaráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd þessara laga og skulu því afhentir ársreikningar skólanna.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald, en geta falið skólanefnd, skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri sveitarfélög en eitt standa að rekstri grunnskóla skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir sameiginlega tilnefna til fjögurra ára í senn tvo fulltrúa til að endurskoða reikninga skólans og tvo til vara. Menntamálaráðuneytið og aðilar í umboði þess skulu eiga aðgang að öllu slíku reikningshaldi og upplýsingum um skólakostnað.

47. gr.

Í stað 85. og 86. gr. laganna kemur ein ný grein er verður 82. gr. og orðast svo:

Ríkissjóður greiðir allan kostnað af rekstri fræðsluskrifstofu, þar með talinn allan kostnað við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu í þeim skólum sem lög þessi taka til. Fjárveitingar til þessara starfa skulu greiddar mánaðarlega til fræðsluskrifstofu.

Í reglugerð skal setja ákvæði um hvernig reikna skuli framlög til fræðsluskrifstofu.

48. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 83. gr. og orðast svo:

Sveitarfélög greiða stofnkostnað grunnskóla, sbr. 23. gr. Jafnframt falla úr gildi að því er tekur til grunnskóla ákvæði laga nr. 49/1967, um skólakostnað. Þó skulu haldast ákvæði þeirra laga um verðtryggingu stofnkostnaðarframlaga ríkissjóðs að því er tekur til framkvæmda sem fullgerðar voru eða hafnar í árslok 1989. Menntamálaráðuneytið setur reglur um lágmarksstærð grunnskólahúsnæðis og búnað þess.

VII. KAFLI

Um breytingu á íþróttalögum, nr. 49/1956, með síðari breytingum.

49. gr.

Í stað 5.–10. gr. í II. kafla laganna kemur ein ný grein, sem verður 5. gr., en töluröð greina, sem á eftir koma, breytist til samræmis við það. Greinin orðast svo:

Bygging íþróttamannvirkja í þágu skóla og til almenningsnota er í verkahring sveitarfélaga.

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til íþróttafélaga og íþróttasamtaka eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarfélags.

Alþingi veitir árlega fé í sjóð sem nefnist Íþróttasjóður. Fé úr sjóðnum skal veita til bygginga íþróttamannvirkja á vegum félaga sem um getur í 2. mgr. Íþróttanefnd gerir tillögur til fjárveitinganefndar um skiptingu fjárins.

Í reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur, að höfðu samráði við íþróttanefnd og stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga, skal m.a. ákveða nánar um skilyrði fyrir opinberum styrkveitingum, rekstur og afnot mannvirkja sem njóta styrks.

50. gr.

Fyrirsögn II. kafla laganna verði: **Um byggingarstyrki.**

VIII. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 107/1970, um félagsheimili, með síðari breytingum.

51. gr.

Í stað 2., 3. og 4. gr. laganna kemur ein ný grein, sem verður 2. gr., en töluröð annarra greina breytist samkvæmt því. Greinin orðast svo:

Sveitarstjórn veitir byggingarstyrki til félagsheimila eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Samþykki sveitarstjórnar skal liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

52. gr.

5. gr. laganna, sem verður 3. gr., orðast svo:

Eigendum félagsheimila, sem notið hafa byggingarstyrks frá ríki eða sveitarfélagi, er skylt að heimila öðrum félögum, sem falla undir 1. gr., afnot af húsinu gegn hæfilegu gjaldi ef það fer ekki í bága við notkun þeirra sjálfra. Rísi ágreiningur um rétt til afnota af félagsheimili eða um eðlilegt leigugjald skulu hlutaðeigandi sveitarstjórnir skera úr.

53. gr.

6. gr. laganna, sem verður 4. gr., orðast svo:

Óheimilt er að selja félagsheimili, sem styrkt hafa verið af ríki eða sveitarfélagi, án leyfis menntamálaráðherra og hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Óheimilt er að veðsetja félagsheimili, sem styrkt hafa verið, nema fyrir láni til greiðslu byggingarkostnaðar eða til endurbóta á eigninni.

54. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

Í stað orðanna „styrk úr Félagsheimilasjóði“ í 8. gr. laganna, sem verður 5. gr., kemur: opinberum styrk.

55. gr.

9. gr. laganna, sem verður 6. gr., orðast svo:

Menntamálaráðuneytið getur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákveðið með reglugerð nánari skilyrði til styrkveitinga og önnur atriði er snúa að framkvæmd laganna.

Ágreiningi, sem verða kann um skilning á lögum þessum eða um framkvæmd þeirra, má skjóta til ráðherra.

56. gr.

Við lögin bætist ný grein er verður 7. gr. og orðast svo:

Til Menningarsjóðs félagsheimila skal renna hluti af skemmtanaskatti. Sjóðurinn skal verja tekjum sínum til að stuðla að menningarstarfsemi í félagsheimilum. Heimilt er einnig, ef sérstaklega stendur á, að styrkja menningarstarfsemi sem fram fer utan félagsheimila.

Menntamálaráðuneytið skal fara með málefni sjóðsins.

IX. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 58/1970, um skemmtanaskatt,
með síðari breytingu.**

57. gr.

1. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Frá gildistöku laga þessara skal skemmtanaskatti ráðstafað, í samráði við fjármálaráðherra, til framkvæmda í lista- og menningarmálum og til forvarnarstarfa í áfengis- og fíkniefnamálum. Nánari ákvæði um ráðstöfun fjáris skal menntamálaráðherra setja í reglugerð.

58. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Af skemmtanaskatti skv. 2. gr. renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og 10% til Menningarsjóðs félagsheimila.

X. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 112/1976, um byggingu og rekstur
dagvistarheimila fyrir börn, með síðari breytingum.**

59. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bygging og rekstur dagvistarheimila er í verkahring sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón með starfi dagvistarheimila og vera sveitarstjórnnum til ráðuneytis um þau mál.

Samþykki menntamálaráðuneytis og hlutaðeigandi sveitarstjórnar þarf til að setja á stofn dagvistarheimili.

60. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Sveitarstjórn ákveður byggingu og fyrirkomulag á rekstri dagvistarheimila í eigu þess samkvæmt lögum þessum.

Sveitarstjórn getur veitt aðilum, sem reka vilja dagvistarheimili í samræmi við markmið þessara laga, styrki til byggingar og reksturs, eftir því sem ákveðið er í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Áður en framkvæmdir hefjast skal ganga frá samningi milli sveitarstjórnar og félags um styrk og skilyrði varðandi rekstur heimilisins.

61. gr.

Í 1. mgr 4. gr. laganna falla brott orðin „úr ríkissjóði“.

62. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðuneytið skal í samráði við stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga setja í reglugerð almenn ákvæði um húsnæði og búnað og viðmiðunarákvæði um barnafjölda og starfslið dagvistarheimila sem falla undir lög þessi.

Nú hættir aðili, sem notið hefur opinbers styrks til stofnunar dagvistarheimilis, rekstri þess og getur þá hlutaðeigandi sveitarfélag gert kröfu um endurgreiðslu styrksins.

63. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

64. gr.

9.–14. gr. laganna fellur brott, en töluröð annarra greina breytist til samræmis við það.

XI. KAFLI

Um breytingu á lögum nr. 75/1985, um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

65. gr.

3. mgr. 3. gr. laganna fellur brott.

66. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Stofnkostnaður tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans.

67. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Sveitarfélög, sem reka tónlistarskóla, greiða launakostnað kennara og skólastjóra.

68. gr.

Síðasti málslíður 8. gr. laganna fellur brott. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Sveitarstjórn skal taka afstöðu til áætlunar skólans og gera samkomulag við skólastjórn um kennslu og starfsmannahald fyrir 1. júlí ár hvert.

69. gr.

Í stað orðanna „fjármálaráðuneytið og launanefnd sveitarfélaga gera“ í 1. másl. 9. gr. laganna kemur: launanefnd sveitarfélaga gerir.

70. gr.

Síðasti málslíður 10. gr. laganna fellur brott.

71. gr.

Í stað 12. gr. laganna koma þrjár nýjar greinar svohljóðandi:
a. (12. gr.)

Menntamálaráðuneytið skal hafa með höndum faglega umsjón og eftirlit með tónlistarkennslu. Ráðuneytið ræður í þessu skyni námsstjóra tónlistarfræðslunnar til fjögurra ára í senn svo og annað nauðsynlegt starfslið.

Verkefni ráðuneytisins eru m.a.: yfirstjórn námsskrár- og námsefnisgerðar, sbr. 3. tölul. 1. gr., samræming náms, prófa og réttinda er þau veita, aðstoð varðandi ráðningar kennara, ráðgjöf varðandi gerð starfs- og fjárhagsáætlana skóla, upplýsingamiðlun og erlend samskipti.

b. (13. gr.)

Ráðuneytið skipar fimm manna samstarfsnefnd tónlistarfræðslunnar til að fjalla í heild um starfsemi tónlistarskóla, samstarf skólanna og/eða rekstraraðila þeirra svo og samstarf tónlistarskóla við grunnskóla og framhaldsskóla.

Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, einn fulltrúi tilnefndur af Samtökum tónlistarskólustjóra, einn fulltrúi tilnefndur af Félagi tónlistarskólakennara, námsstjóri tónmennta í grunnskólum, skipaður án tilnefningar, námsstjóri tónlistarfræðslunnar, skipaður án tilnefningar, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

c. (14. gr.)

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um starfshætti og verkefni samstarfsnefndar tónlistarfræðslunnar.

XII. KAFLI

Um breytingu á vegalögum, nr. 6/1977, með síðari breytingum.

72. gr.

21.–24. gr. og 26.–27. gr. laganna falla brott en töluröð annarra greina breytist til samræmis við það.

73. gr.

28. gr. laganna, sem verður 22. gr., orðast svo:

Af tekjum til vegamála samkvæmt lögum um fjáröflun til vegagerðar skal árlega veita ákveðna fjárhæð til sýsluvega. Vegamálastjóri annast skiptingu fjárens milli sýslna eftir reglugerð sem ráðherra setur. Við skiptingu skal aðallega miða við notkun og lengd þeirra sýsluvega í hverri sýslu sem falla undir a-c lið 2. mgr. 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því hve mikill hluti þeirra vegna er lagður, ruddur eða ekki akfær.

XIII. KAFLI

Um landshafnir.

74. gr.

Felld eru úr gildi lög nr. 23/1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi, lög nr. 38/1951, um landshöfn í Rífi á Snæfellsnesi, og lög nr. 61/1966, um landshöfn í Þorlákshöfn, með síðari breytingum. Um hafnir þessar skulu gilda hafnalög, nr. 69/1984.

XIV. KAFLI

Um kostnaðaruppgjör milli ríkissjóðs og sveitarfélaga.

75. gr.

Ríkissjóður greiðir sveitarfélögum og félagasamtökum framlög vegna áfallinna skuldbindinga ríkissjóðs við byggingu dagvistarheimila, grunnskóla, íþróttamannvirkja og félagsheimila miðað við stöðu framkvæmda í árslok 1989. Við mat á þessum skuldbindingum ríkissjóðs skal miða við núgildandi lagaákvæði um hlutdeild ríkissjóðs í byggingarkostnaði fyrrgreindra mannvirkja svo og sérsamninga sem gerðir hafa verið við einstök sveitarfélög um skólamannvirki.

Þátttaka ríkissjóðs í framkvæmdum, sem unnar eru á árinu 1989, skal þó miðuð við þau framlög sem eru á fjárlögum 1989.

Náist ekki samkomulag milli ríkissjóðs annars vegar og sveitarfélaga eða félagasamtaka hins vegar um kostnaðaruppgjör skv. 1. og 2. mgr. geta aðilar fyrir 1. janúar 1992 lagt málið til endanlegs úrskurðar nefndar sem starfa skal meðan unnið er að kostnaðaruppgjöri samkvæmt ákvæðum þessa kafla. Nefndin skal skipuð þremur mönnum, einum tilnefndum af menntamálaráðherra, einum tilnefndum af stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og oddamanni tilnefndum af Hæstarétti Íslands. Meiri hluti ræður úrslitum mála, en fáist ekki meiri hluti skal oddamaður skera úr.

Um skiptingu fjár samkvæmt þessari grein skal fara eins og mælt verður fyrir um í fjárlögum fyrir árin 1990–1993, enda verði greiðslu lokið að fullu á því árabili.

Menntamálaráðherra setur reglugerð í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd þessarar greinar.

XV. KAFLI

Gildistaka.

76. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Jafnframt falla úr gildi önnur þau lagaákvæði en að framan eru talin sem kunna að brjóta í bága við þessi lög.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella þau inn í meginmál þeirra laga sem þau breyta og gefa þau lög út svo breytt.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

ÞJÓÐMINJALÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Stjórn og skipulag þjóðminjavörslu.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar. Lögin kveða á um skipulag og starfsemi Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna, fjalla um fornminjar, kirkjugripi og minningarmörk, auk friðunar húsa og annarra mannvirkja.

2. gr.

Fimm manna þjóðminjaráð fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu í umboði menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra skipar þjóðminjaráð til fimm ára í senn. Deildarstjórar Þjóðminjasafns Íslands og minjaverðir tilnefna einn fulltrúa úr sínum röðum til setu í ráðinu, Félag íslenskra safnmanna tilnefnir einn, Háskóli Íslands einn, Bandalag kennarafélaga einn og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann vera fornleifafraeðingur. Ráðherra skipar formann úr hópi ráðsmanna.

Hlutverk ráðsins er að marka stefnu og gera langtímaáætlanir um þjóðminjavörsluna fyrir landið í heild og hafa yfirumsjón með gerð árlegrar fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar. Ráðið er jafnframt stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands.

Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu í umboði þjóðminjaráðs. Hann er framkvæmdastjóri þjóðminjaráðs og situr fundi þess ásamt safnstjóra Þjóðminjasafns Íslands. Safnstjóri Þjóðminjasafns Íslands er staðgengill þjóðminjavarðar. Forseti Íslands skipar þjóðminjavörð til fimm ára í senn að tillögu menntamálaráðherra. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu. Ársskýrslu þjóðminjaráðs skal birta með starfsskýrslu Þjóðminjasafns Íslands.

3. gr.

Fimm manna fornleifanefnd fer með yfirstjórn fornleifavörslu og fornleifarannsóknna í landinu í umboði þjóðminjaráðs, sbr. 22. gr.

Menntamálaráðherra skipar fornleifanefnd til fimm ára í senn. Háskóli Íslands tilnefnir einn mann og skal hann hafa menntun í fornleifafraeði. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir einn mann. Sá fulltrúi, sem ráðherra skipar í þjóðminjaráð skv. 2. gr., skal sitja í fornleifanefnd og vera formaður hennar. Auk þess skulu sitja í nefndinni þjóðminjavörður og deildarstjóri fornleifadeildar.

Hlutverk nefndarinnar er að móta stefnu og gera áætlanir um fornleifavörslu og fornleifarannsóknir fyrir landið í heild.

Nefndin fjallar um og veitir leyfi til staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna og gefur út fornleifaskrá.

Nefndin hefur yfirumsjón með gerð og framkvæmd árlegrar fjárhagsáætlunar um fornleifavörslu og fornleifarannsóknir. Fjárveitingar samkvæmt henni skulu sérgreindar í fjárlögum. Nefndin gerir tillögur til ráðherra um ráðningu fornleifavarða og deildarstjóra fornleifadeildar til fimm ára í senn.

Nefndin er jafnframt stjórnarnefnd fornleifadeildar Þjóðminjasafns Íslands.

4. gr.

Landinu skal skipt í minjasvæði eftir nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.

Á hverju minjasvæði skulu starfa einn minjavörður og einn fornleifavörður. Minjaverðir skulu að öðru jöfnu hafa sérfræðilega menntun á sviði menningarsögu, en fornleifaverðir á sviði fornleifafræði. Minjaverðir heyra undir Þjóðminjaráð en fornleifaverðir undir fornleifanefnd.

Í Reykjavík fer borgarminjavörður með minjavörslu.

Minjaverðir skulu hafa umsjón með menningarminjum, skráningu og eftirliti forngripa og gamalla bygginga og vera byggðasöfnum til ráðuneytis og aðstoðar.

Fornleifaverðir hafa umsjón með fornleifarannsóknum og fornleifavörslu á svæðinu, sbr. 16. gr.

Minjaverðir og fornleifaverðir eru starfsmenn Þjóðminjasafns. Nánari verkaskipting milli minjavarða og fornleifavarða skal að öðru leyti ákveðin í reglugerð.

II. KAFLI

Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn.

5. gr.

Þjóðminjasafn Íslands er eign íslenska ríkisins. Það er miðstöð þjóðminjavörslu í landinu. Þjóðminjaráð er stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands, sbr. 2. gr. Það markar safninu stefnu og hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlana og framkvæmd þeirra.

Við Þjóðminjasafn Íslands skal starfa safnstjóri sem annast stjórn safnsins í umboði þjóðminjavarðar. Menntamálaráðherra skipar safnstjóra Þjóðminjasafns til fimm ára í senn samkvæmt tillögu þjóðminjaráðs. Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu og góða þekkingu á rekstri safna.

Safninu skal skipt í deildir. Menntamálaráðherra skipar deildarstjóra og sérfræðinga að fengnum tillögum þjóðminjaráðs, sbr. þó 5. mgr. 3. gr., og skulu þeir að öðru jöfnu hafa sérfræðimenntun á sviði þeirrar deildar sem þeir starfa við. Deildir safnsins eru: forvörsludeild, húsverndardeild, myndadeild, sjóminjadeild, sýninga- og fræðsludeild, textíl- og búningadeild, tækniminjadeild og þjóðháttadeild. Auk þess fornleifadeild, er lýtur stjórn fornleifanefndar, sbr. 3. gr. Deildarstjóri fornleifadeildar og fornleifaverðir skulu vera fornleifafræðingar að mennt, en um menntun þeirra skal nánar tilgreina í reglugerð. Frekari deildaskipting safnsins fer eftir ákvörðun þjóðminjaráðs hverju sinni.

Deildir safnsins geta haft stöðu sérstakra safna svo sem Sjóminjasafn Íslands og Tækniminjasafn Íslands. Skulu þau þá lúta ákvæðum þessara laga um byggðasöfn.

6. gr.

Til byggðasafna teljast samkvæmt lögum þessum önnur söfn sem sett hafa verið á stofn í þeim tilgangi sem segir í 7. gr. og hlotið hafa viðurkenningu þjóðminjaráðs.

Þau söfn, sem uppfylla skilyrði þjóðminjaráðs, geta sótt um styrk úr ríkissjóði til starfsemi sinnar.

Byggðasöfn geta verið sjálfseignarstofnanir eða í eigu sveitarfélaga, stofnana eða félagasamtaka. Setja skal hverju byggðasafni stofnskrá og starfsreglur þar sem m.a. skal kveðið á um stjórn safnsins, eignaraðild að því, þátttöku ríkisins í kostnaði við það og ráðningu forstöðumanns. Reglugerð um byggðasafn skal staðfest af menntamálaráðherra að tillögu þjóðminjaráðs.

7. gr.

Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er að safna, skrásetja, varðveita, forverja og rannsaka minjar um menningarsögu þjóðarinnar og kynna þær almenningi.

Til menningarsögulegra minja teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornleifar og gömul mannvirki, kirkjugripir og minningarmörk, forngríp, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir, kvikmyndir, hljóðritanir og skráðar heimildir um þjóðhætti. Til slíkra minja geta einnig talist staðir sem tengjast menningarsögu.

Þjóðminjar teljast þær minjar um menningarsögu Íslendinga sem ákveðið hefur verið að varðveita í Þjóðminjasafni Íslands, í byggðasöfnum eða með friðun, sbr. 17., 29. og 34. gr.

Hverju byggðasafni ber að leggja áherslu á söfnun og sýningu muna sem telja má einkennandi eða hafa sögulegt gildi fyrir hlutaðeigandi byggðarlög eða landsfjórðung.

Þjóðminjasafn Íslands skal stuðla að rannsóknum á minjum um menningarsögu Íslendinga og útgáfu fræðilegra rita um þær. Birta skal árlega starfsskýrslu Þjóðminjasafns Íslands.

8. gr.

Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfnin skulu vera til sýnis almenningi á tilteknum tímum. Friðaðar fornminjar og mannvirki skulu og vera til sýnis þegar þau hafa verið gerð sýningarhæf og aðrar aðstæður leyfa.

Söfnin og starfsemi þeirra skulu kynnt nemendum í samráði við skóla og fræðslufirvöld, ýmist í söfnunum eða skólum. Einnig skal efnt til slíkrar fræðslu fyrir almenning í söfnum og ríkisfjölmiðlum.

9. gr.

Söfnin mega eigi taka við gjöfum sem kvaðir fylgja, en þó getur menntamálaráðherra veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstaklega stendur á.

Gjafir og fjárframlög til Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með áorðnum breytingum.

10. gr.

Heimilt er að lána gripir úr söfnunum til sýningar, en þó eigi til útlanda nema með samþykki menntamálaráðherra. Jafnframt er heimilt að lána um lengri eða skemmri tíma einstaka gripir til annarra safna eða kirkna, en tryggilega skal gengið frá varðveislu þeirra og þeir tryggðir eftir því sem safnstjórn ákveður.

11. gr.

Ekki má nota myndir af gripum safnanna sem vörumerki eða í auglýsingarskyni og ekki heldur gera af þeim myndir eða eftirlíkingar nema með leyfi þjóðminjavarðar, safnstjóra eða viðkomandi minjavarðar.

12. gr.

Á hverju minjasvæði, sbr. 4. gr., skal starfa minjaráð sem skipað er fulltrúum úr stjórnnum allra viðurkenndra byggðasafna á svæðinu ásamt minjaverði. Hlutverk þess er að fjalla um og samhæfa starfsemi safnanna. Forstöðumenn byggðasafnanna eiga rétt til setu á fundum minjaráðs.

13. gr.

Nú vill stjórn byggðasafns afla sér húsnæðis fyrir safnið, hvort heldur með kaupum eða nýsmíði, og á hún þá kost á að fá styrk til þess úr ríkissjóði, allt að einum þriðja hluta kostnaðar, eftir því sem fé kann að vera veitt til þess á fjárlögum, enda samþykki þjóðminjaráð húsnæðið og stofnkostnað.

Framlag ríkissjóðs skal bundið vísitölu byggingarkostnaðar og innt af hendi samkvæmt sérstökum samningi og greiðsluáætlun sem safnstjórn gerir við menntamálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti áður en framkvæmdir hefjast.

Laun forstöðumanns byggðasafns, miðuð við starfsskyldu hans og starfstíma og samþykkt af þjóðminjaráði, skulu greidd að hálfu úr ríkissjóði.

14. gr.

Byggðasöfn senda minjaverði viðkomandi svæðis árlega starfsskýrslu sína ásamt ársreikningi og fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta árs. Minjavörður leggur gögn þessi fyrir þjóðminjaráð ásamt umsögn sinni. Útdrátt úr ársskýrslum byggðasafna skal birta í ársskýrslu þjóðminjaráðs.

15. gr.

Nú telur þjóðminjavörður að byggðasafni, sem hlýtur ríkisstyrk, sé hætta búin sökum vanhírðu eða af öðrum orsökum og ekki hefur fengist úr bætt þrátt fyrir endurteknar áskoranir og getur þá menntamálaráðherra svipt safnið ríkisstyrk. Lendi safnið í óhírðu getur þjóðminjavörður að fengnu samþykki menntamálaráðherra ráðstafað gripum safnsins til varðveislu í Þjóðminjasafni Íslands eða öðru byggðasafni.

III. KAFLI

Fornminjar.*A. Fornleifar.*

16. gr.

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki.
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar, sbr. 17. gr.

17. gr.

Fornleifadeild lætur, eftir föngum, skrá allar þekktar fornleifar og gefur út skrá um friðlýstar fornleifar og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti. Skylt er að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess. Fornleifadeild ákveður í samráði við fornleifanefnd hvaða fornleifar skulu friðaðar. Friðlýsingu fornleifa skal birta í Stjórnartíðindum og staðurinn tilgreindur svo nákvæmlega sem unnt er á korti eða á annan hátt. Auðkenna skal friðlýstar minjar eða minjasvæði með sérstökum merkjum. Friðaðar fornleifar teljast þjóðminjar, sbr. 7. gr. Tilkynna skal landeigenda og ábúanda með sannanlegum hætti um friðunina.

Friðun fornleifa skal þinglýsa sem kvöð á landareign þá sem í hlut á. Þeim minjum sem friðlýstar eru skal fylgja 20 m friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegum mörkum fornleifa og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Um stærra svæði skal leita samþykkis landeiganda. Friðlýstar fornleifar skulu færðar á skipulagskort.

Fornleifar, sem friðlýstar hafa verið samkvæmt eldri lögum, skulu njóta friðunar áfram.

18. gr.

Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, sem hætt er við að spilli fornleifum, skal sá, sem fyrir þeim stendur, bera kostnað af nauðsynlegum fornleifarannsóknum sem framkvæma þarf áður en framkvæmdir hefjast. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð.

19. gr.

Skylt er landeiganda og ábúanda að gera fornleifadeild eða fornleifaverði viðvart ef fornleifar liggja undir spjöllum af völdum náttúrunnar eða þeim er spilt af manna völdum. Fornleifadeild, eða fornleifavörður í samráði við hana, ákveður þá hvaða ráðstafanir skuli gera til verndar fornleifunum.

20. gr.

Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra fornleifadeild eða fornleifaverði frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fenginn er úrskurður fornleifanefndar um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

21. gr.

Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra þjóðminjaverði eða fornleifaverði frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Fornleifavörður í samráði við fornleifadeild ákveður hvort eða hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallargerð og veitulagnir, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um efni þessarar greinar.

22. gr.

Fornleifanefnd fer með yfirstjórn rannsókna á fornleifum í landinu. Þegar nefndin veitir leyfi til stað- og tímabundinna rannsókna skal þess gætt að stjórnandi þeirra hafi tilskilda menntun í fornleifafræði. Skal leyfi vera skriflegt hverju sinni og sá, sem slíkt leyfi fær, hlíta þeim reglum sem fornleifanefnd og fornleifavörður svæðisins setja þar að lútandi, svo sem um skil á rannsóknarskýrslum og birtingu þeirra, og um skil á gripum sem finnast við rannsóknina. Rannsóknir útlandinga skulu vera undir yfirumsjón fornleifadeildar Þjóðminjasafns og fornleifavarðar viðkomandi svæðis. Beina skal til fornleifanefndar öllum rannsóknarbeiðnum útlandinga er varða fornleifar á einhvern hátt, þar á meðal þeim sem einnig er skylt að beina til vísindaráðs samkvæmt lögum nr. 48/1987.

23. gr.

Fornleifadeild eða fornleifaverðir hafa rétt til að rannsaka fornleifar með greftri eða á annan hátt og gera það sem þarf til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en gera skal landeiganda eða ábúanda viðvart um það áður.

24. gr.

Óheimil er öðrum en starfsmönnum þjóðminjavörslunnar notkun málmleitartækja eða annars tækjabúnaðar við leit að forngrípum í jörðu nema með sérstöku leyfi þjóðminjavarðar.

25. gr.

Skylt er að viðhalda á kostnað ríkissjóðs friðuðum fornleifum.

B. Forngripir.

26. gr.

Forngripir eru lausar fornminjar, einstakir hlutir, 100 ára og eldri. Þegar forngripir finnast sem liggja eða legið hafa í jörðu skal finnandi tilkynna þjóðminjaverði eða fornleifa-verði hvers svæðis fundinn svo fljótt sem við verður komið. Finnandi skal ekki haggja við fundinum nema nauðsynlegt sé að taka hann eða hluta hans þegar til umhirðu með því að ella væri hætt á að munir spilltust eða færu forgörðum.

Ákvæði 1. mgr. taka til allra muna sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og einnig til leifa af líkómum manna og dýra sem finnast í fornum haugum, dysjum eða leiðum.

Allir munir, sem grein þessi fjallar um, eru eign ríkisins. Skulu þeir varðveittir í Þjóðminjasafni eða í hlutaðeigandi byggða- eða minjasafni. Ef upp kemur ágreiningur um hvar varðveita skuli forngripi sker fornleifanefnd úr.

27. gr.

Greiða skal finnanda útgjöld, sem hann hefur haft, vegna fundar forngríps.

Nú finnst forngripur úr gulli eða silfri, þar á meðal gullpeningar eða silfurpeningar, og skal þá meta málmverð hlutarins og leggja ofan á tíu af hundraði. Skal annar helmingur fjárhæðarinnar greiddur finnanda en hinn landeiganda.

Útgjöld samkvæmt grein þessari skulu greidd úr ríkissjóði.

28. gr.

Eigi má flytja úr landi neina muni eða gripi sem eru eldri en 100 ára nema þjóðminjaráð leyfi. Gildir þá einu hvort gripur er í einkaeign eða opinberri eign. Leiki vafi á um aldur hlutar úrskurðar þjóðminjaráð. Þá getur þjóðminjaráð með samþykki menntamálaráðuneytisins hindrað útflutning yngri gripa en hér er kveðið á um.

IV. KAFLI

Kirkjugripir og minningarmörk.

29. gr.

Þjóðminjavörður ákveður í samráði við þjóðminjaráð friðun og forvörslu kirkjugripa sem varðveittir eru í kirkjum landsins og hann telur friðunarverða vegna sögulegs eða listræns gildis þeirra.

Þjóðminjavörður friðar einnig þá legsteina eða önnur minningarmörk í kirkjugörðum sem hann telur rétt að vernda af framangreindum ástæðum.

Halda skal nákvæma skrá yfir friðaða kirkjugripa og minningarmörk.

30. gr.

Munir, sem á friðunarskrá eru teknir skv. 29. gr., eru friðhelgir. Óheimilt er að raska þeim eða spilla. Ekki má heldur farga þeim né flytja þá burtu nema leyfi þjóðminjavarðar komi til.

Forráðamönnum kirkna ber að vernda skráða kirkjugripa.

Kirkjugarðsstjórnir annast vernd skráðra minningarmarka svo sem segir í 17. gr. laga um kirkjugarða, nr. 21 23. apríl 1963.

31. gr.

Gera skal sérstaka skrá um friðlýsta gripa hvernar kirkju og sama gildir um friðlýst minningarmörk í kirkjugörðum. Þjóðminjavörður lætur skrár þessar í té sóknarprestum, próföstum og sóknarnefndum sem hlut eiga að máli.

32. gr.

Þjóðminjasafnið skal varðveita aflagða kirkjugripa og þá gripa sem þjóðminjaverði og forráðamönnum kirkna kemur saman um að eigi sé ástæða til að hafa í kirkju lengur. Þó getur þjóðminjavörður falið viðkomandi byggðasafni varðveislu gripanna.

33. gr.

Sé kirkja lögð niður skulu gripir hennar renna til safns skv. 32. gr. eða til annarra kirkna og sé það ákveðið með samráði þjóðminjavarðar og biskups eða prófests. Gildir þetta jafnt um bændakirkjur og safnaðarkirkjur.

Þjóðminjasafnið skal eiga forkaupsrétt að kirkjugripum í einkaeign ef seldir verða.

V. KAFLI

Friðun húsa og annarra mannvirkja.

34. gr.

Friða má mannvirki, hús eða húshluta sem hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Friðun getur náð til nánasta umhverfis hins friðaða mannvirkis. Friða má samstæður húsa sem hafa slíkt gildi sem að framan greinir og gilda þá reglur friðunar um hvert einstakt þeirra. Tilgangur friðunarinnar er að tryggja sem best varðveislu þess mannvirkis sem um ræðir.

35. gr.

Menntamálaráðherra ákveður friðun eða brottfall friðunar að fengnum tillögum húsa-friðunarnefndar ríkisins.

Í húsa-friðunarnefnd eiga sæti fimm menn. Menntamálaráðherra skipar fjóra menn til fimm ára í senn, tvo samkvæmt tilnefningu þjóðminjaráðs, einn samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands og einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, en

auk þeirra á þjóðminjavörður sæti í nefndinni. Menntamálaráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.

Hlutverk húsafriðunarnefndar ríkisins er að stuðla að varðveislu byggingararfs þjóðarinnar í umboði þjóðminjaráðs, að meta hvaða hús sé ráðlegt að friða hverju sinni og gera um það tillögur til ráðherra. Nefndin skal hafa samráð við minjavörð þegar fjallað er um hús eða mannvirki á því svæði sem hann hefur umsjón með. Einnig úthlutar húsafriðunarnefnd ríkisins styrkjum úr húsafriðunarsjóði.

36. gr.

Öll hús, sem reist eru fyrir 1850, skulu vera friðuð, svo og allar kirkjur reistar fyrir 1918.

Skylt er eigendum húsa, sem sem reist eru fyrir árið 1900, að tilkynna minjavörðum og húsafriðunarnefnd ríkisins með góðum fyrirvara ef þeir hyggjast breyta húsi sínu, flytja það eða rífa.

Húsafriðunarnefnd skal innan þriggja vikna tilkynna viðkomandi aðilum hvort hún telur ástæðu til friðunar.

Byggingarfulltrúum ber að fylgjast með því að eigendur húsa, sem fjallað er um í þessari grein, sinni tilkynningarskyldu sinni.

37. gr.

Ákvörðun um friðlýsingu skal tilkynna húseiganda, öðrum þeim sem eiga þinglesin réttindi yfir eigninni, svo og hlutadeigandi lögreglustjóra, bæjar- eða sveitarstjórn og byggingarnefnd. Greina skal í tilkynningu um það til hvers friðunin nær.

Þinglýsa skal friðun sem kvöð á fasteign sem í hlut á og skal auglýst í Stjórnartíðindum um hverja friðlýsingu. Þinglýsingardómari skal tilkynna húsafriðunarnefnd ef þinglesin eru eigendaskipti að friðaðri húseign.

Heimilt er að fella niður fasteignagjöld af friðuðum húsum.

38. gr.

Telji húsafriðunarnefnd ríkisins hættu á að hús, sem hefur menningarsögulegt eða listrænt gildi en hefur þó ekki verið friðað, verði rífið eða gildi þess rýrt á nokkurn hátt getur hún ákveðið skyndifriðun viðkomandi húss.

Skyndifriðun tekur gildi þegar húsafriðunarnefnd ríkisins hefur tilkynnt með tryggilegum hætti öllum hlutadeigandi aðilum, sbr. 37. gr., um ákvörðun sína og gildir hún í tvær vikur. Skyndifriðun þarf ekki að þinglýsa.

Á meðan skyndifriðun stendur yfir gilda að öðru leyti allar reglur venjulegrar friðunar.

Menntamálaráðherra ákveður að fengnum tillögum húsafriðunarnefndar ríkisins hvort friða skuli viðkomandi hús áður en skyndifriðun lýkur.

39. gr.

Óheimilt er að gera nokkrar breytingar á friðaðri húseign án leyfis húsafriðunarnefndar ríkisins.

Við endurbætur og viðhald friðaðra fasteigna skal leitað álits og samþykkis húsafriðunarnefndar ríkisins. Leyfi nefndarinnar þarf til að setja skilti eða aðrar áletranir á friðuð hús.

Vilji eigandi friðaðrar eignar ráðast í framkvæmd, sem leyfi þarf til skv. 1. mgr., skal hann þá í umsókn sinni til húsafriðunarnefndar ríkisins lýsa nákvæmlega hinum fyrirhuguðu framkvæmdum og láta uppdrátt fylgja. Nefndin skal svo fjótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan þriggja vikna, gera eiganda grein fyrir afstöðu sinni. Setji nefndin það skilyrði fyrir samþykki sínu að verk sé framkvæmt með tilteknum hætti öðrum en þeim sem í umsókn greinir er eiganda skylt að hlíta því. Skal eigandi fá greiddan aukakostnað sem af fyrirmælum nefndarinnar leiðir.

40. gr.

Ef breytingar hafa verið gerðar á friðuðu húsi án leyfis húsafriðunarnefndar getur hún lagt fyrir eiganda að færa húsið í hið fyrra horf innan hæfilegra tímamarka. Nú sinnir eigandi ekki fyrir mælum nefndarinnar og getur hún þá, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

41. gr.

Ef vanrækt er viðhald friðlýsts húss getur húsafriðunarnefnd lagt fyrir eiganda að gera umbætur innan hæfilegs frests. Nú líður frestur án þess að úr sé bætt og getur þá húsafriðunarnefnd, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, látið framkvæma verkið á kostnað eiganda.

42. gr.

Nú verður friðuð eign fyrir spjöllum af eldi eða öðrum ástæðum og skal eigandi eða afnotahafi þá gera húsafriðunarnefnd viðvart um það þegar í stað. Lætur nefndin þá fara fram skoðunargerð og mat á spjöllum. Ef ráðist verður í endurbyggingu gilda ákvæði 39. gr.

43. gr.

Nú vill eigandi friðaðs húss rífa húsið eða flytja það af stað sínum og skal hann þá sækja um leyfi til þess til húsafriðunarnefndar. Nefndin skal, svo fljótt sem við verður komið, og í síðasta lagi innan þriggja vikna, senda menntamálaráðherra umsóknina með tillögum sínum. Ef ráðherra leyfir niðurrif eða brottflutning skal aflýsa friðunarkvöðinni eða skilgreina að nýju til hvaða þátta friðun hússins nær.

44. gr.

Ef byggingarnefnd hefur orðið vör við að friðuð eign hefur orðið fyrir spjöllum eða að henni sé ekki vel við haldið skal hún gera húsafriðunarnefnd viðvart.

45. gr.

Húsafriðunarnefnd hefur rétt til að framkvæma, eiganda að kostnaðarlausu, hvers konar eftirlit með og skoðanir á friðaðri eða friðlýstri eign sem gera þarf vegna ákvæða þessa kafla.

46. gr.

Starfrækja skal húsafriðunarsjóð til að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðaðra húsa. Tekjur sjóðsins eru:

1. árlegt framlag ríkissjóðs,
2. árlegt framlag sveitarfélaga,
3. frjáls framlög.

Framlag ríkissjóðs skal miða við að það nemi á hverju ári 100 kr. á hvern íbúa landsins. Framlag sveitarfélaga skal miðað við að það nemi 100 kr. á hvern íbúa hlutadeigandi sveitarfélags. Þessi framlög skulu þó breytast árlega í hlutfalli við byggingarvísitölu.

Framlög sveitarfélaga greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 8. gr. laga nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga.

Varsla og reikningshald sjóðsins skal falið ríkisbanka.

47. gr.

Hlutverk húsafriðunarsjóðs er að veita styrki til viðhalds og endurbóta á friðuðum húsum og mannvirkjum. Heimilt er að veita styrki til viðhalds annarra húsa en friðaðra sem að dómi húsafriðunarnefndar hafa menningarsögulegt eða listrænt gildi. Sjóðnum ber að stuðla að byggingarsögulegum rannsóknum og útgáfu rita um þær.

48. gr.

Húsafríðunarnefnd stjórnar húsafríðunarsjóði og ákveður styrki úr honum samkvæmt sérstakri reglugerð sem menntamálaráðuneytið setur um sjóðinn. Skal þar m.a. kveðið á um skyldur þeirra sem fjárframlög fá úr sjóðnum. Slík framlög eru undanþegin tekjuskatti.

49. gr.

Útgjöld vegna starfsemi húsafríðunarnefndar, þar á meðal þóknun til nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

50. gr.

Hver sá, sem fyrir fjártjóni verður vegna framkvæmda á ákvæðum III. eða V. kafla laga þessara, á rétt til skaðabóta úr ríkissjóði. Ef samkomulag næst ekki um bætur skulu þær ákveðnar eftir reglum laga um eignarnám.

51. gr.

Ekki ber að greiða stimpilgjöld eða þinglýsingargjöld af skjölum sem út eru gefin vegna framkvæmda á lögum þessum.

52. gr.

Brot gegn ákvæðum 18.–22. gr., 24. gr., 1. mgr. 26. gr., 28. gr., 30. gr., 2. mgr. 36. gr., 39. gr., 42. gr. og 44. gr. varða sektum til ríkissjóðs nema þyngri refsing liggji við broti skv. 177. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19 12. febrúar 1940.

53. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstakra kafla þeirra.

54. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 52 1969, þjóðminjalög, og lög nr. 42 1975, um breytingu á þjóðminjalögum.

Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Skipað skal í allar stöður minjavarða, sbr. 4. gr., innan fimm ára frá gildistöku þessara laga.

Gjört í Reykjavík, 29. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G

um launavísitölu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hagstofa Íslands skal reikna og birta mánaðarlega sérstaka launavísitölu eins og nánar er mælt fyrir um í lögum þessum. Launavísitala skal miðuð við meðaltal hvers mánaðar og birt eftir miðjan næsta mánuð. Vísitalan skal sett 100 stig í desember 1988 miðað við laun í nóvember 1988.

2. gr.

Launavísitala skv. lögum þessum skal sýna svo sem unnt er breytingar heildarlauna allra launþega fyrir fastan vinnutíma. Er þá átt við breytingar greiddra launa fyrir dagvinnu, eftirvinnu og næturvinnu að meðtöldum starfs- eða launatengdum álögum og kaupukum.

3. gr.

Við mat á launabreytingum skal Hagstofan afla þeirra gagna og skýrslna sem hún telur nauðsynlegar og jafnframt gera eigin kjararannsóknir eftir því sem nánar kann að verða ákveðið. Við gagnaöflun og mat á launabreytingum skal Hagstofan hafa samráð við kjararannsóknarnefndir, hagdeildir og aðra þá aðila á vegum samtaka á vinnumarkaðnum sem fást við kjararannsóknir og mat á launabreytingum. Opinberar stofnanir, sem vinna að launa- og tekjuskýrslum, skulu láta Hagstofunni í té allar þær upplýsingar sem þær geta miðlað í þessum efnum.

4. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um aðför.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. ÞÁTTUR

Almenn skilyrði fyrir aðför.

1. KAFLI

Aðfararheimildir o.fl.

1. gr.

Aðför má gera til fullnustu kröfum samkvæmt eftirfarandi heimildum:

1. dómum og úrskurðum, uppkveðnum af íslenskum dómstólum.
2. áskorunarstefnum, sem gerðar hafa verið aðfararhæfar með áritun dómara hér á landi.
3. sáttum og nauðasamningum, sem komist hafa á fyrir íslenskum dómstólum.
4. sáttum, sem gerðar hafa verið fyrir yfirvöldum og eru aðfararhæfar samkvæmt fyrirmælum laga.
5. úrskurðum yfirvalda, sem eru aðfararhæfir samkvæmt fyrirmælum laga.
6. ákvörðunum yfirvalda um fésektir, dagsektir og févíti, sem eru aðfararhæfar samkvæmt fyrirmælum laga.
7. skuldabréfum fyrir ákveðinni peningaupphæð, hvort sem veðréttindi hafa verið veitt fyrir skuldinni eða ekki, þar sem undirskrift skuldara er vottuð af lögbókanda, hæstaréttar- eða héraðsdómslögmanni, löggiltum fasteignasala eða tveimur vitundarvottum, ef berum orðum er tekið fram í ákvæðum skuldabréfsins að aðför megi gera til fullnustu skuldinni án undangengins dóms eða réttarsáttar.
8. víxlum og tékkum, að því leyti sem krafist er fullnægju greiðsluskyldu á grundvelli gildandi réttar samkvæmt slíkum skjölum.
9. kröfum um skatta og önnur samsvarandi gjöld, sem innheimt eru samkvæmt lögum af innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarfélögum eða sameiginlegum gjaldheimtum ríkis og sveitarfélaga.
10. kröfum, áður ótöldum, sem njóta lögtaksréttar samkvæmt fyrirmælum laga.
11. úrlausnum eða ákvörðunum erlendra dómstóla eða yfirvalda eða sáttum gerðum fyrir þeim, ef íslenska ríkið hefur skuldbundið sig að þjóðarétti og með lögum til að viðurkenna slíkar aðfararheimildir, enda verði fullnusta kröfunnar talin samrýmanleg íslensku réttarskipulagi.

Aðför til fullnustu kröfu skv. 1. mgr. verður, eftir því sem við á, einnig gerð fyrir verðbótum, vöxtum og lögbundnum vanskilaálögum, kostnaði af kröfu, málskostnaði eða innheimtukostnaði, endurgjaldi kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegum kostnaði af frekari fullnustuaðgerðum.

Um heimild til útburðargerða og innsetningargerða án undangengins dóms eða réttarsáttar fer eftir fyrirmælum 12. kafla.

2. gr.

Sá getur krafist aðfarargerðar, sem aðfararheimild ber með sér að sé rétthafi hennar, svo og sá, sem nýtur handveðréttar í aðfararhæfri kröfu.

3. gr.

Aðfarar má krefjast hjá þeim, sem skylda hvílir á samkvæmt hljóðan aðfararheimildar. Nær þetta einnig til þeirra, sem hafa tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á efdum skuldbindingar skv. 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., og þeirra, sem eiga verðmæti, sem standa að veði til tryggingar kröfu skv. 7. tölul. 1. mgr. 1. gr., ef áskilnaði þessara ákvæða gagnvart aðalskuldara er einnig fullnægt gagnvart þeim.

Aðfarar má einnig krefjast hjá öðrum en þeim, sem skylda hvílir á skv. 1. mgr., ef hann hefur tekið á sig ábyrgð á efdum aðfararhæfrar skuldbindingar samkvæmt fyrirmælum laga eða slík ábyrgð hvílir sjálfkrafa á honum lögum samkvæmt.

4. gr.

Með aðfarargerðir fara sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra.

Um hæfi sýslumanna og fulltrúa þeirra til að fara með aðfarargerð fer eftir reglum laga um hæfi dómara til að fara með einkamál í héraði, eftir því sem við getur átt. Ekki veldur það þó vanhæfi sýslumanns að hann fari með innheimtu kröfu, sem aðfararhæf er skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr.

Ef sýslumaður er vanhæfur til að fara með aðfarargerð, skipar dómsmálaráðherra annan löghæfan mann til að vinna verkið í hans stað. Þóknun hans greiðist samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra úr ríkissjóði.

Að því leyti, sem málefni samkvæmt lögum þessum koma til kasta héraðsdómstóla, skal þeim beint að héraðsdómstólnum, sem hefur dómsvald í umdæmi þess sýslumanns, sem fer með viðkomandi aðfarargerð, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

2. KAFLI

Aðfararfrestur.

5. gr.

Aðför má gera eftir dómi eða úrskurði, þegar liðnir eru fimmtán dagar frá uppkvaðningu hans, ef annar aðfararfrestur er ekki tiltekinn. Aðför má gera eftir áskorunarstefnu, þegar hún hefur verið árituð af dómara um aðfararhæfi. Ekki er þörf sérstakrar birtingar dóms, úrskurðar eða áritaðrar áskorunarstefnu, áður en aðför verður gerð, nema þess sé sérstaklega krafist að lögum.

Ef áfrýjunarstefna hefur verið gefin út vegna aðfararheimildar innan almenns áfrýjunarfrests, verður ekki af fyrirtöku aðfararbeiðni meðan mál er rekið fyrir æðra dómi, nema mælt sé svo fyrir í lögum eða viðkomandi dómi eða úrskurði að áfrýjun fresti ekki aðför. Með sama hætti fer um úrskurði, sem sæta kæru til æðra dóms, ef kært er innan kærufrests.

Ef aðfararheimild hefur verið áfrýjað að liðnum almennum áfrýjunarfresti, getur gerðarþoli gert þá kröfu við aðfarargerð, að henni verði frestað meðan mál er rekið fyrir æðra dómi, ef ekki er kveðið á annan hátt á um áhrif málskots í lögum, dómnum eða úrskurðinum. Með slíka kröfu skal farið að hætti 26. gr.

6. gr.

Aðför má gera eftir réttarsátt eða sátt, gerðri fyrir yfirvaldi, þegar krafa samkvæmt henni er komin í gjalddaga. Ef enginn gjalddagi er tiltekinn í sátt, má gera aðför samkvæmt henni að liðnum fimmtán dögum frá gerð hennar. Aðför má gera með sama hætti eftir nauðasamningi, sem komist hefur á fyrir dómstól.

Ekki tálmar það aðför eftir sátt, þótt krafist sé ógildingar hennar í dómsmáli.

7. gr.

Áður en aðfarar verður krafist fyrir kröfu, sem talin er í 5., 6., 7., 8. eða 10. tölul. 1. mgr. 1. gr., og eftir að slík krafa er komin í gjalddaga, skal gerðarbeiðandi beina greiðsluáskorun til gerðarþola með minnst fimmtán daga fyrirvara, þar sem tekið er fram, að aðfarar verði krafist fyrir skuldinni, ef áskoruninni verði ekki sinnt. Eins skal að farið, þegar krafist er aðfarar í skjóli ábyrgðar skv. 2. mgr. 3. gr., þótt aðfararheimild eigi undir önnur fyrirmæli 1. mgr. 1. gr.

Greiðsluáskorun skal send gerðarþola með ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birt honum af einum stefnuvotti. Frestur skv. 1. mgr. telst frá þeim degi, sem gerðarþoli eða sá, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, fær eintak hennar í hendur, eða þegar birting greiðsluáskorunar á sér stað.

8. gr.

Áður en aðfarar verður krafist fyrir kröfu skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. og eftir að hún er komin í gjalddaga, skal sá, sem innheimtu hennar hefur með höndum, birta með minnst fimmtán daga fyrirvara almenna greiðsluáskorun í dagblöðum eða með öðrum samsvarandi hætti, þar sem fram kemur að aðfarar verði krafist án frekari fyrirvara fyrir vangoldnum gjöldum, sem hafa verið í gjalddaga á tilteknum tíma. Skal tiltekið í auglýsingunni um hvers konar gjöld er að ræða hverju sinni.

9. gr.

Aðfarar má krefjast að liðnum aðfararfresti skv. 5.–8. gr. svo lengi, sem hlutaðeigandi krafa er ekki niður fallin fyrir fyrningu, og einnig að liðnum fyrningartíma, ef gerðarþoli mætir við gerð og lýsir yfir að hann beri ekki fyrir sig fyrningu kröfunnar.

II. ÞÁTTUR*Almennar reglur um undirbúning og framkvæmd aðfarar.*

3. KAFLI

Aðfararbeiðni o.fl.

10. gr.

Aðfararbeiðni skal vera skrifleg. Í henni skal koma fram, svo ekki verði um villst, hverjir gerðarbeiðandi og gerðarþoli eru og við hverja heimild hún styðst. Þá skal einnig tiltekið nákvæmlega hvers krafist er með aðfarargerð. Ef krafist er aðfarar til fullnustu kröfu um peningagreiðslu, skal sundurliða fjárhæð hennar svo sem þá er kostur.

Með aðfararbeiðni skulu fylgja skilríki fyrir aðfararheimildinni og gögn um að greiðsluáskorun hafi verið beint til gerðarþola skv. 7. eða 8. gr., ef við á. Ef aðfarar er krafist til fullnustu kröfu skv. 7. eða 8. tölul. 1. mgr. 1. gr., skal frumrit viðskiptabréfs fylgja aðfararbeiðni.

11. gr.

Aðfararbeiðni og fylgigögn hennar skulu send héraðsdómara, ef eitthvað eftirtalinna atriða varðar aðfararheimildina:

1. ef krafa styðst við úrskurð eða ákvörðun yfirvalds, sbr. 5. og 6. tölul. 1. mgr. 1. gr.
2. ef um kröfu er að ræða, sem lögtaksréttur er fyrir og 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. tekur til.
3. ef krafa styðst við erlenda aðfararheimild, sbr. 11. tölul. 1. mgr. 1. gr.
4. ef krafist er aðfarar á grundvelli ábyrgðar, sem 2. mgr. 3. gr. tekur til.
5. ef krafist er útburðar- eða innsetningargerðar skv. 12. kafla.

Þegar svo stendur á, sem í 1. mgr. segir, skal aðfararbeiðni send héraðsdómara á varnarþingi, þar sem heimilt væri að höfða einkamál um viðkomandi kröfu, nema fyrirmæli laga áskilji annað. Aðfararbeiðni og fylgigögn hennar skulu send héraðsdómara í tvíriti.

Heimilt er gerðarbeiðanda að beina aðfararbeiðni til héraðsdómara, ef hann svo kys, þótt ákvæði 1. mgr. eigi ekki við um hana.

12. gr.

Héraðsdómari skal taka aðfararbeiðni, sem honum berst, til athugunar svo fljótt sem við verður komið.

Telji héraðsdómari skilyrðum til aðfarar fullnægt samkvæmt framkomnum gögnum gerðarbeiðanda, áritar hann beiðnina um að aðför megi gera samkvæmt henni.

13. gr.

Telji héraðsdómari aðfararbeiðni ófullnægjandi, aðfararheimild ekki fyrir hendi eða ónæg gögn fram komin til stuðnings beiðni, ritar hann á hana að aðför nái ekki fram að ganga samkvæmt henni.

Ef héraðsdómari telur aðför mega fara fram að hluta samkvæmt aðfararbeiðni, er honum rétt að rita þá ákvörðun sína á hana, þar sem nákvæmlega er tekið fram, að hverju leyti aðför megi gera.

Héraðsdómari má gefa gerðarbeiðanda kost á að bæta úr annmörkum, áður en aðfararbeiðni er hafnað að öllu leyti eða einhverju skv. 1. eða 2. mgr.

14. gr.

Við meðferð héraðsdómara skv. 12. og 13. gr. er ekki þörf tilkynningar til gerðarþola eða nærveru hans, sbr. þó 78. gr., nema gerðarbeiðandi hafi sérstaklega óskað eftir því og héraðsdómara þyki rétt að verða við því, eða gerðarþoli hafi áður tilkynnt héraðsdómara að hann hafi andmæli fram að færa gegn kröfum gerðarbeiðanda.

Þegar nærveru gerðarþola er þörf skv. 1. mgr., fer um málsmeðferð eftir fyrirmælum 13. kafla.

15. gr.

Þegar héraðsdómara hefur borist aðfararbeiðni, skal hennar getið í sérstakri skrá, sem haldin er eftir nánari reglum, settum af dómsmálaráðherra. Í skránni skulu greind nöfn aðila, um hverja aðfararheimild er að ræða og hverja afgreiðslu beiðni hefur fengið. Frekari bókana er ekki þörf, þegar farið er með beiðni eftir 12. eða 13. gr.

Þegar héraðsdómari hefur áritað beiðni um að aðför megi gera samkvæmt henni að öllu leyti eða einhverju, varðveitir hann annað eintak hennar með áritun, ásamt samriti fylgigagna.

Beiðni, sem árituð hefur verið, skal afhenda eða senda gerðarbeiðanda ásamt frumritum þeirra gagna, sem henni fylgdu.

Þótt héraðsdómari hafi áritað beiðni um að gerð megi fara fram að einhverju leyti eða öllu, er hann óbundinn af þeirri afstöðu, ef ágreiningur rís síðar um beiðnina.

16. gr.

Beiðni um aðför, sem sætir ekki í upphafi meðferð héraðsdómstóls samkvæmt ákvæðum 11. gr., og aðfararbeiðni, sem árituð hefur verið af héraðsdómara um að gerð megi fara fram, skal að jafnaði beint til sýslumanns í því umdæmi, þar sem gerðarþoli hefur heimilisvarnarþing, en heimilt er einnig að beina aðfararbeiðni til sýslumanns í einhverju því umdæmi, sem hér greinir:

1. þar sem rökstudd ástæða er til að ætla að gerðarþoli muni hittast fyrir.
2. þar sem gerðarþoli rekur atvinnustarfsemi, ef krafan á rætur að rekja til hennar. Ef atvinnustarfsemi fer fram í fleiri en einu umdæmi, skal beiðst aðfarar í því umdæmi, þar sem aðalstöðvar hennar eru, nema aðfararheimild varði sérstaklega starfseminna á öðrum stað og gerðarbeiðandi kys það fremur.
3. þar sem þau verðmæti er að finna, sem standa að veði til tryggingar hlutaðeigandi kröfu.
4. þar sem andlag gerðarinnar er að finna, ef um aðför er að ræða til fullnustu annarrar kröfu en um peningagreiðslu.

5. Þar sem eignir gerðarþola er að finna, þegar um aðför er að ræða til fullnustu kröfu um peningagreiðslu, ef gerðarþoli á ekki skráð heimili eða aðsetur hér á landi.

Getið skal ástæðu þess í aðfararbeiðni, ef henni er beint til sýslumanns í öðru umdæmi en þar sem gerðarþoli hefur heimilisvarnarþing.

17. gr.

Þegar beiðni um aðför hefur borist sýslumanni, kannar hann hvort beiðni og aðfararheimild eru í lögmætu formi, hvort telja megi beiðni komna fram í réttu umdæmi og hvort fullnægt er skilyrðum 8. gr. í þeim tilvikum, sem við á. Ef svo reynist, synjar sýslumaður ekki af sjálfsdáðum um aðför, nema aðfararheimild verði ekki fullnægt samkvæmt efni sínu.

Telji sýslumaður ágalla vera á málstað gerðarbeiðanda, sem veldur því að aðfarar verði synjað vegna fyrirmæla 1. mgr., skal hann endursenda beiðnina þegar í stað ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðun sinni.

Nú hefur aðfararbeiðni verið beint til sýslumanns í umdæmi, sem heimild er fyrir í 1. mgr. 16. gr., en hann telur nærtækara að aðför verði fremur reynd í öðru umdæmi. Má hann þá framsenda beiðnina hlutaðeigandi sýslumanni að fengnu samþykki gerðarbeiðanda.

18. gr.

Þegar staðreynt hefur verið að aðfararbeiðni fullnægi skilyrðum 1. mgr. 17. gr., getur sýslumaður hennar í sérstakri skrá, sem haldin er eftir nánari reglum, settum af dómismálaráðherra. Aðfararbeiðnir skulu þar skráðar í áframhaldandi númeraröð, eftir því sem þær berast. Aðfararbeiðnir skulu áritaðar um móttökudag og auðkenndar númeri samkvæmt framan-sögðu. Beiðni, sem berst áður en aðfararfrestur skv. 5.–8. gr. er liðinn, telst þó ekki fram komin fyrir en á fyrsta starfsdegi eftir lok frestsins og skal auðkennd samkvæmt því.

4. KAFLI

Upphafsaðgerðir við aðför.

19. gr.

Ef fyrir liggja tvær eða fleiri beiðnir um aðför hjá gerðarþola og þær varða samkynja skyldu hans, skal sinna beiðni þess, sem sýslumanni barst fyrst, áður en öðrum verður sinnt, enda haldi sá fram rétti sínum án ástæðulausrar tafar. Aðfararbeiðnir, sem berast sýslumanni samtímis, standa jafnar að þessu leyti.

Aðfararbeiðni, sem framsend hefur verið milli umdæma skv. 3. mgr. 17. gr., nýtur stöðu í samræmi við móttökudag hennar, þar sem hún barst fyrst. Þó raskar hún ekki stöðu beiðni, sem áður hefur verið tilkynnt um að hætti 1. mgr. 21. gr.

20. gr.

Sýslumaður ákveður svo fljótt, sem við verður komið eftir að aðfararbeiðni hefur borist, hvar og hvenær aðför fari fram, svo sem verða má eftir óskum gerðarbeiðanda. Gerðarbeiðanda skal tilkynnt sú ákvörðun á þann hátt, sem sýslumanni þykir til hlyða.

21. gr.

Gerðarþola skal tilkynnt með hæfilegum fyrirvara að beiðni sé komin fram um aðför hjá honum og um meginefni hennar. Honum skal um leið tilkynnt hvar aðför muni byrja og sem nánast á hvaða tíma tiltekens dags. Sýslumaður getur lagt fyrir gerðarbeiðanda að annast þessa tilkynningu.

Tilkynningu skv. 1. mgr. skal senda gerðarþola með útbornu ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða birta honum af einum stefnuvotti.

Víkja má frá skyldu til tilkynningar skv. 1. mgr., ef einhver eftirtalin atvik eiga við:

1. ef um aðför er að ræða til fullnustu kröfu, sem 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. tekur til.
2. ef hætt þykir að gerðarþoli muni spilla fyrir aðför, fái hann vitneskju um að hennar sé að vænta.
3. ef hætt þykir að gerðarbeiðandi verði fyrir sérstökum réttarspjöllum af drætti, sem verður á aðför vegna tilkynningar.
4. ef gerðarþola hefur áður verið send tilkynning um aðför vegna sömu kröfu, en ekki sinnt henni.
5. ef krafist er aðfarar að undangengnum úrskurði héraðsdómara skv. 77. gr. eða 13. kafla.
6. ef ekki er vitað hvar gerðarþoli hefst við.

5. KAFLI

Framkvæmd aðfarar.

22. gr.

Ef gerðarþola er send tilkynning skv. 21. gr., skal aðför að jafnaði byrja á starfstofu sýslumanns, nema sýslumanni þyki að höfðu samráði við gerðarbeiðanda annað hentara og samrýmanlegt hagsmunum aðilanna.

Hafi gerðarþola ekki verið send tilkynning að hætti 21. gr., er rétt að aðför byrji á heimili hans, en ella á vinnustað hans eða þeim stað öðrum, þar sem sennilegast þykir að hann eða málsvari hans muni hittast fyrir. Ef gerðarþoli á hvergi skráð heimili eða aðsetur hér á landi, má þó byrja aðför á starfstofu sýslumanns.

23. gr.

Ekki verður af aðför, nema gerðarbeiðandi sé viðstaddur eða annar maður, sem að lögum er heimilt að koma fram fyrir hans hönd.

Víkja má frá fyrirmælum 1. mgr. eftir ákvörðun sýslumanns, ef um aðför er að ræða til fullnustu kröfu skv. 9. tölul. 1. mgr. 1. gr. Ef svo er gert, skal sýslumaður gæta réttinda gerðarbeiðanda af sjálfsdádum, annarra en þeirra, sem fyrirmæli 29.–31. gr. og 14. kafla taka til.

24. gr.

Hafi gerðarþoli eða maður, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, sannanlega fengið tilkynningu að hætti 21. gr., tálmar það ekki aðför, þótt gerðarþoli sé ekki staddur við gerðina eða einhver, sem málstað hans getur tekið, ef unnt reynist annarra hluta vegna að ljúka henni án nærveru hans. Sýslumaður skal þá gæta þess af sjálfsdádum að gerðin brjóti ekki gegn þeim réttindum, sem gerðarþola eru tryggð með lögum þessum.

Ef gerðarþoli, fyrirsvarsmáður hans eða umboðsmaður er ekki viðstaddur, þegar gerðin er tekin fyrir, og honum eða löghæfum manni í hans stað hefur ekki sannanlega borist tilkynning um stað og stund til aðfarar eða ófært reynist af öðrum sökum að ljúka gerðinni vegna fjarveru hans, getur sýslumaður, ef gerðin beinist að einstökum manni, falið maka gerðarþola eða öðrum heimilismanni hans, 18 ára eða eldri, að taka málstað hans. Ef gerðin beinist að öðrum einstaklingi, getur sýslumaður með sama hætti falið stjórnanda eða starfsmanni gerðarþola að taka málstað hans.

Ef svo er ástatt, sem í 2. mgr. segir, en enginn þargreindur er tiltækur, sem tekið getur málstað gerðarþola, eða sá getur ekki veitt nauðsynlegar upplýsingar eða atbeina til að ljúka megi gerð, er sýslumanni rétt að fresta gerðinni, ef óreynt er hvort takast muni að ná til gerðarþola innan þess tíma, að hagsmunum gerðarbeiðanda verði ekki spillt. Meðal annars er lögreglumönnum í þessu skyni skylt að boði sýslumanns að leita gerðarþola eða fyrirsvarsmanns hans og boða hann til að mæta til gerðarinnar eða færa hann til hennar. Nú tekst ekki að hafa uppi á gerðarþola eða fyrirsvarsmanni hans með þeim hætti, sem að framan segir, eða

hagsmunir gerðarbeiðanda leyfa ekki að gerð verði frestað frekar, og er þá sýslumanni rétt að fara þangað, sem gerðarþoli hefur heimili eða skráð aðsetur, og ljúka þar gerðinni í samræmi við kröfur gerðarbeiðanda, enda standi önnur fyrirsmáli laga þessara ekki í vegi þeirra málaloka. Eigi gerðarþoli hvergi skráð heimili eða aðsetur hér á landi, má þegar svo stendur á ljúka gerðinni á starfstofu sýslumanns.

25. gr.

Aðfarargerð byrjar með því að sýslumaður kynnir gerðarþola eða málsvara hans málavexti og fyrirbyggjandi gögn, og skorar á hann að fullnægja þeirri skyldu, sem aðfarar er krafist fyrir. Verði gerðarþoli eða málsvari hans ekki við þeirri áskorun, skal aðför fram haldið eftir því, sem hér á eftir segir.

Ef aðfarargerð byrjar án nærveru gerðarbeiðanda samkvæmt þeirri heimild, sem greinir í 2. mgr. 23. gr., getur sýslumaður ekki skorast undan að taka við greiðslu kröfunnar, ef hún er boðin fram að einhverju leyti eða öllu.

Gerðarþoli getur varnað aðför til fullnustu kröfu, sem ágreiningur stendur um, ef hann setur gerðarbeiðanda tryggingu fyrir efndum hennar, sem sýslumaður metur nægjanlega.

Sýslumanni ber, eftir því sem við á, að veita gerðarþola eða málsvara hans nauðsynlegar leiðbeiningar um réttarstöðu hans við gerðina og um efni kröfu gerðarbeiðanda, á sama hátt og dómara í einkamáli ber að leiðbeina ólöglerðum málsaðila.

Skylt er gerðarþola eða málsvara hans að segja satt og rétt frá öllu, sem sýslumaður krefur hann svara um og máli skiptir um framgang gerðarinnar.

26. gr.

Frestir skulu að jafnaði ekki veittir meðan á gerðinni stendur, nema málsaðilar séu á það sáttir.

Ef gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur við gerðina, krefst að henni verði frestað, en gerðarbeiðandi fellst ekki á þá kröfu, skal sýslumaður ákveða þegar í stað hvort hann heldur gerðinni áfram eða hvort henni verður frestað til tiltekins tíma.

Ef sýslumaður ákveður að fresta gerðinni gegn vilja gerðarbeiðanda, getur gerðarbeiðandi krafist úrlausnar héraðsdómara um þá ákvörðun skv. 14. kafla.

Hafni sýslumaður kröfu gerðarþola um frestun gerðarinnar, skal henni þegar fram haldið, ef gerðarbeiðandi krefst. Ekki stöðvar það framgang gerðarinnar, þótt gerðarþoli lýsi því yfir að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina.

27. gr.

Ef gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur, mótmælir rétti gerðarbeiðanda til að aðför nái fram að ganga eða hún fari fram með þeim hætti, sem gerðarbeiðandi krefst, skal sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákveða þegar í stað hvort gerðin fari fram eða hvort henni verði fram haldið og eftir atvikum með hverjum hætti.

Að jafnaði skulu mótmæli gerðarþola ekki stöðva gerðina, nema þau varði atriði, sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum, eða sýslumaður telur mótmælin af öðrum sökum valda því, að óvist sé að gerðarbeiðandi eigi þau réttindi, sem hann krefst fullnægt, eða að hann eigi rétt á að gerðin fari fram með þeim hætti, sem hann krefst.

Fallist gerðarbeiðandi ekki á ákvörðun sýslumanns skv. 1. mgr., getur hann krafist úrlausnar héraðsdómara um hana samkvæmt fyrirætlum 14. kafla. Frestast þá gerðin að því leyti, sem sýslumaður hefur hafnað kröfum gerðarbeiðanda, þar til leyst hefur verið úr ágreiningsefninu.

Hafni sýslumaður mótmælum gerðarþola, skal gerðinni fram haldið, ef gerðarbeiðandi krefst. Ekki stöðvar það framgang gerðarinnar, þótt gerðarþoli lýsi yfir að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerðina.

28. gr.

Ef aðfarargerð gæti ranglega skert rétt þriðja manns, er honum heimilt að mæta og krefjast frestunar hennar eða mótmæla framgangi hennar að því leyti, sem hún varðar rétt hans. Farið skal með slíkar kröfur eða slík mótmæli eins og um væri að ræða kröfur eða mótmæli gerðarþola skv. 26. eða 27. gr.

29. gr.

Færist gerðarþoli undan því að veita þær upplýsingar við aðfarargerð, sem sýslumaður telur óhjákvæmilegar til framgangs hennar, er sýslumanni heimilt að skerða frelsi gerðarþola samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, þar til gerðarþoli uppfyllir upplýsingaskyldur sínar, þó ekki lengur en í 24 klukkustundir. Lögreglumönnum er skylt að veita sýslumanni atbeina í þessu skyni samkvæmt boði hans. Ef grunur leikur á að gerðarþoli sé með refsiverðum hætti að fyrirbyggja fullnustu kröfu gerðarbeiðanda með synjun sinni um að veita upplýsingar, skal farið eftir fyrirmælum laga um meðferð opinberra mála.

Ef gerðarþoli færist undan að veita upplýsingar með þeim hætti, sem í 1. mgr. segir, er sýslumanni heimilt að ákveða honum dagsektir samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda. Skulu þær renna til gerðarbeiðanda og falla á, þar til gerðarþoli uppfyllir upplýsingaskyldur sínar eða unnt reynist af öðrum sökum að ljúka gerð án þeirra. Gera má aðför fyrir dagsektum þessum, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. Dagsektum verður ekki beitt, meðan gerðarþoli sætir frelsisskerðingu skv. 1. mgr.

Ef aðför beinist að öðrum en einstaklingi, má neyta heimilda 1. og 2. mgr. gagnvart fyrisvarsmanni gerðarþola.

30. gr.

Samkvæmt boði sýslumanns er gerðarþola eða þeim, sem málstað hans getur tekið skv. 2. mgr. 24. gr., skylt að veita aðgang að húsakynnum hans og lokuðum hirslum hans, ef gerðarbeiðandi krefst og sýslumaður telur það nauðsynlegt vegna framgangs gerðarinnar. Skorist viðkomandi undan því eða honum er það ófært, er sýslumanni rétt að beita valdi í þessu skyni.

Nú hefur ekki náðst til gerðarþola til að vera við aðför eða neins, sem málstað hans getur tekið, en honum hefur áður verið tilkynnt skv. 1. og 2. mgr. 21. gr. að aðför muni fara fram á þeim stað, þar sem húsakynni hans eru eða lokaðar hirslur er að finna. Er sýslumanni þá rétt að kröfu gerðarbeiðanda að beita valdi með sömu skilyrðum og segir í 1. mgr.

Nú hefur ekki náðst til gerðarþola eða neins, sem málstað hans getur tekið, en gerðarþola hefur ekki verið tilkynnt um aðför með þeim hætti, sem segir í 2. mgr. Telji sýslumaður allt að einu að aðför megi gera skv. 3. mgr. 24. gr., getur hann að kröfu gerðarbeiðanda krafist úrskurðar héraðsdómara um heimild til að brjóta upp húsakynni gerðarþola og læstar hirslur. Meðan slíkur úrskurður er ófenginn og ekki næst til gerðarþola, er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kveðja til lögreglumenn til að varna því, að nokkuð verði gert, sem raskað gæti rétti gerðarbeiðanda. Ef brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjast þess og sérstök hætta þykir á, að hann verði ella fyrir verulegum réttarspjöllum, er sýslumanni þó heimilt samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda að brjóta upp húsakynni gerðarþola eða læstar hirslur án undangengins úrskurðar héraðsdómara. Að öðru leyti skal beita reglum laga um húsleit við rannsókn opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

31. gr.

Ef rökstudd ástæða þykir til að ætla að gerðarþoli kunni að hafa geymda fjármuni á sér eða muni eða gögn, sem máli geta skipt um framgang gerðarinnar, getur sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda skorað á gerðarþola að heimila leit á honum sjálfum.

Ef gerðarþoli verður ekki við áskorun skv. 1. mgr., er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kveðja til lögreglumenn til að skerða frelsi gerðarþola. Ber sýslumanni án tafar að greina héraðsdómara frá ákvörðun sinni og krefjast úrskurðar hans um heimild til að leit fari fram á gerðarþola. Beita skal að öðru leyti reglum laga um leit á manni við rannsókn opinberra mála, eftir því sem við getur átt.

Ef aðför beinist að öðrum en einstaklingi, má neyta heimilda 1. og 2. mgr. gagnvart fyrirvarsmanni gerðarþola.

32. gr.

Aðfararbeiðni og gögn um aðfararheimild skulu lögð fram við gerðina og merkt með áframhaldandi númeraröð. Einnig skulu lögð fram þau gögn, sem máli geta skipt um réttindi aðilanna og um framgang gerðarinnar að öðru leyti.

Um varðveislu sýslumanns á framlögðum gögnum og heimildir til aðgangs að þeim eða til afhendingar þeirra skal farið eftir reglum um dómskjöl í einkamálum, eftir því sem við getur átt.

33. gr.

Sýslumaður færir gerðabók um aðfarargerðir. Fer um form hennar eftir reglum, sem dómsmálaráðherra setur.

Í gerðabók skal greint hvar og hvenær aðfarargerð fer fram, nöfn aðila og umboðsmanna eða málsvara þeirra, hver gögn hafa verið lögð fram við gerðina og hvernig hún hefur að öðru leyti farið fram.

Sýslumaður les upp bókun sína við lok gerðar fyrir þá, sem við hana eru staddir, eða kynnir þeim meginatriði bókunarinnar, ef þeir telja það nægja. Þeim skal gefinn kostur á að undirrita bókunina ásamt sýslumanni.

34. gr.

Fari aðfarargerð fram á starfstofu sýslumanns og gerðarþoli eða umboðsmaður hans er við hana staddur, er ekki þörf votta við gerðina, ef þeir, sem mættir eru, undirrita bókun um hana.

Pegar aðför fer fram með öðrum hætti en segir í 1. mgr., ber sýslumanni að hlutast til um að staddur sé við gerðina vottur, sem fullnægir hæfiskröfum laga til að vera vottur á dómþingi í einkamáli milli sömu aðila. Votturinn skal undirrita bókun sýslumanns um gerðina.

35. gr.

Ef ekki reynist unnt að ljúka aðför í því umdæmi, þar sem hún hefur réttilega byrjað, er sýslumanni heimilt, ef hann svo kys og gerðarbeiðandi óskar þess, að halda gerðinni áfram utan umdæmis síns, ef sú ráðstöfun hefur ekki teljandi kostnaðarauka í för með sér fyrir gerðarþola eða hana verður að telja nauðsynlega í ljósi atvika. Hafa athafnir sýslumanns sama gildi, þegar svo stendur á, og ef þær hefðu gerst innan marka umdæmis hans. Þó skulu réttindi gerðarbeiðanda þoka fyrir rétti þess, sem síðar gerir aðför vegna samkynja skyldu gerðarþola, ef beiðni þess hefur áður borist sýslumanni í því umdæmi, þar sem fyrri gerðinni var fram haldið.

Ef nauðsyn ber til að aðför verði fram haldið utan þess umdæmis, þar sem hún hefur byrjað, og ekki er neytt heimildar skv. 1. mgr., skal gerðarbeiðandi afla frumskjala vegna gerðarinnar og eftirrits úr gerðabók hjá sýslumanni, sem farið hefur með hana, og senda þau þeim sýslumanni, er við tekur. Sýslumaður, sem heldur gerðinni áfram, þarf ekki að endurtaka þær undirbúningsathafnir, sem farið hafa fram.

III. ÞÁTTUR*Aðför til fullnustu peningakröfu.***6. KAFLI****Andlag fjárnáms.**

36. gr.

Gera má fjárnám til fullnustu peningakröfu í eignum, sem nægja til greiðslu hennar, sbr. 2. mgr. 1. gr., og tilheyra gerðarþola eða öðrum, sem sjálfur býður þær fram til fjárnáms.

Sýslumaður skal ákveða til hvers kostnaðar gerðarbeiðandi á tilkall úr hendi gerðarþola vegna undirbúnings gerðarinnar og hennar sjálfrar, að því leyti sem hann fellur til eftir öflun aðfararheimildar.

37. gr.

Gera má fjárnám í peningum eða í fasteign, lausafé, kröfu gerðarþola á hendur öðrum eða annarri eign eða réttindum, sem hafa fjárhagslegt gildi og unnt er að tilgreina nægilega. Fjárnám verður aðeins gert í réttindum, sem fengin eru, þegar gerðin fer fram.

Gera má fjárnám í eign, þótt lögbönd séu á henni eða annar hafi áður fengið veðréttindi í henni.

38. gr.

Ekki skal taka fjárnámi meira en það, sem sýslumaður telur munu nægja til fullnustu kröfu gerðarbeiðanda.

Ef málsaðili telur óvíst um verðmæti eignar, sem taka má fjárnámi, skal sýslumaður virða hana. Skal miðað við það verð, sem ætla má að fáist fyrir hana við nauðungarsölu, að frádregnum kostnaði og að teknu tilliti til réttinda þeirra, sem forgangs kunna að njóta gagnvart kröfu gerðarbeiðanda.

Sýslumaður getur kvatt til einn eða tvo menn, er sérþekkingu hafa, til að virða innan tiltekens og stutts frests eign, sem fjárnámi má taka, ef þess er krafist við gerðina. Áður en virðing fer fram, skulu virðingarmenn heita að rækja starf sitt eftir bestu vitund. Sýslumaður ákveður þóknun þeirra og úr hendi hvors málsaðila hún greiðist, en að jafnaði skal sá bera kostnað um sinn af virðingu, sem hefur krafist hennar. Heimilt er sýslumanni að áskilja tryggingu fyrir þóknun virðingarmanna úr hendi þess, sem krefst kvaðningar þeirra, áður en hún á sér stað.

39. gr.

Gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur við gerðina, á rétt til að vísa á þær eignir, sem fjárnám verður gert í. Gerðarbeiðanda er ekki rétt að hafna fjárnámi í eign, sem bent er á af hálfu gerðarþola, ef hún er metin nægileg trygging fyrir kröfu hans, nema svo standi á, sem í 2.–4. mgr. segir.

Gerðarþoli á ekki rétt á að varna því, að peningar verði teknir fjárnámi, nema þeir verði undanþegnir fjárnámi skv. 41. gr.

Gerðarþoli á ekki rétt á að varna því, að fjárnám verði gert í eign, sem gerðarbeiðandi á tryggingarréttindi í fyrir kröfu sinni.

Gerðarbeiðandi þarf ekki að hlíta að fjárnám verði gert í fasteign, í eign, sem aðrir eiga réttindi yfir, í eign, sem hefur óvíst verðgildi, eða í eign, sem örðugt er að varðveita eða selja, ef til er önnur eign, sem fjárnám má gera í.

Vísi gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur, ekki á eignir til fjárnáms, eða enginn er staddur við gerðina af hans hálfu, má gerðarbeiðandi tiltaka þær eignir, sem fjárnám verður gert í. Sýslumaður skal þá gæta þess að fjárnám sé að öðru jöfnu fyrst gert í þeim eignum, sem ætla má að gerðarþoli eða heimilismenn hans geti helst verið án.

40. gr.

Heimilt er gerðarþola að neyta réttar til skuldajafnaðar við kröfu gerðarbeiðanda með kröfu, sem orðin er aðfararhæf, eða kröfu, sem gerðarbeiðandi viðurkennir rétta, ef almennum skilyrðum skuldajafnaðar er fullnægt.

41. gr.

Peningaeygn má taka fjárnámi, nema eftirfarandi eigi sannanlega við:

1. að um sé að ræða fyrirframgreiðslu framfærslueyris með gerðarþola, ef féð er sérgreint í vörslum hans og sá tími er ókominn, sem greiðslan er fyrir.
2. að um sé að ræða eingreiðslu bóta fyrir varanlega örorku gerðarþola eða fyrir missi hans á framferanda, ef féð er sérgreint í vörslum hans og sá tími er ókominn, sem bótafénu er ætlað að bæta tjón hans fyrir.
3. að hún sé nauðsynleg til að standa straum af kostnaði um skamman tíma af framfærslu gerðarþola og þeirra, sem hann er framfærsluskyldur við.

Fasteignir, lausafé og aðrar sambærilegar eignir, sem aflað hefur verið með fé skv. 1. eða 2. tölul. 1. mgr., verða ekki undanþegnar fjárnámi í skjóli þeirra fyrimæla.

Fjárnám má gera að ábendingu gerðarþola í peningaeygn, sem reglur 1. mgr. taka til.

42. gr.

Ef fjárnám er gert í fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, telst það, ef annað er ekki tekið fram, einnig ná til fylgifyrjar slíkrar eignar, jafnt þess, sem þegar er fyrir hendi, og þess, sem síðar verður til.

Fjárnám má aðeins gera í slíku fylgifyfé einu út af fyrir sig að ábendingu gerðarþola og með samþykki þeirra, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir viðkomandi fasteign, skipi eða loftfari, nema fylgifyféð hafi áður sérstaklega verið veðsett gerðarbeiðanda til tryggingar kröfunni og veðréttindi hans njóti verndar gagnvart þeim, sem að öðru leyti eiga réttindi yfir því.

43. gr.

Fjárnám verður ekki gert í lausafjárnunum, sem nauðsynlegir eru gerðarþola og heimilismönnum hans til að halda látlaust heimili með þeim hætti, sem almennt gerist.

Heimilt er gerðarþola að auki að undanþiggja eftirfarandi lausafjárnuni fjárnámi:

1. muni, sem hafa verulegt minjagildi fyrir hann eða fjölskyldu hans, ef verðmæti þeirra er ekki slíkt, að undanþágan verði talin ósanngjörn gagnvart gerðarbeiðanda.
2. muni, sem eru nauðsynlegir honum eða heimilismanni hans vegna örorku eða heilsu-brests.
3. námsgögn, sem eru nauðsynleg honum eða heimilismanni hans vegna skólagöngu.
4. muni, sem hann eða heimilismaður hans nýtir til atvinnu sinnar, að samanlögðu verðmæti allt að 50.000 kr. Fjárhæð þessa skal ákvarða hverju sinni í ljósi almennra verðlagsbreytinga frá gildistöku laga þessara.

Heimildir 1. og 2. mgr. taka ekki til muna, sem standa að veði fyrir kröfu gerðarbeiðanda, eða sem gerðarbeiðandi hefur með gildum hætti áskilið sér eignarrétt að.

44. gr.

Fjárnám má gera í kröfum gerðarþola á hendur öðrum, þótt skilyrtar séu eða ógjaldfallnar, með þeim takmörkunum, sem leiðir af 45.–48. gr. og fyrimælum annarra laga.

Gera má fjárnám í gjaldfallinni kröfu, sem undanskilja má fjárnámi skv. 45.–48. gr., að ábendingu gerðarþola eða ef krafan stendur til tryggingar fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

Ef fjárnám er gert í verðbréfi eða kröfu, telst það, ef annað er ekki tekið fram, einnig ná til arðs eða vaxta af bréfinu eða kröfunni, jafnt þeirra, sem þegar hafa fallið til, og þeirra, sem réttur stofnast til síðar.

45. gr.

Fjárnám verður ekki gert í kröfu um ógreidd laun eða annað ógreitt endurgjald fyrir vinnu, nema liðinn sé mánuður frá lokum þess tímabils, sem unnið var til launanna eða endurgjaldsins.

Fjárnám verður ekki gert í kröfu um eftirlaun fyrir en mánuður er liðinn frá því hún varð gjaldkræf.

Fjárnám verður ekki gert í kröfu um laun í uppsagnarfresti eða í bótakröfu vegna slita ráðningarsamnings fyrir en mánuður er liðinn frá því hún varð gjaldkræf.

46. gr.

Fjárnám verður ekki gert í bótakröfu vegna örorku eða missis framfæranda, eða kröfu um bætur fyrir ófjárhagslegt tjón, sem slíkum kröfum tengist, ef bótakrafan tilheyrir tjónþola sjálfum.

47. gr.

Fjárnám verður ekki gert í eftirfarandi kröfum, nema einn mánuður sé liðinn frá því þær urðu gjaldkræfar:

1. kröfu um framfærslueyri eða meðlag.
2. kröfu um bætur, dagpeninga, lífeyri eða styrki úr almannatryggingum eða frá annarri sambærilegri opinberri stofnun.
3. kröfu um bætur, dagpeninga eða styrki úr sjúkra- eða styrktarsjóði stéttarfélags.
4. kröfu um greiðslu úr viðurkenndum lífeyrissjóði, að því leyti sem hún á rætur að rekja til iðgjaldagreiðslna, sem lögboðnar eru, mælt er fyrir um í kjarasamningi eða teljast af öðrum sökum eðlilegar í ljósi aðstæðna.
5. kröfu um greiðslu samkvæmt frjálsri lífeyristryggingu, ef sérstök lagaheimild leiðir til undanþágu hennar frá aðför eða samið hefur verið um hana með gildum hætti í upphafi.

48. gr.

Fjárnám verður ekki gert í kröfu samkvæmt gagnkvæmum samningi, ef gerðarþoli hefur ekki efnt hann af sinni hálfu, og það, sem ógert er, er eigin vinna eða verk hans eða eitthvað annað, sem viðsemjandi gerðarþola þarf ekki að una að annar en gerðarþoli láti í té.

49. gr.

Fjárnám verður ekki gert í persónubundnum réttindum, sem gerðarþola er óheimilt að framselja á sitt eindæmi, nema þau standi til tryggingar fyrir kröfu gerðarbeiðanda.

50. gr.

Fjárnám verður ekki gert í eign, sem gefin hefur verið gerðarþola með fyrirmælum um að hún verði undanþegin aðför, ef honum er jafnframt óheimilt að ráðstafa henni, enda hafi gjafagerningi með slíkum skilmála verið þinglýst, ef réttarvernd er því háð í viðkomandi tilvik. Hið sama á við um arð af slíkri eign, ef skemmri tími en einn mánuður er liðinn frá því hann varð gjaldkræfur.

Ef eign hefur að nokkru verið gefin gerðarþola með þeim áskilnaði, sem áður segir, en að öðru leyti verið látin af hendi gegn endurgjaldi, tekur 1. mgr. til þess hluta eignarinnar, sem gefinn var.

51. gr.

Sýslumaður skal bóka af nákvæmni í hverjum eignum fjárnám er gert og fyrir hverjum kröfum. Hafi virðing hins fjárnumda farið fram skv. 38. gr., skal verðmæti þess einnig tiltekið í bókun.

Heimilt er sýslumanni að gera fjárnám í eign, þótt hún sé á öðrum stað eða í öðru umdæmi en þar sem gerðin fer fram, nema þörf sé á virðingu eignarinnar skv. 38. gr.

Sýslumaður skal leiðbeina gerðarþola eða þeim, sem málstað hans tekur, um réttaráhrif fjárnáms. Hafi enginn verið við gerðina af hálfu gerðarþola, skal sýslumaður tilkynna honum um fjárnámið, ef vitað er hvar hann er niður kominn.

7. KAFLI

Réttaráhrif fjárnáms og vörslur hins fjárnumda.

52. gr.

Fyrningu aðfararhæfrar kröfu er slitið, ef aðfararbeiðni berst héraðsdómara eða sýslumanni fyrir lok fyrningartíma og gerðinni er síðan fram haldið án ástæðulauss dráttar.

53. gr.

Óheimilt er gerðarþola að ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, sem farið gæti í bága við rétt gerðarbeiðanda.

Gerðarþola er heimilt að nýta fylgifé, sem fjárnám í eign tekur einnig til eftir 1. mgr. 42. gr., að því leyti, sem nauðsynlegt er til edlilegra nota eignarinnar.

54. gr.

Nauðungarsala hins fjárnumda eða önnur lögmæt ráðstöfun þess á grundvelli fjárnáms má ekki fara fram án samþykkis eiganda þess fyrir en fjórar vikur eru liðnar frá því fjárnám var gert.

Hafi gerðarþoli eða þriðji maður borið ágreining um gerðina undir héraðsdómara innan fjögurra vikna frá því fjárnám var gert, getur gerðarbeiðandi ekki neytt þeirra réttinda, sem 1. mgr. tekur til, að því leyti sem ágreiningur stendur um gerðina, fyrir en hann hefur verið leiddur til lykta fyrir héraðsdómi.

Nú ber gerðarþoli eða þriðji maður ágreining um fjárnámogerð undir héraðsdómara að loknum þeim fresti, sem á undan getur, og stöðvast þá nauðungarsala eða önnur lögmæt ráðstöfun hins fjárnumda, að því leyti sem ágreiningur stendur um gerðina, þar til hann er til lykta leiddur fyrir héraðsdómi. Ekki haggast fyrir þær sakir gildi ráðstafana, sem þegar hafa átt sér stað á hinu fjárnumda.

Héraðsdómari getur kveðið á um það með sérstökum úrskurði samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda, að rekstur ágreiningsmáls um fjárnámogerð komi ekki í veg fyrir ráðstöfun hins fjárnumda skv. 2. eða 3. mgr.

55. gr.

Ef peningar eru teknir fjárnámi og mótmæli koma ekki fram gegn gerðinni, afhendir sýslumaður þá gerðarbeiðanda þegar í stað sem greiðslu upp í kröfuna. Að öðrum kosti tekur sýslumaður þá í vörslur sínar, ef gerðarbeiðandi krefst, og varðveitir á bankareikningi, þar til sá tími er kominn, að gerðarbeiðandi megi ráðstafa hinu fjárnumda skv. 54. gr.

56. gr.

Ef fjárnám er gert í fasteign, skrásettu skipi, loftfari eða lausafé, á gerðarþoli rétt á að hafa umráð hins fjárnumda þar til nauðsyn ber til annars vegna nauðungarsölu þess, nema annað leiði af reglum 2. eða 3. mgr.

Hafi fjárnám verið gert í fasteign, skrásettu skipi eða loftfari, getur sýslumaður svipt gerðarþola umráðum hins fjárnumda að kröfu gerðarbeiðanda og falið þau öðrum manni, ef sýnt þykir að brýn hætta sé á að það spillist eða rýrni í umráðum gerðarþola eða að umráð hans muni á annan hátt torvela nauðungarsölu verulega. Gerðarþoli verður þó ekki af þessum sökum sviptur umráðum fasteignar eða þess hluta hennar, þar sem hann á heimili.

Hafi fjárnám verið gert í lausafé, skal sýslumaður veita gerðarbeiðanda vörslur þess, ef hann krefst og ástæða þykir til að óttast að það muni spillast eða rýrna í vörslum gerðarþola eða að vörslur hans muni á annan hátt torvela nauðungarsölu.

57. gr.

Ef fjárnám er gert í verðbréfum eða kröfum, sem skilríki eru fyrir, tekur sýslumaður vörslur þeirra af gerðarþola, ef gerðarbeiðandi krefst.

Hafi fjárnám verið gert í kröfu, hvort sem skilríki eru fyrir henni eða ekki, er gerðarbeiðanda rétt að tilkynna það skuldaranum.

Skuldari kröfu, sem fjárnám hefur verið gert í, losnar ekki undan skyldum sínum með greiðslu til gerðarþola, nema hann hafi hvorki vitað né mátt vita um fjárnámið, þegar greiðslan átti sér stað, eða viðskiptabréf, sem krafan styðst við, hafi verið komið í gjalddaga og verið í vörslum gerðarþola á þeim tíma og ekki borið með sér að fjárnám hafi verið gert í því.

Nú liggur fyrir að unnt sé að fá greiðslu af kröfu, sem fjárnám hefur verið gert í, en gerðarbeiðandi hefur ekki nýtt sér þau réttindi, sem gerðin veitir honum til ráðstöfunar á kröfunni. Skal sýslumaður þá endurupptaka gerðina samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og taka greiðsluna fjárnámi samkvæmt þeim reglum, sem kveðið er á um í 55. gr. Um endurupptökuna gilda reglur 9. kafla að öðru leyti en því, að ekki er þörf undanfarandi tilkynningar til gerðarþola eða nærveru hans eða málsvara hans við gerðina.

58. gr.

Ef gerðarþoli, málsvari hans eða þriðji maður lýsir því yfir meðan á gerðinni stendur, að hann muni krefjast úrlausnar héraðsdómara um hana, getur gerðarbeiðandi ekki krafist umráðasviptingar skv. 56. gr. fyrr en að fjórum vikum liðnum frá því fjárnám var gert, nema hann setji nægilega tryggingu að mati sýslumanns fyrir tjóni, sem hlotist getur af henni.

Ef gerðarþoli eða þriðji maður krefst úrlausnar héraðsdómara um fjárnámssgerð og meðan það ágreiningsmál hefur ekki verið leitt til lykta fyrir héraðsdómi, gilda fyrir mæli 1. mgr. um heimild gerðarbeiðanda til að krefjast umráðasviptingar skv. 56. gr. Ekki haggast af þeim sökum gildi umráðasviptingar, sem farið hefur fram áður en krafist var úrlausnar héraðsdómara.

59. gr.

Ef ákvæði 55.–57. gr. leiða til að sýslumanni væri rétt að varðveita hið fjárnumda eða að afhenda það gerðarbeiðanda eða öðrum manni, en lögmæt umráð þriðja manns standa því í vegi, skal gerðarbeiðandi tilkynna umráðamanninum um fjárnámið og að óheimilt sé að viðlagðri ábyrgð að afhenda gerðarþola hið fjárnumda. Tilkynningu skal að jafnaði fylgja staðfest eftirrit gerðarinnar úr gerðabók.

60. gr.

Fjárnám í lausafé eða kröfu fellur sjálfkrafa niður að liðnu ári frá því það var gert, ef krafa frá gerðarbeiðanda um nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun hins fjárnumda hefur ekki borist héraðsdómara innan þess tíma.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki, ef nauðungarsölu eða annarrar lögmætrar ráðstöfunar hins fjárnumda hefur ekki verið krafist innan árs frá því fjárnámið var gert vegna réttarágreinings um það eða vegna réttinda þriðja manns, og gerðarbeiðandi krefst hennar innan þriggja mánaða frá því slík hindrun er úr vegi.

61. gr.

Að því leyti, sem lög þessi kveða ekki sérstaklega á um annað, fer um nauðsyn tryggingarráðstafana fyrir rétti samkvæmt fjárnámi og um stöðu þess réttar gagnvart öðrum réttindum eftir almennum reglum laga.

8. KAFLI

Árangurslaust fjárnám.

62. gr.

Fjárnámi skal ekki lokið án árangurs, nema gerðarþoli hafi sjálfur verið staddur við gerðina eða málsvari hans, eða hann hvorki finnst né neinn, sem málstað hans getur tekið.

63. gr.

Ekki er rétt að fjárnámi sé lokið án árangurs, ef bent er á eign gerðarþola, sem að nokkru gæti nægt til tryggingar kröfunni, nema staðreynt hafi verið með virðingu skv. 2. eða 3. mgr. 38. gr. að hún nægi ekki til fullrar tryggingar.

64. gr.

Ef gerðarbeiðandi rökstyður að ástæða geti verið til að ætla, að gerðarþoli eigi tiltekna eign, sem taka má fjárnámi, en það fæst ekki staðfest af hálfu gerðarþola og skilyrði eru að öðru leyti til að ljúka gerðinni án árangurs að nokkru eða öllu, er sýslumanni rétt að kröfu gerðarbeiðanda að kanna frekar hag gerðarþola með eftirfarandi hætti:

1. með því að taka við skýrslum annarra en gerðarþola, sem veitt geta vitneskju um eignina og reiðubúnir eru til að gefa slíka skýrslu að ósk gerðarbeiðanda.
2. með því að leita upplýsinga um eignina hjá opinberum stofnunum, öðrum stjórnvöldum, viðskiptaböndum eða sparisjóðum.

Skýlt er þeim, sem 2. tölul. 1. mgr. tekur til, að veita þær upplýsingar, sem sýslumaður krefst og varða hag gerðarþola.

9. KAFLI

Endurupptaka fjárnámssgerðar.

65. gr.

Endurupptaka skal fjárnámssgerð, ef allir málsaðilar eru á það sáttir.

Fjárnámssgerð skal enn fremur endurupptekin að kröfu málsaðila, ef úrskurður héraðsdómara eða dómur æðra dóms hefur gengið um breytingu hennar, sbr. 95. gr.

66. gr.

Fjárnámssgerð verður endurupptekin að kröfu gerðarbeiðanda vegna eftirfarandi atvika:

1. ef nauðsyn ber til að svipta gerðarþola umráðum hins fjárnumda eða til að taka við því úr umráðum þriðja manns eða til að taka að öðru leyti upp fyrri ákvörðun um umráð þess, áður en sá tími er kominn, að nauðungarsala eða önnur lögmæt ráðstöfun hins fjárnumda má fara fram.
2. ef gerðarbeiðandi vill leysa eign undan fjárnámi.
3. ef gerðarbeiðandi krefst að hið fjárnumda verði skrásett með nánara hætti en í upphafi var gert.
4. ef þau atvik verða, sem 4. mgr. 57. gr. tekur til.
5. ef söluandvirði hins fjárnumda við nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun hefur ekki hrokkið til fullrar greiðslu kröfu gerðarbeiðanda.
6. ef gerð hefur verið lokið án árangurs að einhverju leyti eða öllu og gerðarbeiðandi telur unnt að vísa á frekari eignir til fjárnáms.

67. gr.

Fjárnámssgerð verður endurupptekin að kröfu gerðarþola vegna eftirfarandi atvika:

1. ef gerðarþoli hefur ekki verið við gerðina og fjárnám hefur verið gert í eign, sem óheimilt var að taka fjárnámi eða mátti undanþiggja.

2. ef fjárnám hefur að einhverju leyti eða öllu fallið niður vegna atvika, sem komið hafa til eftir að gerðin fór fram, eða vegna dómsúrlausnar, sem hnekkkt hefur gildi aðfararheimildar að nokkru eða öllu, og gerðarþoli þykir hafa hagsmuni af að gerðin verði endurupptekin af þeim sökum.

Þriðja manni, sem telur fjárnámsgerð fara í bága við rétt sinn, er heimilt að krefjast endurupptöku fjárnámsgerðar, hafi hann ekki átt þess kost að koma mótmælum fram gegn gerðinni, meðan á henni stóð.

68. gr.

Beiðni um endurupptöku skal beint til þess sýslumanns, sem lauk fjárnámsgerð.

Við endurupptöku skal farið eftir þeim reglum, sem gilda um framkvæmd fjárnámsgerðar, eftir því sem við getur átt.

Sýslumaður er óbundinn af fyrri ákvörðunum sínum, að því leyti, sem þær geta komið til endurskoðunar við endurupptöku.

10. KAFLI

Fjárnám til fullnustu kröfu um dagsektir.

69. gr.

Þau fyrirmæli þessa kafla, sem fela í sér frávik frá almennum reglum laga þessara, taka til krafna um dagsektir og önnur áfallandi viðurlög, sem lögð hafa verið á gerðarþola til að knýja hann til efnda á skyldu, enda hafi fjárhæð þeirra ekki verið ákvörðuð með þeim hætti, að í þeim felist skaðabætur eða endurgjald til þess, sem gerðarþoli ber skyldu við.

70. gr.

Ef dagsektarkrafa styðst við aðfararheimild, sem beina á til héraðsdómara skv. 11. gr., nægir að það sé gert í fyrsta sinn, sem fjárnáms er krafist. Ef fjárnáms er krafist á ný til heimtu dagsekta, sem síðan hafa fallið til, má beina aðfararbeiðni til sýslumanns án undanfarandi meðferðar héraðsdómara.

Fjárnám verður ekki gert til fullnustu kröfu um áfallnar dagsektir fyrir en mánuður er liðinn frá því síðast var gert fjárnám vegna áður tilfallinna dagsekta.

71. gr.

Ekki verður af fjárnámi til fullnustu dagsekta, ef gerðarþoli hefur efnt skyldur sínar eða býður fram efndir þeirra við gerðina eða atvik eru annars með þeim hætti, að hann hafi losnað undan þeirri skyldu, sem dagsektirnar varða. Fjárnám, sem áður hefur verið gert til fullnustu áfallinna dagsekta, fellur þá niður hvað þær varðar, nema annað leiði af öðrum lagareglum eða ákvæðum aðfararheimildarinnar.

IV. ÞÁTTUR

Fullnusta kröfu um annað en peningagreiðslu.

11. KAFLI

Aðför til fullnustu kröfu um annað en peningagreiðslu.

72. gr.

Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að víkja af fasteign eða til að láta gerðarbeiðanda af hendi umráð hennar að einhverju leyti eða öllu, eða til að fjarlægja hluti af henni, skal sýslumaður fullnægja rétti gerðarbeiðanda með útburði gerðarþola eða þeirra hluta, sem fjarlægðir verða, og eftir atvikum með innsetningu gerðarbeiðanda.

73. gr.

Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að veita gerðarbeiðanda umráð annars en þess, sem 72. gr. tekur til, skal sýslumaður fullnægja rétti gerðarbeiðanda með því að taka það með valdi úr umráðum gerðarþola og afhenda gerðarbeiðanda.

74. gr.

Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að gefa út eða rita undir skjal eða til að standa á annan hátt að löggerningi, skal sýslumaður, ef því verður við komið, fullnægja rétti gerðarbeiðanda með því sjálfur að framkvæma viðkomandi athöfn með sömu réttaráhrifum og ef hann hefði umboð gerðarþola til þess.

75. gr.

Ef aðfararheimild kveður á um skyldu gerðarþola til að láta eitthvað ógert, getur sýslumaður samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda falið lögreglumönnum að varna því að gerðarþoli brjóti gegn því banni.

76. gr.

Nú er kveðið á í aðfararheimild um aðra skyldu gerðarþola en fyrirmæli 72.–75. gr. taka til, og gerðarþoli verður ekki við áskorun sýslumanns um að efna hana. Kveði aðfararheimild á um sérstakt peningagjald í stað þess, sem upphaflega skyldi innt af hendi, getur sýslumaður gert fjárnám fyrir því þegar í stað, ef gerðarbeiðandi krefst. Að öðrum kosti skal farið að með þeim hætti, sem í 77. gr. segir.

77. gr.

Ef leitt er í ljós við aðfarargerð að kröfu gerðarbeiðanda verður ekki fullnægt samkvæmt því, sem hér á undan segir, en ómöguleiki eða önnur samsvarandi atvik leysa gerðarþola ekki endanlega undan henni, getur gerðarbeiðandi krafist að héraðsdómari ákveði honum peningagreiðslu úr hendi gerðarþola þess í stað.

Ef aðfararheimild mælir fyrir um skyldu gerðarþola til að leysa af hendi verk, sem hann fæst ekki til að vinna, getur sýslumaður heimilað gerðarbeiðanda að fá aðra til að vinna það eftir reikningi. Skal héraðsdómari þá að jafnaði ákveða gerðarbeiðanda endurgreiðslu þess reiknings úr hendi gerðarþola.

Verði sú leið ekki farin, sem í 2. mgr. segir, dómkveður héraðsdómari einn eða tvo menn að kröfu gerðarbeiðanda til að meta hagsmunum hans til fjár. Í því mati skal einkum, eftir því sem við getur átt, farið eftir þeim reglum, sem gilda um ákvörðun eignarnámsbóta.

Við meðferð héraðsdómara samkvæmt framansögðu skal að öðru leyti farið eftir reglum 14. kafla, eftir því sem við getur átt.

Héraðsdómari ákveður gerðarbeiðanda endurgjald skv. 2. eða 3. mgr. með úrskurði, sem fullnægja má með fjárnámi samkvæmt almennum reglum.

12. KAFLI

Útburðar- og innsetningargerðir án undangengins dóms eða réttarsáttar.

78. gr.

Ef manni er með ólögætum hætti aftrað að neyta réttinda, sem hann tjáir sig eiga og telur svo ljós, að sönnur verði færðar fyrir þeim með gögnum, sem aflað verður skv. 83. gr., er honum heimilt að beina til héraðsdómara beiðni um að skyldu þess efnis, sem getur í 72. eða 73. gr., verði fullnægt með aðfarargerð, þótt aðfararheimild skv. 1. gr. liggi ekki fyrir.

Er héraðsdómara hefur borist beiðni skv. 1. mgr. og hann telur að lög leiði ekki til að henni verði þegar vísað á bug, skal hann fara með hana eftir þeim reglum, sem mælt er fyrir um í 13. kafla.

79. gr.

Ekki stendur það í vegi aðfarargerðar skv. 78. gr., þótt dómsmál sé jafnframt rekið milli sömu aðila um önnur atriði, sem varða réttarsamband þeirra.

V. ÞÁTTUR

Málsmeðferð fyrir héraðsdómi.

13. KAFLI

Meðferð máls um aðfararbeiðni.

80. gr.

Þegar kveðja þarf gerðarþola fyrir héraðsdóm vegna aðfararbeiðni samkvæmt fyrir-mælum 14. eða 78. gr., ákveður héraðsdómari stað og stund til þinghalds og tilkynnir það gerðarþola með símskeyti, ábyrgðarbréfi eða öðrum jafntryggum hætti. Í tilkynningu til gerðarþola skal að auki getið um eftirfarandi í meginatriðum:

1. hver krefjist gerðarinnar og við hverja heimild sú krafa styðjist.
2. hvers gerðarbeiðandi krefjist í beiðni sinni.
3. hverju það varði, ef gerðarþoli sækir ekki þing.

Tilkynning skv. 1. mgr. skal berast gerðarþola eða þeim, sem löghæfur er til að taka við stefnubirtingu fyrir hans hönd, með sama fyrirvara og birta þyrfti honum stefnu í almennu einkamáli. Þó má héraðsdómari ákveða skemmri fyrirvara, ef brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjast þess.

Héraðsdómari tilkynnir gerðarbeiðanda um stað og stund til þinghalds með hæfilegum fyrirvara og sannanlegum hætti.

81. gr.

Ef gerðarbeiðandi sækir ekki þing, þegar beiðni hans er tekin fyrir, eða ekki verður af þingsókn hans síðar, skal beiðnin teljast fallin niður. Héraðsdómari getur úrskurðað gerðarþola ómaksþóknun úr hendi gerðarbeiðanda, ef sótt hefur verið þing af hálfu gerðarþola og þóknunar verið krafist.

82. gr.

Ef gerðarþoli sækir ekki þing, þegar aðfararbeiðni er tekin fyrir, eða þingsókn hans fellur síðar niður, kveður héraðsdómari upp úrskurð um hvort og að hverju leyti gerðin nái fram að ganga samkvæmt framkomnum gögnum.

Héraðsdómari ritar ályktunarorð úrskurðar skv. 1. mgr. á aðfararbeiðni og afhendir eða sendir hana gerðarbeiðanda ásamt samriti fylgigagna.

83. gr.

Ef sótt er þing af hálfu gerðarþola og varnir, sem ekki verður þegar vísað á bug, koma fram gegn aðfararbeiðni, skal málsaðilum veittur skammur frestur til greinargerða og öflunar sýnilegra sönnunargagna um ágreiningsefnið. Ef sátt tekst ekki, skal málið síðan sótt og varið munnlega, en vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fram fara.

Varnir verða ekki hafðar uppi gegn aðfararbeiðni um atriði, sem dómstóll hefur áður tekið afstöðu til.

Héraðsdómari kveður upp úrskurð um hvort eða að hverju leyti gerðin nái fram að ganga samkvæmt skýrslum og málf lutningi aðila og framkomnum skjölum. Að jafnaði skal aðfararbeiðni hafnað, ef varhugavert verður talið að gerðin nái fram að ganga á grundvelli þeirra sönnunargagna, sem heimilt er að afla samkvæmt áðursögðu.

84. gr.

Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

Úrskurði héraðsdómara samkvæmt þessum kafla má fullnægja þegar með aðför, nema sérstakur aðfararfrestur hafi verið tiltekinn í úrskurðinum.

Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

14. KAFLI

**Úrlausn ágreinings sem rís við framkvæmd aðfarargerðar
eða um endurupptöku hennar.**

85. gr.

Heimilt er gerðarbeiðanda, meðan aðfarargerð er ólokið, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir, sem sýslumaður tekur um framkvæmd hennar, ef gerðarbeiðandi hefur þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina.

Gerðarþola er því aðeins heimilt að krefjast úrlausnar héraðsdómara um einstakar ákvarðanir sýslumanns um aðfarargerð, meðan henni er ólokið, að gerðarbeiðandi samþykki eða gerðinni hafi verið frestað í kjölfar ákvörðunarinnar, enda hafi gerðarþoli þá kröfu uppi við sýslumann áður en lengra er haldið við gerðina. Ef gerðarbeiðandi krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, er gerðarþola þó frjálst að hafa kröfur uppi um sömu ákvörðun.

Heimilt er þriðja manni að krefjast úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns um aðfarargerð með sömu skilyrðum og gerðarþola, ef sú ákvörðun varðar atriði, sem hann hefur hagsmuni af.

Heimilt er málsaðila að krefjast úrlausnar héraðsdómara um synjun sýslumanns um endurupptöku aðfarargerðar, ef krafan kemur fram án ástæðulauss dráttar og áður en krafist er frekari ráðstafana á grundvelli gerðarinnar.

Ákvarðanir sýslumanns um einstök atriði gerðar, sem málsaðili hefur ekki krafist úrlausnar héraðsdómara um skv. 1.–4. mgr., verða ekki lagðar undir úrlausn héraðsdómara síðar nema með þeim hætti, sem mælt er fyrir um í 92. gr.

86. gr.

Ef málsaðili krefst úrlausnar héraðsdómara með þeim hætti, sem í 1.–3. mgr. 85. gr. segir, frestast gerðin að því leyti, sem hún er háð viðkomandi ákvörðun. Skal sýslumaður bóka nákvæmlega hver sú ákvörðun er, sem krafist er úrlausnar héraðsdómara um, og hverjar kröfur aðilar gera. Skulu jafnframt bókaðar í stuttu máli röksemdir, sem þeir færa fyrir kröfum sínum.

Ef gerðarþoli er ekki viðstaddur eða neinn, sem málstað hans getur tekið, þegar gerðarbeiðandi krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, skal sýslumaður tilkynna gerðarþola um málavexti.

Sýslumaður skal afhenda þeim, sem krefst úrlausnar héraðsdómara, staðfest ljósrit gagna og eftirrit úr gerðabók varðandi aðfarargerðina svo fljótt, sem við verður komið.

Sá, sem krefst úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, skal án tafar senda héraðsdómara málsgögn skv. 3. mgr.

Heimilt er sýslumanni að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið.

87. gr.

Er héraðsdómara hafa borist gögn varðandi aðfarargerðina, ákveður hann stað og stund til þinghalds og tilkynnir málsaðilum það með sannanlegum hætti og hæfilegum fyrirvara.

Sá, sem krafist hefur úrlausnar héraðsdómara um ákvörðun sýslumanns, telst sóknaraðili máls um ágreiningsefnið fyrir héraðsdómi, en gagnaðili að gerðinni varnaraðili máls. Komi sjálfstæðar kröfur fram af hálfu varnaraðila um ákvörðun sýslumanns, skal farið með þær eins og gagnsök í sama máli.

88. gr.

Ef þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. er sótt af hálfu beggja eða allra málsaðila og sættir takast ekki um ágreininginn, veitir héraðsdómari þeim skamman frest til greinargerða og öflunar sýnilegra sönnunargagna, ef þörf krefur. Skal málið síðan sótt og varið munnlega.

Kröfur verða ekki hafðar uppi í máli samkvæmt kafla þessum í andstöðu við fyrri úrlausn dómstóls um málefnið.

89. gr.

Ef sóknaraðili sækir ekki þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. eða þingsókn hans fellur síðar niður, skal fella málið niður, ef varnaraðili hefur ekki sjálfstæðar kröfur uppi, en ella aðalsök þess. Heimilt er héraðsdómara að úrskurða varnaraðila ómaksþóknun úr hendi sóknaraðila, ef mál er fellt niður og varnaraðili hefur sótt þing og krefst hennar. Ef varnaraðili hefur gert sjálfstæðar kröfur í málinu, skal farið með sök hans samkvæmt reglum 2. mgr., eftir því sem við getur átt að breyttu breytanda.

Ef varnaraðili sækir ekki þinghald skv. 1. mgr. 87. gr. eða þingsókn hans fellur síðar niður, skal héraðsdómari fella gagnsök niður, ef varnaraðili hefur haft sjálfstæðar kröfur uppi, og gefa sóknaraðila kost á að leggja fram greinargerð í aðalsök, hafi hún ekki áður komið fram. Hafi varnaraðili lagt fram greinargerð, áður en þingsókn hans féll niður, skal sóknaraðila gefinn kostur á að leggja fram stutt skriflegt svar við röksemdum varnaraðila, áður en málið verður tekið til úrskurðar.

90. gr.

Vitnaleiðslur og mats- og skoðunargerðir skulu að jafnaði ekki fara fram í málum samkvæmt kafla þessum.

Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflutnings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ómerkingu ákvörðunar sýslumanns eða lagt fyrir sýslumann að framkvæma gerð með öðrum hætti en hann hafði áður ákveðið.

Héraðsdómari leggur ekki mat í úrskurði sínum á önnur atriði gerðar en þau, sem krafist hefur verið úrlausnar um, nema um atriði sé að tefla, sem sýslumanni bar að gæta af sjálfsdáðum.

91. gr.

Almennum reglum um meðferð einkamála í héraði skal annars beitt um mál samkvæmt þessum kafla, eftir því sem við getur átt.

Aðfarargerð má þegar fram halda, er úrskurður héraðsdómara samkvæmt þessum kafla hefur gengið, ef annað er ekki tekið fram í úrskurðinum.

Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki aðfarargerð, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

15. KAFLI

Úrlausn ágreinings eftir lok aðfarargerðar.

92. gr.

Heimilt er málsaðilum, þar á meðal þriðja manni, sem hagsmuni hefur af gerðinni, að krefjast úrlausnar héraðsdómara um aðfarargerð, ef krafa þess efnis berst héraðsdómara innan átta vikna frá því gerðinni var lokið.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn, verður ágreiningur um aðfarargerð eða ákvarðanir

sýslumanns um framkvæmd hennar ekki lagður fyrir héraðsdómara, nema allir málsaðilar séu á það sáttir eða héraðsdómari telji afsakanlegt að málefnið hafi ekki verið lagt fyrir hann í tæka tíð eða til ágreinings komi um gerðina vegna kröfu gerðarbeiðanda um nauðungarsölu eða aðra lögmæta ráðstöfun á eign, sem tekin hefur verið fjárnámi.

93. gr.

Pegar málsaðili krefst úrlausnar um aðfarargerð skv. 92. gr., tilkynnir hann héraðsdómara það skriflega. Í tilkynningunni skal eftirfarandi koma fram:

1. um hverja aðfarargerð er að ræða, hvenær hún fór fram og hverjir aðilar hennar voru.
2. hvers krafist er fyrir héraðsdómara.
3. á hverjum málsástæðum og lagarökum kröfur eru reistar.

Með tilkynningu skv. 1. mgr. skulu að jafnaði fylgja staðfest eftirrit framlagðra gagna við aðfarargerðina og bókana í gerðabók sýslumanns um hana, en ella skulu þau afhent héraðsdómara svo fljótt, sem við verður komið.

Heimilt er sýslumanni að senda héraðsdómara athugasemdir sínar um málefnið.

94. gr.

Um málsmeðferð fyrir héraðsdómi gilda fyrirmæli 87.–89. gr. og 1. mgr. 90. gr., en að öðru leyti almennar reglur um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

95. gr.

Í úrskurði héraðsdómara skal á grundvelli skýrslna og málflutnings aðila og framkominna skjala kveðið á um staðfestingu eða ógildingu aðfarargerðar eða um breytingu hennar, samkvæmt því, sem við á hverju sinni. Ef kveðið er á um breytingu gerðarinnar, skal tiltekið nákvæmlega í hverju hún felst.

Málskot úrskurðar héraðsdómara samkvæmt þessum kafla til æðra dóms frestar ekki frekari fullnustuaðgerðum, nema fallist hafi verið á kröfu þess efnis í úrskurðinum.

VI. ÞÁTTUR

Ýmis ákvæði.

16. KAFLI

Ábyrgð á aðfarargerð.

96. gr.

Hafi gerðarbeiðandi krafist fullnustu kröfu eða réttinda með aðfarargerð, sem síðar er leitt í ljós að skilyrði skorti til, ber honum að bæta allt tjón, sem aðrir hafa orðið fyrir af þeim sökum.

Hafi aðfarargerð farið fram með ólögmætum hætti og verið felld úr gildi af þeim sökum að einhverju leyti eða öllu með dómsúrlausn, á sá, sem fyrir tjóni hefur orðið, rétt til bóta úr hendi gerðarbeiðanda eftir almennum skadabótareglum.

Ef svo stendur á, sem í 1. eða 2. mgr. segir, og gerðarþoli hefur sætt frelsisskerðingu, húsleit verið gerð hjá honum eða leit verið gerð á honum, sbr. 29.–31. gr., á hann rétt til miskabóta úr hendi gerðarbeiðanda.

97. gr.

Heimilt er þeim, sem tilkall á til bóta skv. 96. gr., að beina málsókn til heimtu þeirra að ríkissjóði óskipt með gerðarbeiðanda, ef sýslumaður eða fulltrúi hans hefur sýnt af sér gáleysi við framkvæmd þeirrar athafnar, sem leitt hefur til tjóns.

Um ábyrgð héraðsdómara fer eftir sérreglum laga.

98. gr.

Mál til heimtu bóta skv. 96. gr., sbr. 1. mgr. 97. gr., ber að höfða fyrir héraðsdómi áður en þrjár mánuðir eru liðnir frá því sá, sem fyrir tjóni hefur orðið, átti þess fyrst kost að hafa kröfu sína uppi.

17. KAFLI

Gildistaka, brottfallin lög og ákvæði til bráðabirgða.

99. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði laga:

1. Lög um aðför, nr. 19 4. nóvember 1887.
2. 8. og 9. tölul. 1. mgr. og 2. og 3. mgr. 1. gr. og 2.–16. gr. laga um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, nr. 29 16. desember 1885.
3. Í norskum lögum Kristjáns V., 15. apríl 1687, í I. bók, 22. kap.; 19., 22., 23., 24., 28., 39., 40. og 56. gr.
4. Kammerréttarskipun 18. mars 1720.
5. Tilskipun um aðför eftir áfrýjuðum dómum, 13. janúar 1792.
6. Tilskipun um aðför eftir dómum er leggja fyrir fyllingar- eða synjunareið, 14. september 1792.
7. Kansellíumburðarbréf um aðför eftir sátt hjá gjaldheimtumönnum konungs, 16. nóvember 1819.
8. Opið bréf um innheimtu eftirgjalds af jarðeignum landssjóðs, 21. maí 1829.
9. Opið bréf handa Íslandi er nákvæmar ákveður um innheimtu á kröfum með forgangsrétti hjá þeim mönnum sem hafa látið aðra fá sjálfsvörsluved í lausafé sínu, 11. desember 1869.
10. Lög um úrskurðarvald sáttanefnda, nr. 32 11. júlí 1911.

100. gr.

Aðfarargerðir skulu ekki fara fram og ekki skal tekið við nýjum aðfararbeiðnum frá og með 15. júní 1992 til og með 30. júní 1992 nema brýnir hagsmunir gerðarbeiðanda krefjist þess að mati fógeta. Heimilt er þó á framangreindu tímabili að ljúka gerð sem byrjað hefur fyrir 15. júní 1992.

101. gr.

Beiðnir um aðfarargerðir, sem ekki hefur verið sinnt þann 15. júní 1992 og liggja fyrir við borgarfógetaembættið í Reykjavík, embætti lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og embætti bæjarfógeta og sýslumanna, skulu endursendar hlutaðeigandi gerðarbeiðendum nema þeir hafi áður óskað bréflaga eftir framsendingu tiltekinna beiðna til héraðsdóms eða embættis sýslumanns, eftir því sem leiðir af fyrirmælum 11. og 16. gr.

Beiðnir, sem framsendar eru samkvæmt fyrirmælum 1. mgr., skulu skráðar skv. 1. mgr. 15. eða 18. gr. og njóta stöðu skv. 1. mgr. 19. gr. í samræmi við þann dag sem þær bárust borgarfógeta, lögreglustjóra, bæjarfógeta eða sýslumanni ef þær bera móttökudaginn með sér. Teljast þær ella móttækna 1. júlí 1992.

Beiðnir, sem endursendar eru gerðarbeiðendum samkvæmt fyrirmælum 1. mgr., glata þeirri réttarvernd sem þær kunna að njóta samkvæmt gildandi lögum 15. júní 1992.

102. gr.

Aðför má gera samkvæmt fyrirmælum laga þessara til fullnustu kröfu þótt hún hafi ekki verið aðfararhæf samkvæmt fyrirmælum eldri laga og þótt gjalddagi hennar eða efndatími hafi verið fyrir 1. júlí 1992. Þetta tekur þó ekki til krafna sem nutu lögtaksréttar ef sá réttur er fyrndur samkvæmt eldri lögum við gildistöku þessara laga.

Ekki er þörf birtingar áskorunar áður en aðför fer fram samkvæmt lögum þessum þótt svo hafi staðið á um kröfu fyrir gildistöku laganna sem segir í 9. gr. laga nr. 19/1887.

103. gr.

Ef aðfarargerð hefur byrjað fyrir gildistöku laga þessara, en er ólokið á því tímamarki, fer um framhald hennar samkvæmt fyrirmælum þessara laga.

104. gr.

Um heimildir til umráðasviptingar eigna, sem fjárnám eða lögtak hefur verið gert í fyrir 1. júlí 1992, fer eftir 7. kafla frá þeim degi.

Fyrirmæli 54., 58. og 60. gr. taka ekki til aðfarargerða sem hafa farið fram fyrir 1. júlí 1992.

105. gr.

Um heimildir til endurupptöku fjárnáms- eða lögtaksgerða, sem hafa farið fram fyrir 1. júlí 1992, skal farið eftir reglum eldri laga þótt komið sé fram yfir þann dag. Um framkvæmd við endurupptöku skal farið eftir fyrirmælum 68. gr., eftir því sem við getur átt.

106. gr.

Fyrirmæli 10. kafla taka ekki til dagsekta, sem fallið hafa í gjalddaga fyrir 1. júlí 1992.

107. gr.

Ef rekstur sérstaks ágreiningsmáls hefur byrjað fyrir fógetarétti eða ákvörðun verið tekin um hann fyrir 1. júlí 1992, en málinu hefur ekki verið lokið fyrir þann dag, skal það sjálfkrafa sæta áframhaldandi meðferð fyrir þeim héraðsdómi sem þá tekur við lögsögu í viðkomandi umdæmi. Meðferð slíks máls skal lokið samkvæmt þeim reglum sem giltu fyrir gildistöku laga þessara.

Aðfarargerð, sem lokið hefur verið fyrir 1. júlí 1992, verður ekki borin undir héraðsdóm skv. 15. kafla.

108. gr.

Fyrirmæli 16. kafla taka ekki til athafna sem eiga sér stað fyrir 1. júlí 1992, þótt aðfarargerð sé lokið eftir þann tíma.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

L Ö G

um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

- a. Fasteignaskattur.
- b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
- c. Útsvör.
- d. Aðstöðugjöld.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því er lög þessi ákveða.

2. gr.

Auk tekna skv. 1. gr. hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o.fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem af holræsagjaldi, lóðarleigu, leyfisgjöldum o.fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.

Sveitarstjórn getur ákveðið að gjalddagar vatnsskatts, holræsagjalds og lóðarleigu skuli vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og jafnframt að innheimtu þeirra verði hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts, sbr. 4. gr.

II. KAFLI

Um fasteignaskatt.

3. gr.

Á allar fasteignir, sem metnar eru af Fasteignamatí ríkisins, sbr. þó 5. gr., skal árlega leggja skatt til sveitarfélags þar sem fasteign er.

Stofn til álagningar skattsins á hús og mannvirki skal vera afskrifað endurstofnverð þeirra margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins. Stofn til álagningar fasteignaskatts á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat þeirra.

Skatturinn skal vera sem hér segir:

- a. Allt að ½% af álagningarstofni:

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd og jarðeignir, sem ekki eru nytjadar til annars en landbúnaðar, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

- b. Allt að 1% af álagningarstofni:

Allar aðrar fasteignir.

Heimilt er sveitarstjórn að hækka um allt að 25% hundraðshluta þá, sem tilgreindir eru í 3. mgr. þessarar greinar, samkvæmt öðrum hvorum eða báðum stafliðum.

Í sveitarfélagi, þar sem bæði er þéttbýli og dreifbýli, er sveitarstjórn heimilt að undanþiggja fasteignir í dreifbýli álagi á fasteignaskatt skv. 4. mgr.

Fyrir 1. desember ár hvert skal Fasteignamat ríkisins láta sveitarfélögunum í té skrár yfir álagningarstofn fasteignaskatts í hverju sveitarfélagi, sbr. 2. mgr.

4. gr.

Sveitarstjórn annast álagningu skattsins sem reiknast af heilum þúsundum matsverðs og skal sleppa því sem umfram er. Innheimtu skattsins getur sveitarstjórn falið sérstökum innheimtuaðila.

Eigandi greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur samningsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðist skatturinn af ábúanda eða notanda.

Nú verður ágreiningur um gjaldskyldu eða gjaldstofn og sker þá yfirfasteignamatsnefnd ríkisins úr. Úrskurði nefndarinnar má skjóta til dómstóla.

Sveitarstjórn ákveður hvenær fasteignaskattur fellur í gjalddaga og er henni heimilt að kveða á um að skatturinn sé greiddur með sem næst jöfnum greiðslum á fleiri en einum gjalddaga.

Vangreiðsla að hluta veldur því að fasteignaskatturinn fellur allur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga.

5. gr.

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, kirkjur, skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt af heilsuhælum, endurhæfingarstöðvum og húsum sem einvörðungu eru notuð til tómsundaiðju sem viðurkennd eru af hlutadeigandi sveitarstjórn. Sama gildir um lóðir þessara húsa.

Nú eru hús þau, sem um ræðir í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, jafnframt notuð til annars en að framan greinir, svo sem til íbúðar fyrir aðra en húsverði, og greiðist skatturinn þá hlutfallslega miðað við slík afnot.

Heimilt er sveitarstjórn að lækka eða fella niður fasteignaskatt sem tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum er gert að greiða.

6. gr.

Nú er afnotum fasteignar, sem metin er sem ein heild, þann veg háttað að greiða ber fasteignaskatt af henni samkvæmt báðum gjaldflokkum 3. mgr. 3. gr. og skulu þá þeir, sem annast mat nýbygginga og endurbóta fasteigna, ákveða hlutfallslega skiptingu matsverðs slíkra eigna eftir afnotum.

7. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal ásamt dráttarvöxtum í tvö ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum er á eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga er sami forgangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

III. KAFLI

Um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

8. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

- a. Framlag úr ríkissjóði er nemi 1,4% af skatttekjum ríkissjóðs af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal framlagið greiðast Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.
- b. Landsútsvör skv. 9. gr.
- c. Vaxtatekjur.

9. gr.

Landsútsvör greiða eftirtaldir aðilar:

- a. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 5% af hagnaði.
- b. Áburðarverksmiðja ríkisins, Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, Sementsverksmiðja ríkisins, Sala varnaliðseigna, 1,3% af heildarsölu. Enn fremur olúfélög sem flytja inn olíu, olúvörur og annast sölu þessa og dreifingu innan lands, 1,3% af heildarsölu olíu og olúvara annarra en gasolíu og svartolíu.
- c. Járblendiverksmiðjan í Hvalfirði, 0,5% af rekstrarútgjöldum.
- d. Bankar og sparisjóðir, 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta.

10. gr.

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara skv. 9. gr. Gjaldldagi landsútsvara er 15. júlí ár hvert og eindagi 15 dögum síðar. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvörin samkvæmt gjaldskrá sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té.

11. gr.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess sveitarfélags, þó með þeirri undantekningu að landsútsvar skv. d-lið 9. gr. rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

Tekjum Jöfnunarsjóðs skal að öðru leyti ráðstafað sem hér segir:

- a. Til greiðslu bundinna framlaga skv. 12. gr.
- b. Til greiðslu sérstakra framlaga skv. 13. gr.
- c. Til greiðslu jöfnunarframlaga skv. 14. gr.

12. gr.

Bundnum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,75% af vergum tekjum sjóðsins.
- b. Til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af vergum tekjum sjóðsins sem skiptist jafnt á milli þeirra allra.
- c. Til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af vergum tekjum sjóðsins.
- d. Til greiðslu útgjalda skv. 4. gr. laga um Innheimtustofnun sveitarfélaga.

13. gr.

Sérstökum framlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga.
- b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.
- c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámönnum sveitarfélögum, allt að 8% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 15. gr.
- d. Til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 15,5% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 16. gr.
- e. Til að bæta upp annan aukinn kostnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 7,3% af vergum tekjum sjóðsins.
Heimilt er að færa fjármagn milli c-, d- og e-liða.

14. gr.

Jöfnunarframlögum skal úthlutað sem hér segir:

- a. Til sveitarfélaga sem hafa lægri skatttekjur en sambærileg sveitarfélög miðað við meðalnýtingu tekjustofna þeirra.

- b. Til sveitarfélaga sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélag af þeirri stærð veiti.

Til jöfnunarframlaga skal verja þeim tekjum sjóðsins sem eru umfram ráðstöfun skv. 12. og 13. gr.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning jöfnunarframlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

15. gr.

Framlögum skv. c-lið 13. gr. skal varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við grunnskóla, íþróttamannvirki, félagsheimili, vatnsveitur og dagvistarheimili fyrir börn.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

16. gr.

Framlögum skv. e-lið 13. gr. skal varið til að bæta dreifbýlissveitarfélögum upp aukinn kostnað vegna breytinga á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem koma til framkvæmda samhliða lögum þessum.

Framlögin skulu miðuð við að hagar þessara sveitarfélaga verði ekki lakari eftir breytingar á verkaskiptingunni heldur en áður var.

Í reglugerð skal meðal annars setja nánari ákvæði um útreikning þessara framlaga og hvaða skilyrðum sveitarfélög þurfa að fullnægja til að hljóta þau.

17. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára sem gera skal tillög til ráðherra um framlög skv. c-, d- og e-lið 13. gr. og skv. 14. gr. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti.

18. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs. Sjóðurinn skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem annast afgreiðslu á vegum hans, úthlutun og greiðslu framlaga og bókhald sjóðsins.

19. gr.

Árlega skal semja reikning Jöfnunarsjóðs sem endurskoðaður skal af Ríkisendurskoðun. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

20. gr.

Félagsmálaráðherra setur í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga reglugerð með nánari ákvæðum um starfsemi sjóðsins.

IV. KAFLI

Um útsvör.

21. gr.

Þeir menn, sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar af tekjum sínum til sveitarfélags eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

22. gr.

Hver maður, útsvarsskyldur samkvæmt lögum þessum, skal greiða útsvar í einu sveitarfélagi og fellur það óskipt til þess.

Þeir menn, sem um ræðir í 1. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir áttu lögheimili 1. desember á tekjuárinu.

Þeir menn, sem um ræðir í 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða útsvar til þess sveitarfélags þar sem þeir öfluðu mestra tekna sinna á tekjuárinu.

23. gr.

Stofn til álagningar útsvars skal vera hinn sami og tekjuskattsstofn, sbr. 1. og 3. tölul. 62. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði 62.–65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skulu gilda um ákvörðun útsvarsstofns eftir því sem við getur átt.

Lækki skattstjóri tekjuskattsstofn skv. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt skal útsvarsstofn lækka um sömu fjárhæð.

24. gr.

Skattstjórar annast álagningu útsvars.

Ákvæði VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt gilda um útsvar eftir því sem við á nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

25. gr.

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera herra en 7,5% af útsvarsstofni og skal sami hundraðshluti lagður á tekjur allra manna í hverju sveitarfélagi.

Útsvar af þeim tekjum barna, sem um ræðir í 2. mgr. 65. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skal vera 2% af útsvarsstofni.

26. gr.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrir 1. desember ár hvert hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári, sbr. 1. mgr. 25. gr. þessara laga, svo og 1. mgr. 9. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ákvörðun sveitarstjórnar skal tilkynna fjármálaráðuneytinu eigi síðar en 15. desember á sama ári.

Skil á staðgreiðslufé til sveitarfélagsins skulu vera sami hundraðshluti og álagningarhlutfallið skv. 1. mgr.

Sá hundraðshluti, sem sveitarstjórn hefur ákveðið, skal notaður við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og vera endanlegt álagningarhlutfall útsvars í sveitarfélaginu, sbr. þó 5. og 6. mgr.

Nú kemur í ljós að tekjur sveitarsjóðs hrökkva ekki fyrir útgjöldum og er þá sveitarstjórn heimilt að hækka útsvar frá því er ákveðið var skv. 1. mgr. um allt að 10%. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað útsvar um allt að 10%.

Ef sveitarfélag kemst í fjárþröng er sveitarstjórn heimilt að leggja sérstakt álag á útsvör ársins, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga.

Tilkynning um breytingar á útsvari, sbr. 5. og 6. mgr., skal senda hlutaðeigandi skattstjóra eigi síðar en 31. mars á álagningarári.

27. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að taka til greina umsókn manna um lækkun eða niðurfellingu álagðs útsvars þegar svo stendur á sem segir í 1. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt telji hún ástæðu til að veita frekari lækkun en skattstjóri veitti við afgreiðslu á umsókn um lækkun útsvarsstofns. Á sama hátt getur sveitarstjórn lækkað eða fellt niður álagt útsvar þeirra sem nutu bóta samkvæmt II. og IV. kafla laga um almannatryggingar.

Skattstjóri skal veita sveitarstjórn aðgang að skattframtölum hlutaðeigandi einstaklinga, svo og veita henni þær upplýsingar sem nauðsynlegar teljast. Sveitarstjórn skal tilkynna lækkun útsvars til skattstjóra, innheimtuaðila og hlutaðeigandi einstaklings.

Þeim sem sveitarstjórn felur að annast störf þessi er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því er þeir komast að í störfum sínum og varðar hagi skattaðila.

28. gr.

Skattstjóri semur skrá um útsvör í hverju sveitarfélagi í skattumdæmi sínu þegar hann hefur lokið álagningu útsvara. Skrá þessa skal hann senda ríkisskattstjóra. Ríkisskattstjóri gerir síðan innheimtuskrá og sendir hana til sveitarstjórnar og innheimtuaðila, sbr. nánar ákvæði VIII. kafla laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

29. gr.

Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuðila að annast innheimtu útsvara. Réttindi og skyldur sem innheimtumenn sveitarsjóða hafa lögum samkvæmt, svo og allar heimildir sem þeim eru veittar til þess að framfylgja innheimtunni, skulu falla til þessara aðila.

Hver gjaldandi skal á tekjuárinu inna af hendi bráðabirgðagreiðslu upp í útsvar samkvæmt ákvæðum laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Þeir gjaldendur, sem reynast skulda útsvar að lokinni álagningu opinberra gjalda, sbr. 98. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, skulu greiða það sem vangöldið er á sömu gjalddögum og eftirstöðvar tekjuskatts, sbr. 4. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Ákvæði 1.–3. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um fyrirframgreiðslu tekjuskatts, skulu gilda um þann hluta útsvars sem stafar af öðrum tekjum en launatekjum.

Sé útsvar hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Þeim erlendu ríkisborgurum eða ríkisfangslausu mönnum, er fengið hafa dvalar- eða landvistarleyfi hér á landi um tiltekinn tíma, er skylt að gera skil á útsvari sínu á sama tíma og kveðið er á um skil á tekjuskatti, sbr. 7. mgr. 110. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

Áfrýjun útsvarsákvörðunar eða deila um útsvarsskyldu frestar hvorki eindaga útsvars né leysir gjaldanda undan álögum sem beitt er vegna vangreiðslu þess. Ef útsvar er lækkað eða fellt niður með úrskurði eða dómi skal endurgreiðsla þegar fara fram.

30. gr.

Útsvör skulu greidd á tekjuári samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda eftir því sem við á. Greiðslur á tekjuári eru til bráðabirgða en endanleg álagning fer fram eftir á og getur því komið til endurgreiðslu eða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn.

Fjármálaráðuneytið sér um endurgreiðslu fyrir hönd sveitarfélaga í samræmi við ákvæði laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, en gjaldendur skulu greiða viðbótarkröfu frá sveitarstjórn í samræmi við ákvæði 3.–7. mgr. 29. gr. Ákvæði 2. mgr. 121. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, um verðbætur, skulu eiga við um endurgreiðslur og viðbótarkröfur þær sem hér um ræðir.

Um innheimtu, dráttarvexti og innheimtuúrræði gilda ákvæði þessara laga eftir því sem við getur átt, sbr. og 2. mgr. 37. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Allir þeir, sem greiða laun, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, eru skyldir, að kröfu innheimtumanns, að halda eftir af kaupum launamanns til lúkningar útsvari þeirra aðila sem launagreiðendur bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum þessara laga. Aldrei skulu launagreiðendur þó halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á útsvari og gjöldum samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Í reglugerð skulu sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Krafa vegna fjár, sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari grein, nýtur lögtaksréttar hjá launagreiðanda.

Launagreiðandi, sem eigi hefur skilað á réttum degi því fé er hann hefur haldið eftir eða bar að halda eftir af launum, skal greiða dráttarvexti skv. 41. gr. frá þeim degi sem skila bar fénu til innheimtuaðila.

Séu launagreiðslur inntar af hendi fyrir milligöngu annars aðila hvíla sömu skyldur á milligönguaðila og lagðar eru á launagreiðanda samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

31. gr.

Gjaldandi, sem ofgreitt hefur útsvar til launagreiðanda, getur krafðið hlutaðeigandi sveitarstjórn um það sem ofgreitt kann að vera og skiptir ekki máli hvort launagreiðandi hefur staðið skil á fénu eða ekki.

Sveitarstjórn getur ekki krafðið gjaldanda um útsvar er launagreiðandi hefur haldið eftir af launum gjaldandans þó að launagreiðandinn hafi ekki staðið skil á fénu til sveitarstjórnar.

32. gr.

Um ábyrgð á greiðslu útsvars gilda ákvæði 114. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.

33. gr.

Sveitarstjórnir, sem hlut eiga að máli, hafa sama rétt og gjaldendur til að kæra útsvarsálagningu til skattstjóra og áfrýja úrskurðum til ríkisskattanefndar.

V. KAFLI

Um aðstöðugjald.

34. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að leggja aðstöðugjöld á þá aðila sem taldir eru upp í 1., 2. og 3. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt og stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í sveitarfélaginu, eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Aðstöðugjöld skulu renna í sveitarjóð.

Undanþegnir aðstöðugjaldsskyldu eru þó eftirtaldir aðilar:

- a. Þeir sem um ræðir í 4. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt.
- b. Þeir sem greiða landsútsvör skv. 9. gr. Undanþága olúfélaganna nær þó aðeins til olú og olúvara.
- c. Starfsemi sláturhúsa og mjólkurbúa. Undanþága mjólkurbúa nær einungis til framleiðslu mjólkur- og mjólkurafurða.

35. gr.

Aðstöðugjaldsstofn skal vera rekstrarkostnaður sá sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Til rekstrarkostnaðar í þessu sambandi telst gjaldfærsla skv. 53. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt en frá honum dregst tekjufærsla samkvæmt sömu grein.

Undanþeginn aðstöðugjaldi er rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 2. mgr. 31. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, enn fremur sá hluti rekstrarkostnaðar sem umfram er heildartekjur og telst tekjufærsla skv. 53. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt þá ekki til heildartekna.

Hafi aðili með höndum fjölþættan atvinnurekstur sem tekur til fleiri en einnar atvinnugreinar, og verðmæti á tilgreindu verði eru flutt milli atvinnugreina, skal telja verðmæti, sem þannig eru flutt, til heildartekna hjá þeim þætti rekstrarins er af hendi lætur, en til aðstöðugjaldsskylds rekstrarkostnaðar hjá þeim þætti sem á móti tekur.

Aðstöðugjaldsskyldir aðilar skulu skila skattstjóra sérstakri greinargerð um aðstöðugjaldsskyldan rekstrarkostnað í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Greinargerð þessari skal skila með skattframtali framtalsskyldra aðila samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt en þeir sem undanþegnir eru þeirri framtalsskyldu skulu fyrir 31. maí ár hvert skila greinargerð þessari ásamt ársreikningi til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

36. gr.

Hámark aðstöðugjalds skal vera 1,3% af aðstöðugjaldsstofni.

Sveitarstjórn er heimilt að ákveða mismunandi gjaldflokka aðstöðugjalda eftir tegundum atvinnurekstrar innan framangreindra takmarka. Óheimilt er að skipta útgjöldum í misjafna gjaldflokka innan sömu tegundar atvinnurekstrar.

37. gr.

Sveitarstjórn getur falið sérstökum innheimtuaðila að annast innheimtu aðstöðugjalda.

Þar til álagning aðstöðugjalda liggur fyrir skal gjaldanda gert að greiða á hverjum gjalddaga upp í aðstöðugjald fjárhæð sem nema skal ákveðnum hundraðshluta af því aðstöðugjaldi sem honum bar að greiða næstliðið ár. Skal þessi hundraðshluti ákveðinn fyrir hvert ár í samræmi við þá reglugerð sem fjármálaráðherra setur um innheimtu tekjuskatts og eignarskatts.

Álagt aðstöðugjald, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar, skal greiða með jöfnum afborgunum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

Vangreiðsla að hluta veldur því að aðstöðugjald gjaldanda í heild fellur í eindaga 15 dögum eftir gjalddaga, þó ekki fyrr en 15. næsta mánaðar eftir að álagningu er lokið.

Sé aðstöðugjald gjaldanda hækkað eftir álagningu fellur viðbótarfjárhæðin í gjalddaga 10 dögum eftir að gjaldanda var tilkynnt um hækkunina.

Að öðru leyti skulu ákvæði 24., 29., 30., 32. og 33. gr. eiga við um álagningu og innheimtu aðstöðugjalda eftir því sem við getur átt.

38. gr.

Heimilt er að innheimta aðstöðugjald hjá aðila sem stundar atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi í öðru sveitarfélagi en þar sem hann á lögheimili eða hefur atvinnurekstur sinn ef:

- a. hann rekur þar fiskkaup, fiskverkun, hefur þar með höndum húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð eða hefur þar heimilisfasta atvinnustofnun, svo sem útibú, og verður þá ekki lagt aðstöðugjald á hann að því leyti annars staðar,
- b. hann er búsettur erlendis og rekur atvinnu hér á landi.

Í þeirri greinargerð, sem aðstöðugjaldsskyldum aðila ber að gera skv. 4. mgr. 35. gr., skal koma fram hvað af rekstrarkostnaði hans falli undir þá starfsemi sem hann rekur í öðrum sveitarfélögum. Skattstjóri skal senda upplýsingar um aðstöðugjaldsstofn til skattstjóra í því umdæmi þar sem starfsemin fer fram.

39. gr.

Nú hefur sveitarstjórn ákveðið að nota heimild þessa kafla um álagningu aðstöðugjalds og skal hún þá tilkynna skattstjóra þá ákvörðun sína og láta honum samtímis í té upplýsingar um hversu hátt gjald þetta skuli vera, sbr. 36. gr.

Tilkynning til skattstjóra skal send eigi síðar en 31. mars ár hvert.

40. gr.

Telji skattstjóri ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu ganga lengra en heimilað er eða brjóta á einhvern hátt í bága við lög eða reglugerð um aðstöðugjald skal leita úrskurðar félagsmálaráðherra og fresta álagningu að því leyti uns úrskurður er fenginn.

Félagsmálaráðherra skal kveða upp úrskurðinn svo fljótt sem auðið er og senda hann hlutaðeigandi skattstjóra og sveitarstjórn án tafar.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

41. gr.

Séu gjöld samkvæmt lögum þessum eigi greidd innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða sveitarstjórn dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Með gjalddaga í þessu sambandi er átt við reglulega gjalddaga skv. 4. mgr. 4. gr., 3. og 5. mgr. 29. gr. og 2., 3. og 5. mgr. 37. gr., en gjaldfelling vegna vangreiðslu á hluta skv. 5. mgr. 4. gr., 4. mgr. 29. gr. og 4. mgr. 37. gr. hefur ekki áhrif á dráttarvaxtaútreikning. Um dráttarvexti gilda ákvæði III. kafla vaxtalaga, nr. 25 1987.

Nú verður ljóst þegar álagningu sveitarsjóðsgjalda lýkur eða við endurákvörðun þeirra að gjaldandi hefur greitt meira en endanlegu álöngu gjaldi nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem féð var í vörslu sveitarstjórnar. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

42. gr.

Gjöld samkvæmt lögum þessum, svo og dráttarvexti, má taka lögtaki, sbr. lög nr. 29 1885.

43. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á útsvörum þeirra erlendra og íslenskra aðila sem eftir gildandi útsvarslögum ríkjanna eiga að greiða útsvar af sömu tekjum bæði á Íslandi og í einhverju öðru ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun á tekjur skv. 1. mgr. og einstaklingur, sem útsvarsskyldur er hér á landi skv. 21. gr., greiðir til opinberra aðila í öðru ríki útsvar af tekjum sínum sem útsvarsskyldar eru hér á landi og er þá ríkisskattstjóra heimilt, samkvæmt umsókn hlutaðeigandi einstaklings eða ábendingu skattstjóra, að lækka útsvar hans hér á landi með hliðsjón af þessum útsvarsgreiðslum hans.

44. gr.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og koma til framkvæmda við álagningu útsvars á árinu 1991 vegna tekna á árinu 1990, við álagningu aðstöðugjalds árið 1990 vegna reksturs á árinu 1989 og við álagningu fasteignaskatts á árinu 1990.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, og eftirtalin lög um breytingu á þeim lögum: Lög nr. 47/1982, lög nr. 95/1982, lög nr. 75/1984, lög nr. 99/1985, lög nr. 38/1987 og lög nr. 33/1988, svo og 10. gr. laga nr. 9/1985, um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

L Ö G

um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Dómstólar í héraði.

1. gr.

Héraðsdómstólar fara með dómstörf, hver í sínu umdæmi, í opinberum málum og einkamálum, þar á meðal við skipti, fógetagerðir og uppboð.

2. gr.

Héraðsdómstólar eru 8 og nefnast þeir héraðsdómar. Þeir eru kenndir við umdæmi sín sem eru: Reykjavík, Vesturland, Vestfirðir, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland, Suðurland og Reykjanes. Lögsagnarumdæmi þeirra og aðsetur eru sem hér segir:

1. Héraðsdómur Reykjavíkur. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Reykjavíkurborgar og Kópavogskaupstaðar að mörkum milli Kjósar- og Borgarfjarðarsýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur í Reykjavík.
2. Héraðsdómur Vesturlands. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Kjósar- og Borgarfjarðarsýslna að mörkum milli Dala- og Barðastrandarsýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur í Borgarnesi.
3. Héraðsdómur Vestfjarða. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Dala- og Barðastrandarsýslna að mörkum milli Stranda- og Húnavatnssýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur á Ísafirði.
4. Héraðsdómur Norðurlands vestra. Lögsagnarumdæmi hans er frá vesturmörkum Húnavatnssýslu að austurmörkum Skagafjarðarsýslu og Siglufjarðarkaupstaðar. Dómstóllinn hefur aðsetur á Sauðárkróki.
5. Héraðsdómur Norðurlands eystra. Lögsagnarumdæmi hans er frá vesturmörkum Ólafsfjarðarkaupstaðar að austurmörkum Þingeyjarsýslu. Dómstóllinn hefur aðsetur á Akureyri.
6. Héraðsdómur Austurlands. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu að mörkum milli Austur- og Vestur- Skaftafellssýslna. Dómstóllinn hefur aðsetur á Egilsstöðum.

7. Héraðsdómur Suðurlands. Lögsagnarumdæmi hans er frá mörkum milli Austur- og Vestur-Skaftafellssýslna að vesturmörkum Árnessýslu. Dómstóllinn hefur aðsetur á Selfossi.
8. Héraðsdómur Reykjaness. Lögsagnarumdæmi hans er frá vesturmörkum Árnessýslu að mörkum milli Kópavogskaupstaðar og Reykjavíkurborgar. Dómstóllinn hefur aðsetur í Hafnarfirði.
Rétt er héraðsdómara að halda dómþing utan lögsagnarumdæmis síns ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál, enda valdi það ekki verulegum drætti á því.

3. gr.

Með reglugerð, sem dómsmálaráðherra setur, má skipta hverju lögsagnarumdæmi í tvær eða fleiri þinghár sem hver hafi tiltekinn fastan þingstað.

Héraðsdómur skal halda regluleg dómþing á föstum þingstöðum innan umdæmis síns eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Rétt er héraðsdómara að halda önnur dómþing þar sem hentugt þykir innan lögsagnarumdæmis síns ef það þykir heppilegt til að upplýsa mál.

4. gr.

Dómarar við héraðsdómstóla nefnast héraðsdómarar. Við héraðsdóm Reykjavíkur skulu vera 21 héraðsdómari, við héraðsdóm Vesturlands 1, við héraðsdóm Vestfjarða 1, við héraðsdóm Norðurlands vestra 1, við héraðsdóm Norðurlands eystra 3, við héraðsdóm Austurlands 1, við héraðsdóm Suðurlands 3 og við héraðsdóm Reykjaness 7. Þar sem héraðsdómarar eru þrír eða fleiri við dómstól má skipta honum í deildir eftir málaflokkum með samþykki dómsmálaráðherra.

Einn héraðsdómari skipar dóm í hverju máli. Um heimild dómara til að kveðja meðdómsmenn til setu í dómi fer eftir reglum laga um meðferð einkamála í héraði og laga um meðferð opinberra mála.

Sérhver héraðsdómari starfar sjálfstætt og á eigin ábyrgð að dómstörfum.

Þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn við dómstól skipar dómsmálaráðherra einn þeirra dómstjóra héraðsdómsins til 6 ára í senn að fenginni tillögu þeirra. Láti dómstjóri af störfum við dómstóllinn áður en starfstímabili hans lýkur skal nýr dómstjóri skipaður til næstu 6 ára. Nú verður sæti dómstjóra laust um stundarsakir eða hann forfallast og fer þá sá dómari með dómstjórn sem elstur er að embættisaldri við dóminn.

Dómstjórar héraðsdóma hafa yfirstjórn þeirra með höndum og bera á henni ábyrgð. Þeir fara með fyrirvar héraðsdómsins út á við. Þeir úthluta héraðsdómurum málum til meðferðar og skipa þeim í deildir ef héraðsdómur er deildaskiptur.

5. gr.

Forseti Íslands skipar héraðsdómara. Engan má skipa héraðsdómara nema hann fullnægi eftirtöldum skilyrðum:

1. Sé svo andlega og líkamlega hraustur að hann geti gegnt stöðunni.
2. Hafi náð 30 ára aldri.
3. Sé lögráða og hafi forræði bús síns.
4. Hafi óflekkað mannorð.
5. Hafi íslenskan ríkisborgararétt.
6. Hafi lokið embættisprófi í lögfræði við Háskóla Íslands eða prófi við annan háskóla sem metið er jafngilt lögum samkvæmt.
7. Hafi enn fremur þrjú ár samtals verið alþingismaður, gegnt málflutningsstörfum að staðaldri eða gegnt lögfræðistörfum að aðalstarfi í þágu ríkis eða sveitarfélags. Leggja má saman starfstíma í hverri einstakri af starfsgreinum þessum.

Dómsmálaráðherra skipar dómnefnd til fjögurra ára í senn sem fjallar um hæfni umsækjenda um embætti héraðsdómara. Í nefndinni sitja þrír menn og tilnefnir Hæstiréttur einn nefndarmann og er hann jafnframt formaður nefndarinnar. Dómarafélag Íslands tilnefnir einn nefndarmann úr hópi héraðsdómara og Lögmannafélag Íslands tilnefnir þriðja nefndarmanninn úr hópi starfandi lögmanna. Sömu aðilar tilnefna varamenn í nefndina. Nefndin skal gefa dómsmálaráðherra skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um störf nefndarinnar.

6. gr.

Dómsmálaráðherra getur löggilt fulltrúa við héraðsdómstól til að framkvæma dómsathafnir sem dómstjóri eða héraðsdómari, þar sem eigi er skipaður dómstjóri, fela honum. Sá einn getur hlotið slíka löggildingu sem fullnægir skilyrðum 1. og 3.–6. tölul. 5. gr.

Þar sem héraðsdómarar eru fleiri en einn ákveður dómstjóri hvert sé starfssvið fulltrúa og undir umsýsningu hvaða héraðsdómara hann starfi hverju sinni.

7. gr.

Dómsmálaráðherra setur héraðsdómara til þess að fara með og dæma einstök mál (setudómara) þar sem allir hinir reglulegu dómarar við héraðsdómstól þann, er málið ber undir, hafa vikið dómarasæti.

Ef mál er sérstaklega umfangsmikið getur dómsmálaráðherra að ósk dómstjóra eða héraðsdómara skipað sérstakan dómara til að fara með það.

Nú verður sæti héraðsdómara laust, hann forfallast eða fær leyfi frá störfum. Er þá dómsmálaráðherra rétt að setja dómara í hans stað um stundarsakir, en þó ekki um lengri tíma í senn en 12 mánuði nema dómari megi ekki gegna starfi sínu vegna veikinda.

Dómarar skv. 1.–3. mgr. skulu fullnægja ákvæðum 1.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr. Þó má, ef sérstaklega stendur á, gera undantekningar frá skilyrðum 2. og 7. tölul.

8. gr.

Gerir dómari eða dómarafulltrúi sig sekan um vanrækslu í dómara starfi án þess þó að refsing liggi við að lögum eða framkoma hans eða athafnir í dómara starfi eða utan þess þykja að öðru leyti ósamrýmanlegar dómara starfinu skal veita honum áminningu.

Forseti Hæstaréttar veitir áminningu þegar í hlut á forstöðumaður dómaraembættis. Dómstjóri veitir áminningu þegar í hlut á annar héraðsdómari við það embætti eða dómara fulltrúi. Tilkynna skal dómsmálaráðherra um veitta áminningu.

Nú telur dómsmálaráðherra dómara hafa misst hin almennu dómara skilyrði eða hafa gert sig sekan um misferli í dómara starfi, enda hafi áminning skv. 2. mgr. eigi komið að haldi, eða dómari hefur að áliti ráðherra með öðrum hætti rýrt svo álit sitt siðferðislega að hann megi ekki lengur gegna dómaraembætti og vikur ráðherra honum þá frá embætti um stundarsakir en síðan skal höfða mál á hendur honum til embættismissis svo fljótt sem verða má.

Ef svo verður ástatt, sem í 3. mgr. segir, um dómara skv. 7. gr. eða fulltrúa dómara getur dómsmálaráðherra þegar tekið af honum starfann án þess að bera þurfi málið undir dómstóla.

Rétt er þeim, sem skv. 3. eða 4. mgr. hefur verið sviptur embætti eða starfa, að höfða mál með venjulegum hætti á hendur dómsmálaráðherra fyrir hönd ríkisvaldsins til úrlausnar um lögmæti þeirrar ráðstöfunar, enda höfði hann málið innan 6 mánaða frá því að hún var gerð.

Forseti getur þó veitt þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára að aldri, lausn frá embætti, enda njóti hann þá sömu eftirlauna sem hann hefði fengið ef hann hefði gegnt starfinu til 70 ára aldurs.

9. gr.

Haldast skulu sérreglur laga um félagsdóm, kirkjudóm, landsdóm og siglingadóm.

II. KAFLI

Umboðsvald í héraði.

10. gr.

Sýslumenn fara, hver í sínu umdæmi, með stjórnýslu ríkisins eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um. Þar á meðal fara þeir með lögreglustjórn, tollstjórn og innheimtu opinberra gjalda að því leyti sem hún er ekki falin öðrum, sbr. þó 12. gr.

11. gr.

Landið skiptist í 26 stjórnýsluumdæmi auk Reykjavíkurumdæmis sem nær yfir Reykjavíkurborg, Seltjarnarneskaupstað, Mosfellsbæ, Kjalarneshrepp og Kjósarhrepp. Aðsetur sýslumanna eru sem hér segir: 1. Reykjavík, 2. Akranes, 3. Borgarnes, 4. Stykkishólmur, 5. Búðardalur, 6. Patreksfjörður, 7. Bolungarvík, 8. Ísafjörður, 9. Hólmavík, 10. Blönduós, 11. Sauðárkrókur, 12. Siglufjörður, 13. Ólafsfjörður, 14. Akureyri, 15. Húsavík, 16. Seyðisfjörður, 17. Neskaupstaður, 18. Eskifjörður, 19. Höfn í Hornafirði, 20. Vík í Mýrdal, 21. Hvolsvöllur, 22. Vestmannaeyjar, 23. Selfoss, 24. Keflavík, 25. Keflavíkurlflugvöllur, 26. Hafnarfjörður, 27. Kópavogur. Umdæmi sýslumanna skv. 2.–27. tölul. skulu ákveðin með reglugerð að fenginni umsögn viðkomandi sýslumanna og sveitarstjórna.

Eigi má fækka stjórnýsluumdæmum eða taka upp ný nema með lögum.

12. gr.

Með þau verkefni, sem sýslumönnum eru falin í öðrum umdæmum, fara lögreglustjórnir í Reykjavík, tollstjórnir í Reykjavík og sýslumaðurinn í Reykjavík sem hér segir:

1. Lögreglustjórnir í Reykjavík fer með lögreglustjórn, þar á meðal útlendingaefirlit, ásamt þeim störfum sem honum eða lögreglustjórum eru almennt falin með fyrirmælum einstakra laga.
2. Tollstjórnir í Reykjavík fer með tollstjórn, innheimtu tekna ríkissjóðs, að því leyti sem hún er ekki sérstaklega falin öðrum, og lögskráningu skipshafna, auk starfa samkvæmt fyrirmælum einstakra laga.
3. Með önnur störf en þau, sem falla innan marka 1. og 2. tölul., fer sýslumaðurinn í Reykjavík.

Dómsmálaráðherra sker að öðru leyti úr um hvaða verkefni heyri undir einstök embætti skv. 1. mgr.

13. gr.

Sýslumaður skal hafa skrifstofur í umdæmi sínu eftir því sem dómsmálaráðherra kveður á um hverju sinni og fé er veitt til á fjárlögum.

14. gr.

Forseti Íslands skipar sýslumenn. Málefni sýslumanna eiga undir dómsmálaráðherra. Engan má skipa sýslumann nema hann fullnægi skilyrðum 1. og 3.–7. tölul. 1. mgr. 5. gr.

15. gr.

Sýslumenn hafa yfirumsjón og ábyrgð á rekstri embætta sinna.

Dómsmálaráðherra getur að tillögu sýslumanns kveðið á um skiptingu sýslumannsembættis í starfsdeildir eftir verkefnum. Heimilt er að skipa sérstaka deildarstjóra sem veita viðkomandi starfsdeildum forstöðu á ábyrgð sýslumanns. Ef starfsdeildir við sýslumannsembætti eru fleiri en ein skal einn deildarstjóra teljast staðgengill sýslumanns, enda fullnægi hann hæfisskilyrðum til skipunar í sýslumannsembætti.

Við sýslumannsembætti skal auk sýslumanns vera það starfslið sem dómsmálaráðherra telur þörf á. Um hæfisskilyrði löglærðra fulltrúa sýslumanns gilda ákvæði 1. og 3.–6. tölul. 1. mgr. 5. gr.

III. KAFLI

Gildistaka og ákvæði til bráðabirgða.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1992.

17. gr.

Við gildistöku laga þessara taka héraðsdómstólar og sýslumenn við þeim viðfangsefnum sem falin eru hvorum um sig skv. 1. og 10. gr.

Að því leyti sem einstök lög fela borgardómara í Reykjavík, borgarfégeta í Reykjavík, sakadómara í Reykjavík, bæjarfégetum og lögreglustjórum utan Reykjavíkur eða öðrum valdsmönnum störf, sem ekki teljast til dómstarfa skv. 1. gr., skulu þau koma í hlut sýslumanna frá gildistöku laganna.

18. gr.

Peir sem skipaðir eru borgardómarar, borgarfégetar og sakadómarar, yfirborgardómari, yfirborgarfégeti og yfirsakadómari í Reykjavík og sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum við gildistöku laga þessara skulu hafa forgang til skipunar í embætti héraðsdómara í Reykjavík. Nú óska fleiri þeirra eftir skipun í embætti héraðsdómara en heimild er fyrir í 1. mgr. 4. gr. og er þá dómismálaráðherra heimilt að fjölga dómaraembættum í Reykjavík um allt að 5 embætti, en eigi skal skipað á ný í þau dómaraembætti sem losna fyrr en dómarar verða 21 talsins í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Peir sem skipaðir eru borgarfégetar í Reykjavík við gildistöku laga þessara og neyta eigi forgangsréttar síns samkvæmt framanskráðu geta, ef þeir svo kjósa, tekið við störfum hjá embætti sýslumanns í Reykjavík, en halda skulu þeir sömu launakjörum og héraðsdómarar þótt starfsheiti þeirra breytist. Sá sem skipaður er í embætti yfirborgarfégeta í Reykjavík skal hafa forgang til skipunar í embætti sýslumanns í Reykjavík.

Peir sem við gildistöku laga þessara eru skipaðir bæjarfégetar, héraðsdómarar og sýslumenn utan Reykjavíkur skulu njóta forgangsréttar til skipunar í embætti héraðsdómara við þann dómstól sem með lögum þessum er falið dómssvald í umdæmi þeirra. Sama gildir um þann sem skipaður er í embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli. Nú kjósa fleiri að neyta forgangsréttar síns en dómarar eru í viðkomandi lögsagnarumdæmi skv. 1. mgr. 4. gr. og er þá dómismálaráðherra heimilt að fjölga dómaraembættum um eitt á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi og á Suðurlandi og um tvö á Reykjanesi. Eigi skal skipað á ný í þau dómaraembætti sem losna í hverju lögsagnarumdæmi fyrir en fjöldi héraðsdómara verður í samræmi við 1. mgr. 4. gr. Ef dómaraembættum fjölgar við héraðsdóma Vesturlands, Vestfjarða, Norðurlands vestra og Austurlands samkvæmt þessari grein er dómismálaráðherra eigi skylt að skipa dómstjóra við dómstólana, en meðan þessi skipan helst skal sá dómari, sem eldri er að embættisaldri, fara með dómstjórn.

Við skipun héraðsdómara samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr. þarf eigi að leita álitis dómnefndar skv. 2. mgr. 5. gr.

Peir sem skipaðir eru í embætti bæjarfégeta og sýslumanna við gildistöku laga þessara og neyta ekki forgangsréttar síns til skipunar í embætti héraðsdómara samkvæmt ákvæðum 2. mgr. skulu sjálfkrafa verða sýslumenn á aðsetursstað sínum, sbr. 11. gr. Sama gildir um þann sem skipaður er í embætti lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

19. gr.

Nú hefur mál verið þingfest fyrir gildistöku laga þessara fyrir aukadómþingi, bæjarþingi, sakadómi eða sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum og dómur er ekki upp kveðinn og skal þá málið sjálfkrafa teljast rekið áfram fyrir viðkomandi héraðsdómi. Sú breyting haggar ekki gildi þeirrar meðferðar sem mál hefur þegar sætt fyrir gildistöku laga þessara.

20. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirfarandi lög og ákvæði einstakra laga:

1. Lög um skipan dómvalds í héraði, lögreglustjórn, tollstjórn o.fl., nr. 74/1972.
2. Lög um sakadóm í ávana- og fíkniefnamálum, nr. 29/1986.
3. Lög um sérstakt lögsagnarumdæmi í Austur-Skaftafellssýslu, nr. 56/1976.
4. Lög um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli, nr. 33/1954.
5. Lög um heimild til löggildingar á fulltrúum bæjarfógeta til þess að gegna eiginlegum dómarastörfum, o.fl., nr. 79/1919.
6. 1. mgr. 2. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann, nr. 18/1949.
7. 1. mgr. 2. gr. laga um nauðungaruppboð, nr. 57/1949.
8. Lög um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o.fl., nr. 3/1973.
9. 2. gr. laga nr. 26/1918 um bæjarstjórn Vestmannaeyja.
10. 2. gr. laga nr. 61/1919 um bæjarstjórn á Seyðisfirði.
11. Lög nr. 58/1919 um breytingar á lögum nr. 30 22. nóvember 1918, um bæjarstjórn á Siglufirði.
12. 4. gr. laga nr. 48/1928 um bæjarstjórn í Neskaupstað í Norðfirði.
13. 4. gr. laga nr. 45/1941 um bæjarstjórn á Akranesi.
14. 4. gr. laga nr. 60/1944 um bæjarstjórn í Ólafsfirði.
15. 2. gr. laga nr. 57/1947 um bæjarstjórn á Sauðárkróki.
16. 4. gr. laga nr. 17/1949 um bæjarstjórn í Keflavík.
17. 2. gr. laga nr. 109/1949 um bæjarstjórn í Húsavík.
18. 2. gr. laga nr. 30/1955 um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.
19. 2. gr. laga nr. 16/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Seltjarnarneshreppi.
20. 2. gr. laga nr. 17/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Bolungarvíkurkaupþúni.
21. 2. gr. laga nr. 18/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.
22. 2. gr. laga nr. 19/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Eskifjarðarhreppi.
23. 2. gr. laga nr. 20/1974 um kaupstaðarréttindi til handa Dalvíkurkaupþúni.
24. 2. gr. laga nr. 83/1975 um kaupstaðarréttindi til handa Garðahreppi.
25. 2. gr. laga nr. 86/1975 um kaupstaðarréttindi til handa Njarðvíkurhreppi.
26. 2. gr. laga nr. 8/1978 um kaupstaðarréttindi til handa Selfoskaupþúni.
27. 2. gr. laga nr. 34/1983 um kaupstaðarréttindi til handa Ólafsvíkurhreppi.
28. Lög nr. 31/1877 um að skipta Þingeyjarsýslu og Skaftafellssýslu, hvorri um sig, í tvö sýslufélög.
29. Lög nr. 27/1887 um að skipta Barðastrandarsýslu í tvö sýslufélög.
30. Lög nr. 3/1896 um að skipta Ísafjarðarsýslu í tvö sýslufélög.
31. 1. og 2. gr. laga nr. 43/1973 um breyting á mörkum Gullbringusýslu og Kjósarsýslu og skipan lögsagnarumdæma.
32. Lög nr. 77/1907 um að skipta Húnavatnssýslu í tvö sýslufélög.

21. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast lög um meðferð einkamála í héraði, nr. 85 23. júní 1936, sem hér segir:

- a. 29.–33. gr., 35. og 72. gr., svo og 1. og 2. mgr. 38. gr. falli brott.
- b. 1. mgr. 42. gr. hljóði svo:

Hverjum héraðsdómstól skulu fylgja dómsmálabækur til afnota í einkamálum, þar á meðal við skipti, fógetagerðir og uppboð. Í bækur þessar skráir dómari skýrslu um mál þau, sem til meðferðar eru hverju sinni, með þeim hætti sem tíðkast hefur, þar á meðal úrskurði sem upp eru kveðnir þegar í stað um skjöl þau, sem fram hafa verið lögð um kröfur þær, sem fram hafa komið, og þau efni önnur sem í IX. kafla greinir, vitnaskýrslur, nefningu matsmanna og staðfestingu matsgerða o.s.frv. Þá skal fylgja hverjum héraðsdómstól dómabók þar sem skráðir eru dómar og úrskurðir, aðrir en þeir sem áður greinir.

22. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast lög um meðferð opinberra mála, nr. 74 21. ágúst 1974, sem hér segir:

a. 4. gr. falli brott.

b. 2. mgr. 5. gr. falli brott, en 3. mgr. 5. gr. hljóði svo:

Eftir ákvörðun dómstjóra geta þrír héraðsdómarar farið með mál eftir rannsókn þess og dæmt það í sameiningu, enda þyki vafi um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði.

c. 7. gr. hljóði svo:

Kirkjudómur fer með refsímál vegna afbrota biskups og presta þjóðkirkjunnar út af hneykslanlegu framferði þeirra í embættisathöfnum eða einkalífi, enda sé ekki um almenn refsiverð brot að tefla. Forsæti í kirkjudómi skipar dómstjóri viðkomandi héraðsdóms eða héraðsdómari þar sem dómstjóri er eigi, en til meðdómenda kveður hann tvo þjónandi þjóðkirkjupresta.

d. 2. mgr. 12. gr. hljóði svo:

Um greiðslu til meðdómenda fer skv. 8. tölul. 37. A. gr. laga um meðferð einkamála í héraði.

e. 1. mgr. 15. gr. falli brott.

f. 17. gr. falli brott.

g. 1. mgr. 18. gr. hljóði svo:

Hverjum héraðsdómi skal fylgja þingbók, ein eða fleiri, þar sem skrá skal að efni til það sem fram fer í opinberum málum, nema ræður málflytjenda og dómabók þar sem skrá skal dóma í opinberum málum.

h. 1. mgr. 32. gr. hljóði svo:

Sýslumenn eru lögreglustjórar utan Reykjavíkurmðæmis, en þar fer sérstakur lögreglustjóri með lögreglustjórn. Þar sem ekki eru skipaðir sérstakir lögreglumenn aðstoða hreppstjórar lögreglustjóra.

i. 3. mgr. 73. gr. falli brott.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.

AUGLÝSING

um þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

Alþingi hefur hinn 20. maí 1989 samþykkt þingsályktun þá, sem hér fer á eftir, um vegáætlun fyrir árin 1989–1992.

Alþingi ályktar samkvæmt III. kafla vegalaga nr. 6/1977, að árin 1989–1992 skuli framkvæmdum í vegamálum hagað og vegir flokkaðir samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN (Fjárhæðir í m.kr.)

	1989	1990	1991	1992
1.1. Markaðar tekjur:				
1. Bensíngjald	2930	3780	3900	4030
2. Þungaskattur, árgjald	265	340	340	340
3. Þungaskattur, km-gjald	800	1130	1130	1130
	3995	5250	5370	5500
1.2. Innstæða í ríkissjóði í árslok 1988	170			
1.3. Eftirstöðvar markaðra tekna 1987 og 1988, innheimtar 1989	50			
1.4. Fært í ríkissjóð	-682			
Samtals	3533	5250	5370	5500

II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í m.kr.)

	1989	1990	1991	1992	
2.1. Stjórn og undirbúningur:					
1. Skrifstofukostnaður	103	136	140	146	
2. Tæknilegur undirbúningur	75	103	107	113	
- 828 Veigastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Hallandi, um Veigastaði á Eyjafjarðarbraut eystri hjá Eyrarlandi.
- 829 Eyjafjarðarbraut eystri: Af Norðurlandsvegi á Leirum, um Laugaland og brú á Eyjafjarðará hjá Möðruvöllum, á Eyjafjarðarbraut vestri norðan Saurbæjar.
- 830 Svalbarðseyrarvegur: Af Norðurlandsvegi að Svalbarðseyri.
- 831 Höfðavegur: Af Grenivíkurvegi við Gljúfurá að Hóli.
- 832 Vaðlaheiðarvegur: Af Veigastaðavegi við Veigastaði, yfir Vaðlaheiði, Fnjóská, á Norðurlandsveg hjá Hálsi.
- 833 Illugastaðavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Nesi, yfir Vaðlaheiðarveg suður að Illugastöðum.
- 834 Fnjóskadalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi hjá Víðivöllum að Grímserði.
- 835 Fnjóskadalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi austan brúar á Fnjóská, um Fnjóskadal austanverðan, á Grenivíkurveg í Dalsmynni.
- 836 Vaglaskógarvegur: Af Vaðlaheiðarvegi austan við brú á Fnjóská, um Vaglaskóg að Lundí II.
- 841 Fremstafellsvegur: Af Norðurlandsvegi vestan Kvíslarbrúar, um brú á Djúpá, hjá Fremstafelli, á Norðausturveg hjá Landamóti.
- 842 Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts að Mýri.
- 843 Lundarbrekkuvegur: Af Bárðardalsvegi eystri hjá Sandkvísl, að Víðikeri.
- 844 Bárðardalsvegur eystri: Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg vestri.
- 845 Aðaldalsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Einarsstöðum á Norðausturveg hjá Tjörn.
- 846 Austurhlíðarvegur: Af Norðurlandsvegi gegnt Laugum, hjá Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalssá hjá Ökrum, á Aðaldalsveg mótis við Hamra.
- 847 Stafnsvegur: Af Norðurlandsvegi sunnan og neðan við Narfastaði að Stafni.
- 848 Mývatnsvegur: Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni um Vagnbrekku á Kísilveg hjá Grímstöðum.

- 849 Baldursheimsvegur: Af Norðurlandsvegi skammt austan Arnarvatns að Baldursheimi.
 850 Flugvallarvegur Mývatnssveit: Af Kísilvegi við Reynihlíð að flugvelli.
 851 Út-Kinnarvegur: Af Norðausturvegi hjá Ófeigsstöðum að Björgum.
 852 Sandsvegur: Af Norðausturvegi norðan Knútsstaða að Sandi.
 853 Hvammavegur: Af Aðaldalsvegi norðan Ytra-Fjalls, yfir Laxá hjá Hólmavaði, á Kísilveg austan Laxárvirkjunar.
 854 Staðarbraut: Af Aðaldalsvegi sunnan Syðra-Fjalls, um Laxárvirkjun á Hvammaveg.
 855 Fagranesvegur: Af Staðarbraut hjá Hellulandi að Fagranesi.
 856 Laxárdalsvegur: Af Staðarbraut vestan Laxár, um brú á Laxá hjá Sogi að Kasthvammi.
 858 Flugvallarvegur Aðaldal: Af Norðausturvegi í Aðaldalshrauni að flugvelli.
 862 Uppsveitarvegur: Af Norðausturvegi norðan við Meiðavelli að Tóvegg.
 864 Hólsfjallavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, um Hólssand á Norðausturveg austan Jökulsárbrúar í Öxarfirði.
 865 Gilsbakkavegur: Af Norðausturvegi hjá Lundi að Gilsbakka.
 866 Austursandsvegur: Af Norðausturvegi skammt vestan Klifshaga, um Sandárbrú að Skógum.
 867 Öxarfjarðarheiðarvegur: Af Norðausturvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga, á Norðausturveg austan Stóra-Viðarvatns.
 868 Laxárdalsvegur: Af Norðausturvegi vestan Garðár í Pistilfirði, að Holti.
 869 Langanesvegur: Af Norðausturvegi við Þórshöfn, um Þórshöfn og Sauðanes að flugvelli.
 870 Kópaskersvegur: Af Norðausturvegi um Kópasker að flugvelli.
 873 Flugvallarvegur Raufarhöfn: Af Norðausturvegi norðan Ormarslóns að flugvelli.

Austurlandskjördæmi.

- 1 Austurlandsvegur: Frá sýslumörkum á Biskupshálsi, um Möðrudal, Jökuldalsheiði, Jökuldal, yfir Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu yfir Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli, Skriðdal, Breiðdalsheiði, Breiðdal, Berufjörð, Geithellnahrepp, Hvalnesskriður, Lón, Almannaskarð, yfir Hornafjarðarfljótsbrú hjá Gildirakeri, um Mýrar, Suðursveit, Breiðamerkursand, Öræfi og Skeiðarársand að sýslumörkum Vestur-Skaftafellssýslu.
- 85 Norðausturvegur: Frá sýslumörkum á Brekknaheiði, um Bakkafjörð, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hofsárdal og Langadal á Austurlandsveg hjá Möðrudal.
- 91 Hafnarvegur í Bakkafirði: Af Norðausturvegi hjá Bakkaá að Hafnarkauptúni.
- 92 Norðfjarðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal, Búðareyri við Reyðarfjörð, Hólmaháls, Eskifjörð, Oddskarð og til Neskaupstaðar.
- 93 Seyðisfjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
- 94 Borgarfjarðarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi við Eyvindará, um Eiðapinghá, Hjaltastaðarþinghá, yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, Vatnsskarð og Njarðvík að Bakkagerði.
- 96 Suðurfjarðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Reyðarfirði um suðurströnd Reyðarfjarðar fyrir Vattarnes, um Fáskrúðsfjörð, Gvendarnes, Stöðvarfjörð, Kambanes og á Austurlandsveg nálægt Heydölum.
- 97 Breiðdalsvíkurvegur: Af Suðurfjarðavegi hjá Þverhamri til Breiðdalsvíkur.
- 98 Djúpavogsvegur: Af Austurlandsvegi til Djúpavogskauptúns.
- 99 Hafnarvegur: Af Austurlandsvegi að Höfn.
- 193 Strandhafnarvegur: Af Norðausturvegi við Borgarlæk að Ljósalandi.
- 194 Torfastaðavegur: Af Vesturárdalsvegi innan Skógalóns um brú á Vesturá að Torfastöðum.
- 195 Vesturárdalsvegur: Af Norðausturvegi við Vopnafjarðarkauptún að Búastöðum.
- 196 Flugvallarvegur Vopnafirði: Af Hlíðarvegi norðan Hofsár að flugvelli.

- 917 Hlíðarvegur: Af Austurlandsvegi hjá Fossvöllum, um Jökulsárhlið, yfir Helligsheiði á Norðausturveg hjá Vatnsdalsgerði.
- 919 Sunnudalsvegur: Af Hlíðarvegi austan við Hofsa, um brú á Sunnudalsá norðan Sunnudals og á Norðausturveg nálægt Teigi.
- 923 Jökuldalsvegur: Af Austurlandsvegi við Gilsá um Hákonarstaði að Vaðbrekku.
- 924 Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi hjá Hjarðarhaga yfir Jökulsá og út Jökuldal austan Jökulsár á Austurlandsveg í Dimmadal.
- 925 Hróarstunguvegur: Af Austurlandsvegi við Jökulsárbrú, um Litla-Bakka og Kirkjubæ, yfir Rangá á Austurlandsveg hjá Urriðavatni.
- 926 Húseyjarvegur: Af Hróarstunguvegi hjá Litla-Bakka að Geirastöðum.
- 927 Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi hjá Þórisvatni um Brekku á Hróarstunguveg hjá Litla-Steinsvaði.
- 929 Fellavegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatni að Staffelli.
- 931 Upphéraðsvegur: Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar um Fell, Fljótsdal, yfir Jökulsá í Fljótsdal, um Skóga og á Austurlandsveg hjá Úlfsstöðum á Völlum.
- 933 Norðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi nálægt Valþjófsstað að Þuridarstöðum.
- 934 Múlavegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan Jökulsár um brú á Kelduá um Langhús að Glúmsstöðum.
- 935 Suðurdalsvegur í Fljótsdal: Af Upphéraðsvegi austan brúar á Kelduárkvísl að Víðivöllum um fremri.
- 937 Skriðdalsvegur: Af Upphéraðsvegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg sunnan Jóku.
- 938 Múlavegur syðri: Af Skriðdalsvegi við Múlubrú að Birkihlíð.
- 939 Axarvegur: Af Austurlandsvegi í Víðigróf í Skriðdal um Öxi og á Austurlandsveg í Berufjarðarbotni.
- 941 Flugvallarvegur Egilsstöðum: Af Austurlandsvegi austan Lagarfljótsbrúar að flugvelli.
- 943 Hjaltastadarvegur: Af Borgarfjarðarvegi sunnan við Bóndastaði um Hjaltastað að Döllum.
- 944 Lagarfossvegur: Af Borgarfjarðarvegi nálægt Ásgrímsstöðum um Ekru, yfir Lagarfljót hjá Fossi á Hróarstunguveg.
- 946 Hólalandsvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um Hólaland að vegamótum við Hvannstöð.
- 947 Desjarmýrarvegur: Af Borgarfjarðarvegi í Bakkagerði um brú á Fjarðará að heimreið að Sólbakka norðan við Hrafnárbrú.
- 951 Vestdalseyjarvegur: Af Seyðisfjarðarvegi í Seyðisfjarðarkaupstað um Vestdalseyri að Sunnuholti.
- 953 Mjóafjarðarvegur: Af Norðfjarðarvegi nálægt Köldukvíslarbrú um Mjóafjarðarheiði og norðurströnd Mjóafjarðar að Brekku.
- 954 Helgustaðavegur: Af Norðfjarðarvegi í Eskifjarðarkaupstað að Stóru-Breiðuvík.
- 955 Flugvallarvegur Norðfirði: Af Norðfjarðarvegi hjá Þrastarlundi að flugvelli.
- 956 Dalavegur: Af Suðurfjarðarvegi norðan Dalsár að Hólagerði.
- 961 Flugvallarvegur Breiðdal: Frá Breiðdalsvík að flugvelli vestan kaupsins.
- 962 Norðurdalsvegur í Breiðdal: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að vegamótum við brú á Norðurdalsá.
- 964 Breiðdalsvegur: Af Austurlandsvegi innan Ásunnarstaða, yfir Breiðdalsá hjá Flögu, um Randversstaði á Austurlandsveg sunnan Breiðdalsárbrúar.
- 966 Flugvallarvegur Djúpavogi: Frá Djúpavogi að flugvelli sunnan kaupsins.
- 982 Flugvallarvegur Hornafirði: Af Austurlandsvegi hjá Laxá að flugvelli.
- 986 Rauðabergsvegur: Af Austurlandsvegi austan Djúpár að vegamótum að Holtaseli.
- 988 Flugvallarvegur Örafum: Af Austurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.

3.2. FLOKKUN ÞJÓÐVEGA SKV. 3.1. Í UNDIRFLOKKA

3.2.1. Stofnbrautir.

- | | |
|--|---|
| 1 Suðurlandsvegur. | 57 Snæfellsnesvegur. |
| 30 Skeiða- og Hrunamannavegur:
Suðurlandsvegur – Flúðir. | 574 Útnesvegur:
Hellissandur – Ólafsvík. |
| 31 Skálholtsvegur. | 60 Vestfjarðavegur. |
| 33 Gaulverjabæjarvegur:
Stokkseyri – Eyrarbakkavegur. | 61 Djúpvegur. |
| 34 Eyrarbakkavegur. | 62 Barðastrandarvegur. |
| 35 Biskupstungnabraut:
Suðurlandsvegur – Skálholtsvegur. | 63 Bíldudalsvegur. |
| 36 Þingvallavegur. | 64 Flateyrarvegur. |
| 37 Laugarvatnsvegur:
Biskupstungnabraut – Laugarvatn. | 65 Súgandafjarðarvegur:
Vestfjarðavegur – Suðureyri. |
| 38 Þorlákshafnarvegur. | 68 Hólmavíkurvegur. |
| 39 Þrengslavegur. | 617 Tálknafjarðarvegur:
Bíldudalsvegur – Tálknafjörður. |
| 343 Álfsstétt. | 1 Norðurlandsvegur. |
| 1 Vesturlandsvegur. | 72 Hvammstangavegur. |
| 40 Hafnarfjarðarvegur. | 74 Skagastrandarvegur. |
| 41 Reykjanesbraut. | 75 Sauðárkróksbraut. |
| 43 Grindavíkurvegur. | 76 Siglufjarðarvegur. |
| 45 Garðskagavegur:
Reykjanesbraut – Sandgerði. | 77 Hofsósbraut. |
| 46 Víknavegur. | 82 Ólafsfjarðarvegur. |
| 47 Flugvallarvegur Keflavík. | 85 Norðausturvegur:
Norðurlandsvegur
– Hlíðarvegur í Vopnafirði. |
| 411 Arnarnesvegur. | 808 Árskógssandsvegur. |
| 412 Vífilsstaðavegur. | 821 Eyjafjarðarbraut vestri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut. |
| 415 Bessastaðavegur:
Hafnarfjarðarvegur – Álftanesvegur. | 823 Miðbraut. |
| 416 Álftanesvegur. | 829 Eyjafjarðarbraut eystri:
Norðurlandsvegur – Miðbraut. |
| 421 Vogavegur. | 845 Aðaldalsvegur. |
| 422 Njarðvíkurvegur. | 1 Austurlandsvegur. |
| 431 Hafravatnsvegur:
Úlfarsárvegur – Vesturlandsvegur. | 92 Norðfjarðarvegur. |
| 433 Reykjálundarvegur. | 93 Seyðisfjarðarvegur. |
| 51 Akranesvegur. | 96 Suðurfjarðavegur. |
| 54 Ólafsvíkurvegur. | 97 Breiðdalsvíkurvegur. |
| 55 Heydalsvegur. | 98 Djúpavogsvegur. |
| 56 Kerlingarskarðsvegur. | 99 Hafnarvegur. |
| 58 Stykkishólmsvegur. | 917 Hlíðarvegur. |

3.2.2. Þjóðbrautir.

Aðrir þjóðvegir eru þjóðbrautir.

3.3. AÐALFJALLVEGIR**F22 Fjallabaksleið nyrðri:**

Af Landvegi (26) við Sigöldu, yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi (84 km).

F28 Sprengisandsleið:

Af Landvegi (26) við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns, um Þveröldu, Tómasarhaga, hjá Fjórðungsvatni, um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (197 km).

F35 Kaldadalsvegur:

Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnum, um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli (40 km).

F37 Kjalvegur:

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi, um Bláfellsháls og Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal (165 km).

F72 Skagafjarðarleið:

Af Skagafjarðarvegi (752) hjá Giljum í Vesturdal, yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug, um Laugafell á Sprengisandsveg (F28) við Fjórðungsvatn (81 km).

F78 Vegur af Eyjafjarðarleið (F82) 4 km austan Laugafellsskála, á Sprengisandsleið (F28) í Kiðagilsdrögum (18 km).

F82 Eyjafjarðarleið:

Af Eyjafjarðarbraut vestri (821) við Hólsgerði, um Eyjafjarðardal, á Skagafjarðarleið (F72) vestan Laugafellsskála (42 km).

F98 Gæsavatnaleið:

Af Sprengisandsleið (F28) í Tómasarhaga, um Urðarháls, yfir Jökulsá hjá Upptýppingum, yfir brú á Kreppu, um Grjót og á Austurlandsveg (1) austan Möðrudals (178 km).

Samgönguráðuneytið, 14. júní 1989.

Steingrímur J. Sigfússon.

Ólafur St. Valdimarsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 2. júní 1989 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 78/1979, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

26. gr., 2. mgr., orðist svo:

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Kosning er skrifleg og fer fram eigi síðar en í aprílmánuði, en hinn kjörni deildarforseti tekur við störfum með byrjun næsta háskólaárs.

2. gr.

Við 54. gr. bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Háskólaráð getur að fengnum tillögum deildar samþykkt reglur um skipulegt nám með hægari námsframvindu en áskilið er í reglugerð viðkomandi deildar.

3. gr.

102. – 105. gr. orðist svo:

102. gr.

Verkfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

1. Til fullnaðarprófs í eftirtöldum greinum verkfræði: Byggingarverkfræði, rafmagnsverkfræði, skipaverkfræði og vélaverkfræði. Ennfremur í öðrum verkfræðigreinum, sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við, að það taki fjögur ár og er heildarnámið minnst 120 námseiningar.
2. Deildin getur skipulagt framhaldsnám til M.S.-prófs fyrir þá, sem lokið hafa fullnaðarprófi við deildina eða samsvarandi prófi að mati deildar. Skipan námsins miðast við að það taki eitt ár og er framhaldsnámið minnst 30 námseiningar.

Deildin tekur ákvarðanir um skiptingu kennslugreina í námskeið, um vægi námskeiða og um skiptingu þeirra á námsáfangi.

Skorir gera í kennsluskrá grein fyrir námskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgreinar. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

Deildin setur nánari reglur um framhaldsnám til M.S.-prófs eftir því sem þurfa þykir.

103. gr.

Verkfræðideild getur með samþykki háskólaráðs sett inntökuskilyrði varðandi lágmarksnám eða lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinaflokki.

Stúdent skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski stúdent frávika frá námskipan þeirri, sem gert er ráð fyrir í kennsluskrá, skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutaðeigandi skor til samþykktar. Sama gildir, ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Stúdent er ekki heimilt að hefja nám í tilteknu námskeiði án þess að hafa uppfyllt kröfur til setu á því kennsluári, sem það tilheyrir, og öðlast próftökurétt í þeim námskeiðum, sem eru tilgreind í kennsluskrá sem nauðsynlegur undanfari þess.

Hver skor setur reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmistöðu stúdents í æfingum, til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

Halda má æfinganámskeið utan reglulegs kennslutíma.

104. gr.

Til þess að standast fullnaðarpróf í verkfræði þarf stúdent að ljúka námi með eigi lægri aðaleinkunn en 6,0.

Til þess að standast próf í námskeiði þarf stúdent að hljóta eigi lægri prófeinkunn en 4,0.

Eigi mega líða meira en fjögur ár frá því að stúdent sest á annað kennsluár þar til hann lýkur fullnaðarprófi í verkfræði.

Til þess að öðlast setu á öðru kennsluári, skal stúdent hafa staðist próf í öllum námskeiðum námsáætlunar fyrsta kennsluárs, að tveimur undanskildum, og hafa hlotið eigi lægri meðaleinkunn en 5,5.

Til þess að öðlast setu á þriðja kennsluári, skal stúdent hafa staðist próf í öllum námskeiðum námsáætlunar fyrsta kennsluárs og á tveggja ára tímabili öllum námskeiðum námsáætlunar annars kennsluárs, að tveimur undanskildum, og hafa hlotið eigi lægri meðaleinkunn en 5,7.

Til þess að öðlast setu á fjórða kennsluári, skal stúdent hafa staðist próf í öllum námskeiðum námsáætlunar fyrsta kennsluárs og á þriggja ára tímabili öllum námskeiðum námsáætlunar annars árs, svo og öllum námskeiðum námsáætlunar þriðja kennsluárs, að tveimur undanskildum, og hafa hlotið eigi lægri meðaleinkunn en 5,9.

Allar meðaleinkunnir reiknast með einum aukastaf.

Deildinni er heimilt að víkja frá ákvæðum 3.-6. mgr. um tímamörk og námshraða, ef stúdent hefur ekki vanrækt námið og horfur eru á að hann geti lokið því.

Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta á fyrsta kennsluár og við umskráningu úr öðrum deildum eða milli aðalgreina innan deildar.

105. gr.

Stúdent sem ekki hlýtur tilskilda lágmarkseinkunn fyrir próf í lok námskeiðs, má endurtaka prófið að hausti, á næsta misserisprófi eða á öðru hausti. Við endurtekningu skal þreyta próf eins og það er haldið fyrir aðra stúdenta hverju sinni, nema skorir ákveði annað.

Við einkunnagjöf má taka tillit til frammistöðu stúdenta í prófum og æfingum utan reglulegs próftíma og veita fyrir hana sérstaka einkunn, hluteinkunn. Kennarar gera grein fyrir vægi hluteinkunnar í upphafi misseris og tilkynna skorarformanni. Hver skor ákveður vægi hluteinkunnar í einstökum námskeiðum og skal það tilkynnt stúdentum í upphafi misseris. Við birtingu einkunna skal prófeinkunn og hluteinkunn sýnd hver um sig.

4. gr.

108. gr. orðist svo:

Nú er fjöldi stúdenta sem stenst samkeppnispróf á fyrsta ári meiri en svo að veita megi þeim öllum viðunandi framhaldskennslu við aðstæður á hverjum tíma og getur háskólaráð þá eftir rökstuddri tillögu tannlæknadeildar takmarkað fjölda þeirra, sem halda áfram námi. Ákvörðun háskólaráðs skal tilkynna fyrir upphaf þess háskólaárs, sem próf eru haldin. Réttur stúdenta til framhaldsnáms er miðaður við árangur prófa í lok 1. misseris 1. námsárs.

Þegar tveir eða fleiri nemar hafa sömu meðaleinkunn og velja þarf á milli þeirra ræður forgangsröðun einkunna eins og tilgreint er í kennsluskrá tannlæknadeildar ár hvert.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 5. júní 1989.

Svavar Gestsson.

Árni Gunnarsson.

A 32*

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1989

Nr. 95

496

21. júní 1989

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 55 30. mars 1987, tollalög, sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim lögum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting er gerð á 27. kafla:

Tollskrárnúmer 2710.0019 orðist svo:

		%
	-- Annað:	
2710.0012	-- -- Blýlaust	50
2710.0019	-- -- Annars	50

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 143. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalaga, sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim, til að öðlast gildi þann 22. júní 1989.

Fjármálaráðuneytið, 21. júní 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

STJÓRNARTÍÐINDI A 14 – 1989

10. júlí 1989

497

Nr. 96

AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 55 31. mars 1987, tollalög, sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim lögum, og auglýsingu nr. 12 15. mars 1988, auglýsingu nr. 96 23. desember 1988 og auglýsingu nr. 95 21. júní 1989.

1. gr.

Á almennum reglum um túlkun tollskrárinnar og einstökum köflum hennar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Við almennar reglur um túlkun tollskrárinnar:

6. regla orðist svo:

Í lagalegu tilliti skal flokkun vara í undirlíði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirlíðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirlíði og, að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirlíðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gilda einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

2. Við 4. kafla:

a. Vöruliður nr. 0403 orðist svo:

Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætiefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakaói:

b. Vöruliður nr. 0408 orðist svo:

Fuglsegg, skurnlaus, og eggjarauða, nýtt, þurrkað, soðið í gufu eða vatni, mótað, fryst eða varið skemmdum með öðrum hætti, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætiefni:

3. Við 6. kafla:

Tollskrárnúmerið 0602.2000 orðist svo:

0602.2000 – Tré, runnar og búskar, einnig agrætt sem bera æta ávexti eða hnetur 30

4. Við 8. kafla:

Vöruliður nr. 0812 orðist svo:

Ávextir og hnetur, varið skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvöldisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manndis:

A 33

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

Endurprentuð örk

5. Við 9. kafla:

a. Vöruliður nr. 0909 orðist svo:

Fræ aníss, badians, finkuls, sveipjurta, ostakúmens eða kúmens; einiber:

b. Tollskrárnúmerið 0909.5000 orðist svo:

0909.5000 – Finkulfræ; einiber 0

6. Við 10. kafla:

b-liður 1. athugasemdar orðist svo:

Til þessa kafla telst ekki korn sem hefur verið afhýtt eða unnið á annan hátt. Í nr. 1006 flokkast þó rís, afhýddur, slípaður (milled), fægður, gljáhúðaður, forsoðinn (parboiled) eða brotinn.

7. Við 19. kafla:

a. Tollskrárnúmerið 1905.3000 skiptist upp og orðist svo:

– Sætakex; vöflur og kexþynnur:

– – Húðað eða hjúpað súkkulaði eða með kremi sem inniheldur kakaó:

1905.3011 – – – Sætakex (þ.m.t. smákökur) 20 0

1905.3019 – – – Annað 20 0

– – Annað:

1905.3091 – – – Sætakex (þ.m.t. smákökur) 20 0

1905.3099 – – – Annars 20 0

b. Undirliðurinn 1905.90 orðist svo:

– Annað:

1905.9010 – – Brauð 20 0

1905.9020 – – Ósætt kex 20 0

1905.9030 – – Saltkex og kryddkex 20 0

1905.9040 – – Kökur og konditorstykki 20 0

1905.9050 – – Bökur, þ.m.t. pitsur (pizza) 20 0

1905.9090 – – Annars 20 0

8. Við 21. kafla:

Tollskrárnúmerið 2103.9002 verði tvö tollskrárnúmer er orðist svo:

2103.9002 – – Majones 0

2103.9003 – – Olíusósur, ót.a. (t.d. remúlaðisósur) 0

9. Við 22. kafla:

Tollskrárnúmerin 2203.0001 og 2203.0009 orðist svo:

2203.0001 – Öl með meira en 0,5% til og með vínanda að rúmmáli 20 0

2203.0009 – Annað 0

10. Við 25. kafla:

a. Vöruliður nr. 2523 orðist svo:

Portlandsement, álsement, slagsement, súpersúlfatsement og áþekkt hydrólískt se-
ment, einnig lítað eða sem sementsgjall:

b. Tollskrárnúmerið 2523.3000 orðist svo:

2523.3000 – Álsement 0

11. Við 28. kafla:

a. d-liður 6. athugasemdar orðist svo:

Blendi, dreifur (dispersions) (þar með talið keramikmelmi (cermet)), leirvörur og blöndur sem í eru þessi frumefni eða samsætur eða ólífræn eða lífræn sambönd þeirra með tiltekna geislavirkni sem er meiri en 74 Bq/g (0,002 μ Ci/g).

b. f-liður 6. athugasemdar orðist svo:

Geislavirkar leifar, einnig nothæfar sem samsætur í þessari athugasemd texta við nr. 2844 og 2845 teljast:

- Einstakir atómkjarnar, þó ekki þeir sem finnast í náttúrunni sem mono-samsætur.
- Blöndur samsætna úr einu og sama frumefninu, að viðbætti einni eða nokkrum nefndra samsætna, þ.e. frumefni þar sem hinni náttúrlegu samsætusamsetningu hefur verið breytt með efnasmíði.

12. Við 29. kafla:

7. athugasemd orðist svo:

Nr. 2932, 2933 og 2934 taka ekki til epoxíða með þríliðuðum hringjum, ketonperoxíða, hringliða, fjölliða, aldehyða eða þíóaldehýða, anhydríða marggildra karboxylsýrna, hringliða estera af margliðuðu alkóhóli eða fenóla marggildra sýrna, eða imíða marggildra sýrna.

13. Við 32. kafla:

a. 3. athugasemd orðist svo:

Til nr. 3203, 3204, 3205 og 3206 telst einnig framleiðsla að meginstofni gerð úr litunarefni (þar með talið, að því er varðar nr. 3206, dreifulitir í nr. 2530 eða 28. kafla, málmflögur og málmduft), til nota við litun hvers konar efnis eða sem efnisþættir við framleiðslu litarefna. Þessir vöruliðir taka þó ekki til dreifulita sem eru í föstu efni, upplausn eða deigi og notaðir eru til framleiðslu á málningu, þar með talið smeltlakk (nr. 3212), eða önnur framleiðsla í nr. 3207, 3208, 3209, 3210, 3212, 3213 eða 3215.

b. Tollskráarnúmer 3203.0000 orðist svo:

3203.0000 Litunarefni úr jurta- eða dýraríkinu (þar með taldir litunarkjarnar, þó ekki dýrasverta), einnig kemískt skýrgreint; framleiðsla sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr litunarefnum úr jurta- eða dýraríkinu 0

c. Vöruliður nr. 3204 orðist svo:

Syntetísk lífræn litunarefni, einnig kemískt skýrgreind; framleiðsla sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr syntetískum lífrænum litunarefnum; syntetísk lífræn efni til nota sem flúrbirtugjafi eða ljóm, einnig kemískt skýrgreind:

14. Við 34. kafla:

d-liður C-liðar 5. athugasemdar orðist svo:

Vax, blandað með, dreift í eða uppleyst í vökva (nr. 3405, 3809 o.s.frv.).

15. Við 42. kafla:

a. m-liður 1. athugasemdar orðist svo:

Hnappar, þrýstitólur, smellur, smelluhnappar, hnappamót eða önnur efni og hlutar til þessara vara, hnappaefni í nr. 9606.

b. a-liður 2. athugasemdar orðist svo:

Skjóður úr þynnum úr plasti, einnig áprentaðar, með höldum, ekki hannaðar til lengri nota (nr. 3923).

- c. Vöruliður nr. 4202 orðist svo:
 Ferðakoffort, ferðatöskur, snyrtitöskur, skjalatöskur, skjalaveski, skólatöskur, gleraugnahulstur, sjónaukahylki, myndavélatöskur, hljóðfæratöskur, byssuhylki, byssuhulstur og áþekkar vörur; ferðaskjöldur, snyrtiveski, bakpokar, handtöskur, innkaupatöskur, veski, pyngjur, kortaveski, vindlingaveski, tóbakspungar, verkfæratöskur, íþróttatöskur, flöskuhylki, skartgripaskrín, púðurdósir, hnifaparaöskjur og áþekkar vörur, úr leðri eða samsettu leðri, úr þynnum úr plasti, spunaefni, vúlkaníseruðum trefjum eða pappa eða að öllu leyti eða aðallega hjúpað slíkum efnum:
16. Við 44. kafla:
- a. Tollskrárnúmer 4403.9100 og 4403.9200 orðist svo:
- | | |
|---|---|
| 4403.9100 – – úr eik (<i>Quercus</i> spp.) | 0 |
| 4403.9200 – – Úr beyki (<i>Fagus</i> spp.) | 0 |
- b. Fyrirsögn undirliðar nr. 4407.91 orðist svo:
 – – Úr eik (*Fagus* spp.):
- c. Fyrirsögn undirliðar nr. 4407.92 orðist svo:
 – – Úr beyki (*Fagus* spp.):
- d. Tollskrárnúmerið 4418.2000 skiptist upp og orðist svo:
- | | |
|--|-----|
| – Hurðir og karmar og þröskuldar til þeirra: | |
| 4418.2001 – – Innihurðir | 5 0 |
| 4418.2002 – – Útihurðir | 5 0 |
| 4418.2009 – – Annað | 5 0 |
17. Við 48. kafla:
- a. f-liður 1. athugasemdar orðist svo:
 Pappírstyrktar, lagfelldar þynnur úr plasti, eða eitt lag af pappír eða pappa húðað eða hjúpað með lagi úr plasti, enda sé síðarnefnda lagið meira en helmingur heildarþykktarinnar, eða vörur úr slíkum efnum, þó ekki veggfóður í nr. 4812 (39. kafli).
- b. Undirliður nr. 4816.20 skiptist og orðist svo:
 – Sjálfafrítunarpappír:
- | | |
|-------------------------------------|-----|
| 4816.2001 – – Óáprentaður | 0 |
| 4816.2009 – – Annar | 5 0 |
- c. Við vörulið 4819 bætist tollskrárnúmerið 4819.5002 er orðist svo:
 4819.5002 – – Eggjabakkar
 10 0 |

d. Tollskrárnúmerið 4823.7002 falli brott.

18. Við 49. kafla:
 Vöruliður nr. 4907 orðist svo:
 Ónotuð frímerki, stimpilmerki og áþekk merki, sem eru gild eða verða gild í því landi sem er ákvörðunarstaður þeirra; pappír með slíkum merkjum; peningaseðlar; ávísanaeyðublöð; skuldabréf, hlutabréf eða skuldaviðurkenningar og þess konar verðbréf:

19. Við 59. kafla:

a. a-liður 6. athugasemdar orðist svo:
 Belti eða reimar úr spunaefni, að þykkt minna en 3 mm.

b. Tollskrárnúmer 5911.1000 orðist svo:
 Spunadúkur, flóki og ofinn dúkur fóðraður með flóka, húðaður, hjúpaður eða lagskipaður með gúmmí, leðri eða öðru efni, til nota í kambi, og áþekkur dúkur til annarra tækninota:

20. Við 61. kafla:

a. Vöruliður nr. 6104 orðist svo:

Jakkaföt, fatasamstæður, jakkar, sportjakkar, kjólar, pils, buxnapils, buxur, smekkbuxur með axlaböndum, hnébuxur og stuttbuxur (þó ekki sundföt) kvenna eða telpna, þrjónað eða heklað:

b. Fyrirsögn undirliðar nr. 6104.31 orðist svo:

– Jakkar og sportjakkar:

21. Við 62. kafla:

a. Vöruliður nr. 6204 orðist svo:

Jakkaföt, fatasamstæður, jakkar, sportjakkar, kjólar, pils, buxnapils, buxur, smekkbuxur með axlaböndum, hnébuxur og stuttbuxur (þó ekki sundföt) kvenna eða telpna:

b. Fyrirsögn undirliðar nr. 6204.31 orðist svo:

– Jakkar og sportjakkar:

22. Við 63. kafla:

Vöruliður nr. 6306 orðist svo:

Yfirbreiðslur, skyggni og sóltjöld; tjöld; segl á báta, seglbretti eða landför; viðlegubúnaður:

23. Við 70. kafla:

c-liður 1. athugasemdar orðist svo:

Ljósleiðarar í nr. 8544, rafmagnseinangrarar (nr. 8546) eða tengi úr einangrandi efni í nr. 8547.

24. Við 71. kafla:

10. athugasemd orðist svo:

Sem glysvarningur (imitation jewellery) í nr. 7117 teljast tilsvarandi hlutir og tilgreindir eru hér að undan í a-lið 8. athugasemdar (þó ekki hnappar eða aðrir hlutir í nr. 9606, hárgreiður, hárspegnur eða þess háttar eða hárnælur, í nr. 9615), enda séu þeir hvorki búnir náttúrlegum eða úr ræktuðum perlum, eðalsteinum eða hálfedalsteinum (náttúlegum, syntur skum eða endurgerðum) né góðmálum eða málmum klæddum góðmálmi (nema þá sem plett eða sem óverulegan hluta).

25. Við 72. kafla:

a. 3. mgr. k-liðar 1. athugasemdar orðist svo:

Flatvalsáðar vörur annarrar lögunar en réttthyrndrar eða ferningslaga, af hvaða stærð sem er, skulu flokkaðar sem vörur 600 mm að breidd eða meira, að því tilskildu að þær hafi ekki tekið á sig mynd vöru eða framleiðslu í öðrum vöruliðum.

b. a-liður 1. athugasemdar við undirliði orðist svo:

a. Hrájárnsblendir:

Hrájárni sem inniheldur miðað við þunga, eitt eða fleiri eftirtalinna frumefna í tilgreindu hlutfalli:

– meira en 0,2% af krómi,

– meira en 0,3% af kopar,

– meira en 0,3% af nikkli,

– meira en 0,1% af einhverju eftirtalinna frumefna:

Áli, mólýbden, títaníum, wolfram, vanadíum.

- c. Fyrirsögn skiptiliðar nr. 7210.70 orðist svo:
– Málaðar, lakkaðar eða húðaðar með plasti:
- d. Fyrirsögn skiptiliðar nr. 7212.40 orðist svo:
– Málaðar, lakkaðar eða húðaðar með plasti:
26. Við 73. kafla:
- a. Við vörulið nr. 7308 bætist nýtt tollskrárnúmer er orðist svo:
7308.9002 – Steypumót 5 0
- b. Tollskrárnúmer 7314.4200 orðist svo:
7314.4200 – Húðað með plasti 0
- c. Tollskrárnúmer 7321.8100 orðist svo:
7321.8100 – Fyrir gas eða fyrir bæði gas og annað eldsneyti 30
27. Við 74. kafla:
Málslíður eftir síðara bandstrik í g-lið við athugasemd kaflans orðist svo:
– annarrar lögunar en réttthyrndrar eða ferningslaga, af hvaða stærð sem er, enda hafi þær ekki öðlast einkenni hluta eða vara í öðrum vöruliðum.
28. Við 75. kafla:
Málslíður eftir síðara bandstrik í d-lið við athugasemd kaflans orðist svo:
– annarrar lögunar en réttthyrndrar eða ferningslaga, af hvaða stærð sem er, enda hafi þær ekki öðlast einkenni hluta eða vara í öðrum vöruliðum.
29. Við 76. kafla:
Málslíður eftir síðara bandstrik í d-lið við athugasemd kaflans orðist svo:
– annarrar lögunar en réttthyrndrar eða ferningslaga, af hvaða stærð sem er, enda hafi þær ekki öðlast einkenni hluta eða vara í öðrum vöruliðum.
30. Við 78. kafla:
Málslíður eftir síðara bandstrik í d-lið athugasemdar kaflans orðist svo:
– annarrar lögunar en réttthyrndrar eða ferningslaga, af hvaða stærð sem er, enda hafi þær ekki öðlast einkenni hluta eða vara í öðrum vöruliðum.
31. Við 79. kafla:
Málslíður eftir síðara bandstrik í d-lið athugasemdar kaflans orðist svo:
– annarrar lögunar en réttthyrndrar eða ferningslaga, af hvaða stærð sem er, enda hafi þær ekki öðlast einkenni hluta eða vara í öðrum vöruliðum.
32. Við 80. kafla:
Málslíður eftir síðara bandstrik í d-lið við athugasemd kaflans orðist svo:
– annarrar lögunar en réttthyrndrar eða ferningslaga, af hvaða stærð sem er, enda hafi þær ekki öðlast einkenni hluta eða vara í öðrum vöruliðum.
33. Við 81. kafla:
Athugasemd við undirlið í kaflanum orðist svo:
Skýrgreiningar í athugasemd við 74. kafla um teina og stengur, prófíla, vír og plötur, blöð, ræmur og þynnur gilda að breyttu breytanda um þennan kafla.

34. Við 82. kafla:

- a. Vöruliður nr. 8201 orðist svo:
Eftirtalin handverkfæri: Spaðar, skóflur, hakar, stingir, hlújárn, gafflar og hrifur; axir, bjúgaxir og áþekk höggverkfæri; hvers konar bjúgklippur og garðklippur; ljáir, sigðir, heyskerar, limgerðisklippur, timburfleigar og önnur verkfæri til notkunar við landbúnað, garðyrkju eða skógrækt:
- b. Tollskrárnúmer 8201.5000 orðist svo:
8201.5000 – Bjúgklippur og áþekkar annarrar handar lim- og garðklippur (þar með taldar kjúklingaklippur) 0

35. Við flokk XVI:

- a-liður 1. athugasemdar orðist svo:
- a. Belti eða reimar fyrir drifbúnað eða færíbönd, úr plasti í 39. kafla eða vúlkaníseruðu gúmmí (nr. 4010); eða aðrar vörur úr óhertu vúlkaníseruðu gúmmí sem notað er í vélbúnað, vélræn tæki, rafmagnstæki eða til annarra tækninota, úr vúlkaníseruðu gúmmí öðru en harðgúmmí (nr. 4016).

36. Við 84. kafla:

- a. Vöruliður nr. 8416 orðist svo:
Brennarar fyrir fljótandi eldsneyti, malað fast eldsneyti eða gas; vélkyndarar, þar með taldar vélristar þeirra, vélræn öskuhreinsitæki og áþekk tæki:
- b. Tollskrárnúmer 8416.3000 orðist svo:
8416.3000 – Vélkyndarar, þar með taldar vélristar þeirra, vélræn öskuhreinsitæki og áþekk tæki 0
- c. Tollskrárnúmer 8418.5000 orðist svo:
8418.5000 – Aðrar kæli- eða frystikistur, -skápar, -sýningarborð, sýningarkassar og áþekkur kæli- og frystitækjabúnaður 0
- d. Tollskrárnúmer 8419.6000 orðist svo:
8419.6000 – Vélbúnaður til að þétta andrúmsloft eða aðrar lofttegundir 0
- e. Tollskrárnúmer 8485.1000 orðist svo:
8485.1000 – Skips- eða bátsskrúfur og blöð til þeirra 0

37. Við 85. kafla:

- a. c-liður B-liðar 5. athugasemdar kaflans orðist svo:
Dvergrásir, innsteyptar, smækkaðar eða af svipaðri gerð, sem samanstanda af aðgreindum, virkum eða bæði virkum og óvirkum samrásarhlutum sem eru sameinað-ir og samtengdir.
- b. Tollskrárnúmerin 8527.1101, 8527.1102, 8527.2101, 8527.2102, 8527.3101 og 8527.3102 orðist svo:
- | | |
|---|----|
| 8527.1101 – – – Með segulbandsupptökutæki | 30 |
| 8527.1102 – – – Með plötu- eða geislaspilara og segulbandstökutæki | 30 |
| 8527.2101 – – – Með segulbandsupptökutæki | 30 |
| 8527.2102 – – – Með plötu- eða geislaspilara og segulbandsupptökutæki | 30 |
| 8527.3101 – – – Með segulbandsupptökutæki | 30 |
| 8527.3102 – – – Með plötu- eða geislaspilara og segulbandsupptökutæki | 30 |
- c. Við vörulið nr. 8527 bætist tollskrárnúmerið 8527.9002 er orðist svo:
8527.9002 – – Fyrir firðtal eða loftskýtasendingar 0

- d. Við vörulið 8529 bætist tollskrárnúmerin 8529.9002 og 8529.9003 er orðist svo:
- | | |
|--|----|
| 8529.9002 – – Til tækja í nr. 8528.1002 | 15 |
| 8529.9003 – – Til tækja í nr. 8528.1003 og 8528.2002 | 15 |
- e. Tollskrárnúmer 8532.1000 orðist svo:
- | | |
|---|---|
| 8532.1000 – Óbreytilegir þéttar til nota í 50/60 riða rafrás og hafa ekki minna en 0,5 kvar (raunafslrýmd aflþétta) | 0 |
|---|---|
38. Við 89. kafla:
- Við vörulið nr. 8902 bætast tollskrárnúmerin 8902.0091 og 8902.0099 er orðist svo:
- | | |
|-----------------------------|---|
| – Önnur: | |
| 8902.0091 – Notuð | 0 |
| 8902.0099 – Önnur | 0 |
39. Við 94. kafla:
- a. e-liður 1. athugasemdar orðist svo:
- Húsgögn sérhönnuð sem hlutar til kæli- og frystitækja í nr. 8418; húsgögn sérhönnuð fyrir saumavélar (nr. 8452).
- b. Tollskrárnúmerið 9403.4000 skiptist upp og orðist svo:
- | | |
|---|------|
| – Viðarhúsgögn til nota í eldhúsi: | |
| 9403.4001 – – Innréttingar og einingar til þeirra | 10 0 |
| 9403.4009 – – Önnur | 10 0 |
- c. Við undirlíði nr. 9403.50 og 9403.60 bætist tollskrárnúmerin 9403.5002 og 9403.6002 er orðist svo:
- | | |
|--|------|
| 9403.5002 – – Innréttingar og einingar til þeirra | 10 0 |
| 9403.6003 – – Innréttingar til nota í baðherbergi og einingar til þeirra | 10 0 |
40. Við 95. kafla:
- Vöruliður 9506 orðist svo:
- Hlutir og búnaður til fimleika, frjálsra íþróttá, annarra íþróttá (þar með talið bordtennis), ót.a. í þessum kafla; sundlaugar og vaðlaugar:

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 6. og 143. gr. laga nr. 55 30. mars 1987, tollalaga, sbr. lög nr. 96 31. desember 1987, um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast gildi 15. júlí 1989.

Fjármálaráðuneytið, 10. júlí 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1989

29. júlí 1989

505

Nr. 97

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 29. júlí 1989.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

9. ágúst 1989

Nr. 98

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 9. ágúst 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

12. ágúst 1989

Nr. 99

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 12. ágúst 1989.

F. h. r.

Guðmundur Benediktsson.

AUGLÝSING

um skipting starfa ráðherra.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, er störfum þannig skipt með ráðherrum:

Steingrímur Hermannsson fer með forsætisráðuneytið.

Jón Baldvin Hannibalsson fer með utanríkisráðuneytið.

Guðmundur Bjarnason fer með heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

Halldór Ásgrímsson fer með sjávarútvegsráðuneytið.

Jóhanna Sigurðardóttir fer með félagsmálaráðuneytið.

Jón Sigurðsson fer með iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið.

Júlíus Sólnes fer með Hagstofu Íslands.

Ólafur Ragnar Grímsson fer með fjármálaráðuneytið.

Óli P. Guðbjartsson fer með dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Steingrímur J. Sigfússon fer með landbúnaðarráðuneytið og samgönguráðuneytið.

Svavar Gestsson fer með menntamálaráðuneytið.

Með úrskurði þessum falla úr gildi eldri ákvæði um skipting starfa ráðherra.

Forsætisráðuneytið, 10. september 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Helga Jónsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 1989

21. september 1989

507

Nr. 101

FORSETABRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til fundar
þriðjudaginn 10. október 1989.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar þriðjudaginn 10. október 1989.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 1989

Nr. 102

508

11. október 1989

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.
Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 11. október 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 103

20. október 1989

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 20. október 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Guðmundur Benediktsson.

Nr. 104

6. desember 1989

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór í dag til útlanda.
Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Forsætisráðuneytið, 6. desember 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Helga Jónsdóttir.

LÖG**um breyting á lögum um sakadóm í ávana- og
fíkniefnamálum, nr. 29/1986.****HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS**

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Við 2. gr. bætist ný málsgrein, 3. mgr., svohljóðandi:

Ef vafi þykir vera um mikilsverð sönnunar- eða lagaatriði getur dómari að fengnu samþykki dómsmálaráðuneytisins kvatt til setu í dómi með sér tvo dómendur. Sá sem kvaddur er til setu í dómi skal vera embættisdómari.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka eftir því sem við getur átt til mála sem ákært hefur verið í og þingfest hafa verið fyrir gildistöku þeirra.

*Gjört í Reykjavík, 11. desember 1989.***Steingrímur Hermannsson.****Guðrún Helgadóttir.****Guðmundur Jónsson.**

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 18 – 1989

Nr. 106

510

20. desember 1989

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Allison, Allan, leiðbeinandi í Vestmannaeyjum, f. 16. apríl 1951 í Englandi.
2. Annisius, Jane Matheson, hjúkrunarfræðingur á Húsavík, f. 5. maí 1953 í Skotlandi.
3. Annisius, Marta Melek, barn á Húsavík, f. 22. desember 1984 í Tyrklandi.
4. Annisius, Ómar Mehmet, barn á Húsavík, f. 22. desember 1984 í Tyrklandi.
5. Banine, Abdesselam, trésmiður í Kópavogi, f. 9. janúar 1939 í Marokkó.
6. Beraquit, Annie Belmonte, ljósmyndari í Reykjavík, f. 2. júlí 1961 á Filippseyjum.
7. Bogatynska, Stanisława Janina Holcer, hagfræðingur í Reykjavík, f. 7. janúar 1919 í Póllandi. Fær réttinn 10. mars 1990.
8. Bogdanski, Witold Aleksander, fulltrúi í Reykjavík, f. 3. október 1957 í Póllandi.
9. Borghildur Gunnlaugsdóttir, verkakona í Keflavík, f. 4. febrúar 1951 í Njarðvík.
10. Crivello, Antonie Théodore, framkvæmdastjóri á Egilsstöðum, f. 26. mars 1949 í Frakklandi.
11. Daglas, Samir Fathi Ahmad, verslunarmaður í Hafnarfirði, f. 28. maí 1964 í Palestínu.
12. Daníel Vincent Antonsson, nemandi á Egilsstöðum, f. 17. október 1975 á Seyðisfirði.
13. Darling, Robert Albert, tónlistarkennari í Hveragerði, f. 5. febrúar 1955 í Englandi.
14. Halvorson, Leif David, nemandi í Mosfelisbæ, f. 27. ágúst 1969 í V-Pýskalandi.
15. Hansen, Lars, dýralæknir í Rangárvallasýslu, f. 23. apríl 1958 í Reykjavík.
16. Harrison, Robert Leslie, tónlistarmaður í Reykjavík, f. 22. júní 1939 í Englandi.
17. Haugen, Anni Guðný, félagsráðgjafi í Reykjavík, f. 14. september 1950 í Noregi.
18. Holbrook, William Peter, tannlæknir í Reykjavík, f. 17. febrúar 1949 í Englandi.
19. Holm, Unnur Agnes, verkakona á Suðureyri, f. 26. maí 1966 í Reykjavík.
20. Hurlen, Hildur Tordis, húsmóðir í N-Þingeyjarsýslu, f. 18. apríl 1943 í Noregi.
21. Ingham, Julie Ann, skólastjóri í Reykjavík, f. 5. september 1959 í Englandi.
22. Jacobsen, Davíð, barn í Hafnarfirði, f. 15. ágúst 1988 á Indlandi.
23. Jansen, Grete, bókarí í Reykjavík, f. 9. janúar 1945 í Reykjavík.
24. Letelier, Roxanna Angélica Morales, gangastúlka á Akureyri, f. 25. júní 1947 í Chile.
25. Martino, Anthony, nemandi í Reykjavík, f. 26. október 1966 í Keflavík.
26. Martino, Dwight Alexander, nemandi í Reykjavík, f. 12. október 1971 í Keflavík.
27. Millington, Hope Henry, dagskrárklippari í Reykjavík, f. 15. febrúar 1957 í Bandaríkjunum.
28. Nielsen, Snjólaug Elísabet, afgreiðslumaður í Reykjavík, f. 23. júní 1966 í Kópavogi.

29. Peterson, Connie Marie, barn á Neskaupstað, f. 27. desember 1985 í Bandaríkjunum.
 30. Peterson, Peter Kjartan, barn á Neskaupstað, f. 13. maí 1987 í Reykjavík.
 31. Sigtryggur Levi Kristófersson, nemi í Bandaríkjunum, f. 16. september 1962 í Reykjavík.
 32. Sigurður William Brynjarsson, nemandi á Patreksfirði, f. 20. ágúst 1975 í Keflavík.
 33. Sigurður Kristófer Óskarsson, barn í Reykjavík, f. 5. október 1988 á Indlandi.
 34. Steinunn Ruth Guðmundsdóttir, barn á Selfossi, f. 14. desember 1987 á Indlandi.
 35. Sörensen, Ruth Bredahl, matráðskona á Akureyri, f. 4. febrúar 1941 í Danmörku.
 36. Thompson, Richard Erik, sjómaður á Þingeyri, f. 21. júlí 1968 í Bandaríkjunum.
 37. Wessman, Flemming Gauti, nemi í Noregi, f. 11. febrúar 1972 í Reykjavík.
 38. Wessman, Ægir Ib Elof, flugmaður í Sameinuðu furstadæmunum, f. 12. september 1963 í Reykjavík.
 39. Yonkova, Asia Ilianova, nemandi í Reykjavík, f. 30. ágúst 1965 í Búlgaríu. Fær réttinn 7. febrúar 1990.

2. gr.

Nú fær maður, sem heitir erlendu nafni, íslenskt ríkisfang með lögum, og skulu þá börn hans, fædd síðan, heita íslenskum nöfnum samkvæmt lögum um mannanöfn, en hann skal, þá er hann hlýtur íslenskt ríkisfang, taka sér íslenskt eiginnafn — ásamt því sem hann ber fyrir — er börn hans taka sem kenningarnafn. Honum skal þó heimilt, ef hann kys heldur, að breyta svo eiginnafni sínu að það fullnægi kröfum laga um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 72/1982, um námslán og námsstyrki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Stjórnin skal skipuð til tveggja ára í senn. Skipunartími fulltrúa menntamálaráðherra og fjármálaráðherra skal þó takmarkaður við embættistíma þeirra ráðherra sem skipuðu þá eða tilnefndu sitji þeir skemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal stjórn skv. 1. gr. skipuð við gildistöku laganna.

Gjört í Reykjavík, 21. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.

L Ö G**um breyting á lögum um greiðslujöfnun fasteignaveðlána
til einstaklinga, nr. 63 26. júní 1985.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Með launavísitölu, sem beitt er við framreikning greiðslumarks, sbr. 5. gr., er átt við þá vísitölu sem Hagstofa Íslands reiknar og birtir samkvæmt lögum nr. 89/1989. Launavísitala sú, sem Hagstofan birtir í mánuði hverjum, skal gilda við útreikning greiðslumarks lána frá og með fyrsta degi næsta mánaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Launavísitala samkvæmt lögum þessum skal tengd eldri launavísitölu til greiðslujöfnunar fyrsta dag næsta mánaðar eftir gildistöku laga þessara. Hagstofa Íslands skal ákveða og birta opinberlega hvernig þessar vísitölur skulu tengdar.

*Gjört í Reykjavík, 15. desember 1989.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

Nr. 109

21. desember 1989

FORSETA BRÉF**um frestun á fundum Alþingis.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis 112. löggjafarþings, frá 22. desember 1989 eða síðar, ef henta þykir, enda verði þingið kvatt til fundar á ný eigi síðar en 22. janúar 1990.*Gjört í Reykjavík, 21. desember 1989.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 12. desember 1989.

Steingrímur Hermannsson.

Helga Jónsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI A 19 – 1989

Nr. 111

514

22. desember 1989

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1989.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Áætlað er að eftirtaldar breytingar verði á greiðslufirliti A-hluta ríkissjóðs 1989, sbr 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1989:

Rekstrarreikningur	Þús. kr.	Þús. kr.
Tekjur		3.033.000
Beinir skattar	200.000	
Óbeinir skattar	1.352.000	
Fjármagnstekjur, vextir	1.365.000	
Aðrar tekjur	116.000	
Gjöld.		8.493.422
Rekstrarliðir	2.525.538	
Neysla og rekstrartilfærslur	4.521.207	
Fjármagnsgjöld, vextir	820.000	
Fjárfesting	626.677	
Gjöld umfram tekjur		5.460.422
Lánahreyfingar		
Afborganir, nettó		160.000
Veitt lán		765.000
Hluta- og stofnfjárframlög		- 135.000
Lánsfjárbörf		6.250.422
Lántökur		6.233.786
Ríkisvixlar	800.000	
Önnur innlend lán	2.258.786	
Erlend lántaka	175.000	
Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting.		- 16.636

2. gr.

Til viðbótar því, sem kveðið er á um í 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1989, sbr. sundurliðun í 3. gr. þessara laga og ákvæði 4. gr., bætist:

	Pús. kr.	Pús. kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins	160.000	
01 Forsætisráðuneyti	166.251	
02 Menntamálaráðuneyti	541.637	
03 Utanríkisráðuneyti	69.535	
04 Landbúnaðarráðuneyti	924.140	
05 Sjávarútvegsráðuneyti	115.500	
06 Dómsmálaráðuneyti	198.237	
07 Félagsmálaráðuneyti	- 155.711	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti	1.870.918	
09 Fjármálaráðuneyti	2.164.341	
10 Samgönguráðuneyti	620.966	
11 Iðnaðarráðuneyti	187.000	
12 Viðskiptaráðuneyti	807.500	
13 Hagstofa Íslands	1.723	
15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun	821.385	
	<hr/>	8.493.422

3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á viðfangsefni er þessi:

00 Æðsta stjórn ríkisins

00-101 Embætti forseta Íslands	Pús. kr.	Pús. kr.
Viðhaldsverkefni:		
5 01 Viðhald fasteigna		50.000

00-201 Alþingi

Almennur rekstur:

1 02 Starfskostnaður	13.000	
1 04 Skrifstofu- og alþingiskostnaður	43.000	
1 06 Útgáfukostnaður Alþingistíðinda	4.000	
1 20 Rekstrarkostnaður fasteigna	9.000	
	<hr/>	69.000

Stofnkostnaður:

6 90 Ýmis stofnkostnaður		4.000
------------------------------------	--	-------

00-202 Ríkisendurskoðun

Almennur rekstur:

1 01 Yfirstjórn		9.000
---------------------------	--	-------

00-301 Ríkisstjórn

Almennur rekstur

1 01 Ríkisstjórn		30.000
----------------------------	--	--------

01 Forsætisráðuneyti**01-101 Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:

1 01 Yfirstjórn	12.307	
1 40 Gjöf Jéns Sigurðssonar	424	
	<hr/>	12.731

Stofnkostnaður:

6 01 Eignakaup.		3.520
-------------------------	--	-------

01-171 Byggðastofnun, framlag

Stofnkostnaður:

6 10 Byggðastofnun, Hlutfjársgjóður		150.000
---	--	---------

02 Menntamálaráðuneyti**02-101 Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:

101 Yfirstjórn Þús. kr. Þús. kr.
11.400

Stofnkostnaður:

601 Tölvukaup 3.600

02-201 Háskóli Íslands

Almennur rekstur:

102 Sameiginleg útgjöld 37.350

103 Rekstur fasteigna 8.900

111 Læknadeild 6.400

119 Íþróttakennsla 800

53.450**02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum**

Viðhaldsverkefni:

501 Viðhald húseigna 4.900

Stofnkostnaður:

690 Tæki og búnaður 1.658

02-203 Raunvísindastofnun Háskólans

Almennur rekstur:

120 Eðlisfræðistofa 3.300

140 Jarðfræðistofa 813

4.113

Stofnkostnaður:

690 Tækjakaup deilda 626

02-205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi

Stofnkostnaður:

601 Tækjabúnaður 543

02-210 Háskóli á Akureyri

Almennur rekstur:

101 Háskóli á Akureyri 3.000

Stofnkostnaður:

601 Eignakaup 1.837

02-231 Náttúrufræðistofnun Íslands

Stofnkostnaður:

601 Innréttingar 5.119

02-232 Rannsóknaráð ríkisins

Stofnkostnaður:

601 Endurbætur á húsnæði 1.000

02-276 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna

Stofnkostnaður:

601 Byggingarsjóður rannsókna í þágu atvinnuveganna 25.000

02-308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut

Stofnkostnaður:

601 Endurbætur 2.158

02-319 Framhaldsskólar, almennt

Almennur rekstur:

101 Framhaldsskólar, almennt 82.000

02-321 Kennaraháskóli Íslands

Almennur rekstur:

101 Kennaraháskóli Íslands 1.800

02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Stofnkostnaður:

650 Nýbygging og tækjakaup 1.899

02-359 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Stofnkostnaður:

601 Íþróttahús 9.700

02-355 Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum

Stofnkostnaður:

610 Verknámshús 1.000

02-501 Tækniskóli Íslands

Stofnkostnaður:

601 Kennslutæki 416

02-507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík

Stofnkostnaður:

601 Kennslutæki 37.500

02-515 Iðnnám, almennt

Stofnkostnaður:

690 Iðnskólar, almennt 700

02-517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Stofnkostnaður:

601 Innréttingar 1.110

	Pús. kr.	Pús. kr.
02-562 Leiklistarskóli Íslands		
Stofnkostnaður:		
601 Kennslutæki		1.000
02-580 Samvinnuskólinn		
Almennur rekstur:		
101 Kennsla		4.280
02-720 Grunnskólar, almennt		
Almennur rekstur:		
180 Sérkennsla í grunnskólum, óskipt		3.500
02-871 Unglingaheimili ríkisins		
Almennur rekstur:		
101 Unglingaheimili ríkisins		4.710
02-872 Lánasjóður íslenskra námsmanna		
Almennur rekstur:		
101 Lánasjóður íslenskra námsmanna		180.000
02-901 Landsbókasafn Íslands		
Almennur rekstur:		
101 Landsbókasafn Íslands		300
Stofnkostnaður:		
601 Bókakaup o.fl		921
02-903 Þjóðskjalasafn Íslands		
Stofnkostnaður:		
601 Innréttingar		4.900
02-904 Safnahúsið við Hverfisgötu		
Viðhald:		
501 Viðhald fasteignar		600
02-909 Blindrabókasafn Íslands		
Almennur rekstur:		
101 Blindrabókasafn Íslands		1.680
02-931 Náttúruverndarráð		
Almennur rekstur:		
134 Friðlýst svæði, merkingar og eftirlit		1.300
02-973 Þjóðleikhús		
Almennur rekstur:		
101 Þjóðleikhús		85.000
02-977 Þjóðarbókhlaða		
Stofnkostnaður:		
601 Þjóðarbókhlaða		30.000

	Pús. kr.	Pús. kr.
02-982 Listir, framlög		
Almennur rekstur:		
121 Leikfélag Akureyrar	605	
128 Kynning á íslenskri list erlendis	1.025	
137 Tónlistarstarfsemi, styrkir	500	
180 Listahátíð	3.000	
	<hr/>	5.130
02-989 Ýmis íþróttamál		
Almennur rekstur:		
123 Skákmót, styrkir	1.000	
130 Bridgesamband Íslands.	1.500	
140 Ýmis framlög til íþróttamála	5.000	
	<hr/>	7.500
Stofnkostnaður:		
613 Íþróttasamband fatlaðra vegna endurhæfingar		6.000
02-991 Húsafriðun		
Stofnkostnaður:		
620 Nesstofa		742
02-999 Ýmislegt		
Almennur rekstur:		
120 Fundur íþróttaráðherra Evrópu á Íslandi	5.500	
131 Geysir í Haukadal	2.600	
140 Dimmuborgir	300	
181 Málræktaráttak	6.000	
190 Söfn, styrkir	2.000	
192 Ýmis framlög	2.855	
	<hr/>	19.255
Stofnkostnaður		
643 Skriðuklaustur		1.500

03 Utanríkisráðuneyti

03-101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa		
Almennur rekstur:		
101 Yfirstjórn	5.100	
131 Kvikmyndir og myndbönd, landkynning	2.887	
150 Viðskiptaskrifstofa	9.500	
	<hr/>	17.487
03-201 Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli		
Almennur rekstur:		
101 Yfirstjórn	2.000	
110 Tollgæsla á Keflavíkurflugvelli	14.687	
120 Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.	18.313	
	<hr/>	35.000

03-390 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi

Þús. kr.

Þús. kr.

Almennur rekstur:

1 21 Framlag til Póllands, matarsendingar 10.000

03-401 Alþjóðastofnanir

Almennur rekstur:

1 58 Alþjóðastofnanir, friðargæsla Sameinuðu þjóðanna
í Namibíu 6.4321 59 Alþjóðastofnanir, friðargæsla Sameinuðu þjóðanna
í Angóla 142

1 60 Alþjóðastofnanir, flóttamannaaðstoð í Namibíu 158

1 61 Alþjóðastofnanir, samræmingarstarf Sameinuðu
þjóðanna í Afganistan o.fl. 1581 62 Alþjóðastofnanir, Alþjóðaráð Rauða krossins,
Afganistan. 158

7.048

04 Landbúnaðarráðuneyti**04-201 Búnaðarfélag Íslands**

Almennur rekstur:

1 01 Yfirstjórn 8.500

04-205 Veiðistjóri

Almennur rekstur:

1 90 Veiðistjóri 10.700

04-231 Skógrækt ríkisins

Almennur rekstur:

1 01 Skógrækt ríkisins 887

04-243 Sauðfjárveikivarnir

Almennur rekstur:

1 01 Sauðfjárveikivarnir 67.620

04-246 Veiðimálastofnunin

Almennur rekstur:

1 40 Laxeldisstöðin í Kollafirði 8.000

Stofnkostnaður:

6 01 Fasteignir 3.000

04-288 Jarðræktarlög, framlög

Stofnkostnaður:

6 20 Jarðræktarframlög o.fl. 73.400

04-289 Endurgreiðsla gjalda í landbúnaði

Almennur rekstur:

	Þús. kr.	Þús. kr.
1 10 Endurgreiðsla kjarnfóðurgjalds	70.000	
1 20 Endurgreiðsla söluskatts í fiskeldi og loðdýrarækt	73.000	
1 30 Niðurgreiðslur á fóðri í loðdýrarækt	55.000	
		198.000

04-290 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir

Almennur rekstur:

1 01 Uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir		520.000
--	--	---------

04-299 Landbúnaðarmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:

1 22 Ýmis verkefni	28.930	
1 24 Gunnarshús, Skriðuklaustri	390	
		29.320

04-503 Garðyrkjuskóli ríkisins

Stofnkostnaður:

6 01 Fasteignir, óskipt		600
-----------------------------------	--	-----

05 Sjávarútvegsráðuneyti**05-202 Hafrannsóknastofnun**

Almennur rekstur:

1 01 Yfirstjórn		11.400
---------------------------	--	--------

05-203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins

Almennur rekstur:

1 90 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins		2.600
--	--	-------

Stofnkostnaður:

6 10 Tæki og búnaður		1.500
--------------------------------	--	-------

05-280 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla

Almennur rekstur:

1 01 Söluskattur í sjávarútvegi, endurgreiðsla		100.000
--	--	---------

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**06-201 Hæstiréttur**

Stofnkostnaður:

6 01 Tæki og búnaður		618
--------------------------------	--	-----

06-203 Borgardómarinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1 01 Borgardómarinn í Reykjavík		5.000
---	--	-------

06-204 Borgarfógetinn í Reykjavík

Pús. kr.

Pús. kr.

Almennur rekstur:

1 01 Borgarfógetinn í Reykjavík 5.000

06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Almennur rekstur:

1 20 Almenn löggæsla 20.000

06-211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðhaldsverkefni:

5 50 Fasteignir 2.267

06-212 Bæjarfógeti Akranesi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 2.400

06-213 Sýslumaður Borgarnesi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 4.300

Stofnkostnaður:

6 01 Frágangur lóðar 338

06-214 Sýslumaður Stykkishólmi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla Stykkishólmi 1.300

1 21 Löggæsla Grundarfirði 800

1 24 Löggæsla Ólafsvík og Hellissandi 1.300

3.400**06-215 Sýslumaður Búðardal**

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 1.300

06-216 Sýslumaður Patreksfirði

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 1.100

Stofnkostnaður:

6 10 Viðbygging 7.022

06-217 Bæjarfógeti Bolungarvík

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 900

06-218 Sýslumaður og bæjarfógeti Ísafirði

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 1.500

06-219 Sýslumaður Hólmavík

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 2.300

06-221 Sýslumaður Blönduósi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 4.300

06-222 Sýslumaður og bæjarfógeti Sauðárkróki

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 400

06-223 Bæjarfógeti Siglufirði

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 2.800

Stofnkostnaður:

6 10 Nýbygging 2.300

06-224 Bæjarfógeti Ólafsfirði

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 900

06-225 Sýslumaður og bæjarfógeti Akureyri

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla Akureyri	10.900	
1 21 Löggæsla Dalvík	1.000	
		<hr/>
		11.900

06-227 Sýslumaður og bæjarfógeti Seyðisfirði

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla Seyðisfirði	3.200	
1 21 Löggæsla Vopnafirði	1.600	
		<hr/>
		4.800

06-228 Bæjarfógeti Neskaupstað

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 1.800

06-229 Sýslumaður og bæjarfógeti Eskifirði

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla Eskifirði og Reyðarfirði	900	
1 21 Löggæsla Egilsstöðum	800	
1 22 Löggæsla Fáskrúðsfirði	400	
1 23 Löggæsla Suðurfjörðum	100	
		<hr/>
		2.200

Stofnkostnaður:

6 21 Lögreglustöð Egilsstöðum 2.972

06-230 Sýslumaður Höfn í Hornafirði

Pús. kr.

Pús. kr.

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 3.400

06-231 Sýslumaður Vík í Mýrdal

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 3.600

06-233 Bæjarfógeti Vestmannaeyjum

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 8.500

Stofnkostnaður:

6 10 Stjórnarsýsluhús 321

6 20 Innréttingar 3.000

3.321

06-234 Sýslumaður og bæjarfógeti Selfossi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 700

Stofnkostnaður:

6 20 Lögreglustöð 2.154

06-235 Sýslumaður og bæjarfógeti Keflavík

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla Keflavík og Njarðvík 6.400

1 21 Löggæsla Grindavík 1.200

7.600

Stofnkostnaður:

6 01 Skrifstofuhúsnæði 5.946

06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla Hafnarfirði 7.900

Stofnkostnaður:

6 01 Fasteign 1.268

06-237 Bæjarfógeti Kópavogi

Almennur rekstur:

1 20 Löggæsla 9.000

06-244 Fangelsið, Síðumúla 28

Viðhaldsverkefni:

5 01 Loftræsting, eldvarnir 1.500

	Pús. kr.	Pús. kr.
06-251 Landhelgisgæsla Íslands		
Stofnkostnaður:		
6 90 Tæki og búnaður		2.564
06-252 Bifreiðæftirlit ríkisins		
Almennur rekstur:		
1 01 Bifreiðæftirlit		13.000
06-281 Dómsmál, ýmis starfsemi		
Stofnkostnaður:		
6 90 Dómsmál, ýmis kostnaður		3.839
06-283 Fangamál, ýmis kostnaður		
Almennur rekstur:		
1 13 Geðlækninga- og sálfræðiþjónusta við refsifanga		6.750
06-301 Biskup Íslands		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		5.900
Viðhaldsverkefni:		
5 02 Viðhald bústaðar		2.460
06-302 Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		1.000
Stofnkostnaður:		
6 01 Búnaður		1.399
06-303 Prestaköll og prófastsdæmi		
Almennur rekstur:		
1 90 Prestar og prófastar		10.000
Stofnkostnaður:		
6 20 Byggingar á prestssetrum		14.619
07 Félagsmálaráðuneyti		
07-101 Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa		
Almennur rekstur:		
1 01 Yfirstjórn		700
07-700 Málefni fatlaðra		
Almennur rekstur:		
1 04 Kostnaður skv. 10. gr. laga um málefni fatlaðra		33.800

07-701 Málefni fatlaðra, Reykjavík

Pús. kr.

Pús. kr.

Almennur rekstur:

101 Svæðisstjórn	500
122 Sambýli, leiguhúsnæði	500
129 Sambýli Sóleyjargötu	500
131 Tæknivinnustofa Öryrkjabandalagsins	1.000
133 Blindrafélagið, körfugerð og blindravinnustofa	3.500
162 Dagvistun Lyngáasi	500
163 Skammtímavistun Víðihlíð 9	500
174 Meðferðarheimili fyrir þroskahefta	500

7.500

07-706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra

Almennur rekstur:

101 Svæðisstjórn	1.000
120 Sambýli Byggðavegi 91	2.000
121 Sambýli Borgarhlíð 3	1.000
122 Sambýli Vanabyggð 4c	2.000
170 Vistheimilið Sólborg	7.000
190 Ýmis verkefni	10.000

23.000

07-708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi

Almennur rekstur:

171 Sólheimar	
-------------------------	--

3.500

07-750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Almennur rekstur:

101 Yfirstjórn	
--------------------------	--

4.000

07-795 Framkvæmdasjóður fatlaðra

Stofnkostnaður:

601 Framkvæmdasjóður fatlaðra	
---	--

9.039

07-981 Vinnumál

Almennur rekstur:

190 Ýmislegt	
------------------------	--

65.000

07-982 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota

Almennur rekstur:

101 Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota	165.000
110 Orlofsgreiðslur vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja	20.000

185.000

07-999 Félagsmál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:

131 Félagasamtök, styrkir	1.600
132 Starfsmenntun í atvinnulífinu	4.000
140 Kvennaathvarf í Reykjavík	2.000
190 Ýmis framlög	6.150

12.750

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**08-271 Tryggingastofnun ríkisins**

Almennur rekstur:	Þús. kr.	Þús. kr.
1 10 Lífeyrstryggingar	48.000	
1 20 Sjúkratryggingar	1.562.000	
1 30 Slysatryggingar	32.000	
	<hr/>	1.642.000

08-324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Almennur rekstur:	Þús. kr.
1 01 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands	3.100

08-325 Hollustuvernd ríkisins

Almennur rekstur:	Þús. kr.
1 01 Hollustuvernd ríkisins	1.000

08-327 Geislavarnir ríkisins

Almennur rekstur:	Þús. kr.
1 01 Geislavarnir	1.330

08-340 Málefni fatlaðra

Almennur rekstur:	Þús. kr.
1 90 Önnur starfsemi	500

08-356 Sjúkrahúsið Sauðárkróki

Almennur rekstur:	Þús. kr.
1 01 Sjúkrahúsið Sauðárkróki	2.000

08-358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri

Stofnkostnaður:	Þús. kr.
6 01 Ýmis eignakaup	3.100

08-359 Sjúkrahúsið Húsavík

Almennur rekstur:	Þús. kr.
1 01 Sjúkrahúsið Húsavík	7.000

08-361 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað

Almennur rekstur:	Þús. kr.
1 01 Fjórðungssjúkrahúsið Neskaupstað	4.000

08-367 Sjúkrahúsið Keflavík

Almennur rekstur:	Þús. kr.
1 01 Sjúkrahúsið Keflavík	18.500

08-371 Ríkisspítalar

Almennur rekstur:	Þús. kr.
1 10 Legudeildir, svæfinga- og gjörgæsludeild	50.000

08-373 St. Jósefsspítali, Landakoti

Pús. kr.

Pús. kr.

Almennur rekstur:

101 St. Jósefsspítali, Landakoti

87.000

08-378 Læknishéraðasjóður

Almennur rekstur:

101 Læknishéraðasjóður

1.017

08-381 Sjúkrahús og læknisbústaðir

Stofnkostnaður:

6 60 Tækjakaup, óskipt. 1.499

6 8921 Ólafsvík, hjúkrunarheimili aldraðra 200

6 8971 Höfn í Hornafirði, hjúkrunarheimili aldraðra 6.097

6 8972 Vopnafjörður, dvalarheimili 2.500

6 9023 Hafnarfjörður, H2 og Sólvangur 6.000

6 9031 Akranes, sjúkrahús 500

6 9037 Grundarfjörður, H1 515

6 9041 Ísafjörður, sjúkrahús 10.000

6 9063 Húsavík, sjúkrahús H2 1.000

6 9068 Raufarhöfn, H1 200

6 9072 Vopnafjörður, H1 100

6 9077 Hólmavík 400

6 9078 Höfn í Hornafirði, H1, H í Öræfum 757

6 90801 Laugarás, H2 200

6 9080 Eyrarbakki H 1.000

6 9085 Hveragerði, H2 150

6 9089 Hvolsvöllur, læknisbústaður 1.400

6 9093 Flateyri, læknabústaður 294

6 93 Hraunbúð 1.000

33.812

08-391 Heilsugæslustöðvar

Almennur rekstur:

101 Heilsugæslustöðvar

50.000

08-399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi

Almennur rekstur:

190 Ýmis framlög

469

08-471 Gæsluvistarsjóður, framlag

Stofnkostnaður:

6 10 Gæsluvistarsjóður

890

08-481 Bindindisstarfsemi

Almennur rekstur:

140 Átak í áfengisvörnum

2.000

08-501 Skólar heilbrigðisstétta

Almennur rekstur:

130 Lyfjatækniskóli Íslands

700

09 Fjármálaráðuneyti**09-101 Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:	Pús. kr.	Pús. kr.
1 01 Yfirstjórn		9.000

09-102 Launaskrifstofa ríkisins

Almennur rekstur:		
1 01 Launaskrifstofa ríkisins		10.000

09-103 Ríkisbókhald

Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisbókhald		17.000

09-104 Ríkisfjárhirsla

Almennur rekstur:		
1 01 Ríkisfjárhirsla		4.000

09-202 Skattstofan í Reykjavík

Almennur rekstur:		
1 01 Skattstofan í Reykjavík		12.000

09-212 Skattstofur, sameiginleg útgjöld

Almennur rekstur:		
1 01 Skattstofur, sameiginleg útgjöld	80.000	
1 20 Virðisaukaskattur	45.100	
		125.100

Stofnkostnaður:

6 02 Tölvubúnaður o.fl.		9.000
---------------------------------	--	-------

09-261 Ríkistollstjóri

Almennur rekstur:		
1 01 Ríkistollstjóri		17.000

09-481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum

Stofnkostnaður:		
6 01 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum		59.000

09-981 Ýmsar fasteignir ríkissjóðs

Stofnkostnaður:		
6 10 Laugavegur 166	27.600	
6 20 Stjórnsýsluhús á Ísafirði	5.900	
6 60 Sölvhólgata 4	1.190	
6 80 Skuggasund 3	10.500	
		45.190

09-989 Launa- og verðlagsmál

Almennur rekstur:		
1 01 Launa- og verðlagsmál	1.315.000	
1 30 Endurgreiðsla söluskatts til iðnaðar, sjávarútvegs og fiskeldis		390.000

09-999 Ýmislegt

	Þús. kr.	Þús. kr.
Almennur rekstur:		
1 10 Símakostnaður og burðargjöld fyrir Stjórnarráðið	10.000	
1 11 Skýrsluvéla­kostnaður vegna launagreiðslna	20.000	
1 12 Skýrsluvéla­kostnaður vegna tekjubók­halds	40.000	
1 13 Kjarasamningar	12.000	
1 19 Ýmsar endurgreiðslur	23.051	
1 90 Óviss útgjöld	25.000	
	<hr/>	130.051
Stofnkostnaður:		
6 10 Símsstöð		25.000

10 Samgönguráðuneyti**10-211 Vegagerð ríkisins**

Viðhaldsverkefni:		
5 10 Viðhald vega		100.000
Stofnkostnaður:		
6 10 Nýframkvæmdir		405.000

10-321 Strandferðir, framlög

Almennur rekstur:		
1 10 Skipaútgærð ríkisins	650	
1 2008 Hríseyjarferja	2.707	
	<hr/>	3.357

10-331 Vita- og hafnamálaskrifstofan

Almennur rekstur:		
1 01 Vita- og hafnamálaskrifstofan		1.124
Stofnkostnaður:		
6 20 Þjónustumiðstöð		20.000

10-332 Vitastofnun Íslands

Almennur rekstur:		
1 10 Rekstur vita		2.100

10-333 Hafnamál

Stofnkostnaður:		
6 31 Landshafnir, óskipt	50.000	
6 40 Sjóvarnargarðar, Flateyri	6.000	
	<hr/>	56.000

10-341 Siglingamálastofnun ríkisins

Almennur rekstur:		
1 01 Siglingamálastofnun ríkisins		1.500

10-471 Flugmálastjórn	Pús. kr.	Pús. kr.
Almennur rekstur:		
1 30 Reyjavíkurflugvöllur	8.890	
1 40 Flugvalladeild	9.110	
	<hr/>	18.000

10-485 Ýmis framlög		
Almennur rekstur:		
1 20 Tilkynningarskylda íslenskra skipa	3.085	
1 33 Öryggismálaskóli sjómanna	7.500	
	<hr/>	10.585

10-651 Ferðamálaráð		
Stofnkostnaður:		
6 20 Hótel, framlög		2.800

10-652 Veðurstofa Íslands		
Stofnkostnaður:		
6 90 Veðurratsjá o.fl		7.500

11 Iðnaðarráðuneyti

11-240 Iðnaðarrannsóknir		
Almennur rekstur:		
1 01 Iðnaðarrannsóknir		5.000

11-299 Iðja og iðnaður, framlög		
Almennur rekstur:		
1 40 Framlag til ullariðnaðar	6.000	
1 45 Framlag til lagmetisiðnaðar	17.000	
	<hr/>	23.000

11-399 Ýmis orkumál		
Almennur rekstur:		
1 16 Niðurgreiðsla orkuverðs til fiskiðnaðar	100.000	
1 19 Önnur orkumál.	71.000	
	<hr/>	171.000

12 Viðskiptaráðuneyti

12-201 Niðurgreiðslur á vöruverði	Pús. kr.	Pús. kr.
Almennur rekstur:		
1 01 Niðurgreiðslur á vöruverði		800.000

12-902 Verðlagsstofnun		
Almennur rekstur:		
1 01 Verðlagsstofnun		7.500

13 Hagstofa Íslands**13-101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa**

Almennur rekstur:

Þús. kr.

Þús. kr.

101 Yfirstjórn

1.723

15 Fjárlaga- og hagsýslustofnun**15-181 Ríkisbifreiðar, framlag**

Stofnkostnaður:

690 Ríkisbifreiðar, framlag

1.385

15-991 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

Almennur rekstur:

101 Ýmis lán ríkissjóðs, vextir

820.000

4. gr.

Lækkun gjalda samkvæmt 2. og 4. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 er eftirfarandi:

00-201 Alþingi

Stofnkostnaður:

690 Ýmis stofnkostnaður

Þús. kr.

Þús. kr.

2.000

02-202 Tilraunastöð Háskólans að Keldum

Viðhaldsverkefni:

501 Viðhald húseigna

3.000

Stofnkostnaður:

601 Tæki og búnaður

3.000

02-321 Kennaraháskóli Íslands

Viðhaldsverkefni:

501 Fasteign

1.500

02-322 Æfinga- og tilraunaskóli Kennaraháskóla Íslands

Stofnkostnaður:

601 Lóð og tækjakaup

1.000

02-331 Íþróttakennaraskóli Íslands

Viðhaldsverkefni:

501 Viðhald íþróttavalla o.fl

500

Stofnkostnaður:

601 Kennslutæki

1.000

02-352 Flensborgarskóli, fjölbraut

Viðhaldsverkefni:

501 Endurbætur Pús. kr. Pús. kr.
1.000**02-506 Vélskóli Íslands**

Stofnkostnaður:

690 Tækjakaup 1.000

02-517 Hótel- og veitingaskóli Íslands

Stofnkostnaður:

601 Innréttingar 1.500

02-518 Fiskvinnsluskólinn

Stofnkostnaður:

601 Tæki og búnaður 1.000

02-730 Bygging grunnskóla og íbúða fyrir skólustjóra o.fl.

Stofnkostnaður:

Vatnsleysuströnd, sundlaug og baðklefar	1.000	
Eyrarsveit, íþróttahús	500	
Patreksfjörður, viðbygging	1.000	
Flateyri, íþróttahús	3.000	
Suðureyri, sundlaug	900	
Súðavík, viðbygging	1.000	
Hólahreppur, kennarabústaður	800	
Skagaströnd, skólustjórabústaður	500	
Breiðdalshreppur	1.700	
Orkusparandi aðgerðir	1.000	
Ófyrirséður kostnaður	- 1.400	
		10.000

02-799 Heyrnleysingjaskólinn

Viðhaldsverkefni:

501 Endurbætur 2.000

02-803 Dagvistarheimili, stofnkostnaður

Stofnkostnaður:

Borgarnes	500	
Ísafjörður	1.000	
Hvammstangi	2.000	
Skagaströnd	1.700	
Siglufjörður	800	
Breiðdalsvík	1.000	
Höfn í Hornafirði	1.500	
Grindavík	800	
Ófyrirséður kostnaður	- 3.300	
		6.000

02-902 Þjóðminjasafn Íslands

Viðhaldsverkefni:

5 01 Húseign við Suðurgötu

Þús. kr.

Þús. kr.

2.500

02-903 Þjóðskjalasafn Íslands

Stofnkostnaður:

6 01 Innréttingar

5.000

04-172 Jarðasjóður

Stofnkostnaður:

6 01 Jarðasjóður

1.000

04-235 Landgræðsla ríkisins

Stofnkostnaður:

6 20 Fræverkunarstöð.

2.000

06-206 Lögreglustjórinn í Reykjavík

Viðhaldsverkefni:

5 60 Aðallögreglustöð, viðhald

3.000

06-211 Sýslumenn og bæjarfógetar

Viðhaldsverkefni:

5 50 Fasteignir

1.000

Stofnkostnaður:

6 10 Tæki og búnaður

1.000

06-236 Sýslumaður og bæjarfógeti Hafnarfirði

Stofnkostnaður:

6 01 Fasteign

1.500

06-251 Landhelgisgæsla Íslands

Stofnkostnaður:

6 90 Tæki og búnaður

1.500

06-303 Prestaköll og prófastsdæmi

Stofnkostnaður:

6 20 Byggingar á prestssetrum

2.000

07-271 Byggingarsjóður ríkisins

Stofnkostnaður:

6 01 Byggingarsjóður ríkisins

500.000

08-350 Sjúkrahúsið Akranesi

Almennur rekstur:

1 01 Sjúkrahúsið Akranesi.

5.500

08-371 Ríkisspítalar

Stofnkostnaður:

	Pús. kr.	Pús. kr.
6 60 Stjórnarnefnd, stofnkostnaður	10.000	
6 70 Yfirstjórn mannvirkjagerðar á landspítalalóð	15.000	
		25.000

08-385 Framkvæmdasjóður aldraðra

Stofnkostnaður:

6 01 Framkvæmdasjóður aldraðra		7.000
--	--	-------

09-481 Útgjöld samkvæmt sérstökum lögum og heimildarlögum

Stofnkostnaður:

6 01 Útgjöld skv. sérstökum lögum og heimildarlögum		3.000
---	--	-------

10-333 Hafnamál

Stofnkostnaður:

6 20 Ferjubryggjur	2.000	
6 30 Hafnarmannvirki og landingarbætur, óskipt fjárveiting til slysavarna	5.000	
		7.000

11-371 Orkusjóður

Stofnkostnaður:

6 14 Lánagreiðslur, framlög		12.000
---------------------------------------	--	--------

5. gr.

Liðurinn 4.17 á 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1989 orðist svo:

Að afhenda hlutaðeigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum eignir landshafnanna í Rífi, Þorlákshöfn og í Keflavík og Njarðvík og greiða í því sambandi allt að 50 milljónir króna til sveitarfélaganna vegna kostnaðar við yfirtökuna á árinu 1989.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 1989.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

STJÓRNARTÍÐINDI A 20 – 1989

22. desember 1989

537

Nr. 112

LÖG

um skuldbreytingar vegna loðdýrabæktar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem loðdýrabændur taka í stað lausaskulda sem myndast hafa vegna loðdýrabúskapar þeirra á árunum 1986–1989, samtals allt að 300 m.kr.

Lánin skulu veitt til fimmtán ára, verðtryggt með lánskjaravísitölu og 5% vöxtum. Endurgreiðslutími lánanna skal vera tólf ár.

Sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs skal því aðeins veitt að með henni reynist unnt að koma rekstri viðkomandi bús í viðunandi horf eða forsendur séu fyrir hendi fyrir lántakanda að greiða af skuldum sínum með öðrum hætti. Hún má ná til allt að 60% af þeim lausaskuldum hvers bónda sem uppfylla skilyrði 1. mgr., enda breyti viðkomandi lánardrottinn því sem eftir stendur í lán til a.m.k. átta ára gegn þeim tryggingum sem þeir meta gildar.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins skal hafa á hendi umsjón með framangreindum skuldbreytingum.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um lánsupphæðir til hvers loðdýrabónda, svo og önnur þau skilyrði fyrir lánveitingum er þurfa þykir, svo sem veðskilmála.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði um tryggingar fyrir lánnum o.fl. í lögum nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, er Stofnlánadeild heimilt að fella niður verðtryggingu og vexti, og fresta greiðslu afborgana, af lánnum til bænda vegna loðdýrabúra á næstu fimm árum. Þá er Stofnlánadeild heimilt, þegar hagsmunum hennar er betur borgið með þeim hætti, að fella niður hluta höfuðstóls annarra veðskulda loðdýrabænda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur J. Sigfússon.

LÖG**um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, nr. 12/1989.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 1. gr. laganna:

- a. Í stað „5.135.000“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 6.285.000.
- b. Í stað „5.300.000“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 11.300.000.
- c. Við bætist ný málsgrein svohjóðandi:

Fjármálaráðherra er heimilt að endurlána Atvinnuþryggingarsjóði útflutningsgreina allt að 900.000 þús. kr. af þeirri fjárhæð sem um getur í 1. málsl. 1. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Í stað „900.000“ í 7. gr. laganna komi: 1.350.000.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 20. desember 1989.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ólafur Ragnar Grímsson.***LÖG****um breytingu á lögum nr. 83/1984, um erfðafjárskatt.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Af öllum fasteignum hér á landi, sem eigendaskipti verða að á grundvelli lögerfða, bréferfða eða fyrirframgreiðslu arfs, skal greiða skatt eftir lögum þessum án tillits til þess hvar aðilar að ráðstöfuninni eru búsettir.

2. gr.

Við bætist ný grein er verði 25. gr., svohljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að gera samninga við stjórnir annarra ríkja um gagnkvæmar ívilnanir á erfðafjárskatti erlendra og íslenskra skattaðila sem eftir gildandi löggjöf ríkjanna eiga að greiða skatt af sömu eignum bæði á Íslandi og erlendis.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að gera samninga um gagnkvæm upplýsingaskipti og um innheimtu erfðafjárskatts við önnur ríki.

Nú er eigi fyrir hendi samningur við annað ríki um að komast hjá tvísköttun verðmæta sem lög þessi taka til og skattaðili, sem skattskyldur er hér á landi skv. 1. gr. laganna, greiðir til opinberra aðila í öðru ríki skatta af sömu verðmætum sem skattskyld eru hér á landi og er skiptaráðanda þá heimilt samkvæmt umsókn skattaðila að lækka erfðafjárskatt hans hér á landi með hliðsjón af þessum skattgreiðslum hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Gjört í Reykjavík, 27. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 14/1965, um launaskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

a. 1. mgr. 3. gr., sbr. 7. gr. laga nr. 3/1986, orðist svo:

Hver almanaksmánuður er uppgjörstímabil launaskatts. Gjaldtagi launaskatts er 1. dagur næsta mánaðar á eftir uppgjörsmánuði, vegna launa í uppgjörsmánuði, og eindagi 14 dögum síðar. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færist eindagi á næsta virkan dag á eftir. Launagreiðandi skal ótilkvaddur greiða skattinn innheimtumanni ríkissjóðs, í Reykjavík tollstjóra. Greiðslunni skal fylgja greinargerð launagreiðanda um launagreiðslur hans í uppgjörsmánuðinum. Greinargerðin skal vera í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

b. Orðin „mánuðina nóvember og“ í 2. másl. 3. mgr. 3. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 5/1982, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990 og koma til framkvæmda í fyrsta sinn vegna launaskatts sem greiða ber af launum er greidd eru fyrir janúarmánuð 1990.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

LÁNSFJÁRLÖG

fyrir árið 1990.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 2.370.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að taka lán innan lands að fjárhæð allt að 6.625.000 þús. kr.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal ráðstafað í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1990 og þessara laga.

3. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 3.300.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til fjármögnunar á raforkuframkvæmdum fyrirtækisins. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 við þessar lántökur og teljast lán, sem Landsvirkjun er heimilt að taka samkvæmt þeirri grein án samþykkis eignaraðila, hluti af ofangreindri fjárhæð.

4. gr.

Próunarfélagi Íslands hf. er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að efla nýjungar í atvinnulífi.

5. gr.

Heimilt er að taka lán vegna skuldbreytinga sveitarfélaga og fyrirtækja þeirra sem hér segir:

1. Hitaveita Eyra, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 11.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Hitaveita Egilsstaða og Fella, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 20.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Bæjarsjóður Siglufjarðar, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna greiðsluvandkvæða.
4. Bæjarveitur Vestmannaeyja, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 56.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
5. Aðrar skuldbreytingar, lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 30.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

6. gr.

Hríseyjarhreppi er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 40.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að kaupa notaða ferju til siglinga á Eyjafirði.

7. gr.

Byggðastofnun er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 900.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

8. gr.

Fiskveiðasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 1.100.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

9. gr.

Iðnþróunarsjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 750.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnþróunarsjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 548/1988, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

10. gr.

Iðnlánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 950.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Milliganga Iðnlánasjóðs um erlend lán fyrir aðila út á auglýsingu viðskiptaráðuneytis, nú nr. 548/1988, eða aðrar heimildir veittar einstökum fyrirtækjum, skal rúmast innan þessarar heimildar.

11. gr.

Útflutningslánasjóði er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 50.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

12. gr.

Hítaveitu Hjaltadals er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 40.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.

13. gr.

Skallagrími hf. er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 60.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna skuldbreytinga.

14. gr.

Herjólfí hf., Vestmannaeyjum, er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð allt að 500.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíða á nýrri ferju.

15. gr.

Flóabátnum Baldri hf., Stykkishólmi, er heimilt að taka lán á árinu 1990 að fjárhæð 30.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til smíði ferju.

16. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð eða taka lán að hluta eða öllu leyti í stað ríkisábyrgðar og endurlána þeim aðilum sem nefndir eru í 3.–15. gr. með þeim kjörum sem og skilmálum sem fjármálaráðherra ákveður.

Skylt er þeim aðilum, sem nefndir eru í 3.–15. gr. og taka erlend lán út á heimildir laga þessara eða annarra laga, að kynna áform sín fyrir og leita fyrir fram eftir samþykki Seðlabanka Íslands, í umboði fjármálaráðuneytisins, á þeim kjörum og skilmálum sem í boði eru hverju sinni.

Ákvæði 2. mgr. gilda eftir því sem við getur átt um alla aðra aðila sem njóta ábyrgðar ríkissjóðs á erlendum skuldbindingum sínum.

17. gr.

Lánasjóðum, sem njóta ríkisábyrgðar á skuldbindingum sínum gagnvart erlendum aðilum, öðrum en þeim sem tilgreindir eru í 9. og 10. gr., er óheimilt að hafa milligöngu um töku erlendra lána fyrir innlenda aðila á grundvelli auglýsingar viðskiptaráðuneytisins, nú nr. 548/1988, um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar, eða annarra heimilda veittum einstökum fyrirtækjum, nema að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis. Ákvæði 2. mgr. 16. gr. gilda jafnframt um tilvik skv. þessari grein.

II. KAFLI

18. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 5. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sbr. 1. gr. laga nr. 41/1982, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, skal framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins eigi nema hærri fjárhæð en 48.360 þús. kr. á árinu 1990 og er framlagið vegna Lífeyrissjóðs bændu.

19. gr.

Prátt fyrir ákvæði c-liðar 5. gr. laga nr. 51/1972, um Bjargráðasjóð, sbr. lög nr. 57/1980, skal framlag ríkissjóðs til Bjargráðasjóðs falla niður á árinu 1990.

20. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 31. gr. laga nr. 69/1984, hafnalaga, skal framlag ríkissjóðs til Hafnabótasjóðs eigi fara fram úr 47.500 þús. kr. á árinu 1990.

21. gr.

Prátt fyrir ákvæði d-liðar 3. gr. laga nr. 44/1976, um Fiskveiðasjóð Íslands, skal framlag ríkissjóðs til Fiskveiðasjóðs falla niður á árinu 1990.

22. gr.

Prátt fyrir ákvæði 3. tölul. 9. gr. laga nr. 76/1987, sbr. og 31. gr. sömu laga, um Iðnlánasjóð, skal framlag ríkissjóðs til Iðnlánasjóðs falla niður á árinu 1990.

23. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 8. gr. og 26. gr. laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála, skal framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og til sérstakra verkefna Ferðamálaráðs samkvæmt fyrirnefndum lögum eigi nema hærri fjárhæð en 48.600 þús. kr. á árinu 1990.

24. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 71.000 þús. kr. á árinu 1990.

25. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. og 3. gr. laga nr. 32/1979, um framlög ríkissjóðs til greiðslu kostnaðar af forfalla- og afleysingaþjónustu í sveitum, falla þær greiðslur niður á árinu 1990. Þess í stað skal sá hluti framleiðendagjalds, sbr. 2. tölul. 4. gr. laga nr. 45/1971, sem tekinn hefur verið inn í verðlag búvara, ganga til greiðslu kostnaðar við forfallaþjónustuna eftir nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

26. gr.

Prátt fyrir ákvæði 22. og 23. gr. laga nr. 68/1985, útvarpslaga, skulu tekjur á árinu 1990 vegna aðflutningsgjalda af hljóðvarps- og sjónvarpstækjum ásamt fylgihlutum renna í ríkissjóð.

27. gr.

Prátt fyrir ákvæði 13. gr. laga nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka, skal framlag ríkissjóðs vegna bóta fyrir eyðingu refa og minka eigi vera hærra en 18.750 þús. kr. á árinu 1990.

28. gr.

Prátt fyrir ákvæði 5. tölul. 9. gr. laga nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, laga nr. 21/1976, um flokkun og mat ullar, og laga nr. 22/1976, um flokkun og mat á gærum, er landbúnaðarráðherra heimilt að innheimta gjald af sláturleyfum til greiðslu kostnaðar sem af yfirmati samkvæmt lögum leiðir.

29. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. gr. laga nr. 34/1982, um Listskreytingasjóð ríkisins, skal framlag ríkissjóðs til Listskreytingasjóðs ríkisins eigi vera hærra en 10.000 þús. kr. á árinu 1990.

30. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989, um málefni aldraðra, skal framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs aldraðra eigi vera hærra en 205.000 þús. kr. á árinu 1990.

31. gr.

Prátt fyrir ákvæði 46. gr. laga nr. 88/1989, þjóðminjalaga, skal framlag ríkissjóðs í húsafríðunarsjóð eigi nema hærri fjárhæð en 3.700 þús. kr. á árinu 1990.

32. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og 21. gr. laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, skal endurgreiðsla ríkissjóðs til sjóðanna vegna hækkunar á áður úrskurðuðum lífeyri eigi nema hærri fjárhæð en 540.000 þús. kr. á árinu 1990 og skiptast á milli sjóðanna í hlutfalli við óskertar endurgreiðslukröfur.

33. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga, nr. 19/1964, sbr. lög nr. 42/1974, skal mótframlag ríkissjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 15.300 þús. kr. á árinu 1990.

34. gr.

Prátt fyrir ákvæði laga nr. 91/1987, um sóknargjöld o.fl., skal hlutdeild sókna, skráðra trúfélaga og háskólasjóðs í óskiptum tekjuskatti lækka á árinu 1990 um 5%.

35. gr.

Prátt fyrir ákvæði 26. gr. a laga nr. 21/1963, um kirkjugarða, sbr. lög nr. 89/1987, skal hlutdeild kirkjugarða í óskiptum tekjuskatti lækka á árinu 1990 um 15%.

36. gr.

Prátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarþóklöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1990 heimilt að ráðstafa fé af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögum til framkvæmda við eftirtalin mannvirki: Þjóðleikhús, Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Bessastaði.

III. KAFLI

37. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða virðisaukaskatt af gjöfum til björgunarsveita, svo og til mannúðar- og líknarstarfssemi.

38. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.

Nýti fjármálaráðherra lántökuheimild laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er honum heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Jafnframt er fjármálaráðherra heimilt að selja skuldabréf innan lands að því marki sem þarf til að standa undir endurgreiðslu spariskírteina með óhagstæðum kjörum og endurgreidd eru vegna uppsagnar fyrir eindaga.

Enn fremur er fjármálaráðherra heimilt að selja ríkisvixla til endurgreiðslu áður útgefinna ríkisvixla og til að bæta stöðu ríkissjóðs á aðalviðskiptareikningi í Seðlabankanum.

39. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili ríkissjóðs í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánnum sem ríkissjóður tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Ríkissjóður tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Enn fremur er fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilt að samþykkja slík skulda- og/eða vaxtaskipti lána sem tryggð eru með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs enda séu að mati fjármálaráðherra nægar tryggingar fyrir ábyrgð ríkissjóðs þegar til slíkra samninga er stofnað.

40. gr.

Landsvirkjun er heimilt að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast og þegar lánstími er talinn of stuttur miðað við eðlilegan afskriftartíma mannvirkja sem fjármögnuð hafa verið með viðkomandi lánnum. Gætt skal ákvæða 14. gr. laga nr. 42/1983 þannig að fari samanlögð fjárhæð lána samkvæmt þessari grein og 3. gr. laga þessara fram úr 5% af höfuðstóli skal leitað samþykkis eignaraðila.

Jafnframt er Landsvirkjun heimilt að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili Landsvirkjunar í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánnum sem Landsvirkjun tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Landsvirkjun tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.

Nýti Landsvirkjun lántökuheimildir laga þessara að hluta til töku skammtímalána og/eða veltilána er fyrirtækinu heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánssamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánssamninga að nýju nema lagaheimild liggi fyrir.

Landsvirkjun skal gæta ákvæða 2. mgr. 16. gr. um lántökur og skulda- og/eða vaxtaskipti samkvæmt þessari grein.

41. gr.

Aðilum, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, er heimilt:

- a. Að taka lán erlendis í því skyni að endurgreiða fyrir gjalddaga eftirstöðvar erlendra lána þegar hagstæðari kjör bjóðast.
- b. Að stofna til skulda- og/eða vaxtaskipta þar sem mótaðili í slíkum viðskiptum tekur á sig gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála í lánnum sem aðili, sem nýtur ríkisábyrgðar, tekur eða hefur tekið með heimild í þessum eða öðrum lögum. Slíkur aðili tekur á sig samsvarandi gjaldeyriskvaðir og/eða vaxtaskilmála mótaðilans í hverjum slíkum skulda- og/eða vaxtaskiptum.
- c. Séu lántökuheimildir laga þessara að hluta til nýttar til töku skammtímalána og/eða veltilána er aðila, sem nýtur ríkisábyrgðar, heimilt að nýta sömu heimildir til töku á nýju láni til endurgreiðslu veltiláns og/eða skammtímaláns að hluta eða öllu leyti án þess að lánessamningur um þau falli úr gildi, enda sé ekki dregið á slíka lánessamninga að nýju nema lagaheimild liggja fyrir.

Aðilar, sem njóta ríkisábyrgðar á erlendum skuldbindingum sínum, skulu gæta ákvæða 2. mgr. 16. gr. um lántökur og skulda- og/eða vaxtaskipti samkvæmt þessari grein.

42. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ganga frá samningum við Rafveitu Siglufjarðar um yfirtöku hluta af langtímaskuldum veitunnar að fenginni umsögn fjárveitinga-nefndar. Verði yfirtaka þessi til að fella niður verðjöfnunargjald á raforku árið 1986. Yfirtakan verði að öðru leyti hliðstæð yfirtöku ríkissjóðs á skuldum Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða enda fengu fyrrgreind þrjú veitufyrirtæki hið umrædda verðjöfnunargjald.

43. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt, að höfðu samráði við landbúnaðarráðherra og fjárveitinga-nefnd Alþingis, að semja um uppgjör ógreiddra framlaga til jarðræktar og búfjárræktar á árinu 1988 og 1989.

44. gr.

Dýpkunarfélaginu hf. er heimilt að taka lán á árinu 1989 að fjárhæð allt að 9.500 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til skuldbreytinga.

45. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 3.000.000 þús. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt til að gera upp skammtímaskuld við Seðlabanka Íslands í árslok 1989, sbr. ákvæði 10. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

46. gr.

Lántökuheimildir samkvæmt I. kafla gilda á árinu 1990. Heimildir samkvæmt lögum þessum verða þó nýttar til 1. júlí 1991 standi sérstaklega á og samþykki fjármálaráðherra komi til.

47. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 30. gr.:

- a. Í stað „90.000“ og „180.000“ í 1. másl. 2. tölul. B-liðar 1. mgr. komi: 115.000 og 230.000.
- b. Í stað „72.000“ og „144.000“ í 2. másl. 4. tölul. B-liðar 1. mgr. komi: 100.000 og 200.000.
- c. Í stað „15.400.000“ og „30.800.000“ í 3. másl. 2. mgr. komi: 18.200.000 og 36.400.000.

2. gr.

Í stað „82.600“ í 41. gr. komi: 100.000.

3. gr.

Við 65. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skattstjóri má taka til greina umsókn framferanda barns um að allar tekjur barns, sem misst hefur báða foreldra sína og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði 2. mgr. 67. gr. Sama á við ef barn hefur misst annað foreldri sitt.

4. gr.

1. tölul. 1. mgr. 67. gr. orðist svo:
Af tekjuskattsstofni reiknast 32,8%.

5. gr.

Í stað „214.104“ í 1. mgr. A-liðar 68. gr. komi: 250.200.

6. gr.

Í stað „492“ í 1. mgr. B-liðar 68. gr. komi: 575.

7. gr.

Í stað „21.568“, „32.353“ og „64.705“ í A-lið 69. gr. komi: 25.204, 37.807 og 75.614.

8. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á B-lið 69. gr.:

- a. Í stað „51.224“ í 2. mgr. komi: 59.860.
- b. Í stað „825.000“ og „550.000“ í 3. mgr. komi: 920.000 og 613.000.
- c. Í stað „2.850.000“ og „4.275.000“ í 4. mgr. komi: 3.280.000 og 4.920.000.

9. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. C-liðar 69. gr., sbr. 1. gr. laga nr. 79/1989, komi þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum, eins og þau eru skilgreind í 3. mgr., skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjuskattsstofni eins og hann er skilgreindur í 62. gr. Sé

um hjón eða sambýlisfólk, sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr., að ræða skal framangreint hlutfall reiknast af samanlögðum tekjuskattsstofni þeirra beggja. Þannig ákvarðaðar vaxtabætur einstaklings skerðast hlutfallslega fari eignir hans skv. 73. gr., að frádragnum skuldum skv. 76. gr., fram úr 2.500.000 kr. uns þær falla niður við tvöfalt hærri mörk. Vaxtabætur hjóna eða sambýlisfólks skerðast með sama hætti fari samanlagðar eignir þeirra skv. 73. gr., að frádragnum skuldum skv. 76. gr., fram úr 4.150.000 kr. uns þær falla niður við tvöfalt hærri mörk. Jákvæður mismunur telst vera vaxtabætur. Vaxtabætur geta þó aldrei orðið hærri en 107.000 kr. fyrir hvern mann, 140.000 kr. fyrir einstætt foreldri og 174.000 kr. fyrir hjón eða sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. Vaxtabætur greiðast út eigi síðar en 1. sept. ár hvert að lokinni álagningu opinberra gjalda og miðast við vaxtagjöld viðkomandi tekjuárs og eignir í lok þess sama árs. Vaxtabætur, sem eru lægri en 500 kr. á mann, falla niður.

Vaxtabætur skv. 2. mgr. miðast við fjárhæð vaxtagjalda hjá hverjum framteljanda. Vaxtagjöld samkvæmt þessari málsgrein geta aldrei verið hærri en 400.000 kr. hjá einstaklingi, 525.000 kr. hjá einstæðu foreldri, en 650.000 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Til vaxtagjalda í þessu sambandi teljast:

1. Vaxtagjöld, afföll og gengistöp skv. 1., 2. og 4. tölul. 51. gr. að því marki sem þau eru umfram vaxtatekjur skv. 3.-5. tölul. 1. mgr. 8. gr., enda séu gjöld þessi vegna fasteignaveðlána til a.m.k. tveggja ára eða lána við lánastofnanir með sjálfskuldarábyrgð til a.m.k. tveggja ára, enda séu lánin sannanlega notuð til öflunar á íbúðarhúsnæði til eigin nota. Til vaxtagjalda sem verðbætur og gengistöp teljast í þessu sambandi aðeins gjaldfallnar verðbætur og gengistöp á afborganir og vexti. Með eigin notum er átt við að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda þess sjálfum.
2. Vaxtagjöld umfram vaxtatekjur skv. 3.-5. tölul. 1. mgr. 8. gr. vegna annarra lána en um ræðir í 1. tölul., enda er einungis heimilt að telja þau með á næstu fjórum árum talið frá og með kaupári ef um er að ræða kaup á íbúð til eigin nota, sbr. 1. tölul. Sé um nýbyggingu að ræða er heimilt að telja þau með á næstu sjö árum talið frá og með því ári þegar bygging hefst, eða til og með því ári sem húsnæðið er tekið til íbúðar ef það er síðar.

Hvorki teljast til vaxtagjalda hjá seljanda áfallnar uppsafnaðar verðbætur af lánnum sem kaupandi yfirtekur við sölu íbúðar né heldur uppsafnaðar áfallnar verðbætur á lán skuldara sem hann greiðir á lánstíma umfram ákvæði viðkomandi skuldabréfs.

Ef annað hjóna, sem rétt eiga á vaxtabótum, fellur frá skal ákvarða eftirlifandi maka, sem situr í óskiptu búi, vaxtabætur eins og um hjón væri að ræða næstu fimm ár eftir lát maka.

10. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 78. gr.:

- a. Í stað „900.000“ og „1.800.000“ komi: 1.080.000 og 2.160.000.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Auk heimildar í 1. mgr. er mönnum heimilt að draga frá eignum sínum, sbr. 73. gr., markaðsverðbréf sem gefin eru út af ríkissjóði, ríkisvíxla, happdrættisskuldabréf ríkissjóðs, húsbref gefin út af Byggingarsjóði ríkisins svo og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða, sbr. lög nr. 20/1989, þar sem verðbréfasjóðurinn er eingöngu myndaður af framangreindum skuldaviðurkenningum, enda séu eignir þessar ekki tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

11. gr.

Við 82. gr. laganna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Skattstjóri má taka til greina umsókn framfaranda barns um að eignir barns, sem misst hefur báða foreldra sína og hefur ekki verið ættleitt, skuli skattlagðar hjá barninu sjálfu í samræmi við ákvæði 83. gr. Sama á við ef barn hefur misst annað foreldri sitt.

12. gr.

83. gr. laganna orðist svo:

Eignarskattur manna reiknast þannig: Af fyrstu 2.875.000 kr. af eignarskattsstofni greiðist enginn skattur. Af eignarskattsstofni yfir 2.875.000 kr. greiðist 1,2%. Af eignarskattsstofni yfir 8.050.000 kr. greiðist að auki 0,75%, þó þannig að hjá þeim sem hafa tekjuskattsstofn undir 1.680.000 kr. skal lækka reiknaðan eignarskatt samkvæmt þessum málslið, hlutfallslega þannig að hann falli að fullu niður ef tekjuskattsstofn er undir 840.000 kr.

13. gr.

1. og 2. mgr. 121. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæðir, sem um ræðir í 68. gr., A-lið 69. gr., 2. mgr. B-liðar 69. gr. og hámarksfjárhæð vaxtabóta skv. 6. málsl. 2. mgr. C-liðar 69. gr., skulu 1. júlí á staðgreiðsluári taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. des. næstan á undan staðgreiðsluári og lánskjaravísitölu sem er í gildi 1. júní á staðgreiðsluári.

Fjárhæðir þær, sem um ræðir í 1. mgr., skulu breytast í fyrsta sinn 1. júlí 1990 í samræmi við mismun sem verður á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. des. 1989, þ.e. 2.722 stig, og þeirrar sem í gildi verður 1. júní 1990.

14. gr.

Í stað „1990“ í 122. gr. komi: 1991.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. jan. 1990 og gilda við staðgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1990 og við álagningu tekjuskatts og eignarskatts á árinu 1991. Jafnframt falla úr gildi frá og með sama tíma lög nr. 7/1974, um skattalega meðferð verðbréfa o.fl. sem ríkissjóður selur innan lands, og 2. másl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 79/1983, um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs.

Þó skulu ákvæði 1. gr., 2. gr., 3. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr., 12. gr. og 13. gr. koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og ákvörðun bóta á árinu 1990 vegna tekna á árinu 1989 og eigna í lok þess árs.

Ákvæði til bráðabirgða.

Húsnæðisbætur, sbr. ákvæði til bráðabirgða I í lögum nr. 79/1989, skulu vera 53.400 kr. miðað við lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. des. 1989, þ.e. 2.722 stig.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 9/1984, um frádrátt af skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hámarksfjárhæð í 2. másl. 1. mgr. 2. gr. laganna, sbr. lög nr. 88/1986, breytist þannig að í stað „45.900 kr.“ komi: 115.000 kr., og í stað „91.800 kr.“ komi: 230.000 kr.

2. gr.

Við 10. gr. laganna bætist: Fjárhæð umfram frádráttarmörk, sem lögð er í hlutfjárukningu í hlutfélagi eða lögð til hlutfjárkaupa við stofnun hlutafélags, er heimilt að flytja milli ára og nýta á næstu fimm árum. Ónýtt frádráttarheimild tekur hækkun með sama hætti og fjárhæðir 2. gr.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

1. Lágmarkfjárhæðin í fyrri mgr. breytist þannig að í stað „5.000.000 kr.“ komi: „12.000.000 kr.“

2. Lágmarksfjöldi hluthafa í fyrri mgr. breytist þannig að í stað „50“ komi: 25.

4. gr.

Við 26. gr. laganna bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Einnig getur ríkisskattstjóri heimilað frádrátt frá tekjum samkvæmt lögum þessum þótt skilyrðum 11. gr. um lágmark hlutfjár og lágmarksfjölda hluthafa hafi ekki verið fullnægt í árslok þegar um er að ræða starfandi hlutfélag sem er að auka hlutfé sitt eða hluthafafjölda. Til að ríkisskattstjóri veiti slíku hlutfélagi staðfestingu þarf að liggja fyrir yfirlýsing frá stjórn hlutafélagsins og gögn er geri það líklegt að skilyrðum verði fullnægt innan árs frá því ákvörðun var tekin um hlutfjárukningu eða fjölgun hluthafa.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta fyrir tekjuárið 1989.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

LÖG

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 2. gr.:

- a. 1. másl. 1. mgr. orðist svo:
Skattskyldan nær til allra vara og verðmæta, nýrra og notaðra.
- b. 1. másl. 3. mgr. orðist svo:
Eftirtalin vinna og þjónusta er undanþegin virðisaukaskatti:
- c. 3. tölul. 3. mgr. orðist svo:
Rekstur skóla og menntastofnana, svo og ökukennsla, flugkennsla og danskennsla.
- d. 4. tölul. 3. mgr. orðist svo:
Starfsemi safna, svo sem bókasafna, listasafna og náttúrugripasafna, og hliðstæð menningarstarfsemi. Sama gildir um aðgangseyri að tónleikum, íslenskum kvikmyndum, listdanssýningum, leiksýningum og leikhúsum, enda tengist samkomur þessar ekki á neinn hátt öðru samkomuhaldi eða veitingastarfsemi.
- e. 5. tölul. 3. mgr. orðist svo:
Íþróttastarfsemi, svo og aðgangseyrir að sundstöðum, skíðalyftum, íþróttamótum, íþróttasýningum og heilsuræktarstofum.
- f. 15. tölul. 3. mgr. falli niður.
- g. 6. mgr. orðist svo:
Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari skilyrði fyrir undanþágum samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 4. gr.:

- a. 2. tölul. orðist svo:
Listamenn, að því er varðar sölu þeirra á eigin listaverkum, enda falli listaverkin undir tollskrárnúmer 9701.1000–9703.0000, svo og uppboðshaldarar að því er varðar sölu þessara verka á listmunauppboðum, sbr. lög nr. 36/1987.
- b. Við greinina bætist nýr töluliður er verði 4. tölul., svohljóðandi:
Skólamötuneyti.

3. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur aðili, sem að mati skattstjóra bar að tilkynna atvinnurekstur sinn eða starfsemi skv. 1. mgr., eigi sinnt umræddri tilkynningarskyldu og skal þá skattstjóri úrskurða hann sem skattskyldan aðila samkvæmt ákvæðum 3. gr. og tilkynna aðilanum þar um.

4. gr.

Við 8. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur um mat til verðs samkvæmt þessari grein.

5. gr.

Í stað „81,97%“ í 1. mgr. 10. gr. komi: 80,32%.

6. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 12. gr.:

- a. Á undan „Viðgerðar-“ í 7. tölul. 1. mgr. komi: Skipasmíði og.
- b. 8. tölul. 1. mgr. falli brott.
- c. 9. tölul. 1. mgr. orðist svo:
Sala tímarita, dagblaða og landsmála- og héraðsfréttablaða, svo og afnotagjöld útvarpsstöðva.
- d. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 10. tölul., svohljóðandi:
Sala bóka á íslenskri tungu jafnt frumsaminna sem þýddra.
- e. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður er verði 11. tölul., svohljóðandi:
Sala á heitu vatni, rafmagni og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.
- f. 3. másl. 2. mgr. falli niður.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 13. gr.:

- a. Í stað „81,97%“ í 3. og 5. mgr. komi: 80,32%.
- b. 2. másl. 3. mgr. falli niður.

8. gr.

14. gr. orðist svo:

Virðisaukaskattur skal vera 24,5% og rennur hann í ríkissjóð.

9. gr.

Í stað „18,03%“ í 1. mgr. 20. gr. komi: 19,68%.

10. gr.

Síðari másliliður 3. mgr. 26. gr. orðist svo:

Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslu.

11. gr.

Í stað „1%“ í 2. mgr. 27. gr. komi: 2%. Í stað „10%“ í sama ákvæði komi: 20%.

12. gr.

29. gr. orðist svo:

Peir sem ekki vilja sætta sig við ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti geta kært skattinn til hans innan þrjátíu daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Innsend fullnægjandi virðisaukaskattsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 25. gr. Kærum vegna áætlana skv. 27. gr. skal fylgja skriflegur rökstuðningur. Skattstjóri skal kveða upp rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi innan þrjátíu daga frá lokum kærufrests.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til ríkisskattanefndar sem kveður upp fullnaðarúrskurð. Kærufrestur til ríkisskattanefndar skal vera þrjátíu dagar frá póstlagningu úrskurðar skattstjóra.

Ríkisskattstjóri hefur heimild til að skjóta úrskurðum skattstjóra til ríkisskattanefndar án tillits til kærufrests.

Ríkisskattanefnd skal hafa lagt efnisúrskurð á allar kærur þremur mánuðum eftir að þær bárust nefndinni. Úrskurðir ríkisskattanefndar skulu vera ítarlega rökstuddir og í forsendum

þeirra skal koma skýrt fram á hvaða kærutriðum og skattheimildum skattstofn og álagning er byggð.

Ákvæði 100. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu að öðru leyti gilda um kærur til ríkisskattanevndar eftir því sem við getur átt.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af ríkisskattanevnd. Það skal þó gert innan sex mánaða frá því að ríkisskattanevnd úrskurðar í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lökkuninni nemur.

13. gr.

Á eftir 41. gr. komi nýr kafli, XIII. kafli, Um endurgreiðslu virðisaukaskatts, með tveimur nýjum greinum sem verða 42. og 43. gr. og breytist greinatala laganna og kaflanúmer til samræmis, svohljóðandi:

XIII. KAFLI

Um endurgreiðslu virðisaukaskatts.

a. (42. gr.)

Endurgreiða skal hluta virðisaukaskatts af neyslumjólki, dillkakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti þannig að skattgreiðslur samtals af þessari matvöru, að teknu tilliti til endurgreiðslunnar, verði sem næst 14% í stað 24,5%. Fjármálaráðherra ákveður með reglugerð nánar hvaða matvara fellur undir þessa málsgrein, svo og um framkvæmd endurgreiðslunnar.

Endurgreiða skal byggjendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað. Endurgreiðslan skal gerð á grundvelli framlagðra reikninga, eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti, og vera verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Jafnframt skal endurgreiða eigendum íbúðarhúsnæðis virðisaukaskatt sem þeir hafa greitt af vinnu manna við endurbætur þess, enda sé heildarkostnaður a.m.k. 7% af fasteignamati húseignarinnar í ársbyrjun. Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara endurgreiðslna. Á sama hátt skal í reglugerð kveðið á um endurgreiðslu ákveðins hutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að endurgreiða ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og sveitarfélögum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt vegna kaupa á skattskyldri vöru eða þjónustu af atvinnufyrirtækjum.

b. (43. gr.)

Fjármálaráðherra getur kveðið svo á með reglugerð að endurgreiða megi virðisaukaskatt af vörum sem erlendir ferðamenn kaupa hérlendis og hafa með sér er þeir hverfa úr landi, enda séu uppfyllt þau skilyrði sem hann telur nauðsynleg.

Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að hvaða marki skuli endurgreiða sendimönnum erlendra ríkja virðisaukaskatt af kaupum á vörum og þjónustu hér á landi.

Fjármálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð reglur um endurgreiðslu virðisaukaskatts sem erlend fyrirtæki hafa greitt hérlendis vegna kaupa, aðvinnslu, geymslu eða flutnings á vörum sem flytja á úr landi.

14. gr.

Orðin „á vörum sem ætlaðar eru til endursölu“ í 46. gr., er verður 48. gr., falli niður.

15. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 47. gr. laganna, er verður 49. gr., komi tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að virðisaukaskattur af aðgangseyri að dansleikjum og öðrum skemmtanaskattsskyldum samkomum skuli innheimtur meðan á samkomunni stendur eða með skemmtanaskatti. Hann getur enn fremur ákveðið með reglugerð að sveitarfélög greiði virðisaukaskatt við framvísun virðisaukaskattsskýrslu einu sinni á ári, enda sé árleg virðisaukaskattsskyld velta þeirra af framleiðslu vöru og veittri þjónustu til eigin nota minni en 400.000 kr.

16. gr.

Ákvæði til bráðabirgða I orðist svo:

Fari afhending skattskyldrar vöru og þjónustu fram 1. janúar 1990 eða síðar skal hún teljast til virðisaukaskattsskyldrar veltu samkvæmt lögum þessum. Þetta gildir án tillits til þess hvort samningur um sölu skattskyldrar vöru og þjónustu hefur verið gerður fyrir 1. janúar 1990 eða greiðsla farið fram að hluta eða fullu.

Hafi samningur, sbr. 1. mgr. þessa ákvæðis, verið gerður skal kaupandi greiða viðbót við samningsgreiðsluna sem svarar virðisaukaskatti samkvæmt lögum þessum sé um að ræða sölu á vöru og þjónustu sem ekki var skattskyld samkvæmt söluskattslögum, nema sannað sé að virðisaukaskattur hafi verið talinn með í kaupverðinu við ákvörðun þess. Hafi slík vara eða þjónusta verið skattskyld samkvæmt söluskattslögum skal seljandi endurgreiða kaupanda mismun á söluskatti og virðisaukaskatti, nema sannað sé að kaupverð samkvæmt samningnum hafi verið miðað við virðisaukaskatt samkvæmt lögum þessum.

Um greiðslu virðisaukaskatts af innflutningi skattskyldrar vöru og þjónustu fer eftir þeim reglum sem gilda þegar tollmeðferð fer fram.

Heimilt er að endurgreiða virðisaukaskattsskyldum aðilum, sem hafa húsbyggingar eða aðra mannvirkjagerð með höndum í atvinnuskyni, söluskatt sem hvílir á birgðum þeirra af óseldu byggingarefni 31. desember 1989. Fjármálaráðherra setur nánari reglur um þessar endurgreiðslur, þar á meðal hvaða gögn þurfi að liggja til grundvallar endurgreiðslubeiðni.

Ákvæði 1. og 2. tölul. 5. mgr. 13. gr. laga þessara skulu gilda eftir því sem við á um frádrátt frá skattskyldri veltu vegna viðskipta sem skattskyld voru samkvæmt söluskattslögum og ekki var unnt að leiðrétta með síðustu söluskattsskilum ársins 1989.

Hafi verið gerður fjármögnunarsamningur fyrir 1. janúar 1990 þar sem kveðið er á um eignarrétt leigusala án kaupskyldu leigutaka í lok leigutíma skulu leigugreiðslur samkvæmt slíkum samningum vera undanþegnar virðisaukaskatti.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990. Ákvæði d-liðar 6. gr. öðlast þó gildi 16. nóvember 1990.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 50. gr. laganna hljóði svo:

Samruni hlutafélagsbanka, hvort sem er innbyrðis eða við aðrar innlánsstofnanir, og sameining bankastarfsemi tveggja eða fleiri viðskiptabanka má því aðeins fram fara að fengið sé leyfi ráðherra. Um samruna hlutafélagsbanka gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt. Við gildistöku sameiningar bankastarfsemi tekur hinn sameinaði viðskiptabanki við allri bankastarfsemi, réttindum og skyldum þess viðskiptabanka sem hættir bankastarfsemi. Um sameiningu bankastarfsemi gilda að öðru leyti samningar aðila um það efni.

Við 2. mgr. 50. gr. bætist svohljóðandi ákvæði: Hliðstæð ákvæði skulu gilda við sameiningu bankastarfsemi sem fram fer án sameiningar þeirra félaga eða stofnana sem að bankarekstrinum hafa staðið.

3. mgr. 50. gr. hljóði svo:

Auglýsa skal sameiningu bankastarfsemi viðskiptabanka í Lögbirtingablaði. Í þeirri auglýsingu skal tilkynna upphafsdag gildistíma sameiningarinnar, nafn þeirrar bankastofnunar sem bankareksturinn sameinast í, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga til hins sameinaða banka, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala, ef um þær verður að ræða, yfirfærslu veðtrygginga fyrir útlánum þeirra bankastofnana sem sameinast til hins sameinaða banka, sem og annað það sem kunngera þarf viðskiptavinum sérstaklega.

Núverandi 3. mgr. 50. gr. verði 4. mgr. sömu greinar.

5. mgr. hljóði svo:

Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna sameiningar bankastarfsemi eða samruna hlutafélagsbanka er undanþegin stimpilgjöldum.

2. gr.

Við 1. gr. ákvæða til bráðabirgða í lögum bætast tvær nýjar málsgreinar:

Ákvæði síðari málslíðar 2. mgr. 6. gr. gildir þó ekki ef hluthafi er ríkissjóður eða annar íslenskur viðskiptabanki, jafnvel þótt sá banki hafi sameinað bankarekstur sinn rekstri viðkomandi viðskiptabanka og starfi sem eignarhaldsfélag með aðild að sameiginlegum banka. Skal þá atkvæðisréttur þeirra að fullu vera í hlutfalli við hlutfjáreign.

Viðskiptabanki, sem sameinað hefur bankarekstur sinn rekstri annars viðskiptabanka og á áfram hlut í hinum sameinaða viðskiptabanka, má halda orðinu banki í nafni sínu, enda sé orðinu eignarhaldsfélag bætt framan við nafn félagsins.

3. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1990.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um skráningu og meðferð persónuupplýsinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið laganna.

1. gr.

Lög þessi taka til hvers konar kerfisbundinnar skráningar og annarrar meðferðar á persónuupplýsingum. Lögin eiga við hvort heldur sem skráning er vélræn eða handunnin. Lögin taka til skráningar af hálfu atvinnurekenda, fyrirtækja, féлага, stofnana og til skráningar á vegum opinberra aðila.

Með kerfisbundinni skráningu upplýsinga er átt við söfnun og skráningu ákveðinna og afmarkaðra upplýsinga í skipulagsbundna heild.

Með persónuupplýsingum er átt við upplýsingar sem varða einkamálefni, fjárhagsmálefni eða önnur málefni einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða annarra lögpersóna sem sannað er og eðlilegt að leynt fari.

Ákvæði laganna eiga við um upplýsingar um einkamálefni er varða tiltekinn aðila, þótt hann sé ekki nafngreindur, ef hann er sérgreindur með nafnnúmeri, kennitölu eða öðru skráningarauðkenni sem unnt er að persónugreina með eða án greiningarlykils.

2. gr.

Skráning samkvæmt lögum nr. 30/1956 og skráning í þágu ættfræðirannsóknna og æviskrárrita fellur utan marka laga þessara.

II. KAFLI

Almennar reglur um heimild til skráningar.

3. gr.

Kerfisbundin skráning persónuupplýsinga, er 1. gr. tekur til, er því aðeins heimil að skráningin sé eðlilegur þáttur í starfsemi viðkomandi aðila og taki einungis til þeirra er tengjast starfi hans eða verksviði, svo sem viðskiptamanna, starfsmanna eða félagsmanna.

4. gr.

Óheimilt er að skrá eftirtaldar upplýsingar er varða einkamálefni einstaklinga:

- upplýsingar um litarhátt, kynþátt, stjórnmalaskoðanir og trúarbrögð,
- upplýsingar um það hvort maður hafi verið grunaður, ákærður eða dæmdur fyrir refsiverðan verknað,
- upplýsingar um kynlíf manna og heilsuhagi, lyfja-, áfengis- og vímuefnanotkun,
- upplýsingar um veruleg félagsleg vandamál,
- upplýsingar um svipuð einkalífssatriði og greinir í a–d.

Skráning upplýsinga þeirra, er greinir í 1. mgr., er heimil standi til þess sérstök heimild samkvæmt öðrum lögum. Þá er skráning upplýsinga skv. 1. mgr. og heimil ef hinn skráði hefur sjálfur látið upplýsingar í té eða upplýsinga er aflað með samþykki hans. Það er skilyrði slíkrar

skráningar að upplýsinga sé aflað við þær aðstæður að hinum skráða geti eigi dulist að ætlunin er að skrá viðkomandi upplýsingar.

Þótt skilyrðum 2. mgr. sé eigi fullnægt getur tölvunefnd heimilað skráningu upplýsinga þeirra er greinir í 1. mgr. ef ótvírætt er að skráningaraðila sé brýn nauðsyn vegna starfsemi sinnar að skrá upplýsingarnar. Tölvunefnd bindur heimild til slíkrar skráningar þeim skilyrðum sem hún metur nauðsynleg hverju sinni.

III. KAFLI

Um aðgang að skráðum upplýsingum.

5. gr.

Án sérstakrar heimildar í öðrum lögum er eigi heimilt að skýra frá upplýsingum þeim sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr. nema með samþykki hins skráða eða einhvers er heimild hefur til að skuldbinda hann.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar getur tölvunefnd þó heimilað að skýra megi frá upplýsingum þeim er greinir í 1. mgr. 4. gr. ef sýnt er fram á að brýnir almannahagsmunir eða hagsmunir einstaklinga, þar með taldir hagsmunir hins skráða, krefjist þess. Skal þá ótvírætt að þörfin á að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að þeim sé haldið leyndum.

Öðrum upplýsingum, sem falla undir ákvæði laga þessara en þeim sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr., er því aðeins heimilt að skýra frá án samþykkis hins skráða að slík upplýsingamiðlun sé eðlilegur þáttur í venjubundinni starfsemi skráningaraðilans.

Án sérstakrar lagaheimildar er eigi heimilt að skýra frá upplýsingum um atvik sem eldri eru en fjögurra ára nema sýnt sé fram á að aðgangur að upplýsingunum geti haft úrslitabýðingu við mat á tilteknu atriði sem upplýsingarnar tengjast.

Heimilt er að skýra frá upplýsingum ef eigi er unnt að rekja þær til ákveðinna einstaklinga eða lögpersóna.

Samtenging skráa.

6. gr.

Eigi er heimilt að tengja saman skrár er falla undir ákvæði laga þessara nema um sé að ræða skrár sama skráningaraðila. Með sama aðila er hér átt við sama einstakling, fyrirtæki, félag eða stofnun hins opinbera. Með samtengingu skráa er jafnt átt við vélræna sem handunna færslu upplýsinga milli skráa.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að tengja við skrá upplýsingar um nafn, nafnnúmer, kennitölu, fyrirtækjanúmer, heimilisfang, aðsetur og póstnúmer enda þótt slíkar upplýsingar séu sóttar í skrár annars aðila.

Tölvunefnd getur veitt undanþágu frá samtengingarbanni 1. mgr. ef fullnægt er skilyrðum þeim, sem fram koma í 2.-4. mgr. 5. gr., um heimild tölvunefndar til að veita aðgang að skráðum upplýsingum. Skal þá ótvírætt að þeir hagsmunir, sem ætlunin er að vernda með samtengingunni, vegi þyngra en tillitið til hagsmuna hinna skráðu. Tölvunefnd getur bundið heimild til samtengingar nánari skilyrðum, þar með talið skilyrðum um það hvernig upplýsingarnar verði notaðar og að skýra beri hinum skráða frá því að samtenging kunni að fara fram.

7. gr.

Heimilt er að veita lækni eða tannlækni, er hefur mann til lækni meðferðar, upplýsingar úr sjúkraál sjúkrahúss eða öðrum sjúklingaskráum varðandi hinn skráða. Þá er og heimilt, þegar lækni á í hlut, að veita upplýsingar um aðra menn, einkum vandamenn hins skráða, þegar slíkt er talið skipta máli vegna lækni meðferðar á hinum skráða manni.

8. gr.

Nú sýnir tiltekinn aðili fram á að honum sé þörf á ákveðnum skráðum upplýsingum, er falla undir ákvæði laga þessara, vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja og getur tölvunefnd þá heimilað að þeim er slíka hagsmuni hefur verði láttnar upplýsingarnar í té, enda sé þá ótvírætt að þörfin á því að fá upplýsingarnar vegi þyngra en tillitið til þess að upplýsingunum verði haldið leyndum. Þetta á þó ekki við um upplýsingar sem þagnarskylda ríkir um samkvæmt sérstökum lagaákvæðum.

IV. KAFLI

Um rétt skráðra aðila.

9. gr.

Telji aðili að persónuupplýsingar um hann séu færðar í tiltekna skrá getur hann óskað þess við skrárhaldara að honum sé skýrt frá því sem þar er skráð. Er skylt að verða við þeim tilmælum án ástæðulausrar tafar.

Ákvæði 1. mgr. gilda ekki ef hagsmunir hins skráða af því að fá vitneskju um efni upplýsinga þykja eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir ótvíræðum almannahagsmunum eða einkahagsmunum, þar með töldum hagsmunum hins skráða sjálfs. Ef svo er háttað um nokkurn hluta upplýsinga, en eigi aðra, skal beiðanda veitt vitneskja um þá hluta sem eigi þykir varhugavert að skýra frá.

10. gr.

Um skyldu læknis til þess að afhenda sjúkraskrá, alla eða að hluta, sjúklingi eða forráðamanni hans, fer eftir ákvæðum læknalaga nr. 53 frá 19. maí 1988.

11. gr.

Ákvæði 9. gr. taka ekki til skrár eða skráningar sem einvörðungu er stofnað til í þágu tölfraðilegra útdráttá. Tölvunefnd getur einnig ákveðið að aðrar skrár séu undanþegnar ákvæðum þessum ef ætla má að ákvæði 2. mgr. 9. gr. muni hafa í för með sér að tilmælum um upplýsingar úr slíkum skráum verði almennt hafnað.

12. gr.

Upplýsingar skv. 9. gr. skulu veittar skriflega ef þess er óskað. Skrárhaldari skal verða við tilmælum skráðs aðila og skýra honum frá því sem um hann er skráð sem fyrst og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því að krafa um slíkt kom fram, en skýra ella hinum skráða skriflega frá ástæðum þess að tilmælum hans hefur eigi verið sinnt.

Ef skrárhaldari hafnar kröfum aðila um að skýra frá efni skráðra upplýsinga, sbr. ákvæði 1. og 2. mgr. 9. gr., er skrárhaldara skylt að vekja athygli hins skráða á rétti hans til þess að bera ágreininginn undir úrlausn tölvunefndar, sbr. ákvæði 13. gr.

13. gr.

Heimilt er að bera ágreining um rétt til aðgangs að upplýsingum samkvæmt þessum kafla laganna undir tölvunefnd sem úrskurðar um ágreininginn.

14. gr.

Nú telur skráður aðili að upplýsingar um hann í skráum, er lög þessi taka til, séu rangar eða villandi. Getur hann þá krafist þess að sá er ábyrgur er fyrir skráningu færi þær í rétt horf, afmái þær eða bæti við þær, eftir því sem við á hverju sinni. Hið sama gildir ef aðili telur að á skrá séu upplýsingar sem eigi er heimilt að skrásetja eða upplýsingar sem eigi hafa lengur þýðingu.

Nú neitar sá sem ábyrgur er fyrir skrá að fallast á kröfu um leiðréttingu skv. 1. mgr. eða hefur eigi svarað slíkri kröfu innan fjögurra vikna frá því að hún sannanlega kom fram og getur hinn skráði þá óskað þess við tölvunefnd að nefndin kveði á um það hvort og að hvaða marki taka beri til greina kröfu hans um að leiðrétta upplýsingarnar eða afmá þær. Fallist tölvunefnd á kröfu manns um að afmá eða leiðrétta upplýsingar leggur hún fyrir skrárhaldara að afmá upplýsingarnar eða leiðrétta þær.

Í neitun skrárhaldara skv. 2. mgr. um leiðréttingu eða afmáun rangra eða villandi upplýsinga skal hinum skráða gerð grein fyrir því að ágreining í þeim efnum geti hann borið undir tölvunefnd.

Þegar um upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust skv. V. kafla er að ræða skal skrárhaldari senda án tafar öllum þeim, er fengið hafa slíkar upplýsingar frá honum síðustu sex mánuði, svo og hinum skráða, skriflega leiðréttingu. Hinn skráði skal og fá í hendur greinargerð frá skrárhaldara um hverjir hafi mótttekið rangar upplýsingar og hverjum leiðréttingar hafi verið sendar. Tölvunefnd getur, þegar um aðrar upplýsingar er að ræða, lagt fyrir skrárhaldara að senda öllum þeim skriflega tilkynningu um leiðréttinguna er á síðustu sex mánuðum, áður en krafa um leiðréttingu kom fram, fengu rangar upplýsingar úr skrá. Skrárhaldari skal þá jafnframt upplýsa hinn skráða um það hverjir fengið hafa tilkynningu um slíka leiðréttingu.

Þegar sérstaklega stendur á getur tölvunefnd ákveðið að skylda skrárhaldara skv. 4. mgr. til þess að senda skriflega leiðréttingu er taki til lengri tíma en síðustu sex mánaða áður en krafa um leiðréttingu kom fram.

V. KAFLI

Skráning upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust.

15. gr.

Söfnun og skráning upplýsinga, sem varða fjárhagsmálefni og lánstraust einstaklinga og lögpersóna, í því skyni að miðla öðrum upplýsingum um það efni, er óheimil án starfsleyfis er tölvunefnd veitir. Þeim einum má veita starfsleyfi sem að mati tölvunefndar er líklegur til að geta uppfyllt skyldur skrárhaldara samkvæmt lögum þessum.

16. gr.

Starfsleyfishafa skv. 15. gr. er einungis heimilt að skrá upplýsingar sem eðli sínu samkvæmt geta haft þýðingu við mat á fjárhag og lánstrausti hins skráða. Aldrei er heimilt að taka í slíka skrá upplýsingar þær sem nefndar eru í 1. mgr. 4. gr. laganna.

Upplýsingar um fjárhagsmálefni og lánstraust, sem eldri eru en fjögurra ára, er óheimilt að skrá eða miðla nema ótvírætt sé að viðkomandi upplýsingar hafi verulega þýðingu við mat á fjárhag eða lánstrausti hins skráða. Áður en slíkar upplýsingar eru skráðar eða þeim miðlað skal það tilkynnt viðkomandi aðila og honum gefinn kostur á að gera athugasemdir innan tiltekins frests frá móttöku tilkynningar. Skal sá frestur að lágmarki vera ein vika frá móttöku tilkynningar. Beri aðili fram andmæli er skráning eða miðlun upplýsinga aðeins heimil að fengnu samþykki tölvunefndar.

17. gr.

Eigi er heimilt að færa í skrá samkvæmt kafla þessum aðrar upplýsingar en nafn manns eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu, nafnúmer, fyrirtækjanúmer, stöðu og atvinnu eða aðrar upplýsingar sem hægt er að fá úr opinberum skráum án þess að skýra hinum skráða frá því.

Ef önnur atriði en þau sem greind eru í 1. mgr. eru tekin á skrá ber starfsleyfishafa að skýra skráðum aðila, sem í fyrsta skipti er tekin á skrá, frá því innan fjögurra vikna frá skráningu og greina honum frá heimild hans til þess að fá skýrslu um efni skráningar, sbr. 18. gr.

18. gr.

Nú telur aðili að upplýsingar um hann séu skráðar skv. 15. gr. og er starfsleyfishafa þá skylt að skýra aðila sem fyrst, og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því krafa kom fram um slíkt, frá því sem þar er skráð og því mati sem starfsleyfishafinn hefur látið frá sér fara á síðustu sex mánuðum varðandi hagi beiðanda.

Ef starfsleyfishafi skv. 15. gr. hefur í vörslum sínum frekari upplýsingar um hinn skráða en þær sem beiðni skv. 1. mgr. lýtur að er honum skylt að gera beiðanda grein fyrir þeim og jafnframt fyrir rétti hins skráða aðila til þess að fá að kynna sér efni skrár af eigin raun.

Hinn skráði aðili getur gert kröfu til þess að fá skrifleg svör skv. 1. mgr. frá skrárhaldara, en skráður aðili á eigi kröfu til þess að honum sé skýrt frá hvaðan upplýsingar eru fengnar.

19. gr.

Upplýsingar um fjárhag og atriði, er varða mat á lánstrausti, má aðeins láta öðrum í té skriflega, sbr. þó 1. og 2. mgr. 18. gr. Þegar fastir viðskiptavinir eiga í hlut er þó heimilt að veita almennar upplýsingar munnlega eða á annan svipaðan hátt, en nafn og heimilisfang fyrirspyrjanda skal þá skráð og gögn um það varðveitt í a.m.k. sex mánuði.

Upplýsingarit um fjárhagsmálefni og lánstraust mega aðeins geyma almennar upplýsingar og þau má aðeins senda til áskrifenda. Áður en starfsleyfishafi birtir nafn tiltekins aðila í slíku upplýsingariti skal starfsleyfishafi að eigin frumkvæði tilkynna viðkomandi aðila skriflega um það að upplýsingar um hann muni birtast í næstu útgáfu ritsins.

Upplýsingar um skuldastöðu manna má því aðeins veita öðrum að um sé að ræða almennt aðgengilegar upplýsingar eða gjaldfallna skuld eða skuldir sama aðila við tiltekinn kröfuhafa sem eru a.m.k. 20.000,00 kr. eða hærri og skuldari hefur með aðfararhæfri sátt fallist á að greiða eða verið dæmdur til greiðslu hennar eða önnur réttargerð hafin til fullnustu hennar. Dómsmálaráðherra getur að fenginni umsögn tölvunefndar breytt með reglugerð framangreindri fjárhæð.

Upplýsingar um skuldastöðu aðila má ekki veita með þeim hætti að þær geti verið grundvöllur mats á fjárhagslegri stöðu annars en þess er upplýsingarnar varðar.

20. gr.

Um leiðréttingu eða afmáun rangra og villandi upplýsinga um fjárhagsmálefni og lánstraust gilda ákvæði 14. gr.

VI. KAFLI

Nafnalistar og nafnárítanir.**Markaðs- og skoðanakannanir.**

21. gr.

Sala eða önnur afhending úr skrá á nöfnum og heimilisföngum tiltekinna hópa einstaklinga, stofnana, fyrirtækja eða félaga er óheimil án starfsleyfis sem tölvunefnd veitir. Þá er óheimil án slíks starfsleyfis að annast um fyrir aðra áritanir nafna og heimilisfanga, svo sem með límmiðaáritun, eða aðra útsendingu tilkynninga til þeirra sem greinir í fyrri málslið þessarar málsgreinar.

Starfsleyfishafi skv. 1. mgr. má aðeins hafa á skrá sínum eftirtaldar upplýsingar:

1. nafn, heimilisfang, kennitölu, nafnúmer, fyrirtækjanúmer og starf,
2. upplýsingar sem almennur aðgangur er að í opinberum skrá, svo sem fyrirtækjaskrá.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, í reglugerð reist frekari skorður við því hvað greina megi í skrá þessum.

22. gr.

Ef skrá skv. 21. gr. er notuð til áritunar og útsendingar bréfa, tilkynninga, dreifirita eða þess háttar er skylt að fram komi á áberandi stað á útsendu efni að því sé dreift eftir skrá í vörslu viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar. Enn fremur að þeir sem kynnu að óska eftir því að losna undan slíkum sendingum framvegis geti skrifað eða hringt til þessa aðila og fengið nöfn sín afmáð af útsendingarskrá.

Skylt er skrárhaldara að verða tafarlaust við beiðnum um að nöfn einstaklinga eða fyrirtækja séu máð af útsendingarskrá, sbr. 1. mgr. Ef beiðni um að má nafn af útsendingarskrá berst sendanda ofangreinds pósts er honum skylt að koma slíkri kröfu á framfæri við skrárhaldara.

Tölvunefnd getur sett reglur um merkingar skv. 1. mgr.

23. gr.

Nú fær skrárhaldari skv. 21. gr. í hendur félagaskrár eða skrár yfir fasta viðskiptamenn eða svipaðar skrár og er honum þá óheimilt án samþykkis þess sem afhent hefur gögnin að láta þau af hendi við aðra eða skýra öðrum frá upplýsingum sem í skránum eða gögnunum felast.

24. gr.

Þeir sem í atvinnuskyni annast markaðs- og skoðanakannanir um atriði, sem falla undir ákvæði laga þessara, skulu hafa til þess starfsleyfi, sem tölvunefnd veitir. Starfsleyfishafi skal, a.m.k. sjö sólarhringum áður en könnun er framkvæmd, senda tölvunefnd lýsingu á fyrirhugaðri könnun ásamt spurningalista.

Öðrum en starfsleyfishöfum skv. 1. mgr. er óheimilt að annast kannanir þær, sem um ræðir í 1. mgr., án heimildar tölvunefndar.

Þeim sem annast markaðs- og skoðanakannanir skv. 1. og 2. mgr. ber við framkvæmd könnunar að gæta eftirtalinna atriða:

- a. Gera skal þeim sem spurður er grein fyrir því að honum sé hvorki skylt að svara einstökum spurningum né spurningalistanum í heild.
- b. Ef svör eru ekki eyðilögð að könnun lokinni skulu þau geymd þannig frágengin að ekki megi rekja þau til ákveðinna aðila.
- c. Aldrei skal spyrja annarra spurninga en þeirra sem hafa greinilegan tilgang með hliðsjón af viðfangsefni því sem verið er að kanna.
- d. Óheimilt er að nota upplýsingar þær, sem skráðar hafa verið, til annars en þess sem var tilgangur könnunar.
- e. Óheimilt er að veita öðrum aðgang að upplýsingum þeim sem skráðar hafa verið.

Tölvunefnd setur frekari skilyrði um framkvæmd slíkra kannana, meðferð og varðveislu gagna ef hún telur það nauðsynlegt.

VII. KAFLI

Um tölvuþjónustu.

25. gr.

Þeim sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra er óheimilt án starfsleyfis, sem tölvunefnd veitir, að varðveita eða vinna úr eftirtöldum upplýsingum um einkamálefni:

- a. upplýsingum sem falla undir ákvæði 1. mgr. 4. gr.,
- b. upplýsingum sem falla undir ákvæði V. kafla,
- c. upplýsingum sem falla undir ákvæði 3. mgr. 6. gr.

Með tölvuþjónustu er átt við sérhvern starfsþátt í sjálfvirkri gagnavinnslu með tölvu-tækni.

Starfsleyfishafa skv. 1. mgr. er, án samþykkis frá skráreiganda, óheimilt að nota upplýsingar þær, sem hann hefur veitt viðtöku, til annars en að framkvæma þá þjónustu sem samningur hans og skráreiganda varðar eða afhenda öðrum upplýsingarnar til vinnslu eða geymslu. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna skyndilegrar bilunar í tölvubúnaði, er aðila þó heimilt að láta framkvæma tölvuvinnslu hjá öðrum enda þótt síðargreindi aðilinn hafi ekki starfsleyfi til slíkrar vinnslu. Gögnin og vinnslan skulu þó eftir sem áður vera á ábyrgð þess sem upphaflega tók að sér verkið að því er varðar ákvæði laga þessara.

Starfsleyfishafa er skylt að beita viðeigandi ráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir að upplýsingar verði misnotaðar eða þær komist í hendur óviðkomandi. Dómsmálaráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um vörslu og meðferð tölvugagna hjá þeim sem annast tölvuþjónustu fyrir aðra.

26. gr.

Starfsmenn í þjónustu starfsleyfishafa skv. 25. gr. eru þagnarskyldir um atriði sem þeir komast að við störf sín og skulu þeir undirrita þagnarheit áður en þeir taka til starfa.

Nú vinnur tölvuþjónustufyrirtæki, sem ekki er rekið af opinberum aðila, að verkefnum fyrir slíkan aðila og eru starfsmenn þess þá þagnarskyldir um þau atriði, sem þeir komast að við framkvæmd verkefnisins, með sama hætti og þeir opinberu starfsmenn sem unnið hafa að því. Brot starfsmanns varðar, þegar svo stendur á, refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga.

VIII. KAFLI

Söfnun upplýsinga hér á landi til úrvinnslu erlendis.

27. gr.

Kerfisbundin söfnun og skráning persónuupplýsinga hér á landi til geymslu eða úrvinnslu erlendis er óheimil. Tölvunefnd getur þó heimilað hana ef sérstaklega stendur á.

Skrá eða frumgögn, sem geyma upplýsingar þær sem greinir í 1. mgr. 4. gr., má eigi láta af hendi til geymslu eða úrvinnslu erlendis nema samþykki tölvunefndar komi til.

Leyfi skv. 1. og 2. mgr. má því aðeins veita að tölvunefnd telji að afhending skráa eða gagna skerði ekki til muna þá vernd sem lög þessi búa skráðum mönnum eða lögpersónum.

Dómsmálaráðherra getur, að fenginni umsögn tölvunefndar, ákveðið í reglugerð að ákvæði 1. og 2. mgr. eigi ekki við um tiltekna skrár eða upplýsingasvið eða gagnvart tilteknum löndum ef slíkt er nauðsynlegt til efnda á þjóðréttarskuldbindingum eða tillit til alþjóðlegrar samvinnu á þessu sviði mælir með því.

IX. KAFLI

Skráning upplýsinga og varðveisla þeirra.

28. gr.

Beita skal virkum ráðstöfunum er komi í veg fyrir að upplýsingar séu misnotaðar eða komist til óviðkomandi manna.

Afmá skal skráðar upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu miðað við það hlutverk sem skrá er atlað að gegna. Skrár, sem sífellt eru í notkun, skulu geyma upplýsingar sem á hverjum tíma eru réttar, en úreltar upplýsingar skal afmá.

Tölvunefnd getur leyft að afrit eða útskriftir úr skrár verði varðveittar í Þjóðskjalasafni eða öðrum skjalasöfnum með nánari ákveðnum skilmálum.

29. gr.

Nú geyma tiltekna skrár upplýsingar sem líklegt þykir að muni hafa notagildi fyrir erlend ríki og skal þá koma við öryggisráðstöfunum sem gera kleift að eyðileggja skrár án tafar ef styrjöld brýst út eða uggvænt þykir að til styrjaldaráttaka komi.

X. KAFLI

Um eftirlit með lögum þessum.

30. gr.

Til þess að hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim skal dómsmálaráðherra skipa fimm manna nefnd sem kölluð er tölvunefnd í lögum þessum. Nefndina skal skipa til fjögurra ára í senn. Formaður nefndarinnar, varaformaður og einn nefndarmaður að auki skulu vera lögfræðingar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja skilyrðum til að vera dómari. Einn nefndarmanna skal vera sérfróður um tölvu- og skráningarmálefni. Hann skal tilnefndur af Skýrslutæknifélagi Íslands. Varamenn skal skipa með sama hætti til fjögurra ára í senn og skulu þeir fullnægja sömu skilyrðum og aðalmenn.

Tölvunefnd er að höfðu samráði við dómsmálaráðherra heimilt að ráða nefndinni nauðsynlegt starfslið.

31. gr.

Tölvunefnd hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara. Nefndin hefur að eigin frumkvæði, eða eftir ábendingum frá skráðum aðilum, eftirlit með því að til skráningar sé stofnað og skrár notaðar með þeim hætti sem fyrir er mælt í lögum þessum. Tölvunefnd veitir, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum þessum, starfsleyfi, heimildir eða samþykki til einstakra athafna. Þá úrskurðar nefndin í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma.

Úrlausnir tölvunefndar samkvæmt lögum þessum verða eigi bornar undir aðrar stjórnvaldsstofnanir.

32. gr.

Tölvunefnd getur krafist skrárhaldara og þá er á hans vegum starfa allra þeirra upplýsinga sem nefndinni eru nauðsynlegar til þess að rækja hlutverk sitt, þar með taldar upplýsingar til ákvörðunar um það hvort tiltekin starfsemi falli undir ákvæði laganna.

Tölvunefnd og starfslið hennar hefur vegna eftirlitsstarfa sinna án dómsúrskurðar aðgang að húsnæði þar sem skráning fer fram eða þar sem skráningargögn eru varðveitt eða þau eru til vinnslu.

33. gr.

Tölvunefnd getur lagt fyrir aðila að hætta skráningu eða láta ekki öðrum í té upplýsingar úr skráum sínum eða gögnum, enda gangi skráning eða upplýsingagjöf í berhögg við ákvæði laga þessara að mati tölvunefndar. Þá getur tölvunefnd og, að sömu skilyrðum fullnægðum, mælt svo fyrir að upplýsingar í skráum verði afmáðar eða skrár í heild sinni eyðilagðar.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að afmá skráningu um einstök atriði eða leiðrétt hana, enda sé um atriði að ræða sem annaðhvort er óheimilt að taka á skrá eða tölvunefnd telur röng eða villandi.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að afmá eða leiðrétt upplýsingar sem skráðar hafa verið fyrir gildistöku laga þessara ef skráning þeirra gengur í berhögg við ákvæði laga þessara eða upplýsingarnar eru rangar eða villandi.

Tölvunefnd getur, ef sérstaklega stendur á, lagt fyrir skráningaraðila að afmá upplýsingar sem vegna aldurs eða af öðrum ástæðum hafa glatað gildi sínu.

Tölvunefnd getur bannað skráningaraðila að viðhafa tiltekna aðferð við söfnun og skráningu upplýsinga og miðlun þeirra, enda telji nefndin að sú aðferð, sem viðhöfð er, hafi í för með sér verulega hættu á að skráning eða upplýsingamiðlun verði röng eða villandi. Sömu heimild hefur tölvunefnd ef hún telur hættu á að teknar verði á skrá eða miðlað verði úr skráum upplýsingum sem óheimilt er að skrá eða miðla.

Tölvunefnd getur lagt fyrir skráningaraðila að koma við sérstökum úrræðum til tryggingar því að eigi verði tekin á skrá atriði sem óheimilt er að skrá eða miðlað verði

upplýsingum um slík atriði. Hinu sama gegnir um atriði sem eru röng eða villandi. Með sama hætti getur tölvunefnd lagt fyrir skráningaráðila að koma við ráðstöfunum til tryggingar því að skráðar upplýsingar verði ekki misnotaðar eða komist til vitundar óviðkomandi aðila.

Ef aðili sinnir eigi fyrirmælum tölvunefndar skv. 1.–6. mgr. þessarar greinar getur tölvunefnd afturkallað starfsleyfi, samþykki eða heimild sem hún hefur veitt samkvæmt ákvæðum laga þessara þar til úr hefur verið bætt að hennar mati með fullnægjandi hætti.

34. gr.

Dómsmálaráðherra getur í reglugerð kveðið á um samstarf tölvunefndar við erlendar eftirlitsstofnanir um geymslu eða úrvinnslu hér á landi á gögnum er safnað hefur verið erlendis, þar á meðal um sérstaka tilkynningarskyldu á slíku.

35. gr.

Tölvunefnd getur sett reglur um form og efni tilkynninga og umsókna samkvæmt lögum þessum.

Nú er tölvunefnd ætlað að veita starfsleyfi samkvæmt lögum þessum eða samþykki til einstakra aðgerða og er henni þá heimilt að binda starfsleyfið eða samþykkið skilyrðum eða tímabinda það.

Dómsmálaráðherra getur ákveðið gjald er greiða skal fyrir veitingu starfsleyfa og einstakra heimilda.

36. gr.

Tölvunefnd skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal birta yfirlit yfir þau starfsleyfi, samþykki og heimildir sem nefndin hefur veitt, reglur sem hún hefur sett og úrskurði sem hún hefur kveðið upp. Í ársskýrslunni skal og greina frá þeirri starfsemi nefndarinnar annarri sem ætla má að almenningur láti sig varða eða hafi hagsmuni af að vita.

XI. KAFLI

Um refsingar og önnur viðurlög.

37. gr.

Brot á eftirtöldum ákvæðum laga þessara varða fésektum eða fangelsi allt að þremur árum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum:

- a. brot á 3.–6. gr.,
- b. brot á 9. og 12. gr.,
- c. brot á 2. og 4. mgr. 14. gr.,
- d. brot á 15.–20. gr.,
- e. brot á 21.–24. gr.,
- f. brot á 26., 27. og 1. mgr. 32. gr.

Sömu refsingu varðar að vanrækja að fara að fyrirmælum tölvunefndar skv. 33. gr.

Sömu refsingu varðar enn fremur að virða ekki skilyrði sem sett eru fyrir starfsleyfi, heimild eða samþykki samkvæmt lögum þessum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim, svo og að sinna ekki boði eða banni sem sett hefur verið samkvæmt lögnum eða stjórnvaldsreglum settum samkvæmt þeim.

Dæma má lögaðila jafnt sem einstaklinga til greiðslu sekta vegna brota á lögum þessum. Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans. Hafi starfsmaður lögaðilans framið brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim má einnig gera lögaðila þessum sekt og sviptingu starfsréttinda skv. 38. gr., enda sé brot drýgt til hagsbóta fyrir lögðaðilann eða hann hefur notið hagnaðar af brotinu. Lögaðili ber ábyrgð á greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda séu brot tengd starfi hans hjá lögðaðilanum.

38. gr.

Starfsleyfishafa skv. 15., 21., 24. og 25. gr. má auk refsingar skv. 37. gr. með dómi svipta starfsleyfi ef sök er mikil. Að öðru leyti eiga hér við ákvæði 1. og 2. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

Gera má upptæk með dómi tæki sem stórfelld brot á lögum þessum hafa verið framin með, svo og hagnað af broti, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

39. gr.

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

XII. KAFLI

Lagaframkvæmd og gildistaka.

40. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Gjört í Reykjavík, 28. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Óli P. Guðbjartsson.

LÖG

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við c-lið 39. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðist svo: Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs.

2. gr.

1. másl. 3. mgr. 39. gr. laganna orðist svo:

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja samkvæmt a- og b-liðum.

3. gr.

B-liður 43. gr. laganna orðist svo:

Nauðsynlegar rannsóknir og aðgerðir hjá sérfræðingum og stofnunum sem Tryggingastofnun ríkisins hefur samning við. Auk reikningsforms lætur Tryggingastofnun ríkisins útbúa sérstök eyðublöð í samráði við samningsaðila með það að markmiði að tryggja fagleg samskipti milli sérfræðinga innbyrðis og milli sérfræðinga og heimilislækna eða heilsugæslu- lækna. Fyrir hverja komu til sérfræðings greiði sjúklingur sérfræðingi gjald sem ákveðið skal með reglugerð.

4. gr.

44. gr. laganna orðist svo:

Fyrir tannlæknaþjónustu greiða sjúkratryggingar í samræmi við samninga sem Tryggingastofnun ríkisins hefur gert eða samkvæmt gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra setur séu samningar ekki fyrir hendi sem hér segir, enda sé reikningi framvísað á því reikningsformi sem Tryggingastofnun ríkisins ákveður:

1. Fyrir börn 5 ára eða yngri 75% kostnaðar við hvers konar þjónustu.
2. Fyrir börn og unglunga 6–15 ára 100% kostnaður við tannlækningar, aðrar en gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar. Heimilt er að greiða allt að 50% kostnaðar við gullfyllingar, krónu- og brúargerð og við tannréttingar samkvæmt reglum sem ráðherra setur að höfðu samráði við tryggingaráð. Í reglunum skal m.a. kveðið á um flokkun þessara tannlækninga og þátttöku sjúkratrygginga í þeim eftir eðli aðgerða. Þjónustan samkvæmt þessum tölulíð skal veitt hjá skólatannlæknum og á heilsugæslustöðvum, nema annað sé talið hagkvæmt og um annað samið. Því aðeins kemur til greiðslna samkvæmt þessari grein þegar í hlut eiga gullfyllingar, krónu- og brúargerð og tannréttingar að fyrir liggji sérstök umsókn þar sem m.a. komi fram flokkur tannréttingar þar sem það á við og samþykki sjúkratrygginga.
3. Fyrir 16 ára unglunga 50% kostnaðar. Greiðslur fyrir gullfyllingar, krónur, brýr og tannréttingar skulu vera í samræmi við reglur 2. tölul.
4. Fyrir unglunga, þótt eldri séu en 16 ára, er heimilt að greiða allt að 50% kostnaðar við tannréttingar í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fengnum tillögum tryggingaráðs, sbr. 2. tölul., enda hafi meðferð hafist áður en þeir urðu 16 ára. Heimilt er að greiða 50% kostnaðar við aðgerðir 17 og 18 ára unglunga eftir sömu reglum hafi þörfin komið upp fyrr og eftirlitsaðila samkvæmt síðustu málsgrein þá verið gerð grein fyrir því eigi síðar en unglungurinn verður 17 ára að rétt sé að fresta aðgerðinni.
5. Fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar, 75% kostnaðar, en fyrir aðra elli- og örorkulífeyrisþega 50% kostnaðar, þó ekki fyrir gullfyllingar, krónur eða brýr. Heimilt er að hækka greiðslur fyrir þessa bótaþega eftir reglum, sem tryggingaráð setur, í allt að 100%.

Tryggingaráð ræður tannlækni sem hefur eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara er lúta að tannlækningum.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1990.

Ákvæði til bráðabirgða.

Hafi tannrétting að lokinni skoðun sannanlega hafist fyrir 1. nóv. 1989 skal henni lokið samkvæmt eldri ákvæðum.

Á árinu 1990 greiðir ríkissjóður tvo þriðju hluta framlags skv. 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. og sveitarfélög einn þriðja.

Gjört í Reykjavík, 29. desember 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

L Ö G

um uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Við veitingu leyfa skal ráðherra m.a. meta hvort skilyrði frjálstrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði séu fyrir hendi með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar skal veitt til eins árs í senn. Ráðherra er heimilt að svipta aðila leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fullnægi hann ekki skilyrðum settum í lögum þessum eða reglum um starfsemi markaðarins, sbr. 4. gr.

2. gr.

Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hafi íslenskan ríkisborgararétt og haft fasta búsetu á Íslandi sl. tvö ár.
- b. Séu fjárráða.
- c. Hafi forræði á búi sínu.

Enn fremur má veita hlutafélögum leyfi til reksturs, enda sé allt hlutaféð í eign íslenskra ríkisborgara, sbr. 11. gr. laga nr. 33/1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

3. gr.

Lög nr. 53 30. maí 1984, um Ríkismat sjávarafurða, og reglur settar með stoð í þeim lögum, gilda um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Áður en rekstur uppboðsmarkaðar hefst skal leyfishafi leita samþykkis ráðherra á reglum um starfsemi markaðarins. Aðeins er heimilt að breyta reglum um starfsemi uppboðsmarkaðar með samþykki ráðherra.

5. gr.

Þeim aðilum, sem leyfi hafa til reksturs uppboðsmarkaðar, er skylt að láta liggja frammi yfirlit yfir selt aflamagn hvers dags, kaupendur þess og verð. Skulu þeir daglega senda Fiskifélagi Íslands afrit af þessu yfirliti.

Þá er skylt að senda opinberum aðilum, sem þess óska, skýrslu um seljendur afla, aflamagn, kaupendur og verð.

6. gr.

Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

Leyfishafi skal krefjast greiðslutrygginga af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

7. gr.

Um sjávarafli, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

